

Lýsing október 2007

 ***spron***





Lýsing þessi var útbúin í tengslum við frumskráningu SPRON hf. í kauphöll og yfirfarin af OMX Nordic Exchange fyrir hönd Fjármálaeftirlitsins á Íslandi, en OMX Nordic Exchange Iceland hefur samþykkt að skrá SPRON hf. á Aðallista OMX og taka hlutabréf SPRON hf. til viðskipta frá og með þriðjudeginum 23. október 2007.

Lýsingin samanstendur af þremur sjálfstæðum skjölum; Samantekt, Útgefandalýsingu og Verðbréfalýsingu, svo og viðaukum. Til hægðarauka er blaðsíðutal skjalanna þriggja haft samfelt í Lýsingunni.

Lýsing þessi er dagsett 18. október 2007 og birt 19. október 2007 á heimasíðu SPRON hf., [www.spron.is](http://www.spron.is) og auk þess á heimasíðu Kaupþings banka sem umsjónaraðila skráningar, í fréttakerfi OMX Nordic Exchange og á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins. Frá 22. október 2007 og næstu tólf mánuði þar á eftir má nálgast innbundin eintök af lýsingunni hjá SPRON hf. að Ármúla 13a í Reykjavík.

# EFNISYFIRLIT LÝSINGAR

## SAMANTEKT

## ÚTGEFANDALÝSING

## VERÐBRÉFALÝSING

## VIÐAUKAR

Samþykktir útgefanda

Gögn um samruna sparisjóðsins Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis við útgefanda

Endurskoðaður samstæðureikningur útgefanda fyrir fyrstu sex mánuði 2007

Endurskoðaður ársreikningur útgefanda fyrir 2006

Endurskoðaður ársreikningur útgefanda fyrir 2005

Endurskoðaðir samstæðureikningar sparisjóðsins Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis fyrir 2006

Endurskoðaðir samstæðureikningar sparisjóðsins Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis fyrir 2005

**SAMANTEKT**

## Tilkynning til fjárfesta

Lýsing þessi er útbúin í tengslum við fyrirhugaða frumskráningu á hlutabréfum í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf. á aðallista OMX ICE. Upplýsingar í þessari samantekt er aðeins útdráttur úr útgefanda- og verðbréfalýsingu og ætti að vera lesin sem inngangur að lýsingunni sjálfri. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel öll skjöl sem tilheyra lýsingunni og þar með talið viðauka hennar. Fjárfestum er ráðlagt að gæta sérstaklega að köflum um áhættu og skoða yfirlýsingar útgefanda, umsjónaraðila og endurskoðenda. Upplýsingar í öllum skjölum sem tilheyra lýsingunni byggja á aðstæðum og staðreyndum á útgáfudegi þeirra og geta breyst frá útgáfudagsetningu lýsingarinnar og fram að þeim degi þegar hlutirnir eru teknir til viðskipta. Ef nýjar upplýsingar koma fram á þessu tímabili sem útgefandi telur hafa áhrif á verðmat hlutabréfa hans, þá mun útgefandinn tilkynna OMX ICE um þær og birta viðauka við lýsinguna þar sem greint er frá viðkomandi atriðum. Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér allar opinberar upplýsingar sem gefnar eru út af SPRON eða varða félagið og ekki treysta eingöngu á upplýsingar í lýsingu þessari.

Lýsingu þessa má ekki skoða eða túlka sem loforð um árangur í rekstri eða um ávöxtun fjármuna af hálfu útgefanda, umsjónaraðila eða annarra aðila. Fjárfestar eru minntir á að kaup á hlutabréfum eru í eðli sínu áhættufjárfesting sem byggist á væntingum en ekki loforðum. Fjárfestar verða fyrst og fremst að treysta eigin dómgreind vegna fjárfestingar í hlutabréfum SPRON og taka tillit til starfsumhverfis félagsins, hagnaðarvonar, ytri aðstæðna og þeirrar áhættu sem í fjárfestingunni felst. Fjárfestum er bent á að útgefandi starfar á markaði sem einkennist af aukinni samkeppni, ekki aðeins frá viðskiptabönkum, heldur einnig í vaxandi mæli frá öðrum sparisjóðum og ýmsum fyrirtækjum sem bjóða fjármálaþjónustu. Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum, verðbréfafyrirtækjum og sparisjóðum, til aðstoðar við mat á hlutabréfum í SPRON sem fjárfestingarkosti. Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og hver þau skattalegu áhrif sem kaup í hlutum útgefanda kann að hafa og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti.

Ef fjárfestir hyggst höfða mál fyrir dómstólum vegna kröfu sem varðar upplýsingar í lýsingunni getur hann samkvæmt innlendra lögjöf aðildarikja EES þurft að bera kostnað af þýðingu lýsingarinnar, þar sem það á við, áður en málarekstur hefst. Skaðabótaábyrgð fellur á þá einstaklinga sem lögðu fram samantektina og sóttu um tilkynningu um hana, en þó einungis ef samantektin er villandi, ónákvæm eða í ósamræmi við aðra hluta lýsingarinnar.

## Stjórn, framkvæmdastjórn, ráðgjafar og endurskoðendur

Stjórnarformaður SPRON hf. er Hildur Petersen. Meðstjórnendur eru Ari Bergmann Einarsson, Erlendur Hjaltason, Gunnar Þór Gíslason og J. Ásgeir Baldurs. Varamenn í stjórn eru Birkir Baldvinsson, Esther Guðmundsdóttir, Guðmundur Arnaldsson, Rögnvaldur O. Erlingsson og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson

Forstjóri er Guðmundur Hauksson og staðgengill forstjóra er Ólafur Haraldsson en hann er framkvæmdastjóri SPRON sparisjóðs og upplýsingatæknisviðs. Framkvæmdastjóri þjónustusviðs og fjárhagssviðs er Harpa Gunnarsdóttir. Framkvæmdastjóri Frjálsa fjárfestingarbankans hf. er Kristinn Bjarnason. Framkvæmdastjóri fjárstýringar SPRON er Ósveldur Knudsen. Forstöðumaður áhættu- og útlánastýringar er Páll Árnason. Framkvæmdastjóri Fjárfestinga er Valgeir M. Baldursson.

Fyrirtækjaráðgjöf Kaupþing Banka hf., kt. 560882-0419, Borgartún 19, 105 Reykjavík, er umsjónaraðili frumskráningar SPRON.

LOGOS sf. framkvæmdi áreiðanleikakönnun á útgefanda sem var stíluð á umsjónaraðila og útgefanda.

KPMG hf., kennitala 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík, hefur endurskoðað og áritað án athugasemda ársreikninga hlutafélagsins Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf. fyrir árin 2004, 2005 og 2006, ársreikninga sparisjóðsins Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis fyrir árin 2004, 2005 og 2006, svo og árslutareikning hlutafélagsins Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf. fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2007.

## Frumskráning á OMX ICE

OMX ICE hefur samþykkt skráningu á öllu útgefna hlutafé í útgefanda á aðalmarkað OMX ICE. Útgefandi uppfyllir skilyrði skráningar um fjölda hluthafa, stærð, rekstrarsögu og dreifingu eignarhalds. Hlutirnir verða teknir til viðskipta frá og með 23. október 2007.

Heildar fjöldi útgefna hluta í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf. er 5.004.000.000 og er hver hlutur 1 kr. að nafnverði. Eigin hlutir félagsins eru 3.997.719 samkvæmt hlutaskrá félagsins 18. október 2007 og virkir hlutir því 5.000.002.281. Allir útgefni hlutir eru þegar greiddir.

Bréf í útgefanda hafa ekki verið skráð á skipulegan verðbréfamarkað áður. Hvorki útgefandi né dótturfélag þess hafa áform um að óska eftir skráningu í annarri kauphöll en OMX Nordic Exchange Iceland.

## Fjármögnun og skuldastaða

Formaður stjórnar útgefanda og forstjóri lýsa því hér með yfir fyrir hönd útgefanda að þeir telji veltufé, eigið fé og skuldastöðu útgefanda vera fullnægjandi til að uppfylla núverandi þarfir hans og að ekki sé þörf á frekari lánsfjármögnun.

Rétt er að benda á samstæðureikninga útgefanda sem í viðauka með þessari lýsingu eru birtir í heild sinni með skýringum, svo og fjárhagsupplýsingar í útgefandalýsingu sem varða eignir og skuldir, fjárhagsstöðu og afkomu. Einnig er bent á upplýsingar í kafla hér á eftir um kostnað sem fellur á SPRON vegna frumskráningar félagsins á OMX ICE en ekkert fjárstreymi verður til SPRON í tengslum við skráninguna.

Fjármögnun SPRON hefur ekki tekið verulegum breytingum frá 30. júní 2007 og fylgja hér óendurskoðaðar tölur fyrir 31. ágúst 2007.

Fjármögnun (milljónir króna)*	30.06.2007	31.08.2007**	Skuldastaða (milljónir króna)	30.06.2007	31.08.2007**
Innlán frá fjármálaft. og SÍ	3.063	6.124	Handbært fé og óbundnar innistæður í SÍ	721	1.202
Innlán til skamms tíma (< 1 ár)	57.267	59.060	Krófur á lánastofnanir	10.047	8.140
Lántaka til skamms tíma (< 1 ár)	31.542	30.862	Veltufjáreignir og hlutabréf á gangvirði	38.900	40.006
<b>Samtals skammtímaskuldir</b>	<b>91.872</b>	<b>96.046</b>	<b>Greiðsluhæfi</b>	<b>49.668</b>	<b>49.348</b>
Innán til lengri tíma (> 1 ár)	9.368	10.522	Lántaka til skamms tíma (< 1 ár)	31.542	30.862
Lántaka til lengri tíma (> 1 ár)	57.529	56.018	Innlán til skamms tíma (< 1 ár)	60.330	65.184
Víkjandi lán	5.311	5.402	<b>Skammtíma fjárhagsskuldir</b>	<b>91.872</b>	<b>96.046</b>
<b>Samtals langtímaskuldir</b>	<b>72.208</b>	<b>71.942</b>	<b>Nettó skammtíma fjárhagsskuldir</b>	<b>42.203</b>	<b>46.698</b>
Hlutafé	5.000	5.000	Lántaka til lengri tíma (> 1 ár) og víkjandi lán	62.840	61.420
Lögbundinn varasjóður	1.250	1.250	Innán til lengri tíma (> 1 ár)	9.368	10.522
Annað eigið fé	29.676	29.682	<b>Langtíma fjárhagsskuldir</b>	<b>72.208</b>	<b>71.942</b>
<b>Samtals eigið fé</b>	<b>35.926</b>	<b>35.932</b>	<b>Nettó Skuldastaða</b>	<b>114.411</b>	<b>118.640</b>
<b>Samtals fjármögnun</b>	<b>200.005</b>	<b>203.920</b>			

\*Bankinn hefur ekki veitt nein veð eða ábyrgðir í tengslum við lántöku sína

\*\*Óendurskoðaðar fjárhæðir

## Áhættuþættir

Fjárfesting í hlutabréfum felur í sér margvíslega áhættuþætti. Áður en tekin er ákvörðun um fjárfestingu í hlutabréfum útgefanda ættu fjárfestar að kynna sér allar upplýsingar sem koma fram í samantekt þessari og öðrum skjölum sem lýsingin samanstendur af, sérstaklega þá kafla sem er að finna bæði í verðbréfalýsingu og útgefandalýsingu sem bera heitið „Áhættuþættir“. Þeir óvissu- og áhættuþættir sem fjallað er um þar eru þess eðlis að þeir geta haft áhrif útgefanda og þar með á verð á hlutum í útgefanda. Komi fram einhver af þessum áhættuþáttum kann það að leiða til þess að verð á hlutum í útgefanda falli og fjárfestar tapi hluta af fjárfestingu sinni eða jafnvel allri fjárfestingu sinni. Aðrir óvissu- eða áhættuþættir sem ekki eru til staðar á þeim tíma sem verðbréfalýsing þessi er gefin út, eða útgefanda er ekki kunnugt um, kunna einnig að skaða rekstur útgefanda. Þessir þættir geta haft neikvæð áhrif á fyrirtækið, tekjur, hagnað, eignir, greiðslugetu og verðmyndun á hlutabréfum í útgefanda.

## Áhættupættir í rekstri útgefanda

Rekstraráhætta snýr að innviðum fyrirtækisins, hæfni starfsfólks, áreiðanleika og skilvirkni starfsferla, upplýsingakerfa fyrirtækisins og ytra umhverfi. Áhætta í rekstarumhverfi lýtur m.a. að lagalegri áhættu, starfsmannahættu og upplýsingaáhættu.

Útlánaáhætta er sú áhætta sem tengd er mögulegu greiðslufalli hjá viðskiptavinum félagsins. Stýring útlánaáhættu er mjög mikilvægur þáttur í stjórnun félagsins og setur stjórn SPRON almennar reglur um lánveitingar og ábyrgðir og ákveður lánastefnu félagsins.

Markaðsáhætta, er einn af helstu áhættupáttum í rekstri fjármálafyrirtækis, en markaðsáhætta er sú áhætta sem felst í áhrifum sem hreyfingar á verði á mörkuðum hafa á eignir og skuldir félagsins. Hér getur verið um að ræða breytingu á vaxtastigi, breytingu á hlutabréfaverði og/eða breytingu á gengi gjaldmiðla.

Lausafjáraáhætta er hættan á að félagið eigi ekki nægjanlegt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum á gjalddaga. SPRON fylgist með lausafjárstöðu sinni með greiningu á gjalddögum fjáreigna og fjárskulda til að geta endurgreitt allar skuldir á gjalddaga. SPRON þarf alltaf að hafa nægjanlegt laust fé til að geta mætt bæði fyrirsjáanlegum og ófyrirséðum greiðsluskuldbindingum.

## Áhætta í tengslum við fjárfestingu í bréfum útgefanda

Útgefandi fellur undir ákvæði íslenskra laga og reglugerða um verðbréf, s.s. lög nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti og reglugerðir settar á grundvelli þeirra laga. Frá og með fyrsta nóvember 2007 falla þau lög úr gildi og við taka ný lög um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007. Þar sem ætlunin er að skrá útgefanda á aðalmarkað OMX ICE fellur útgefandi einnig undir reglur OMX ICE. Útgefandi mun kappkosta að fara eftir framangreindum reglum þar sem brot á þeim kann að hafa fjárhagsleg áhrif á útgefanda. Alvarleg brot á þessum reglum kunna að hafa það í för með sér að OMX ICE taki hluti útgefanda af skrá um tiltekinn tíma eða endanlega. Brjóti útgefandi framangreindar reglur kann það enn fremur að hafa áhrif á orðspor útgefanda og þar með haft þær afleiðingar að hlutabréf útgefanda falli í verði. Þeir sem fjárfesta í hlutum útgefanda falla undir lög og reglur sem varða verðbréfavíðskipti, s.s. reglur um fjartökutilboð og flögunarskyldu.

Útgáfa nýrra hlutabréfa getur þynnt hlutafjáreign hluthafa. Ef útgefandi hækkar hlutfé sitt mun hlutfallsleg hlutafjáreign þeirra, sem eiga hluti í útgefanda fyrir, minnka í samræmi við það, nema þeir afli sér nýrra hluta í útgefanda. Tilgangur hlutafélaga með útgáfu nýs hlutafjár er iðulega að fjármagna ný verkefni með það markmið fyrir augum að gera félagið verðmætara í framtíðinni. Fjárfestar skulu hafa það í huga að sá möguleiki er ávallt fyrir hendi að útgefandi auki hlutfé sitt í framtíðinni.

Uppbygging á eignarhaldi kann að vera áhættupáttur fyrir fjárfesta. Skortur á leiðandi fjárfestum eða mikil samþjöppun á eignarhaldi eru dæmi um aðstæður sem geta haft neikvæð áhrif. Fjárfestar verða að hafa í huga þá staðreynd að eignarhald í félaginu getur breyst snögglega og án fyrirvara.

Vætanlegir fjárfestar verða að hafa í huga við breytingu á Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis í hlutafélag, varð SPRON-sjóðurinn ses. eigandi að 15% hlutafjár útgefanda.

## Saga og þróun útgefanda

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis var stofnaður 23. janúar 1932 og hóf starfsemi að Hverfisgötu 21 þann 28. apríl sama ár. Hefðbundin bankastarfsemi hefur verið grunnurinn í rekstri SPRON allt frá upphafi og verður svo áfram. Á undanföllum árum hefur áhersla á fjárfestingar aukist og hafa þær skilað SPRON umtalsverðum árangri inn í rekstur félagsins. Starfsemi SPRON hefur þróast frá 2001 úr því að vera hefðbundin viðskiptabankþjónusta þar sem útlán í formi neyslulána voru helsti þjónustupátturinn í að vera alhliða fjármálafyrirtæki sem veitir viðtæka þjónustu. Áherslur í útlánunum hafa gjörbreytst í takt við breyttar markaðsaðstæður og fylgir útlánasafni SPRON nú umtalsvert minni áhætta þar sem fasteignalán eru nú meginhluti útlána. SPRON starfaði sem sjálfseignarstofnun allt frá stofnun til 19. september 2007 er rekstrarformi félagsins var breytt í hlutafélag á grundvelli samrunaáætlunar sem tók gildi frá og með 1. apríl 2007.



## Yfirlit yfir starfsemi

SPRON er fjármálafyrirtæki sem veitir alhliða viðskipta- og fjárfestingabankþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og fagfjárfesta. SPRON er samstæða móðurfélagsins SPRON og fimm dótturfélaga sem eru nb.is – sparisjóður hf. (Netbankinn), Frjálsi fjárfestingabankinn hf., SPRON verðbréf hf., SPRON factoring hf. og Steinsnes ehf.

Í lok júní 2007 var fjöldi starfsmanna hjá SPRON 256, heildareignir námu 208,5 milljónum króna og eigið fé 36 milljónum króna. Markmið SPRON er að hámarka virði félagsins og arð hluthafa með því m.a. að vera besta fjármálafyrirtæki Íslands þegar horft er til arðsemi, ánægju viðskiptavina og ánægju starfsmanna.

Hefðbundin viðskiptabankþjónusta hefur lengst af verið megin þátturinn í starfsemi SPRON en auk þess býður SPRON upp á verðbréfamíðlun, eignastýringu, lífeyrisþjónustu, innheimtuþjónustu og fyrirtækjaráðgjöf. Þessir þjónustuþættir hafa vaxið mikið að undanförunu og er gert ráð fyrir að þeir skipi veigameiri sess í þjónustuframboði SPRON í framtíðinni. Starfsemi SPRON skiptist í tvo meginþætti: viðskiptabankastarfsemi annars vegar og fjárfestingabankastarfsemi hins vegar.

## Viðskiptabankastarfsemi

Viðskiptabankastarfsemin er kjölfestan í starfsemi SPRON sem hvílir á áratuga reynslu í að veita þjónustu til einstaklinga, smærri og meðalstórra fyrirtækja. Lögð er áhersla á framsækni og öflugt framboð nýjunga til viðskiptavina og að vera leiðandi í viðskiptabankþjónustu á Íslandi. Fjölgun afkomueininga síðustu ár endurspeglar þessar áherslur.

Í dag starfrækir SPRON níu útibú viðsvegar á höfuðborgarsvæðinu. Starfsemi SPRON sparisjóðs skiptist í tvo meginþætti, einstaklingsviðskipti og fyrirtækjaviðskipti. SPRON býður viðskiptavinum sínum upp á ótal möguleika í þjónustu með það fyrir augum að viðskiptavinir geti haft öll sín fjármál á einum stað. Auk hefðbundinnar bankþjónustu býður SPRON upp á lífeyrissparnað, tryggingar og umsýslu verðbréfa. Þjónusta við einstaklinga er aldursskipt og er reynt að koma til móts við mismunandi þarfir einstaklinga á hverju aldurskeiði. Stefna SPRON er að leggja áherslu á viðskipti við lítil og meðalstór fyrirtæki, auk félagasamtaka. SPRON kappkostar að veita þessum aðilum trausta og faglega þjónustu, þar sem lögð er áhersla á langtímasamband og sérhæfðar lausnir sem taka mið af sérstökum aðstæðum og starfsumhverfi þeirra sem þjónustuna fá.

SPRON Factoring hf heyrir undir fyrirtækjasvið SPRON. Þjónustan felur m.a. í sér fjármögnun viðskiptakrafna, mat á lánsþæfni skuldara, greiðslutryggingar, gengistryggingar, innheimtu og eftirlit með skuldurum og ráðgjöf á sviði lánsviðskipta. SPRON Factoring er eina fyrirtækið á Íslandi sem sérhæfir sig í kröfubjónustu (factoring) en það hét áður Midfactoring á Íslandi og var stofnað árið 2000 sem dótturfyrirtæki Midfactoring A/S í Danmörku sem er þriðja stærsta kröfubjónustufyrirtækið þar í landi.

SPRON kort varð að sérstöku afkomusviði í skipulagsbreytingum árið 2005 en undanfari þess var þróun og markaðssetning veltukorta SPRON sem fóru á markað árið 1999. SPRON hefur verið leiðandi í þróun kortaviðskipta og í dag gefur SPRON kort út e-kort og e2-greiðslukort sem eru fyrstu endurgreiðslukortin á íslenskum fjármálamarkaði.

Netbankinn býður alla almenna bankþjónustu á netinu og er sérstaklega ætlaður einstaklingum sem vilja eingöngu stunda bankaviðskipti gegnum netið. Netbankinn býður hagstæð kjör, t.d. lægri vaxtakjör á útlánum og undanfarið sjö ár hefur Netbankinn verið með hæstu vexti innlánsreikninga í bankakerfinu. Samkeppnisaðilar Netbankans er allir bankar og sparisjóðir sem bjóða einstaklingum almenna bankþjónustu.

Frjálsi fjárfestingabankinn býður einstaklingum og fyrirtækjum fjölbreytta og sveigjanlega lánaþjónustu gegn veði í fasteignum, lóðum og bifreiðum. Lánað er til bifreiðakaupa og til fasteignakaupa, fullbúnum eða í byggingu, íbúðarhúsnæði, atvinnu- og frístundarhúsnæði, hvort sem er við kaup eigna eða til endurfjármögnunar þeirra. Aukin áhersla er á stærri lánveitingar til millistórra og stærri aðila.

## Fjárfestingabankastarfsemi

Fjárfestingabankastarfsemin er vaxtabroddurinn í starfsemi SPRON og verið er að byggja upp öfluga fjárfestingabankastarfsemi undir nafni SPRON Verðbréfa hf.

SPRON Verðbréf tók til starfa fyrri hluta ársins 2006 en áður hafði verðbréfastarfsemin verið innan móðurfélagsins SPRON en verðbréfavíðskipti hófust hjá fyrirtækinu árið 1986 þegar SPRON gaf út veðskuldabréf í samvinnu við

Kaupþing að upphæð 15 milljónir króna. SPRON Verðbréf býður sérsníðna eignastýringu fyrir einstaklinga, fyrirtæki, félög og stofnanir. Markmið eignastýringar er að veita persónulega og faglega þjónustu þar sem viðskiptavinir fela sérfræðingum SPRON Verðbréfa ávöxtun á fjármunum sínum, samkvæmt fyrirfram ákveðinni fjárfestingarstefnu sem mótuð er af viðskiptavini og sérfræðingum SPRON Verðbréfa. SPRON Verðbréf býður upp á margvíslega verðbréfasjóði bæði innlenda og erlenda. Hjá fyrirtækinu starfar hópur sérfræðinga með fjölbreyttan bakgrunn, víðtæka menntun og starfsreynslu á verðbréfamarkaði. Rekstrarfélag SPRON hf. heyrir undir SPRON Verðbréf og hefur með höndum rekstur verðbréfasjóða SPRON..

Eigin fjárfestingar SPRON eru hluti af fjárfestingabankastarfseminni. Þar eru ákvarðanir um fjárfestingar SPRON heildarinnar teknar í samráði við stjórn og forstjóra og fylgst með arðsemi þeirra. SPRON hefur það að leiðarljósi í fjárfestingum sínum að þær séu arðsamar og falli vel að stefnu félagsins og framtíðarvexti þess. Stærsta einstaka fjárfesting SPRON er í Exista og á SPRON nú 3,01% í Exista m.v. 18.október og samsvarandi atkvæðavægi. Að auki á SPRON 4,43% með óbeinum hætti í gegnum Kistu fjárfestingafélag og Icebank m.v. eftir sölu á 20,6% hlut í Icebank.

Fjárfstýringin stýrir gjaldeyrisáhættu, lausafjárahættu, vaxta- og verðtryggingaráhættu fyrir samstæðu SPRON og framfylgir stefnu yfirstjórnar í þeim efnum. Fjárfstýring annast einnig fjármögnun SPRON heildarinnar á innlendum og erlendum vettvangi til skemmri og lengri tíma.

## Starfsleyfi

Starfsemi SPRON er háð starfsleyfi móðurfélags og dótturfélaga. SPRON hf. og nb.is-sparisjóður hf. (Netbankinn) hafa starfsleyfi sem sparisjóðir en slíkt leyfi er samhljóða starfsleyfi viðskiptabanka. Frjálsi fjárfestingarbankinn hf. hefur starfsleyfi sem lánaþyrirtæki og er samkvæmt því heimilt að kalla sig fjárfestingarbanka. SPRON verðbréf hf. hefur starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki og Rekstrarfélag SPRON hf., dótturfélag SPRON verðbréfa, starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfasjóða. Framangreind starfsleyfi eru öll samkvæmt 4. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

## Starfsmenn

Starfskjarastefna SPRON, sem samþykkt var á hluthafafundi þann 21. ágúst 2007, er sett með það að markmiði að halda í og laða að hæfa og metnaðarfulla stjórnendur og starfsmenn. SPRON byggir samkeppnishæfni sína á ábyrgum og hæfum starfsmönnum. Leitast félagið við að bjóða gott starfsumhverfi, þar með talin starfskjar, til að gera SPRON að eftirsóknarverðum valkosti á vinnumarkaði. Stjórn SPRON hefur samþykkt eftirgreinda starfskjarastefnu fyrir félagið skv. 79. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og almenn viðmið atvinnulífsins um góða stjórnarhætti.

Í lok júní 2007 var fjöldi stöðugilda hjá SPRON 256 samanborið við 245 í árslok 2006, 206 í árslok 2005 og 184 í árslok 2004. Meðalfjöldi starfsmanna á árinu 2006 umreiknaður í heilsdagsstörf, þ.e. stöðugildi, var 251 árið 2006, 214 árið 2005 og 201 árið 2004. Fjölgun starfsmanna er í samræmi við vöxt samstæðunnar og var fjölgun stöðugilda nær eingöngu hjá afkomusviðum en stöðdeildarstarfsemin hefur haldist svo til óbreytt. Heildarstarfsmannavelta SPRON var 11% á árinu 2006, 11% á árinu 2005 og 8% árið 2004.

## Hluthafar og heildarhlutafé

Allir útgefnir hlutir félagsins eru í sama flokki, hafa sömu réttindi og fylgir eitt atkvæði hverjum hlut. Enginn hluthafi getur þó farið með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í félaginu, utan sjálfseignarstofnunarinnar SPRON-sjóðsins ses. sem fer með atkvæðisrétt í samræmi við hlutafjáreign sína. Ákvæði um hámark atkvæðavægis eru samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og gilda jafnt um sparisjóði sem og sparisjóð sem breytt hefur verið í hlutafélag í samræmi við framangreind lög. Heildaratkvæðamagn er skilgreint í lögnum sem heildar-atkvæðamagn að frádrægnum atkvæðum samkvæmt þeim hlutum sem sparisjóður á sjálfur, en eigin hlutir félagsins njóta ekki atkvæðisréttar.

Vegna skerðingar atkvæða samkvæmt framansögðu fylgdi atkvæðisréttur einungis 89,44% virkra hluta samkvæmt hlutaskrá 18.október síðastliðinn. Fyrir vikið er atkvæðavægi hluthafa meira en sem nemur hlutfallslegri eign þeirra í félaginu eða 5% hámarksatkvæðavægi.

Þann 18. október voru 1.696 hluthafar í SPRON og tíu stærstu hluthafar áttu 55,19% af virkum hlutum. Almennir hluthafar áttu 75,03% heildarhlutafjár en 24,97% voru í eigu hluthafa sem áttu yfir 10%, stjórnarmanna, lykilstjórnenda og fjárhagslega tengdra aðila. Tíu stærstu hluthafarnir áttu 55,15% útgefina hluta, 55,19% virkra hluta og fóru með 49,90% atkvæða. Tuttugu stærstu áttu samanlagt 64,78% útgefina hluta, 64,83% virkra hluta og fóru með 60,67% atkvæða.

Stærsti hluthafinn, SPRON-sjóðurinn ses., á 15,00% virkra hluta og hefur 16,77% atkvæðavægi. Stefna sjóðsins er að beita sér ekki eða hafa áhrif á stjórn SPRON að öllu jöfnu. Stjórn sjóðsins stefnir að því að minnka hlut sinn á komandi árum og langtíamarkmið sjóðsins er að hlutabréfaeign í SPRON nemi ekki meira en 5%. Sjóðurinn er tilbúinn til að selja að hámarki 4,8% hlut á fyrsta viðskiptadegi með það að markmiði að stuðla að virkri verðmyndun á markaði.

Annar stærsti hluthafinn er Eik Banki sem skráður er á OMX ICE. Hann á 8,45% virkra hluta og fer með 5,59% atkvæða, sem miðað við hlutaskrá 18. október síðastliðinn er mesta atkvæðavægi annarra hluthafa en SPRON-sjóðsins ses.

Næstu tveir hluthafar eiga hvor um sig 6,81% virkra hluta og fer hvor með 5,59% atkvæða. Þessir hluthafar eru Tuscon Partners Corporaton sem er í eigu Stefáns Gunnarssonar (ráðandi hlutur) og fleiri aðila og lmis ehf. sem er í eigu Skúla Þorvaldssonar.

Fimmti stærsti hluthafinn er Vátryggingafélag Íslands hf. sem á 4,26% virkra hluta en fer með 2,81% atkvæða. Sjötti stærsti hluthafinn er Kaupþing banki hf., en hann á 4,23% virkra hluta og fer með 2,78% atkvæða. Atkvæðavægi Vátryggingafélags Íslands hf. og Kaupþings banka hf. er skert í samtals 5,59% í ljósi þess að Exista hf. á yfir 20% eignarhlut í báðum félögum, en Vátryggingafélagið er að fullu í eigu Exista hf. sem er stærsti hluthafi Kaupþings banka hf. Exista hf. og Kaupþing banki hf. eru skráð á OMX ICE.

SPRON er ekki kunnugt um samkomulag á milli hluthafa um meðferð atkvæða. Skráðir hluthafar eru einu aðilarnir sem SPRON er kunnugt um að eigi eða ráði félaginu beint eða óbeint.

## Viðskipti tengdra aðila

Tengdir aðilar SPRON eru dótturfélög, hlutdeildarfélag, stjórn, forstjóri, framkvæmdastjórnar, nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila og aðilar sem hafa umtalsverð áhrif sem stóri hluthafar í félaginu. Þessi skilgreining er byggð á IAS 24 og voru eftirtaldir upplýsingar fyrst teknar saman fyrir árið 2005 með innleiðingu IFRS. . Lán til forstjóra og framkvæmdastjóra námu 38 milljónum kr. þann 30. júní 2007, 51 milljón í árslok 2006 og 37 milljónum árslok 2005. Lán til stjórnarmeðlima og félaga tengdum þeim námu 1.854 milljónum kr. þann 30. júní 2007, 1.066 milljónum kr. í árslok 2006 og 1.347 milljónum kr. í árslok 2005. Lán til hlutdeildarféлага námu 812 milljónum kr. þann 30. júní 2007, 2.001 milljón kr. í árslok 2006 og 1.567 milljón í árslok 2005. Engin óvenjuleg viðskipti hafa verið við tengda aðila það sem af er árinu 2007, á árinu 2006 eða á árinu 2005. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Hjá stjórnarmönnum SPRON, forstjóra eða framangreindum lykilstarfsmönnum eru engir hagsmunaárekstrar milli skyldustarfa fyrir SPRON og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra. Engin fjölskyldutengsl eru á milli stjórnarmanna eða lykilstjórnenda SPRON. Engar takmarkanir eru á ráðstöfun þessara aðila á eignarhlutum þeirra í verðbréfum útgefanda.

Stjórn SPRON telur stjórnarhætti félagsins uppfylla skilyrði í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út árið 2005 af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Kauphöll Íslands (nú OMX ICE). Meðal annars telur hún að ákvæðum um óhæði stjórnarmanna sé fullnægt, þ.e. ákvæði þess efnis að meirihluti stjórnar sé óháður félaginu, sbr. skilgreiningu leiðbeininganna, ákvæði þess efnis að í það minnsta tveir stjórnarmenn séu óháðir stórum hluthöfum í félaginu, svo og ákvæði þess efnis að meirihluti hvorrar undirnefndar stjórnarinnar fyrir sig sé óháður félaginu.

## Samantekt fjárhagsupplýsinga

Meðfylgjandi tafla sýnir valdar fjárhagsupplýsingar úr samstæðuuppgjöri SPRON frá árunum 2002-2006 og fyrstu sex mánuðum árána 2006 og 2007. Fjárhæðir árána 2002-2006 eru fyrir sparisjóðinn SPRON og fjárhæðir fyrstu sex mánuði ársins 2007 eru fyrir hlutafélagið SPRON hf. Í ársreikningi fyrir árið 2005 var samanburðartölum ársins 2004 breytt til samræmis við uppgjörsaðferðir ársins 2005 og eru þær samanburðartölur notaðar í umfjöllun um árið 2004 sem hér fer á eftir.

## Fjárhagsyfirlit (í milljónum króna)

Rekstrarreikningur	2002*	2003*	2004**	2005	2006	1.1-30.6.06	1.1-30.6.07
Hreinar vaxtatekjur .....	1.689	1.986	2.275	2.225	2.415	1.657	1.099
Hreinar þjónustutekjur .....	543	606	616	584	975	496	542
Aðrar rekstrartekjur .....	688	1.213	2.116	5.538	11.806	2.978	13.333
<b>Hreinar rekstrartekjur</b>	<b>2.920</b>	<b>3.805</b>	<b>5.007</b>	<b>8.347</b>	<b>15.196</b>	<b>5.131</b>	<b>14.974</b>
Laun og launatengd gjöld .....	-908	-1.072	-1.299	-1.551	-1.926	-883	-1.218
Annar rekstrarkostnaður .....	-984	-1.007	-1.208	-1.433	-1.974	-866	-1.234
Afskriftir .....	-76	-48	-45	-81	-109	-45	-70
Virðisryrnun útlána .....	-591	-668	-470	-327	-308	-234	-285
Afskrift viðskiptavildar .....	-89	-165	0	0	0	0	0
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	<b>272</b>	<b>846</b>	<b>1.984</b>	<b>4.956</b>	<b>10.879</b>	<b>3.103</b>	<b>12.167</b>
Tekjuskattur .....	462	-42	-355	-863	-1.869	-476	-2.038
<b>Hagnaður</b>	<b>734</b>	<b>804</b>	<b>1.629</b>	<b>4.092</b>	<b>9.010</b>	<b>2.627</b>	<b>10.129</b>
<b>Efnahagsreikningur - samantekt</b>	<b>31.12.02</b>	<b>31.12.03</b>	<b>31.12.04</b>	<b>31.12.05</b>	<b>31.12.06</b>		<b>30.6.07</b>
Skuldir Samtals .....	47.576	47.277	62.935	101.912	149.726		172.573
Eigið fé samtals .....	4.059	4.625	5.819	13.017	34.775		35.955
<b>Heildareignir</b>	<b>51.635</b>	<b>51.902</b>	<b>68.754</b>	<b>114.929</b>	<b>184.501</b>		<b>208.528</b>

\* Uppgjör samkvæmt IS GAAP

\*\* Samanburðartölur

## Horfur

Hagnaður SPRON hf. fyrir skatta fyrstu átta mánuði 2007 voru 12,2 milljarðar króna samkvæmt óopinberu uppgjöri sem ekki hefur verið endurskoðað eða kannað. Innlán nema 68,7 milljörðum og útlán 142,1 milljarður króna. Verðbólga hefur aukist í september og miklar sveiflur hafa einkennt fjármálamarkaði. Horfur eru á að niðurstöður níu mánaðar uppgjors SPRON hf. verði áþekkar niðurstöðum sex mánaða uppgjors.

Hlutabréfamarkaðurinn á Íslandi (úrvalsvisitalan) hækkaði á fyrri hluta ársins um 29,3% en hefur frá miðju ári til 15.10.07 lækkað um 3,0% (8313 - 8561). Frá miðju ári hefur gengi á hlutabréfum Exista hf. hækkað um 4,2% (34,4 - 35,5), en eins og lýsingin ber með sér á SPRON hf. bæði beint og óbeint (Kista ehf. og Icebank hf.) stóran hluta í félaginu. Breyting á ávöxtunarkröfu skuldabréfa hefur ekki veruleg áhrif á afkomu SPRON hf. Veiking krónunnar frá miðju ári er um 1%, en það hefur lítil áhrif á rekstur SPRON. Vísitala neysliverðs hefur aðeins hækkað, um 2,1% frá miðju ári (272,4 - 278,2) þannig að verðtryggð bréf og útlán hafa ekki hækkað mikið á þessum tíma. Meginbreytingar á veltubók frá 30.06.07. eru um 700 milljóna króna lækkun miðað við lok dags 15.10.07. Þar með talið eru verðmæti Exista (bein og óbein eign) sem hefur hækkað um 170 milljónir króna frá miðju ári til loka viðskipta 15.10.07.

Ekki hafa átt sér stað aðrar mikilvægar breytingar á fjárhags- eða viðskiptastöðu samstæðunnar frá lokum síðasta fjárhagstímabils ufmram þær sem getið er hér að framan.

## Markaðsvakt og fyrirhuguð sala á fyrsta viðskiptadegi

SPRON hefur samið við Kaupþing banka hf. og Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. um viðskiptavakt á hlutabréfum félagsins eftir skráningu á OMX ICE. Fyrsti viðskiptadagur með hlutabréf í SPRON er fyrirhugaður 23. október og viðskiptavakar munu sjá um markaðsvakt frá og með öðrum viðskiptadegi. Báðir aðilar eru með samskonar samning við SPRON. Lágmark kaup- eða söluandvirðis tilboða er 15 milljónir króna og hámarksfjárhæð heildarviðskipta dag hvern 150 milljónir króna að markaðsvirði. Munur á kaup- og sölutilboðum er að hámarki 1,0% og frávik frá síðasta viðskiptaverði að hámarki 3,0%.

SPRON-sjóðurinn ses. stefnir að því að minnka hlut sinn í SPRON á komandi árum og langtímamarkmið sjóðsins er að hlutabréfaeign í SPRON nemi ekki meira en 5%. Sjóðurinn er tilbúinn til selja að hámarki 4,8% hlut á fyrsta viðskiptadegi með það að markmiði að stuðla að virkri verðmyndun á markaði.

Viðskiptavakar eiga valrétt á að kaupa af SPRON-sjóðnum ses. hlutabréf í SPRON að fjárhæð 300 milljónir króna hvor á því vegna meðalverði sem SPRON-sjóðurinn hefur selt á fram að þeim tíma. Valrétturinn verður gildur þegar SPRON sjóðurinn hefur selt 60% af áætlaðri sölu sinni eða í síðasta lagi kl: 14.00 á fyrsta viðskiptadegi.

## Frekari upplýsingar um hlutabréfin sem á að skrá

### Tegund og flokkur hlutabréfa

Allt útgefið hlutafé í félaginu tilheyrir sama flokki og njóta hluthafar sömu réttinda. Bréfin eru gefin út í íslenskum krónum. Hlutabréfin hafa verið gefin út í samræmi við lög nr. 2/1995 um hlutafélög og eru gefin út á nafn og kennitölu hluthafa. Í 1. mgr. 6. gr. samþykktu útgefanda er heimilað að gefa út hlutabréfin með rafrænum hætti í verðbréfamiðstöð í samræmi við ákvæði laga nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Hlutabréfin eru gefin út rafrænt hjá VBSÍ. Auðkenni hlutabréfanna hjá VBSÍ er SPRON og ISIN-númer hlutabréfanna er IS0000010932. Vegna fyrirhugaðrar skráningar á aðalmarkað OMX ICE hefur stjórn útgefanda óskað eftir að auðkenni útgefanda hjá OMX ICE verði SPRON.

### Réttindi

Allt útgefið hlutafé í útgefanda tilheyrir sama flokki hluta. Hlutafé er allt jafn rétt hátt. Engin sérréttindi fylgja hlutum í útgefanda og engar hömlur eru á viðskiptum með hluti útgefanda. Eigendur hluta í útgefanda hafa rétt á að neyta atkvæðisréttar á hluthafafundum, sbr. þó takmarkanir á því sem lýst er síðar í útgefandalyngingu, fá greiddan arð frá útgefanda, hafa forgangsrétt til að skrá sig fyrir nýjum hlutum í réttu hlutfalli við hlutafjáreign sína við hækkun hlutafjár útgefanda (nema þeir hafi afsalað sér slíkum rétti) og eiga rétt á að fá greitt af eignum útgefanda við slit eða gjaldþrot þess í samræmi við hlutafjáreign, nema samþykktir kveði á um aðra skipan. Hluthafar þurfa ekki að sæta innlausn á hlutum sínum nema lög standi til annars. Réttindi hluthafa í útgefanda eru háð gildandi löggjöf og samþykktum félagsins á hverjum tíma.

### Arðgreiðslur

Arðgreiðslustefna SPRON er að greiða 20-50% hagnaðar til hluthafa í formi arðs, með hliðsjón af eiginfjárstöðu á hverjum tíma. Hluthafafundur tekur ákvörðun um úthlutun arðs eftir að félagsstjórn hefur lagt fram tillögu þess efnis. Samkvæmt samþykktum félagsins skal aðalfundur haldinn fyrir lok júní ár hvert.

Í 6. gr. samþykktu félagsins er kveðið á um að hlutaskrá útgefanda skuli skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í útgefanda og skal arður á hverjum tíma sendur til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutar í hlutaskrá útgefanda og firrir félagið sig ábyrgð á því að ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna útgefanda um eigenda- eða aðsetursskipti.

Gjalddagi arðs skal eigi vera síðar en sex mánuðum eftir að ákvörðun um úthlutun hans hefur verið tekin. Hafi hluthafi ekki fengið greiddan arð sem hann á rétt á, getur hann vitjað hans á skrifstofu útgefanda innan fjögurra ára frá gjalddaga, en samkvæmt lögum nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda fynnist réttur til arðs á fjórum árum frá gjalddaga. Vitji hluthafi ekki arðs innan þess tíma fellur arðurinn til útgefanda.

Útgefandi er bundinn af ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög varðandi fjárhæð sem félaginu heimilt er að ráðstafa til hluthafa í formi arðgreiðslna. Samkvæmt 1. mgr. 99. gr. laganna er einungis heimilt að úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum eftir að dregið hefur verið frá tap sem ekki hefur verið jafnað og það fé sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða til annarra þarfa. Samkvæmt 1. mgr. 101. gr. laganna tekur hluthafafundur ákvörðun um úthlutun arðs eftir að félagsstjórn hefur lagt fram tillögur um það efni. Ekki má ákveða að úthluta meiri arði en félagsstjórn leggur til eða samþykkir.

## Eignarréttindi og framsal hluta

Engar hömlur eru á viðskiptum með hluti í útgefanda. Hluti í útgefanda má selja og veðsetja nema annað leiði af lögum. Það skal þó hafa hugfast að einstakir hluthafar geta samið um það sín á milli að meðferð á hlutum þeirra sé takmörkunum háð. Hluthafi getur ekki nýtt réttindi sín samkvæmt hlut nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá félagsins eða hann hafi fært sönnur á eign sína að hlutum.

Þegar hlutur hefur verið að fullu greiddur skal hluthafi fá rafbréf útgefið í verðbréfamiðstöð og eignarréttindi skráð yfir því og veitir sú skráning hluthafa þau réttindi sem samþykktir útgefanda og lög mæla fyrir um á hverjum tíma. Um rafræna eignarskráningu verðbréfa gilda lög nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa og reglugerð nr. 397/2000, sem er sett með stoð í þeim lögum. Óheimilt er að gefa út viðskiptabréf fyrir skráðum réttindum samkvæmt rafbréfi eða framselja þau og eru slík viðskipti ógild.

Útrentun frá verðbréfamiðstöð um eignarhald á hlutum í félaginu telst fullnægjandi grunnur að hlutaskrá. Gagnvart félaginu skal hlutaskráin skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu. Jöfnunarhlutir, fundarboð og tilkynningar skulu sendar til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutar í hlutaskrá félagsins. Félagið tekur enga ábyrgð á því ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna félaginu um eiganda- eða aðsetursskipti. Réttindi að rafbréfum skal skrá í verðbréfamiðstöð ef þau eiga að njóta réttarverndar gegn fullnustugerðum og ráðstöfunum með samningi.

Aðeins þeir aðilar, sem gert hafa aðildarsamning við verðbréfamiðstöð geta haft heimild til milligöngu um eignarskráningu eða aðgang að verðbréfamiðstöðinni (reikningsstofnun). Skráning í verðbréfamiðstöð fyrir milligöngu reikningsstofnunar jafngildir tilkynningu til félagsins. Eigandi rafbréfs velur sér reikningsstofnun sem hefur milligöngu um eignarskráningu á rafbréfi á reikninga í hans nafni. Eignarskráning rafbréfs í verðbréfamiðstöð, að undangenginni lokafærslu verðbréfamiðstöðvar, veitir skráðum eiganda þess lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að og skal gagnvart útgefanda jafngilda skilríki um eignarrétt að rafbréfinu. Forgangsröð ósamrýmanlegra réttinda ræðst af því hvenær beiðni reikningsstofnunar um skráningu þeirra berst í verðbréfamiðstöð.

## Atkvæðisréttur

Eitt atkvæði fylgir hverri krónu nafnverðs. Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn.

Samkvæmt 2. másl. 1. mgr. 75. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki er einstökum hluthöfum í sparisjóði aldrei heimilt, fyrir sjálfs sín hönd eða annarra, að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni, hvort sem yfirráð yfir atkvæðisrétti byggjast á beinni eða óbeinni eignarhlutdeild.

Í túlkun Fjármálaeftirlitsins á 3. mgr. 70. gr. og 1. mgr. 75. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki varðandi atkvæðisrétt í sparisjóðum segir að telja verði að einstökum stofnfjáreiganda sé aldrei heimilt, einum sér eða í samstarfi við aðra aðila, þ.e. beint eða óbeint, að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði.

Í 2. mgr. 75. gr. laga nr. 161/2002 er þó kveðið á um það að sjálfseignarstofnun fari þó með atkvæðisrétt í samræmi við hlutafjäreign sína. SPRON-sjóðurinn ses. sem settur hefur verið á fót skv. 76. gr. laga nr. 161/2002, fer því með atkvæðisrétt í samræmi við hlutafjäreign sína á hverjum tíma, sbr. 1. mgr. 13. gr. samþykktu útgefanda.

## Forgangsréttur til áskriftar við hækkun hlutafjár

Hluthafar hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjäreign sína. Hluthafar geta þó afsalað sér slíkum rétti samkvæmt 3. mgr. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

## Yfirtökutilboð og innlausn

### Lögbundin yfirtökutilboð

Samkvæmt VI. kafla laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti er kveðið á um skyldu aðila sem hefur, beint eða óbeint náð yfirráðum í félagi sem hefur fengið skráningu fyrir einn eða fleiri flokka hlutabréfa á skipulegum verðbréfamarkaði, skal hann gera öðrum hluthöfum félagsins yfirtökutilboð.

Með yfirráðum er átt við að aðili og þeir sem hann er í samstarfi við hafi samanlagt eignast a.m.k. 40% atkvæðisréttar í félaginu, hafi á grundvelli samnings við aðra hluthafa rétt til að ráða yfir sem nemur a.m.k. 40% atkvæða í félaginu, eða hafi öðlast rétt til þess að tilnefna eða setja af meiri hluta stjórnar í félaginu.

Yfirtökutilboðið skal vera sett fram eigi síðar en fjórum vikum eftir að yfirráðum var náð. Tilboðsgjafi skal bjóða öllum hluthöfum sem eiga hluti í sama hlutflokki sömu skilmála. Verð það sem sett er fram í yfirtökutilboði skal a.m.k. svara til hæsta verðs sem tilboðsgjafi eða aðilar sem hann er í samstarfi við hafa greitt fyrir hluti sem þeir hafa eignast í viðkomandi félagi síðustu sex mánuði áður en tilboð var sett fram. Tilboðsverð skal þó að lágmarki vera jafnhátt og síðasta viðskiptaverð hluta í viðkomandi félagi daginn áður en tilboðsskylda myndaðist eða tilkynnt var um fyrirhugað tilboð.

Á þeim tíma sem félagið hlýtur skráningu er enginn einstakur hluthafi sem fer með yfirråd í félaginu samkvæmt ofangreindri skilgreiningu á yfirrådum.

Samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. 75. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki er einstökum hluthöfum í sparisjóði sem breytt hefur verið í hlutafélag aldrei heimilt, fyrir sjálfs sín hönd eða annarra, að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni, hvort sem yfirråd yfir atkvæðisrétti byggjast á beinni eða óbeinni eignarhlutdeild. Ákvæði þetta um atkvæðatakmarkun torveldar möguleika á yfirtöku.

## Opinbert yfirtökutilboð

Hluthöfum útgefanda hefur ekki borist yfirtökutilboð frá þriðja aðila í hluti þeirra í félaginu, hvorki á yfirstandandi fjárhagsári né á síðastliðnu fjárhagsári.

## Innlausn í tengslum við yfirtökutilboð

Í VI. kafla laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti er kveðið á um það ef hluthafi, sem sett hefur fram yfirtökutilboð og þeir aðilar sem hann er í samstarfi við, eignast meira en 9/10 hlutfjár eða atkvæðisréttar í félagi í yfirtökutilboði getur tilboðsgjafinn og stjórn félagsins í sameiningu ákveðið að aðrir hluthafar í félaginu skuli sæta innlausn tilboðsgjafans á hlutum sínum. Ef tilboðsgjafi fer fram á innlausn innan þriggja mánaða frá lokum tilboðstímabils skal verð sem boðið var í tilboði teljast vera sanngjarnt innlausnarverð nema ákvæði 3. mgr. 40. gr. Áður nefndra laga eigi við. Að sama skapi getur hver einstakur hluthafi minni hlutans krafist innlausnar hjá tilboðsgjafanum og gilda þá sömu reglur um innlausnarverð.

## Innlausn skv. lögum nr. 2/1995 um hlutafélög

Ef hluthafi á meira en 9/10 hlutfjár í félagi og ræður yfir samsvarandi atkvæðamagni getur hluthafinn og stjórn félagsins í sameiningu ákveðið að aðrir hluthafar í félaginu skuli sæta innlausn hluthafans á hlutum sínum. Eins getur hver einstakur af minni hluta hluthafa krafist innlausnar hjá þeim hluthafa. Á þeim tíma sem félagið hlýtur skráningu fer enginn einstakur hluthafi með 9/10 hlutfjár eða atkvæðisréttar í félaginu. Samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. 75. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki er einstökum hluthöfum í sparisjóði sem breytt hefur verið í hlutafélag aldrei heimilt, fyrir sjálfs sín hönd eða annarra, að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni, hvort sem yfirråd yfir atkvæðisrétti byggjast á beinni eða óbeinni eignarhlutdeild. Ákvæði þetta um atkvæðatakmarkun torveldar möguleika á yfirtöku.

## Safnskráning

Reglur um varðveislu fjármálagerninga á safnreikningum er að finna í lögum nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti, lögum nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa og lögum nr. 2/1995 um hlutafélög.

Í 11. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti kemur fram að fjármálafyrirtæki sem er heimilt að varðveita fjármálagerninga í eigu viðskiptavina sinna getur varðveitt þá á sérstökum reikningi (safnreikningi) og tekið við greiðslum fyrir hönd viðskiptavina sinna frá einstökum útgefendum fjármálagerninga, enda hafi fjármálafyrirtækið gert viðskiptavinum grein fyrir réttaráhrifum þess og hann veitt samþykki sitt. Fjármálafyrirtæki ber að halda skrá yfir hlut hvers viðskiptavinar fyrir sig samkvæmt þessari grein. Komi til þess að bú fjármálafyrirtækis sé tekið til gjaldþrotaskipta eða greiðslustöðvun samþykkt, fyrirtækinu sé slitið eða sambærilegar ráðstafanir gerðar, getur viðskiptavinur á grundvelli áður nefndrar skrár tekið fjármálagerninga sína út af safnreikningi, enda sé ekki ágreiningur um eignarhald.

Í 31. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög er kveðið á um að eigandi hlutar getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi, nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutum. Þetta á þó ekki við um rétt til arðs eða annarrar greiðslu og rétt til nýrra hluta við hækkun hlutfjár. Í samræmi við þetta hefur hluthafi ekki atkvæðisrétt á hluthafafundum nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá félagsins. Hið

sama gildir um fjármálafyrirtæki sem hafa heimild til safnskráningar þar sem hluthafinn hefur ekki þau réttindi að geta veitt einhverjum umboð til að fara með atkvæðisréttinn. Hlutum sem skráðir eru safnskráningu fylgir því ekki atkvæðisréttur á hluthafafundum. Það að hlutabréf séu skráð safnskráningu undanþiggur ekki viðkomandi hluthafa frá reglum laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti um flöggunarskyldu. Hlutir í eigu aðila sem varðveittir eru á safnreikningi skulu taldir með við afmörkun á því hvort tiltekin víðskipti séu flöggunarskyld.

## Slit eða skipti á félaginu

Í samræmi við 23. gr. samþykktá útgefanda skal fara með tillögur um slit og skipti eins og um breytingar á samþykktum. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé útgefanda til að ákvörðun um slit sé gild. Hluthafafundur sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda. Að öðru leyti skulu slit, skipting eða samruni útgefanda við annað félag fara fram í samræmi við XIII. og XIV. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

## Skattamál

Skattaleg meðferð hluta í útgefanda fer eftir gildandi skattalögum á hverjum tíma. Fjárfestum er ráðlagt að leita sér ráðgjafar hjá óháðum sérfræðingi í skattamálum um það hvaða skattalegu afleiðingar fjárfesting í hlutabréfum í útgefanda kann að hafa í för með sér. Hlutabréf í útgefanda eru stimpilskyld og greiðir félagið stimpilgjöld af þeim bréfum sem kunna að vera gefin út. Félaginu er skylt að halda eftir staðgreiðsluskatti af arðgreiðslum til hlutahafa, sbr. 2. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 5. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Gagnvart íslenskum aðilum, öðrum en þeim sem eru undanþegnir greiðslu fjármagnstekjuskatts, er litið á staðgreiðsluna sem fullnaðargreiðslu. Hvað varðar aðila sem búsettir eru erlendis, þarf að kanna hvort til staðar sé tvísköttunarsamningur við það ríki sem viðkomandi aðili er búsettur í og, ef svo er, þarf að kanna hvort aðilinn sé skattskyldur á Íslandi. Söluhagnaður af bréfum í félaginu er skattskyldur á Íslandi. Hvað varðar aðila sem búsettir eru erlendis, þarf að kanna hvort það sé til staðar tvísköttunarsamningur við það ríki sem viðkomandi aðili býr í, og ef svo er, þarf að kanna hvort ríkið á rétt á að skattleggja söluhagnaðinn.

## Skjöl til sýnis

Lýsingin er gefin út á íslensku og samanstendur af þremur sjálfstæðum skjölum; samantekt, útgefandalýsingu og verðbréfalýsingu. Lýsingin er gefin út rafrænt á vefsíðu útgefanda, [www.spron.is](http://www.spron.is), og er auk þess aðgengileg á vefsíðu umsjónaraðila, [www.kaupthing.is](http://www.kaupthing.is), í fréttakerfi OMX ICE, <http://www.omxgroup.com/nordicexchange/newsandstatistics> og á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins. Aðgengi að lýsingunni verður tryggt í 12 mánuði frá útgáfudagsetningu.

Eftirfarandi skjöl skulu skoðast sem hluti af þessari lýsingu: Samþykktir útgefanda, samrunagögn er varða samruna sparisjóðsins SPRON og hlutafélagsins SPRON hf., árshlutauppgjör útgefanda fyrir fyrstu sex mánuði 2007 og endurskoðaðir ársreikningar útgefanda fyrir árin 2004-2006.



# ÚTGEFANDALÝSING

# EFNISYFIRLIT ÚTGEFANDALÝSINGAR

## 1. Áhættuþættir og áhættustýring

- Rekstraráhætta
  - Lagaleg áhætta
  - Ímyndaráhætta
  - Upplýsingaáhætta
  - Stjórnunar- og starfsmannaáhætta
  - Tryggingar
- Útlánaáhætta
  - Afskriftareikningur útlána
- Markaðsáhætta
  - Gengisáhætta hlutabréfa
  - Vaxtaáhætta
  - Gjaldeyris- og afleiðuáhætta
- Lausafjáraáhætta

## 2. Skilgreiningar og tilvísanir

## 3. Skjöl til sýnis sem vísað er til, upplýsingar frá þriðja aðila og ábendingar til fjárfesta

## 4. Valdar fjárhagsupplýsingar

## 5. Upplýsingar um SPRON

- Almennar upplýsingar
  - Útgefandi
  - Stofnun félagsins
  - Lagaumhverfi
- Saga og þróun
- Nyfjárfestingar

## 6. Yfirlit yfir skipulag og starfsemi

- Framtíðarsýn
- Skipulag
- Starfsemi
  - Viðskiptabankastarfsemi
  - Fjárfestingabankastarfsemi
  - Stoðsvið SPRON
  - Áhættu- og útlánastýring
  - Dótturfélög og hlutdeildarfélög
  - Staðsetning og útibú
- Helstu samkeppnismarkaðir
  - Útlánamarkaður
  - Innlánamarkaður

## 7. Stjórn og framkvæmdastjórn

## 8. Starfsmenn

## 9. Hluthafar og heildarhlutfé

## 10. Fjárhagsupplýsingar

- Reikningsskil
- Fjárhagsupplýsingar SPRON fyrstu sex mánuði ársins 2007
  - Rekstur
  - Starfsþáttayfirlit
  - Efnahagur
  - Sjóðstreymisyfirlit
  - Nýleg þróun
- Fjárhagsupplýsingar hlutafélagsins SPRON hf. 2004-2006
- Fjárhagsupplýsingar sparisjóðsins SPRON 2004-2006
  - Rekstur
  - Starfsþáttayfirlit
  - Efnahagur
  - Sjóðstreymisyfirlit

## 11. Ábyrgðaraðilar, löggiltir endurskoðendur og umsjónaraðili

- Yfirlýsing ábyrgðaraðila fyrir hönd útgefanda
- Yfirlýsing löggiltra endurskoðenda
- Yfirlýsing umsjónaraðila

# 1. ÁHÆTTUÞÆTTIR OG ÁHÆTTUSTÝRING

Fjallað er um helstu áhættuþætti og áhættustýringu SPRON hér á eftir en ekki er um að ræða tæmandi umfjöllun um alla hugsanlega áhættuþætti tengda rekstri SPRON og fjárfestingu í hlutabréfum félagsins.

Forstjóri, í umboði stjórnar, ber ábyrgð á að reglum um áhættustýringu innan SPRON sé framfylgt. Hann sér til þess að gripið verði til viðeigandi ráðstafana til að greina, meta og mæla áhættuþætti í daglegri starfsemi SPRON, ásamt stýringu áhættu félagsins. Daglegt eftirlit áhættustýringar er á ábyrgð forstöðumanns Áhættu- og útlánastýringar. Meginhlutverk Áhættu- og útlánastýringarinnar er að greina áhættu SPRON á hverjum tíma, fylgjast með og meta áhættuþætti og setja ákveðin viðmiðunarmörk einstakra áhættuþátta. Jafnframt fylgist Áhættu- og útlánastýring með og stýrir áhættu SPRON, sem kann að hafa veruleg áhrif á afkomu, og sér til þess að viðeigandi vörnum verði við komið á hverjum tíma. Áhættu- og útlánastýring gefur aðvaranir og ábendingar þegar áhætta nálgast hin settu viðmiðunarmörk og grípur til viðeigandi aðgerða ef tilefni er til.

Markmið með áhættustýringu SPRON er að stefna að ásættanlegri afkomu félagsins á hverjum tíma með tilliti til undirliggjandi áhættu í rekstrinum. Í áhættustýringarhópi sem kemur vikulega saman eru forstjóri, framkvæmdastjóri SPRON fjárstýringar, framkvæmdastjóri SPRON sparisjóðs, framkvæmdastjóri Frjálsa fjárfestingarbankans, framkvæmdastjóri SPRON verðbréfa og forstöðumaður Áhættu- og útlánastýringar SPRON, sem er formaður. Áhættustýringarhópur SPRON hefur sett saman sérstaka handbók þar sem ítarlega er farið í gegnum alla þætti sem lúta að áhættustýringu. Handbók áhættustýringar er ætlað að draga fram þá áhættu sem steðjar að daglegri starfsemi félagsins og greina hana niður í áhættuþætti. Handbókinni er einnig ætlað að gera starfsmenn SPRON meðvitaðri um áhættu og varnir gegn áhættu í rekstrinum á hverjum tíma.

Basel II staðallinn varðandi útreikninga á eigin fé var tekinn í notkun 1.1.2007. Notast er við staðalaðferð, en undirbúningur upptökunnar var unninn í samstarfi við Samband íslenskra sparisjóða og með aðstoð endurskoðenda SPRON.

Þrátt fyrir að SPRON vinni markvisst að því að minnka þá áhættu sem tekin er hverju sinni geta orðið breytingar á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum, á samkeppnisumhverfi eða í rekstri félagsins sem geta haft neikvæð áhrif á afkomu þess. Ekkert áhættustýringarkerfi er án galla og ekki er mögulegt að koma í veg fyrir eða tryggja félagið fyrir öllum mögulegum breytingum á fjármálamörkuðum eða í efnahagslífi innan lands og utan.

## Rekstraráhætta

Rekstraráhætta snýr að innviðum fyrirtækisins, hæfni starfsfólks, áreiðanleika og skilvirkni starfsferla, upplýsingakerfa fyrirtækisins og ytra umhverfi. Áhætta í rekstarumhverfi lýtur m.a. að lagalegri áhættu, starfsmannahættu og upplýsingaáhættu.

## Lagaleg áhætta

Lög númer 161/2002, um fjármálafyrirtæki, eru grundvallarlög um stofnun, eftirlit og stjórnun fjármálafyrirtækja á Íslandi. Einnig eru í gildi lög nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Verkefni stjórnar SPRON er að tryggja að rekstur hans falli að lögum um fjármálafyrirtæki á hverjum tíma. Nýjar lagasetningar og nýjar tülkanir framkvæmda- og eftirlitsaðila á gildandi lögum kunna að hafa veruleg áhrif á möguleika SPRON til áframhaldandi tekjumyndunar eða vaxtar.

Starfsemi útgefanda er leyfisskyld starfsemi samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og er háð starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu. Við sameiningu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og útgefanda á grundvelli samrunaáætlunar dagsett 17. júlí 2007 hélt starfsleyfið gildi sínu í sam-ræmi við 3. mgr. 73. gr. sömu laga. Það skal þó athuga að við ákveðnar aðstæður getur Fjármála-eftirlitið afturkallað starfsleyfi útgefanda í heild eða að hluta.

Eftir breytingu sparisjóðsins í hlutafélag gildir, skv. 75. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, áfram ákvæði um atkvæðisrétt sem fylgir hlutum í sparisjóðum og um meðferð hans. Fjármálaeftirlitið setti fram tülkun á 3. mgr. 70. gr. og 1. mgr. 75. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, varðandi atkvæðisrétt í sparisjóðum. Ekki er fyrirséð

hvort ákvæðum laga um 5% hámarksatkvæðarétt verði breytt í framtíðinni en ekki er hægt að útiloka að svo verði.

Fjármálaeftirlitið tilkynnti SPRON þann 19. september síðastliðinn að það myndi á næstu vikum fara yfir ákvæði laga er snúa að starfsemi sparisjóða sem breytt hefur verið í hlutfélag og um starfsemi sjálfseignarstofnana sem stofna skal ef breyta á sparisjóði í hlutfélag. Fjármálaeftirlitið stefnir að því að gefa út túlkun um sparisjóði sem breytt hefur verið í hlutfélag og verður hún m.a. birt á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.

Viðskiptaráðherra tilkynnti þann 28. ágúst síðastliðinn um skipan nefndar sem fara á yfir lagaumhverfi sparisjóðanna og gera tillögur til breytinga eftir atvikum, þ.e. á ákvæðum VIII. kafla laga um fjármálafyrirtæki með það að markmiði að lagaumhverfi sparisjóðanna verði þeim ekki hamlandi í ört vaxandi samkeppni á fjármálamarkaði. Í tilkynningunni kemur fram að nokkur umræða hafi verið um að ákvæði gildandi laga um starfsemi sparisjóðanna hafi ekki virkað sem skyldi, m.a. þau sem heimila breytingu sparisjóðs í hlutfélag, viðskipti með stofnfjárluti og útgáfu nýs stofnfjár. Gert er ráð fyrir að nefndin ljúki störfum fyrir 1. júní 2008. Síðast var ráðist í miklar breytingar á lagaumhverfi sparisjóðanna árið 2001 þegar samþykktar voru breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki sem gerðu sparisjóðum kleift að breyta félagiformi sínu í hlutfélag. Til dagsins í dag hefur enginn sparisjóður farið þessa leið fyrir utan SPRON.

Breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki hafa undanfarið verið gerðar til að innleiða tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins varðandi verðbréfamarkaði, þar á meðal tilskipun um lýsingar vegna kauphallarskráninga og/eða útboða á verðbréfum, tilskipanir um markaðsmisnotkun, yfirtöku, MiFID og gagnsæi. Nýjustu breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki taka gildi 1. nóvember 2007 sbr. lög nr. 111/2007. Jafnframt munu breytast lög nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Útgefandi fellur undir ákvæði íslenskra laga og reglugerða um verðbréfavíðskipti, sbr. lög nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti og reglugerðir settar á grundvelli þeirra laga. Frá og með fyrsta nóvember 2007 falla þau lög úr gildi og við taka ný lög um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007. Hin nýju lög munu hafa í för með sér nokkrar breytingar frá því sem verið hefur, þ.m.t. varðandi upplýsingagjöf og réttarstöðu víðskiptavina fjármálafyrirtækja, reglur um tilkynningarskyldu o.fl. Þar sem skráning útgefanda á aðalmarkað OMX ICE hefur verið samþykkt af OMX ICE fellur útgefandi einnig undir lög nr. 34/1998 um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða og reglur OMX ICE. Þann 1. nóvember 2007 falla lög nr. 34/1998 úr gildi er ný lög um kauphallir, lög nr. 110/2007, öðlast gildi. Útgefandi mun kappkosta að fara eftir framangreindum reglum þ.m.t. reglum um upplýsingagjöf og flöggunarskyldu þar sem brot á þeim kann að hafa fjárhagsleg áhrif á útgefanda. Alvarleg brot á þessum reglum kunna að hafa það í för með sér að OMX ICE taki hluti útgefanda af skrá um tiltekinn tíma eða endanlega. Brjótí útgefandi framangreindar reglur kann það ennfremur að hafa áhrif á orðspor útgefanda og þar með haft þær afleiðingar að hlutabréf útgefanda falli í verði. Þeir sem fjárfesta í hlutum útgefanda falla undir lög og reglur sem varða verðbréfa-víðskipti, s.s. reglur um yfirtökutilboð og flöggunarskyldu o.s.frv.

Allur rekstur SPRON felur í sér umtalsverða lagaáhættu. Hætta er á að SPRON verði kafið um skaðabætur sem milliaðili í víðskiptum eða sem ráðgjafi í víðskiptum annarra. Áhættuþætti sem þessa er erfitt að meta og magn þeirra og umfang getur verið óþekkt í umtalsverðan tíma.

Útgefandi tekur ekki ábyrgð á upplýsingum um lagabreytingar eða breytta laga-framkvæmd sem taka gildi eftir útgáfudag lýsingar þessarar.

## Dómsmál og gerðardómsmál

Engin dómsmál eða gerðardómsmál vegna gerðra samninga eða annarra þátta tengda fjármálavíðskiptum eru í gangi gagnvart SPRON, sem kunna að hafa veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi félagsins. Þá er félaginu ekki kunnugt um að neinar slíkar málshöfðanir séu yfirvofandi né heldur neinar trúflanir sem hafa haft eða geta haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu SPRON.

Vakin er athygli á kröfu sem komið hefur fram á hendur SPRON, frá víðskiptavini, vegna innheimtukostnaðar innistæðulausra tækka. Líklegt má telja að þessi krafa muni verða að dómsmáli á næstu mánuðum. Málið snertir bankakerfið í heild sinni þar sem það snýst um mismunandi túlkun laga.

## Ímyndaráhætta

Ímyndaráhætta felst í því að eitthvað gerist sem hefur slæm áhrif á ímynd félagsins sem það hefur skapað sér gagnvart viðskiptavinum sínum. Skaði vegna ímyndarhnekkis felst í því að viðskiptavinir SPRON kjósi að leita annað með sín viðskipti og getur það komið til beint eða óbeint vegna gjörða starfsmanna fyrirtækisins og einnig af ástæðum þeim óviðkomandi.

## Upplýsingaáhætta

Rekstur fjármála fyrirtækis byggist mjög á öflugum upplýsingakerfum. Áhætta í rekstri þeirra getur falist í ófullnægjandi eða röngum upplýsingum í kerfum, rangri notkun kerfa, aðgangsheimildum og öryggismálum, óskýrum reglum um viðhald kerfa og prófanir, sérhönnuðum kerfum og veikri þjónustu. Dregið er úr upplýsingaáhættu með skipulögðum kerfisprófunum, óháðum afritstökum og varakerfum. Starfsemi SPRON er mjög háð upplýsingakerfum Teris, Reiknistofu bankanna og fleiri aðila. Komi til bilunar kann slíkt að leiða til verulegs tjóns fyrir félagið.

SPRON hefur útbúið stefnu í stjórnun upplýsingaöryggis sem er staðfest af forstjóra SPRON. Þessi stefna nær yfir aðgerðir í eftirfarandi flokkum: öryggisstefnu, skipulagi öryggismála, flokkun og stjórnun eigna, starfsmannaöryggi, umhverfisöryggi, tölvu- og netstjórnun, aðgangsstjórnun, þróun og viðhaldi kerfa, áætlun um rekstrarsamfellu og samræmingu við lög og reglugerðir. Tæknihópur ber ábyrgð á að framfylgja stefnu í stjórnun upplýsingaöryggis, en hann skipa fulltrúar frá öllum afkomu- og stoðeiningum SPRON-heildarinnar, framkvæmdastjóri upplýsingatæknisviðs, forstöðumaður upplýsingatæknisviðs og fulltrúi Teris. Þá sitja aðrir starfsmenn upplýsingatæknisviðs fundi hópsins. Gagnaöryggisstjóri lýtur eftirliti tæknihóps og skilar skýrslu til hans um virkni öryggisstefnunnar og hversu vel er farið eftir henni. Hann hefur daglega yfirumsjón með málum er varða upplýsingaöryggi SPRON í umboði tæknihóps.

Öryggishópur SPRON ber ábyrgð á öllum þáttum starfseminnar sem snerta öryggi starfsmanna, fjármuna og fasteigna. Öryggishópur ber einnig ábyrgð á tryggingum fasteigna og reksturs, eftirlitskerfum, aðgangskerfum og öðrum þáttum er snúa að rekstri samstæðunnar. Jafnframt ber öryggishópur ábyrgð á þjálfun starfsmanna varðandi viðbrögð við innbrotum, ránum, náttúruhamförum og öðrum þáttum sem geta ógnað öryggi starfsmanna á vinnustað.

## Stjórnunar- og starfsmannaáhætta

Starfsemi SPRON og árangur í rekstri hans byggist að stórum hluta á dýrmætri þekkingu starfsmanna og er því veruleg áhætta fólgin í því að lykilfólk hverfi úr starfi til annarra fyrirtækja. Til að draga úr starfsmannaáhættu hefur SPRON viðhaldið starfsmanna- og launastefnu sem er sniðin að því að halda ávallt færasta fólki í starfi. Heildarstarfsmannavelta SPRON var 11% á árinu 2006, 11% á árinu 2005 og 8% árið 2004. Unnið er að skráningu á þekkingu lykilstarfsmanna og verkferlum félagsins.

Stjórnunaráhætta er sú áhætta sem fólgin er í stjórnun, þekkingu og skipulagi innan fyrirtækisins. Óljós valdsvið og óskýr samskipti starfsmanna eru þættir sem geta stuðlað að slíkri áhættu. Innan SPRON er lögð áhersla á skýrt skipulag og að valdsvið og verkaskipting sé ljós á hverjum tíma.

## Tryggingar

Mikilvægt er að félagið sé tryggt gegn mögulegum áföllum á viðeigandi hátt og er því nauðsynlegt að huga vel að váttryggingum og váttryggingaskilmálum. SPRON er með eftirfarandi tryggingar, sem er í samræmi við kröfur um tryggingar samkvæmt áhættuhandbók SPRON: Atvinnurekstrartrygging tekur til rekstrarstöðvunartryggingar, lausafjártryggingar, brunatryggingar húseigna, ábyrgðatryggingar ökutækja, líf- og slysatryggingar starfsfólks. Bruna-, vatns- og innbrotspjófnaðartrygging tekur til húsbúnaðar, skrifstofuvéla og áhalds, tölvubúnaðar, listmuna, hreinsunar eftir tjón, svo og peningaflutninga og peninga í peningaskápum.

Sameiginlega hafa sparisjóðir og tengd félög keypt yfirgripsmiklar tryggingar gagnvart lögbrotum og fyrir meiri háttar afgangnum stjórnenda í starfi. Unnið er að endurskoðun þessara trygginga og stefnir SPRON að því að verða sjálfstæður aðili að þeim

# Útlánaáhætta

Með útlánaáhættu SPRON er átt við þá áhættu sem tengd er mögulegu greiðslufalli hjá viðskiptavinum félagsins. Stýring útlánaáhættu er mjög mikilvægur þáttur í stjórnun félagsins og setur stjórn SPRON almennar reglur um lánveitingar og ábyrgðir og ákveður lánastefnu félagsins.

Stjórnin hefur eftirlit með lánamálum og ákveður útlánaheimildir að fengnum tillögum frá forstjóra. Stjórnin afgreiðir lánamál umfram heimildir forstjóra. Lánaeftirlit einstakra mála er í höndum Áhættu- og útlánastýringar og forstöðumanns Innri endurskoðunar en forstjóri sér til þess að farið sé eftir reglum og ber ábyrgð á því. Áhættu- og útlánastýring hefur eftirlit með því að lánareglur SPRON séu virtar af starfsmönnum og að formsatriðum á skjölum sé fullnægt auk þess að hafa með því eftirlit að viðskiptavinir séu metnir með tilliti til greiðslugetu við lánveitingu. Áhættu- og útlánastýring skal hafa yfirsýn yfir heildarútlánasamsetningu SPRON á hverjum tíma.

Yfirlit er útbúið yfir stærstu lánþega SPRON og stærstu vanskilaaðila og lagt fyrir lánanefnd og stjórn. Er það gert ársfjórðungslega fyrir móðurfélag og ekki sjaldnar en á hálfis árs fresti fyrir samstæðuna. Forstöðumaður Áhættu- og útlánastýringar og forstöðumaður Innri endurskoðunar gera stjórn SPRON viðvart, sé framkvæmd lánamála ekki í samræmi við lánastefnu eða lánareglur.

Lánanefnd SPRON er yfir lánavinnslu og úrskurðar í lánamálum utan þess þegar áhættan er meiri en sem nemur 10% af eigin fé SPRON, en þá þarf samþykki stjórnar. Í handbók um útlán, sem samþykkt er af stjórn SPRON, eru takmarkanir settar á útlánaheimildir starfsmanna og takmarkanir á áhættu gagnvart mismunandi mótaðilum. Til að nýta sem best sérþekkingu starfsmanna útibúa SPRON fer eftirlit með útlánaáhættu og tryggingum útlána að mestu fram í útibúunum.

Áhættu- og útlánastýring hefur eftirlit með mótaðilaáhættu. Deildin sér um tölulega greiningu á lánasafninu fyrir samstæðuna, metur áætlað tap, hugsanlega áhættu í lánasafninu auk þess að meta vanskil á kerfisbundinn hátt. Niðurstöðurnar eru kynntar stjórnendum með áherslu á hugsanlega áhættu innan lánasafns með tilliti til mótaðilaáhættu, áhættu í einstökum atvinnugreinum, löndum, o.s.frv. Deildin fylgist með viðskiptavinum í erfiðleikum og reynir í samstarfi við útibú að lágmarka eða koma í veg fyrir tap SPRON.

Veiting útlána skapar helstu mótaðilaáhættu SPRON. Fjárhæð mótaðilaáhættu í þessu tilliti kemur fram í bókfærðu verði eigna í efnahagsreikningi. Mótaðilaáhætta fyrir SPRON fylgir ýmsum öðrum fjáreignum, svo sem afleiðusamningum og markaðsskuldabréfum. Núverandi mótaðilaáhætta endurspeglast í bókfærðu verði þessara eigna í efnahagsreikningi. Auk framangreindrar mótaðilaáhættu er SPRON einnig opið fyrir mótaðilaáhættu vegna liða utan efnahagsreiknings eins og ónýttar yfirdráttarheimilda og veittra ábyrgða.


Helstu eignir SPRON eru útlán. Til að viðhalda og bæta gæði útlánasafns er mikilvægt að fara vel yfir allar lánssúmsóknir þar sem þeim er hafnað strax sem ekki uppfylla skilyrði til lánveitinga og að fylgst sé stöðugt með núverandi lánasafni. Hins vegar er það ekki stefna SPRON að veita aðeins lán sem fylgir lítil áhætta, heldur er mikilvægt að vextir veittra lána endurspegli bæði áhættu og kostnað sem þeim fylgir. Þetta táknar að ítarlegt mat á einstökum viðskiptavinum, fjárhagsstöðu þeirra og tryggingum er forsenda fyrir veitingu lána.

Afleiðusamningar sem SPRON notar geta innihaldið mótaðilaáhættu. Þessir samningar ná til skiptasamninga, framvirkra samninga, vilhana og annarra svipaðra samninga, þar sem verðmæti er háð vöxtum, gengi gjaldmiðla, verðbréfangengi, vöruverði eða verðvísitölum. SPRON fylgist vel með afleiðusamningum með opnar stöður og gætir þess að nægjanlegar tryggingar og varnir séu fyrir hendi. Tryggingar fara eftir viðskiptavinum og tegundum samninga. Almennt er krafist tryggingar til að mæta hugsanlegu tapi á samningi. Ásættanleg trygging fyrir afleiðusamninga eru eignir sem hægt er að innleysa með litlum fyrirvara, t.d. reiðufé eða markaðshlutabréf. Ef staða afleiðusamninga fer undir ákveðin mörk er farið fram á aukna tryggingu. Ef aukin trygging fæst ekki er samningnum lokað.

Skuldbindingar sem SPRON hefur samþykkt er tryggja viðskiptavinum hans tiltekinn aðgang að fjármunum innihalda einnig mótaðilaáhættu. Algengustu skuldbindingar eru í formi heimilda á tékkareikningum og greiðslukortum. Hugsanlegt tap vegna þessara skuldbindinga jafngildir fjárhæð heimilda þótt þær séu aðeins notaðar að hluta til hverju sinni. Í reynd er hugsanlegt tap ekki eins mikið því SPRON getur afturkallað flestar þessara skuldbindinga ef viðskiptavinir uppfylla ekki lánakröfur og ekki eru líkur á að allir viðskiptavinir nýti heimildir að fullu á sama tíma. Ábyrgðum fylgir mótaðilaáhætta að fullri fjárhæð eins og í útlánnum þar sem þær tákna óafturkræfar tryggingar um að SPRON muni inna af hendi greiðslur ef viðskiptavinurinn getur ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart þriðja aðila.


Undanfarin ár hefur SPRON lagt áherslu á vel dreift útlánasafn og bætt gæði útlána. Dæmi um þetta er þátttaka SPRON á íslenskum íbúðalánamarkaði en húsnæðis- og íbúðalán eru veigamikill þáttur útlánasafni SPRON.

Meirihluti útlána SPRON er til einstaklinga eða rúm 60%. Lán til fyrirtækja eru rúm 39% og lán til hins opinbera undir 1%. Sjá má þróun skiptingarinnar frá 2002 á meðfylgjandi mynd.



Hlutfallsleg skipting útlána viðskiptamanna SPRON eftir geirum  
Heimild: Ársreikningar og árshlutareikningur SPRON


Útlán til fyrirtækja eru flokkuð eftir atvinnugreinum og fylgist Áhættu- og útlánastýring SPRON með útlánnum til einstakra atvinnugreina. Á meðfylgjandi mynd má sjá skiptingu útlána SPRON milli atvinnugreina frá lokum ársins 2002 til loka júní 2007. Hlutfall þjónustustarfsemi og iðnaðar hefur aukist á undanförunum árum á meðan hlutfall verslunar hefur dregist mikið saman. Það er í samræmi við stefnu SPRON um að auka útlán til ákveðinna atvinnugreina sem félagið hefur sérþekkingu á, svo sem iðnaðar, sérstaklega til byggingariðnaðar og verktaka, og þjónustustarfsemi.



Hlutfallsleg skipting útlána viðskiptamanna SPRON eftir atvinnugreinum.  
Heimild: Ársreikningar og árshlutareikningur SPRON.

Meðfylgjandi mynd sýnir skiptingu útlána til einstaklinga og fyrirtækja/stofnana annars vegar og hins vegar vanskil þessara hópa frá lokum ársins 2002. Súlnurnar (vinstri ás) sýna skiptingu útlána milli einstaklinga og fyrirtækja. Á undanförunum tveimur til þremur árum hefur verið unnið markvisst að því að endurskoða allar lánveitingar og verklag vegna vanskila með þeim árangri að vanskil hafa minnkað umtalsvert. Ársfjórðungslega er farið yfir öll vanskil og öll mál í lögfræðinniheimtu með það í huga að takmarka áhættu á tapi. Að auki eru önnur mál skoðuð eftir því sem tilefni eru til. Vanskil hafa farið ört minnkandi síðustu ár, en virðast nú hafa náð lágmarki. Vanskil einstaklinga hafa


verið að meðaltali 1,03% síðan 2002 en hafa verið nær óbreytt síðan 2005 eða um 0,44%. Vanskil fyrirtækja hafa verið að meðaltali 1,19% síðan 2002 og voru nánast óbreytt um mitt ár 2007 frá árslokum 2006 í 0,71%.



Próun vanskila og útlánahlutfalls einstaklinga, fyrirtækja og stofnana  
Heimild: SPRON

Hlutfall lengstu útlánanna (lengri en fimm ár) í útlánasafni SPRON hefur aukist verulega á undanförunum árum eins og sést á meðfylgjandi mynd. Um mitt ár 2007 voru lán til lengri tíma en 5 ára rúm 58% af heildarútlánunum en voru rúm 23% í lok ársins 2002. Aukningin stafar af breytingum á húsnæðislánamarkaðnum. Hlutfall stystu lánanna (allt að 3 mánuðir) hefur að sama skapi dregist mjög saman og var það tæp 11% 30.06.2007 samanborið við tæp 18% í árslok 2002. Flest langtímahúsnæðislán til einstaklinga eru með endurskoðunarákvæði vaxta eftir fimm ár frá útgáfu. Áhætta SPRON af útlánunum er því minni en ætla mátti í fyrstu m.v. aukningu á útlánamarkaði húsnæðislána til einstaklinga undanfarin misseri.


Í samstarfi við Íbúðalánasjóð býður SPRON húsnæðislán til allt að 40 ára, sem geta numið allt að 80% af markaðsverði eignar. Með þessu móti getur SPRON veitt viðskiptavinum sínum meiri og betri þjónustu en ella. Auk þess er um leið áhættu af útlánunum deilt með öðrum aðila og takmarkar það þar af leiðandi vaxtaáhættu félagsins af langtímahúsnæðislánunum.



Hlutfallsleg skipting útlána viðskiptamanna SPRON eftir gjalddaga  
Heimild: Ársreikningar og árshlutareikningar SPRON.



Útlán SPRON hafa aukist að meðtali um 40% á ári síðan 2002. Aukningin var mest árið 2005 eins og sjá má á meðfylgjandi mynd, eða rúmlega 70% en hækkunin skýrist að mestu með mikilli aukningu fasteignatryggðra íbúðalána. Greiðslufæði hluta þeirra var selt til íbúðalánasjóðs en teljast þau samt sem áður með í útlánum SPRON.




Þróun útlána SPRON.

Heimild: Ársreikningar og árshlutareikningur SPRON.

## Afskriftareikningur útlána

Afskriftareikningi er ætlað að mæta væntanlegum útlánatöpum. Framlag vegna útlánataps er bókfært þegar fyrir liggja raunverulegar vísbendingar um að félagið geti ekki endurheimt alla fjárhæð kröfu, t.d. lána, skuldbindinga og ábyrgða, samkvæmt upphaflegum samningsákvæðum eða samsvarandi ákvæðum. Afskriftareikningur vegna útlánatapa er færður til lækkunar á bókfærðu verði útlána í efnahagsreikningi, en afskriftareikningur vegna liða utan efnahagsreiknings svo sem skuldbindinga og ábyrgða er færður meðal annarra skulda. Framlag í afskriftareikninginn er gjaldfært sem virðisrýrnun útlána í rekstrarreikningi. Afskriftareikningur útlána hefur verið svipaður í krónum talið síðan 2002 en hefur farið lækkandi sem hlutfall af útlánnum eins sjá má á næstu tveimur myndum.



Yfirlit yfir afskriftareikning útlána.


Heimild: Ársreikningar og árshlutareikningur SPRON.

Meðfylgjandi mynd sýnir þróun afskriftareiknings sem hlutfall af heildarútlánnum og veittum ábyrgðum annars vegar og hins vegar endanlega töpuð útlán sem hlutfall af heildarútlánnum og veittum ábyrgðum. Afskriftareikningur sem

hlutfall af heildarútlánum og veittum ábyrgðum náði hámarki í lok 2002 í 3,1%, en hefur lækkað síðan og var 1,0% 30.06.2007. Áhrif á endanlega töpuð útlán koma fram síðar og eru þau í hámarki árið 2003 í 1,9% af útlánunum.

Endanlega töpuð útlán lækka meira en hlutfall afskriftareiknings af útlánunum en hlutfall endanlega tapaðra útlána var 0,2% af útlánunum á árinu 2006. Lækkunin stafar af hlutfallslegri minnkun vanskila og mikilli aukningu útlána. Á undanförunum árum hefur SPRON unnið markvisst að því að endurskoða allar lánveitingar og verklag vegna vanskila. Árangur þessa, auk bættrar fjárhagstöðu viðskiptavina félagsins, er að vanskil hafa minnkað umtalsvert, sem skilar sér í minni framlögum í afskriftareikning og lægri fjárhæðum í endanlega töpuðum útlánunum.

Frá árinu 2000 hefur markmið SPRON verið að auka hlut smærri og meðalstórra fyrirtækja í útlánunum til þess að auka gæði útlánasafnsins og um leið draga úr áhættu. Jafnframt hefur verið lögð aukin áhersla á veðlán. Árangur þessa er sá að útlánadreifing er meiri en áður og framlag í afskriftareikning, sem hlutfall af útlánunum og veittum ábyrgðum hefur lækkað á undanförunum árum.



Afskriftareikningur og endanlega töpuð útlán sem hlutfall af heildarútlánunum og veittum ábyrgðum.  
Heimild: Ársreikningar og árshlutareikningur SPRON.

## Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er einn af helstu áhættuþáttum í rekstri fjármálafyrirtækis, en markaðsáhætta er sú áhætta sem felst í áhrifum sem hreyfingar á verði á mörkuðum hafa á eignir og skuldir félagsins. Hér getur verið um að ræða breytingu á vaxtastigi, breytingu á hlutabréfaverði og/eda breytingu á gengi gjaldmiðla.

Efnahagsástandið á Íslandi hefur áhrif á rekstur og gengi SPRON. Þrátt fyrir að íslenska hagkerfið hafi vaxið mikið síðustu ár þá er það ekki endilega vísbending um hvað koma skal. Verðbólga hefur verið há á Íslandi síðustu misseri og vaxtastig sömuleiðis. Frá því að vaxtahækkunarferli Seðlabanka Íslands hófst um mitt ár 2004 hafa stýrivextir Seðlabankans farið úr 5,15% í 13,30% (14,25% ávöxtun á ársgrundvelli). Verðbólga síðustu 12 mánuði mældist 4,2% í september 2007. Að auki hefur viðskiptahalli verið hár síðustu ár en hefur þó farið minnkandi sem má helst rekja til minna umfangs stóriðjuframkvæmda. Viðskiptahalli mældist 17% af vergri landsframleiðslu á fyrri helmingi ársins 2007 en til samanburðar mældist hann 25% á sama tíma 2006.


Stefna SPRON er að fylgjast náið með markaðsáhættu samstæðunnar og gæta þess að ekki sé farið yfir þau mörk sem stjórn SPRON hefur sett. Markaðsáhættu er stýrt með takmörkunum á stöðutökum og áhættuviðmiði og er fylgst daglega með hvoru tveggja. Áhættustýringarhópur kemur vikulega saman þar sem farið er yfir verðtryggingar-, gjaldeyris- og lausafjárstöðu félagsins. Áhættustýringarhópur fylgist náið með því að þessir rekstrarþættir séu innan settra marka og uppfylli sinn hluta í afkomumarkmiðum félagsins.

Markmiðið með áhættuvörnum félagsins er að verja það fyrir áhættu á að hreint innstreymi fjármagns verði fyrir neikvæðum áhrifum af breytingum á vöxtum, gengi, lánshæfismati eða markaðsverði. SPRON gengur til samninga til að tryggja að félagið sé fjárhagslega varið í samræmi við reglur um áhættustýringu. SPRON verslar í þessum tilgangi með afleiður eins og vaxta- og gjaldeyrissskiptasamninga, valrétti, staðlaða framvirka samninga og aðra afleiðusamninga.

## Gengisáhætta hlutabréfa

Gengisáhætta hlutabréfa er sú áhætta sem tengist breytingum á hlutabréfaeign SPRON vegna breytinga á markaðsverði hlutabréfa. Hlutabréfaáhætta félagsins myndast vegna eigin fjárfestinga SPRON. Áhættu af hlutabréfasafni SPRON er stýrt með vönduðu vali hlutabréfa og stöðugri vöktun á safninu. Áhættustýringarhópur setur ákveðnar reglur um hámarkstappol einstakra fjárfestinga og eignasafnsins í heild sinni byggt á þeirri stefnu sem stjórn setur í þeim efnum.

Meðfylgjandi mynd sýnir skiptingu milli skráðra og óskráðra hlutabréfa og hlutdeildarskírteina í veltubók SPRON frá árinu 2002. Hlutfall óskráðra hlutabréfa var 59,2% í lok árs 2004 en var komið niður í 0,2% þann 30.06.2007. Heildareignir samstæðunnar í veltubók var 27,2 milljarðar króna þann 30.06.2007. Árið 2005 var fjárfesting í Exista færð úr veltubók með tilkomu IFRS reikningsstaðla og því eykst hlutfall skráðra bréfa.



Hlutfallsleg skipting hlutabréfa SPRON í veltubók

Heimild: Ársreikningar og árshlutareikningur SPRON.


Stærstu einstöku óvaxtaberandi fjárfestingar SPRON eru annars vegar í Exista og hins vegar í Kistu fjárfestingarfélagi, hlutdeildarfélag SPRON. Í dag á SPRON 3,01% í Exista og er sjötti stærsti hluthafinn í fyrirtækinu en auk þess á félagið hlut í gegnum eignarhlut sinn í Icebank og Kistu fjárfestingarfélagi. Spron átti 24,6% eignarhlut í Icebank og 48,4% í Kistu fjárfestingarfélagi þann 30.06.2007. SPRON seldi hins vegar 20,6% hlut sinn í Icebank þann 12.10.2007 og á félagið því 4,0% í Icebank eftir sölu á meðal fyrirkomulagnum FME. Óbeinn eignarhlutur SPRON í Exista hefur þar með minnkað um 0,5%, úr 7,94% í 7,44%.

SPRON notar hefðbundnar mælingar á verðáhættu, sem eru mælingar á staðalfrávikni ávöxtunar hlutabréfaverðs og ákveðna sviðsmyndagreiningu (e. scenario analysis). Auk þess er vágreining (e. value at risk) notuð við mat á verðáhættu hlutabréfasafns félagsins þar sem aðferðafræðinni verður komið við. Forstöðumaður Áhættu- og útlánastýringar SPRON skoðar að minnsta kosti annan hvern dag skýrslur um stöðu allra verðbréfaflokka í eigu félagsins og staðfestir hvort fjárfestingar séu innan settra marka og grípur til viðeigandi aðgerða ef þörf er á. Á vikulegum fundum áhættustýringarhóps er svo farið ítarlega yfir stöðu einstakra verðbréfaflokka og fjárfestinga.

## Vaxtaáhætta


Starfsemi SPRON lýtur áhættu vegna vaxtasveiflna að því marki að vaxtaberandi eignir (þar á meðal fjárfestingar) og vaxtaberandi skuldir hafa mismunandi binditíma, eru endurreiknuð á mismunandi tímum eða í mismunandi fjárhæðum. Hvað varðar breytilega vexti eigna og skulda er samstæðan einnig í hættu vegna sveiflna ýmissa breytilegra vaxtaviðmiða, svo sem innlánsvaxta og LIBOR-vaxta og annarra mismunandi vaxtategunda. Starfsemi Áhættu- og útlánastýringar beinist að því að hámarka nettovaxtatekjur að því tilskildu að markaðsvextir fari saman við viðskiptastefnu samstæðunnar.

Þróun hlutfallslegrar skiptingar skuldabréfa eftir útgefendum sést á meðfylgjandi mynd. Hlutfall skuldabréfa sem gefin eru út af opinberum aðilum er mjög hátt hjá SPRON, en við lok árs 2006 var það 88% og 90% þann 30.06.2007. Líkur á að skuldarar markaðskuldabréfa standi ekki við skuldbindingar sínar verða því að teljast litlar.



**Hlutfallsleg skipting skuldabréfa eftir útgefanda.**  
Heimild: Ársreikningar og árshlutareikningur SPRON.

Meðfylgjandi mynd sýnir þróun eignar SPRON í verðbréfum með föstum tekjum. Hlutfall skráðra skuldabréfa hefur verið tæp 96% að meðaltali frá 2002. Meðallánstími skráðra skuldabréfa í eigu SPRON var 3,76 ár m.v. 31.12.2006 og var kominn upp í 4,27 ár þann 30.06.2007. Eftir því sem lánstíminn er lengri, því viðkvæmara er verðgildi bréffanna fyrir breytingum á ávöxtunarkröfu.



**Hlutfallsleg skipting skuldabréfa SPRON.**  
Heimild: Ársreikningar og árshlutareikningur SPRON.

## Gjaldeyris- og afleiðuáhætta

Gjaldeyrisáhætta er hætta á tapi vegna óhagstæðra hreyfinga á erlendum gjaldmiðlum. Seðlabanki Íslands setur reglur um gjaldeyrisjöfnuð lánastofnana og hefur SPRON sett sér strangari reglur sem tilgreindar eru í áhættuhandbók félagsins. Gjaldeyrisjöfnuður skal ávallt vera innan fyrirfram skilgreindra marka og fylgst er með opinni gjaldeyrisstöðu í hverri mynt. Samstæðan stefnir að því að takmarka gjaldeyrisáhættu og fylgist með henni í samhengi við eigið fé samstæðunnar.

Við mat á gjaldeyrisáhættu SPRON eru fundnar og skoðaðar þær aðgerðir eða aðgerðaleyfi sem skapa opna gjaldeyrisstöðu hjá félaginu og gripið til viðeigandi aðgerða til að verja gjaldeyrisstöðu þess. SPRON notar

gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamninga til að lágmarka gjaldeyrisáhættu. Tilgangurinn með ofangreindum samningum er að stjórna gjaldmiðla- og vaxtaáhættu í samstæðunni.

SPRON sinnir einnig afleiðuviðskiptum fyrir viðskiptavinum sína, aðallega framvirkum samningum, og gætir þess að verja stöðu sína vegna þeirra samninga.

Meðfylgjandi tafla sýnir yfirlit yfir framvirka samninga og vaxtaskiptasamninga sem SPRON hefur gert fyrir viðskiptavinum sína eða vegna eigin stöðu. Afleiðusamningar eru fjármálagerningar og er með þá farið í uppgjöri félagsins í samræmi við fyrirmæli í IAS 39 og eru þeir færðir til eignar eða skuldar eftir því sem við á.

Afleiðusamningar <i>ISK '000</i>	Bókfært verð 31.12.06			Bókfært verð 30.06.07		
	<i>Höfuðstóll</i>	<i>Eignir</i>	<i>Skuldir</i>	<i>Höfuðstóll</i>	<i>Eignir</i>	<i>Skuldir</i>
Gjaldmiðlasamningar	42.129.978	388.725	341.608	105.977.702	3.163.396	329.726
Vaxtaskiptasamningar	12.877.660	1.723.160	0	12.110.058	48.987	0
Hlutabréfa- og skuldabréfasamninga	1.704.960	137.242	19.242	1.831.982	239.178	107.852
<b>Samtals</b>	<b>56.712.598</b>	<b>2.249.127</b>	<b>360.850</b>	<b>119.919.742</b>	<b>3.451.561</b>	<b>437.578</b>

#### Yfirlit yfir upphæðir framvirkra samninga og gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamninga.


Heimild: Ársreikningar og árs hlutareikningur SPRON.

## Lausafjánhætta

Lausafjánhætta er hættan á að félagið eigi ekki nægjanlegt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum á gjalddaga. SPRON fylgist með lausafjárstöðu sinni með greiningu á gjalddögum fjáreigna og fjárskulda til að geta endurgreitt allar skuldir á gjalddaga. SPRON þarf alltaf að hafa nægjanlegt laust fé til að geta mætt bæði fyrirsjáanlegum og ófyrirséðum greiðsluskuldbindingum. Samstæðan hefur sett sér reglur varðandi lausafjárstöðu og fjármögnun og er þeim ætlað að tryggja og viðhalda sveigjanleika. Reglurnar fela meðal annars í sér aðgang að lánalínum, yfirdráttarheimildir og fjáreignir sem auðvelt og fljótlegt er að selja, svo sem ríkisskuldabréf.

Auk þess er fylgst með lausafjánhættu með skýrslum um lausafjárhlutfall sem sendar eru mánaðarlega til Seðlabanka Íslands. Lausafjárhlutfallið sýnir hlutfallið milli eigna og skulda eftir því hversu langt er í gjalddaga þeirra. Til að ákvarða lausafjárgrunninn vegur Seðlabankinn einstaka eignaflokka þannig að hlutfallið sé metið á varfærinn hátt.

Stærsta skuldbinding SPRON gagnvart viðskiptavinum er í óbundnum innlánum, auk bundinna innlana sem eru með mismundandi binditíma. Meðfylgjandi mynd sýnir þróun innlana hjá SPRON frá árinu 2002 til 30.06.2007.



#### Hlutfallsleg skipting innlana SPRON.

Heimild: Ársreikningar og árs hlutareikningur SPRON.

## 2. SKILGREININGAR OG TILVÍSANIR

Vísun til „útgefanda“ eða „félagsins“ í þessari útgefandalýsingu skal túlkuð sem tilvísun til Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf., kennitala 540502-2770, nema annað megi skilja af samhengi textans. Vísun til „SPRON“, „SPRON heildarinnar“, „SPRON samstæðunnar“ eða „samstæðunnar“ í þessari útgefandalýsingu skal túlkuð sem tilvísun til samstæðu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf., kennitala 540502-2770, þ.e. til útgefanda ásamt dótturfélögum þess, þegar textinn varðar núverandi rekstur, en skal túlkuð sem tilvísun til samstæðu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, kennitala 610269-5089, þegar textinn varðar sögulegar upplýsingar fyrir samruna Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis við Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf., nema annað megi skilja af samhengi textans. Vísun til „Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis“ eða „sparisjóðsins“ í þessari útgefandalýsingu skal túlkuð sem tilvísun til Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, kennitala 610269-5089, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Skammstöfunin „OMX ICE“ og hugtakið „kauphöll“ í þessari útgefandalýsingu skal túlkuð sem tilvísun til OMX Nordic Exchange Iceland sem rekið er af OMX AB, íslensk kennitala 691106-9930, nema annað megi skilja af samhengi textans. Orðalagið „skráning“ og „skráning á OMX ICE“ skal túlkuð sem tilvísun til skráningar útgefanda á OMX ICE sem tekur hluti útgefandi til viðskipta, nema annað megi skilja af samhengi textans. Með „frumskráningu“ er átt við fyrstu skráningu á OMX ICE. Með orðunum „aðalmarkaður Kauphallar“ eða „aðallisti“ er átt við Nordic List OMX Nordic Exchange Iceland hf.

Skammstöfunin „VBSÍ“ eða vísun til „Verðbréfaskráningar“ í þessari útgefandalýsingu skal túlkuð sem tilvísun til Verðbréfaskráningar Íslands hf., kennitala 500797-3209, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Skammstöfunin „FME“ eða vísun til „Fjármálaeftirlitsins“ í þessari útgefandalýsingu skal túlkuð sem tilvísun til Fjármálaeftirlitsins á Íslandi, kennitala 541298-3209, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Hugtakið „umsjónaraðili“ í þessari útgefandalýsingu skal túlkað sem tilvísun til Fyrirtækjaráðgjafar Kaupþings banka hf., kennitala 560882-0419, nema annað megi skilja af samhengi textans. Vísun til „Kaupþings banka“ skal túlkuð sem tilvísun til Kaupþings banka hf., kennitala 560882-0419, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Þegar vísað er til laga og reglugerða í útgefandalýsingu þessari er vísað til íslenskra laga og reglugerða, með áorðnum breytingum.

### 3. SKJÖL TIL SÝNIS SEM VÍSAÐ ER TIL, UPPLÝSINGAR FRÁ ÞRIÐJA AÐILA OG ÁBENDINGAR TIL FJÁRFESTA

Útgefandalýsing þessi hefur verið yfirfarin af OMX ICE fyrir hönd FME. Útgefandalýsingin er hluti af lýsingu sem útbúin var í tengslum við fyrirhugaða frumskráningu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. á aðallista OMX ICE. Skráningin fer fram í samræmi við íslensk lög og reglugerðir, þar á meðal Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EC frá 4. nóvember 2003 sem innleidd hefur verið í íslenskan rétt. (Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 um lýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB). Útgefandalýsing þessi er útbúin með hljóðsjón af núverandi löggjöf, svo og reglum OMX ICE sem gilda um skráninguna.

Lýsingin er gefin út á íslensku og samanstendur af þremur sjálfstæðum skjölum; Samantekt, útgefandalýsingu og verðbréfalýsingu. Lýsingin er gefin út rafrænt á vefsíðu útgefanda, [www.spron.is](http://www.spron.is), og er auk þess aðgengileg á vefsíðu umsjónaraðila, [www.kaupthing.is](http://www.kaupthing.is), í fréttakerfi OMX ICE, <http://www.omxgroup.com/nordicexchange/newsandstatistics/> og á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins. Útgefandalýsing þessi er gild í 12 mánuði frá útgáfudagsetningu og verður aðgengi að henni tryggt í þann tíma.

Eftirfarandi skjöl skulu skoðast sem hluti af þessari útgefandalýsingu. Afrit af hluta skjalanna er að finna í viðauka við ofangreinda lýsingu. Afrit af þessum skjölum má einnig nálgast rafrænt á vefsíðu útgefanda, [www.spron.is](http://www.spron.is), í þá tólf mánuði sem útgáfulýsing þessi er gild. Skjöl þau sem vísað er til með þessum hætti eru samþykktir útgefanda, gögn um samruna sparisjóðsins Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis við hlutafélagið Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf., endurskoðaður samstæðureikningur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2007, endurskoðaðir ársreikningar hlutafélagsins fyrir árin 2005 og 2006, svo og endurskoðaðir samstæðureikningar sparisjóðsins Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis fyrir árið 2005 og árið 2006. Til annarra skjala er eingöngu vísað á vefsíðu útgefanda í þá tólf mánuði sem lýsing þessi er gild. Þau skjöl eru endurskoðaðir samstæðureikningar sparisjóðsins Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis fyrir árin 2002, 2003 og 2004.

Fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings banka hf. vann að gerð útgefandalýsingu þessarar í samráði við stjórnendur og stjórn útgefandans og er hún byggð á upplýsingum frá útgefanda, þar á meðal á beinum og óbeinum upplýsingum úr lögfræðilegri áreiðanleikakönnun, endurskoðuðum ársreikningum og endurskoðuðum eða könnuðum árshlutauppgjörum. Lögfræðileg áreiðanleikakönnun á útgefanda var framkvæmd af LOGOS og stíluð á umsjónaraðila og útgefanda. Þar sem við á er heimilda getið þegar upplýsingar frá þriðja aðila eru notaðar í þessari útgefandalýsingu.

Lýsingu þessari er ætlað að veita skýrar og greinargóðar upplýsingar um SPRON og rekstur SPRON samstæðunnar. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel öll skjöl sem tilheyra lýsingunni og þar með talið viðauka hennar. Fjárfestum er ráðlagt að gæta sérstaklega að köflum um áhættu og skoða yfirlýsingar útgefanda, umsjónaraðila og endurskoðenda. Upplýsingar í öllum skjölum sem tilheyra lýsingunni byggja á aðstæðum og staðreyndum á útgáfudegi þeirra og geta breyst frá útgáfudagsetningu lýsingarinnar og fram að þeim degi þegar hlutirnir eru teknir til viðskipta. Ef nýjar upplýsingar koma fram á þessu tímabili sem útgefandi telur hafa áhrif á verðmat hlutabréfa hans, þá mun útgefandinn tilkynna OMX ICE um þær og birta viðauka við lýsingu þar sem greint er frá viðkomandi atriðum. Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér allar opinberar upplýsingar sem gefnar eru út af SPRON eða varða félagið og ekki treysta eingöngu á upplýsingar í lýsingu þessari eða öðrum skjölum sem tilheyra framangreindri lýsingu.

Útgefandalýsingu þessa eða önnur skjöl sem tilheyra lýsingunni má undir engum kringumstæðum skoða eða túlka sem loforð um árangur í rekstri eða um ávöxtun fjármuna af hálfu útgefanda, umsjónaraðila eða annarra aðila. Fjárfestar eru minntir á að kaup á hlutabréfum eru í eðli sínu áhættufjárfesting sem byggist á væntingum en ekki loforðum. Fjárfestar verða fyrst og fremst að treysta eigin dómgreind vegna fjárfestingar í hlutabréfum SPRON og taka tillit til starfsumhverfis félagsins, hagnaðarvonnar, ytri aðstæðna og þeirrar áhættu sem í fjárfestingunni felst. Fjárfestum er bent á að útgefandi starfar á markaði sem einkennist af aukinni samkeppni, ekki aðeins frá viðskiptabönkum, heldur einnig í vaxandi mæli frá öðrum sparisjóðum og ýmsum fyrirtækjum sem bjóða fjármálaþjónustu. Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum, verðbréfafyrirtækjum og sparisjóðum, til aðstoðar við mat á hlutabréfum í SPRON sem fjárfestingarkosti. Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og hver þau skattalegu áhrif sem kaup í hlutum útgefanda kann að hafa og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti.

Athygli er beint að hagsmunum Kaupþings banka hf. sem umsjónaraðila við gerð lýsingar og skráningar:

- Fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings banka hf. hafði umsjón með gerð útgefandalýsingar þessarar, verðbréfalýsingar og samantektar og var umsjónaraðili skráningar. Fyrir þá þjónustu fær Fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings banka hf. greidda þóknun frá útgefanda.
- Kaupþing banki hf. er hluthafi í útgefanda og á 4,23% alls útgefins hlutafjár í útgefanda.
- Útgefandi er hluthafi í Kaupþingi banka hf. og á 0,20% alls útgefins hlutafjár í Kaupþingi banka hf. Útgefandi á 1,71% í Kaupþingi banka hf. til viðbótar í gegnum beint og óbeint eignarhald sitt í Exista.
- Kaupþing banki hf. og dótturfélög, s.s. Arion verðbréfavarsla hf., hafa átt viðskipti við útgefanda.

Þegar hlutabréfin hafa verið skráð ber félagið upplýsingaskyldu gagnvart OMX ICE í samræmi við gildandi löggjöf á Íslandi og reglur OMX ICE á hverjum tíma. Núgildandi reglur fyrir útgefendur verðbréfa í OMX ICE, sem tóku gildi 2. apríl 2007, kveða á um að félag skuli kappkosta að opinbera án tafar allar áður óbirtar upplýsingar um ákvarðanir eða atvik sem það vissi eða mátti vita að hefðu marktæk áhrif á markaðsverð hlutabréfa þess í gegnum fréttakerfi OMX ICE, <http://www.omxgroup.com/nordicexchange/newsandstatistics/>.

Útgefandalýsingu þessa eða öllum skjölum sem eru hluti af lýsingunni skal hvorki dreifa eða senda í pósti né dreifa á einn eða annan hátt til landa þar sem dreifing myndi krefjast viðbótar skráningarferli eða aðgerða annarra en þeirra sem heyra undir íslensk lög og reglur, eða sem greina á við lög eða reglur viðeigandi landa.

Útgefandalýsingu þessa skal ekki senda út, beint eða óbeint, hvorki með pósti né öðrum aðferðum eða aðstoð (þar með talið en ekki tæmandi, fax sending, netpóstur, símskeyti, sími og internet) til eða innan Bandaríkjanna, Ástralíu, Kanada eða Japan og tilboðið er ekki hægt að samþykkja með slíkum aðferðum eða aðstoð frá eða innan Bandaríkjanna, Ástralíu, Kanada eða Japan.



## 4. VALDAR FJÁRHAGSUPPLÝSINGAR

Meðfylgjandi tafla sýnir valdar fjárhagsupplýsingar úr samstæðuuppgjöri SPRON. Upplýsingarnar eru frá árunum 2002-2006 og fyrstu sex mánuðum árána 2006 og 2007. Frekari umfjöllun um afkomu og efnahag SPRON er að finna í kafla 12 í útgefandalýsingunni. Ársreikningar fyrir árin 2002-2004 eru gerðir samkvæmt IS GAAP en frá og með árinu 2005 eru ársreikningar gerðir í samræmi við IFRS (alþjóðlega reikningsskilastaðla). Í ársreikningi fyrir árið 2005 var samanburðartölum ársins 2004 breytt til samræmis við uppgjörsaðferðir ársins 2005 og eru þær samanburðartölur notaðar í umfjöllun um árið 2004 sem hér fer á eftir.

### Fjárhagsyfirlit (í milljónum króna)

Rekstur	2002*	2003*	2004**	2005	2006	1.1-30.6.06	1.1-30.6.07
Hreinar vaxtatekjur .....	1.689	1.986	2.275	2.225	2.415	1.657	1.099
Hreinar þjónustutekjur .....	543	606	616	584	975	496	542
Aðrar rekstrartekjur .....	688	1.213	2.116	5.538	11.806	2.978	13.333
<b>Hreinar rekstrartekjur</b>	<b>2.920</b>	<b>3.805</b>	<b>5.007</b>	<b>8.347</b>	<b>15.196</b>	<b>5.131</b>	<b>14.974</b>
Laun og launatengd gjöld .....	-908	-1.072	-1.299	-1.551	-1.926	-883	-1.218
Annar rekstrarkostnaður .....	-984	-1.007	-1.208	-1.433	-1.974	-866	-1.234
Afskriftir .....	-76	-48	-45	-81	-109	-45	-70
Virðisryrningur útlána .....	-591	-668	-470	-327	-308	-234	-285
Afskrift viðskiptavildar .....	-89	-165	0	0	0	0	0
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	<b>272</b>	<b>846</b>	<b>1.984</b>	<b>4.956</b>	<b>10.879</b>	<b>3.103</b>	<b>12.167</b>
Tekjuskattur .....	462	-42	-355	-863	-1.869	-476	-2.038
<b>Hagnaður</b>	<b>734</b>	<b>804</b>	<b>1.629</b>	<b>4.092</b>	<b>9.010</b>	<b>2.627</b>	<b>10.129</b>
<b>Eignir</b>	<b>31.12.02</b>	<b>31.12.03</b>	<b>31.12.04</b>	<b>31.12.05</b>	<b>31.12.06</b>		<b>30.6.07</b>
Sjóður og óbundnar innstæður í Seðlabanka .....	670	416	1.540	2.068	2.432		721
Kröfur á lánastofnanir .....	2.458	3.283	5.427	6.294	7.223		10.047
Útlán til viðskiptamanna .....	35.915	37.199	49.278	84.950	128.296		138.237
Veltufjáreignir .....	2.905	6.382	5.953	8.367	20.313		27.200
Fjáreignir á gangvirði .....	6.271	1.438	3.290	7.991	16.749		14.691
Hlutir í hlutdeildarfélagum .....	1.015	804	1.028	1.647	4.580		12.966
Aðrar eignir .....	2.401	2.380	2.238	3.613	4.908		4.666
<b>Eignir samtals</b>	<b>51.635</b>	<b>51.902</b>	<b>68.754</b>	<b>114.929</b>	<b>184.501</b>		<b>208.528</b>
<b>Skuldir</b>							
Innlán frá fjármálfyrirtækjum og Seðlabanka .....	7.095	1.050	7.211	11.210	11.524		3.063
Almenn innlán .....	25.070	30.180	35.523	39.340	56.592		66.635
Lántaka .....	12.550	13.117	16.425	44.445	69.642		88.634
Vikjandi lán .....	1.806	1.849	1.924	3.918	5.216		5.311
Aðrar skuldir .....	1.055	1.081	1.853	2.998	6.751		8.930
<b>Skuldir samtals</b>	<b>47.576</b>	<b>47.277</b>	<b>62.935</b>	<b>101.912</b>	<b>149.726</b>		<b>172.573</b>
<b>Eigið fé</b>							
Stofnfé og varasjóður samtals .....	3.887	4.598	5.818	13.016	34.746		35.926
Hlutdeild minnihluta .....	172	27	1	1	29		29
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>4.059</b>	<b>4.625</b>	<b>5.819</b>	<b>13.017</b>	<b>34.775</b>		<b>35.955</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>51.635</b>	<b>51.902</b>	<b>68.754</b>	<b>114.929</b>	<b>184.501</b>		<b>208.528</b>
<b>Skuldbindingar utan efnahags:</b>							
Ábyrgðir	788	639	1.364	986	687		813
<b>Helstu kennitölur</b>	<b>2002*</b>	<b>2003*</b>	<b>2004*</b>	<b>2005</b>	<b>2006</b>	<b>1.1-30.6.06</b>	<b>1.1-30.6.07</b>
Kostnaðarhlutfall .....	66,7%	55,3%	50,3%	36,7%	26,4%	35,0%	16,7%
Vaxtamunur .....	3,7%	3,8%	3,8%	2,4%	1,6%	2,5%	1,1%
Arðsemi eigin fjár e. skatta .....	23,0%	21,0%	36,0%	61,5%	58,7%	37,0%	63,8%
Framlag í afskriftarreikning sem hlutfall af útlánum .....	1,6%	1,8%	0,9%	0,4%	0,2%	0,4%	0,4%
	<b>31.12.02</b>	<b>31.12.03</b>	<b>31.12.04</b>	<b>31.12.05</b>	<b>31.12.06</b>		<b>30.6.07</b>
Eiginfjárlutfall (CAD) .....	11,5%	12,8%	10,4%	13,6%	20,2%		13,1%
Eiginfjárlutfall (eiginfjárbáttur A) .....	9,3%	10,0%	12,3%	19,6%	31,1%		29,2%
Afskriftarreikningur útlána sem hlutfall af útlánum og ábyrgðum ..	2,9%	2,8%	2,0%	1,2%	0,9%		1,0%
Stöðugildi í lok tímabils .....	181	183	184	206	245		256
Innlán sem hlutfall af útlánum til viðskiptavina .....	69,7%	80,4%	72,1%	46,3%	44,1%		48,0%

\* Uppgjör samkvæmt IS GAAP

\*\* Samanburðartölur

## 5. UPPLÝSINGAR UM SPRON

SPRON er alhliða fjármálafyrirtæki sem veitir viðskipta- og fjárfestingabankþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og fagfjárfesta á höfuðborgarsvæðinu. SPRON er leiðandi á íslenskum fjármálamarkaði hvað ánægju viðskiptavina varðar og leggur ríka áherslu á persónulega og góða þjónustu.

### Almennar upplýsingar

#### Útgefandi

Lögheiti	Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf.
Íslenskt hjáheiti	SPRON
Erlent hjáheiti	Reykjavik Savings Bank hf.
Höfuðstöðvar	Ármúli 13a, 108 Reykjavík, Ísland
Símanúmer	+354 550 1200
Heimasíða	www.spron.is
Netfang	spron@spron.is
Kennitala	540502-2770
Lögform	Hlutafélag, skráð og starfrækt í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995
Heildarhlutafé	5.004.000.000 hlutir, hver 1 kr. að nafnverði
Auðkenni hjá OMXI og VBSÍ	SPRON
ISIN númer	IS0000010932
Birtingaráætlun	Árshlutareikningur fyrstu 9 mánaða 2007 birtur í viku 45 2007 Ársreikningur 2007 birtur í viku 6 2008

### Stofnun félagsins

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis var stofnaður hinn 23. janúar 1932 með því að 63 einstaklingar undirrituðu skuldbindingu um ábyrgð á sjóðnum. Þann 5. mars 1932 voru lög sparisjóðsins staðfest af þáverandi fjármálaráðherra og hóf sparisjóðurinn starfsemi 28. apríl það ár. Hlutafélagið Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf. var stofnað 7. maí 2002 af Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis og var tilgangurinn að hlutafélagavæða sparisjóðinn. Sparisjóðurinn var hlutafélagavæddur með sameiningu við hlutafélagið m.v. 1.apríl 2007 samkvæmt ákvörðun stofnfjáreigendafundar 21. ágúst 2007 og var sá samruni samþykktur af FME þann 19. september 2007.

### Lagaumhverfi

SPRON starfar samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum, ásamt þeim reglum og reglugerðum sem settar hafa verið á grundvelli sömu laga. Fram að hlutafélagavæðingu SPRON þá giltu um félagið sérreglur um sparisjóði en helstu ákvæði er varða sparisjóði eru í VIII. kafla laganna en einnig er vakin athygli á almennum ákvæðum í I.-IV. kafla sömu laga. Þrátt fyrir hlutafélagavæðingu sparisjóðsins gildir enn sú regla að enginn hluthafi getur farið með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í félaginu, utan sjálfseignarstofnunarinnar SPRON-sjóðurinn ses. sem fer með atkvæðisrétt í samræmi við hlutafjáreign sína þar sem hún var sett á fót skv. 76, gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi fjármálafyrirtækja sem falla undir lög nr. 161/2002. Lög nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum, fjalla m.a. um Fjármálaeftirlitið og starfsemi þess.

Athygli er vakin á reglum nr. 834/2003 um reikningsskil lánastofnana, og reglum nr. 530/2003, um eiginfjárlutfall fjármálafyrirtækja og breytingu á þeim reglum nr. 1013/2005, gefnum út af Fjármálaeftirlitinu árið 2003. Lög nr. 36/2001 fjalla um Seðlabanka Íslands og hlutverk hans, lög nr. 38/2001 fjalla um vexti og verðtryggingu og lög nr. 98/1999 fjalla um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Hér er ekki um að ræða tæmandi upptalningu á þeim lögum og reglugerðum sem kunna að tengjast félaginu og starfsemi þess heldur aðeins tæpt á því helsta.

## Saga og þróun

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis var stofnaður 23. janúar 1932 og hóf starfsemi að Hverfisgötu 21 þann 28. apríl sama ár með tveimur starfsmönnum. Hann flutti starfsemi sína síðar að Hverfisgötu 26 en 1968 var tekið í notkun nýtt húsnæði á Skólavörðustíg 11. Þar voru höfuðstöðvar SPRON allt til 2002 þegar hann tók í notkun húsnæði í Ármúla 13a.

Lengi vel stundaði SPRON aðeins hefðbundna inn- og útlánastarfsemi enda voru starfseminni þröngar skorður settar í lögum og fór öll starfsemin fram á einum stað. Þetta breyttist á niunda áratugnum. Árið 1983 opnaði SPRON útbú á Seltjarnarnesi og ári síðar sameinaðist SPRON sparisjóðnum Pundinu. Lögum var breytt 1985 og í kjölfarið var unnt að bjóða fjölbreyttari þjónustu en áður. SPRON er nú með níu útibú fyrir rekstur sinn auk þeirrar starfsemi sem fram fer í dótturfélögum hans. Rekstur SPRON byggir á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

SPRON hefur tekið virkan þátt í samstarfi sparisjóða frá því til slíks var stofnað. Er SPRON aðili að Teris (áður Tölvumiðstöð sparisjóðanna), Icebank (áður Sparisjóðabanki Íslands) og Tryggingarsjóði sparisjóða auk þátttöku í ýmsum málefnum Sambands íslenskra sparisjóða.

Markmið SPRON hefur ávallt verið að veita viðskiptavinum góða og persónulega þjónustu. Unnið hefur verið að því að auka þjónustuframboð til viðskiptavina jafnt og þétt, annars vegar með þróun fjölbreyttra þjónustuleiða og hins vegar með því að stofna ný fyrirtæki eða kaupa að hluta eða öllu leyti fyrirtæki í rekstri. Í þessum tilgangi rekur SPRON nú fimm dótturfélög sem eru nb.is-sparisjóður hf (Netbankinn) sem hóf starfsemi 1999, Frjálsi fjárfestingarbankinn sem keyptur var inn í samstæðuna á árinu 2002, SPRON Factoring hf sem keypt var inn í samstæðuna á árinu 2006, SPRON verðbréf sem stofnað var á árinu 2006 og Steinsnes ehf sem stofnað var árið 1997 til að annast utanumhald á ýmsum fjárfestingum SPRON.

Hefðbundin bankastarfsemi hefur verið grunnurinn í rekstri SPRON allt frá upphafi og verður svo áfram. Á undanförunum árum hefur áhersla á fjárfestingar aukist og hafa þær skilað SPRON umtalsverðum árangri inn í rekstur félagsins. Starfsemi SPRON hefur þróast frá 2001 úr því að vera hefðbundin viðskiptabankþjónusta þar sem útlán í formi neyslulána voru helsti þjónustupátturinn í að vera alhliða fjármálafyrirtæki sem veitir viðtæka þjónustu. Áherslur í útlánum hafa gjörbreyst í takt við breyttar markaðsaðstæður og fylgir útlánasafni SPRON nú umtalsvert minni áhætta þar sem fasteignalán eru nú meginhluti útlána.

SPRON starfaði sem sjálfseignarstofnun allt frá stofnun til 19. september 2007 er rekstrarformi félagsins var breytt í hlutafélag á grundvelli samrunaáætlunar sem tók gildi frá og með 1. apríl 2007. Fyrirtækið hefur vaxið hratt á undanförunum árum og eru starfsmenn nú um 260 talsins.

Viðskipti með stofnfjórbréf á tilboðsmarkaði hófust síðari hluta árs 2004. Tilboðsmarkaðurinn var starfræktur til 7. ágúst 2007. Miklar breytingar hafa orðið á eindahópi SPRON frá því að viðskipti hófust með bréf í félaginu og eru eigendur nú um 1.700 talsins.

## Nýfjárfestingar

Það er stefna stjórnar SPRON að nýta þau tækifæri sem gefast til vaxtar og falla vel að starfsemi félagsins og geta breikkað þjónustuúrval til viðskiptavina. SPRON hefur það að leiðarljósi í fjárfestingum sínum að þær séu arðsammar og falli vel að stefnu félagsins og vexti til framtíðar. Engar ákvarðanir liggja fyrir um frekari nýfjárfestingar SPRON, en sífellt er leitað vænlegra tækifæra sem samræmast markmiðum SPRON um fjárfestingarstarfsemi félagsins.

Helstu fjárfestingar SPRON á undanförunum árum hafa verið í verðbréfum, með þátttöku í fjárfestingarverkefnum og með kaupum á félögum í fjármálatengdri starfsemi sem auka þjónustuframboð og fjölbreytileika í samstæðu SPRON. Stærstu fjárfestingar SPRON í verðbréfum hafa verið í hlutabréfum í Exista og Kistu fjárfestingafélagi sem SPRON á nú 48,41% eignarhlut í.

SPRON hefur fyrir hönd Steinsness ehf fjárfestingafélags SPRON og hópa fjárfesta lokið fjárfestingum fyrir rúma fjóra milljarða í íbúðarhúsnæði í miðborg Berlín í Þýskalandi. SPRON lagði til í stofnframlag um 300 milljónir á árinu 2007 og er það helsta nýfjárfesting SPRON samstæðunnar á yfirstandandi ári. Fjárfestingarnar taka til 320 íbúða í útleigu og tæplega 30.000 fermetra á mjög góðum stöðum í Berlín. Fjárfestingafélagið Steinsnes er 35% aðili að verkefninu, en stjórnun þess er í höndum Fyrirtækjaráðgjafar SPRON sem er starfseining innan SPRON verðbréfa. Fjárfestingarnar koma til í kjölfar úttektar á helstu tækifærum í fasteignaviðskiptum í Evrópu og er markmið verkefnisins að skapa aðilum þess góða ávöxtun á næstu 3-5 árum með markvissri hækkun leigutekna og almennri hækkun fasteignaverðs. Lögð hefur verið sérstök áhersla á fasteignir á mjög góðum stöðum í miðborg Berlín, hús í góðu ástandi og í fullri útleigu. Lág leiga og lágt fermetraverð á húsnæði í Berlín samanborið við aðrar stórborgir í Evrópu eru sterkar vísbendingar um hækkun fasteignaverðs á komandi árum. Fyrirhugað er að aðstoða viðskiptavinum SPRON enn frekar við fjárfestingar í Berlín og á fleiri svæðum í Þýskalandi á komandi misserum og þá ekki síst í atvinnuhúsnæði. Fyrirséð er að SPRON verði að hluta til aðili að slíkum verkefnum.

Helsta nýfjárfesting SPRON samstæðunnar á árinu 2006 var kaup á félaginu Midt Factoring hf. en nafni þess félags var breytt í SPRON factoring. Kaupverð var 68 milljónir króna. Helsta nýfjárfesting SPRON samstæðunnar á árinu 2005 voru kaup Fasteignafélagsins Hlíðar, dótturfélags Frjálsa fjárfestingarbankans, á fasteign í Lágmúla 6-8 og nam kaupverð fasteignarinnar 637 milljónum króna. Engar verulegar fjárfestingar áttu sér stað á árinu 2004.

Fjárfestingar SPRON á síðastliðnum árum hafa fyrst og fremst verið fjármagnaðar með innlánum og lántöku. Umfang nýfjárfestinga SPRON frá árinu 2004 hefur ekki verið slíkt að þörf hafi verið á sérstakri fjármögnun til viðbótar við hefðbundna fjármögnun félagsins. Lántaka hefur aukist töluvert undanfarin ár samhliða hröðum útlánavexti og fjárfestingum en hún jókst um 76 milljarða króna frá ársbyrjun 2004 til loka júní 2007. Á sama tíma jukust innlán um rúmlega 36 milljarða króna. Á þessu tímabili hefur útlánaaukningin verið mun meiri en innlánsaukningin enda hafa innlán sem hlutfall af útlánum lækkað úr 80,4% í ársbyrjun 2004 í 48% í lok júní 2007. Af þessu má sjá að lántakan leikur sífellt stærra hlutverk í heildarfjármögnun samtæðunnar.

## 6. YFIRLIT YFIR SKIPULAG OG STARFSEMI

### Framtíðarsýn

Traust, frumkvæði og árangur eru einkunnarorð í allri starfsemi SPRON samstæðuna.

Markmið SPRON er að

- hámarka virði SPRON og arð hluthafa
- vera besta fjármálafyrirtækið á Íslandi þegar horft er til arðsemi, ánægju viðskiptavina og ánægju starfsmanna,
- arðsemi eigin fjár samstæðunnar sé að lágmarki 15%
- eiginfjárlutfall (CAD) sé að lágmarki 10%
- arðgreiðslur séu 20-50% af hagnaði hvers árs að teknu tilliti til eiginfjárstöðu

Stefna SPRON:

- SPRON veitir alhliða fjármálaþjónustu og stefnir að því að fjölga afkomueiningum sem efla tekjustreymi fyrirtækisins
- SPRON mun byggja áfram á traustum grunni viðskiptabankastarfseminnar
- SPRON stefnir að því að veita áfram framúrskarandi þjónustu og vera besta fyrirtækið að mati viðskiptavina á íslenskum fjármálamarkaði
- SPRON stefnir að stöðugum innri vexti og mun jafnframt skoða önnur vaxtartækifæri sem falla vel að núverandi starfsemi
- SPRON stefnir að því að víkka út fjárfestingarbankastarfsemi sína og byggja upp sjálfstæðan fjárfestingarbanka með áherslu á að þjónusta minni og millistóra aðila á markaði

### Skipulag

SPRON er fjármálafyrirtæki sem veitir alhliða viðskipta- og fjárfestingabankaþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og fagfjárfesta á höfuðborgarsvæðinu. SPRON er samstæða móðurfélagsins SPRON og fimm dótturfélaga sem eru nb.is – sparisjóður hf. (Netbankinn), Frjálsi fjárfestingabankinn hf., SPRON verðbréf hf., SPRON factoring hf. og Steinsnes ehf.

Hefðbundin viðskiptabankaþjónusta hefur lengst af verið veigamesti þátturinn í starfsemi SPRON en auk þess býður SPRON upp á verðbréfamiðlun, eignastýringu, lífeyrisþjónustu, innheimtuþjónustu og fyrirtækjaráðgjöf. Þessir þjónustubættir hafa vaxið mikið að undanförunu og er gert ráð fyrir að þeir skipi veigameiri sess í þjónustuframboði SPRON í framtíðinni.

Rík áhersla er lögð á þjónustugæði í allri starfsemi SPRON og að rækta traust langtíma viðskiptasambönd. Starfsmönnum er veitt sjálfstæði til ákvarðanatöku sem gerir þeim kleift að koma til móts við mismunandi þarfir og óskir viðskiptavina. Þannig eru hagsmunir viðskiptavina SPRON settir í öndvegi um leið og starfsmenn byggja upp traust og langvarandi samband við viðskiptavinina sína. Sú áhersla hefur skilað sér en samkvæmt Ánægjuvuginni<sup>1</sup> eru viðskiptavinir SPRON ánægðustu viðskiptavinirnir á íslenskum fjármálamarkaði árið 2006.

---

<sup>1</sup> Íslenska ánægjuvogin er félag, sem [Samtök iðnaðarins](#), [Stjórnvísir](#) og [Capacent Gallup](#), standa sameiginlega að um þátttöku í Evrópsku ánægjuvuginni. Samkvæmt niðurstöðum þeirra árið 2006 voru SPRON ánægðustu viðskiptavinirnir í fjármálaheiminum árið 2006.

Starfsemi SPRON hvílir á hæfni og getu starfsmanna til þess að skapa og viðhalda góðum viðskiptasamböndum. Mikil áhersla er lögð á að skapa starfsmönnum starfsumhverfi sem gerir þeim kleift að njóta sín í starfi og til að laða að, efla og halda í framúrskarandi starfsfólk. Jafnréttisáætlun er í gildi innan fyrirtækisins og er SPRON handhafi jafnréttisverðlauna Jafnréttisráðs árið 2006, fyrst íslenskra fjármála-fyrirtækja. Jafnframt má geta þess að í vinnustaðagreiningu Capacent árið 2006 er SPRON á meðal þeirra fyrirtækja sem skora hæst á Íslandi hvað ánægju starfsmanna varðar.


Mikill vöxtur hefur einkennt starfsemi SPRON á undanförunum árum sem gerir ríkar kröfur til sveigjanleika í skipulagi. Skipurit SPRON hefur verið aðlagð aðstæðum á hverjum tíma en stefna SPRON er að byggja upp sjálfstæðar einingar sem saman mynda sterka heild og endurspeglar skipurit bankans þær áherslur í rekstri félagsins.

## Starfsemi

Starfsemi SPRON skiptist í tvo meginþætti: viðskiptabankastarfsemi annars vegar og fjárfestingabankastarfsemi hins vegar. Undir viðskiptabankastarfsemi heyrir SPRON – sparisjóður, SPRON kort, nb.is-sparisjóður hf. (Netbankinn) og Frjálsi fjárfestingabankinn hf. Undir fjárfestingabankastarfsemi heyra SPRON Verðbréf hf, Fjárfestingar og SPRON fjárstýring. Fjárfestingabankastarfsemin er vaxtabroddurinn í starfsemi SPRON og verið er að byggja upp öfluga fjárfestingabankastarfsemi undir nafni SPRON Verðbréfa hf.

Afkomusviðin eru sjö og starfa hvert á sínu sérsviði en sameiginlegt markmið samstæðunnar er að bjóða viðskiptavinum SPRON sem fjölbreyttasta fjármálaþjónustu og ná settum markmiðum í rekstri. Auk afkomusviðanna eru þrjú stoðsvið; þjónustusvið, fjárhagssvið og upplýsingatæknisvið.

Starfsemi SPRON er háð starfsleyfi móðurfélags og dótturfélaga. SPRON hf. og nb.is-sparisjóður hf. (Netbankinn) hafa starfsleyfi sem sparisjóðir en slíkt leyfi er samhljóða starfsleyfi viðskiptabanka. Frjálsi fjárfestingabankinn hf. hefur starfsleyfi sem lána-fyrirtæki og er samkvæmt því heimilt að kalla sig fjárfestingabanka. SPRON verðbréf hf. hefur starfsleyfi sem verðbréfa-fyrirtæki og Rekstrarfélag SPRON hf., dótturfélag SPRON verðbréfa, starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfasjóða. Framangreind starfsleyfi eru öll samkvæmt 4. gr. laga nr. 161/2002 um fjármála-fyrirtæki.



## Viðskiptabankastarfsemi

Viðskiptabankastarfsemin er kjölfestan í stafsemi SPRON sem hvílir á áratuga reynslu í að veita þjónustu til einstaklinga, smærri og meðalstórra fyrirtækja. Lögð er áhersla á framsækni og öflugt framboð nýjunga til viðskiptavina og að vera leiðandi í viðskiptabankþjónustu á Íslandi. Fjölgun afkomueininga síðustu ár endurspeglar þessar áherslur.

## SPRON sparisjóður

SPRON sparisjóður byggir á sparisjóðastarfseminni sem hófst með stofnun Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis árið 1932. Markmið með stofnun SPRON var að bjóða inn- og útlán til einstaklinga og fyrirtækja. Lengi vel stundaði SPRON aðeins hefðbundna inn- og útlánastarfsemi og fór öll starfsemin fram á einum stað. Lánveitingar til íbúðarhúsnæðis voru mikilvægasti þátturinn í útlánnum og fjármögnunin byggði nær alfarið á innlánnum. Í upphafi giltu sérstök lög um sparisjóði sem lengst af settu sparisjóðum þrengri skorður en viðskiptabönkunum til fjármálaþjónustu. Á níunda áratugnum urðu miklar breytingar á starfsemi SPRON en árið 1982 fengu sparisjóðir fyrst leyfi til þess að stofnsetja útibú. Fyrsta útibúið var opnað að Austurströnd 3 á Seltjarnarnesi árið 1983. Sama ár gerðist SPRON aðili að Greiðslumiðlun hf. ásamt 12 stærstu sparisjóðum landsins og hóf útgáfu VISA greiðslukorta. Árið 1986 tók gildi langþráð breyting á lögum sem veittu sparisjóðunum sama rétt og viðskiptabönkunum til starfa á almennum fjármálamarkaði og árið 1993 voru lög um viðskiptabanka og sparisjóði sameinuð í einn lagabálg með lögum nr. 43/1993. Árið 1986 keypti SPRON 49% í Kaupþingi ásamt þremur öðrum sparisjóðum. Sama ár var Lánastofnun sparisjóðanna hf. stofnuð sem síðar varð Sparisjóðabankinn, nú Icebank. Þjónustuvið SPRON breikkaði smátt og smátt og nær nú yfir flesta þætti fjármálaþjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Í dag starfrækir SPRON niú útibú víðsvegar á höfuðborgarsvæðinu. Starfsemi SPRON sparisjóðs skiptist í tvo meginþætti, einstaklingsviðskipti og fyrirtækjaviðskipti. Framkvæmdastjóri SPRON sparisjóðs er Ólafur Haraldsson.

## Einstaklingsviðskipti

Viðskiptabankþjónusta SPRON hefur tekið örur breytingum á síðustu árum og hefur þjónustuframboð aukist til mikilla muna. Í dag býður SPRON viðskiptavinum sínum upp á ótal möguleika í þjónustu með það fyrir augum að viðskiptavinir geti haft öll sín fjármál á einum stað. Auk hefðbundinnar bankþjónustu býður SPRON upp á lífeyrissparnað, tryggingar og umsýslu verðbréfa. Þjónusta við einstaklinga er aldurskipt og er reynt að koma til móts við mismunandi þarfir einstaklinga á hverju aldurskeiði. Fyrir yngstu kynslóðirnar er um tvær aldurskiptar þjónustuleiðir að ræða, SPRON krakkar fyrir yngstu börnin og Unga kynslóðin fyrir þau sem eldri eru. Út í lífið er þjónusta fyrir unga fólk sem er að stofna heimili og hefja ævistarfið. Fjölskylduþjónusta skipar veigamikinn sess í þjónustuframboði SPRON en þar er lögð áhersla á þjónustu sem stuðlar að fjárhagslegum ávinningi fjölskyldunnar sem heildar. Eðalárin er þjónusta sniðin að þörfum eðalfólks þ.e. þeirra sem eru sextíu ára og eldri. SPRON rekur öflugan heimabanka fyrir viðskiptavini síðan þar sem viðskiptavinir á öllum aldri geta átt öll sín bankaviðskipti.

## Fyrirtækjaviðskipti

Stefna SPRON er að leggja áherslu á viðskipti við lítil og meðalstór fyrirtæki, auk félagasamtaka. SPRON kappkostar að veita þessum aðilum trausta og faglega þjónustu, þar sem lögð er áhersla á langtímasamband og sérhæfðar lausnir sem taka mið af sérstökum aðstæðum og starfsumhverfi þeirra sem þjónustuna fá. Lykilatriði í samskiptunum er sérstakur lánastjóri sem leggur sig fram um að þekkja þarfir viðskiptavinarins og veita honum persónulega og faglega ráðgjöf á sviði fyrirtækjaviðskipta. Veitt er skammtíma- og langtímafjármögnun í íslenski og erlendri mynt. Lögð er áhersla á gott aðgengi að fjármagni og veitt ráðgjöf um rétta fjárhagsskipan svo að fyrirtæki nái markmiðum sínum. Fyrirtækjaviðskipti annast alhliða inn- og útflutningsþjónustu í erlendum viðskiptum hvort sem um er að ræða gjaldeyrisviðskipti, ábyrgðir, innheimtu eða greiðslur. Tryggingaráðgjöf er einn af þjónustuþáttum fyrirtækjaviðskipta en SPRON, í samvinnu við Kaupþing líftryggingar og VÍS, hefur á að skipa sérfræðingum í tryggingaráðgjöf sem veita fyrirtækjum og einstaklingum faglega ráðgjöf og úttekt á þeirri tryggingavernd sem nauðsynleg er hverju sinni. SPRON rekur fyrirtækjabanka á netinu þar sem fyrirtæki geta sinnt bankaviðskiptum þegar þeim hentar.

## SPRON Factoring hf.

SPRON Factoring hf. heyrir undir fyrirtækjasvið SPRON. Þjónustan felur m.a. í sér fjármögnun viðskiptakrafna, mat á láns hæfni skuldara, greiðslutryggingar, gengistryggingar, innheimtu og eftirlit með skuldurum og ráðgjöf á sviði lánsviðskipta. SPRON Factoring er eina fyrirtækið á Íslandi sem sérhæfir sig í kröfupjónustu (factoring) en það hét áður Midfactoring á Íslandi og var stofnað árið 2000 sem dótturfyrirtæki Midfactoring A/S í Danmörku sem er þriðja stærsta kröfupjónustufyrirtækið þar í landi. SPRON keypti Midfactoring á Íslandi árið 2006 og hefur síðan þá verið unnið að því að styrkja stöðu þess á markaðinum enn frekar. Framkvæmdastjóri SPRON Factoring er Hrönn Greipsdóttir.

## SPRON kort

SPRON kort varð að sérstöku afkomusviði í skipulagsbreytingum árið 2005 en undanfari þess var þróun og markaðssetning veltukorta SPRON sem fóru á markað árið 1999. SPRON hefur verið leiðandi í þróun kortaviðskipta og í dag gefur SPRON kort út e-kort og e<sup>2</sup>-greiðslukort sem eru fyrstu endurgreiðslukortin á íslenskum fjármálamarkaði. SPRON kort er jafnframt stöðdeild við önnur svið SPRON heildarinnar varðandi kortaútgáfu og hefur umsjón með samskiptum við kortafyrirtækin Mastercard og Visa. Framkvæmdastjóri SPRON korta er Hörður Helgason.

## nb.is-sparisjóður hf. (Netbankinn)

Netbankinn hóf starfsemi sína 20. september 1999. Hann var í upphafi rekinn sem sjálfstæð rekstrareining innan SPRON. Í desember 2001 var rekstrarfyrirkomulaginu breytt. Netbankinn var þá aðskilinn frá rekstri SPRON og er nú rekinn sem sjálfstæður sparisjóður. Á árinu 2002 varð Netbankinn hlutafélag, fyrstur sparisjóða. Netbankinn býður alla almenna bankaþjónustu á netinu og er sérstaklega ætlaður einstaklingum sem vilja eingöngu stunda bankaviðskipti gegnum netið. Netbankinn býður hagstæð kjör, t.d. lægri vaxtakjör á útlánnum og undanfarin sjö ár hefur Netbankinn verið með hæstu vexti innlánsreikninga í bankakerfinu. Samkeppnisáðilar Netbankans er allir bankar og sparisjóðir sem bjóða einstaklingum almenna bankaþjónustu. Netbankinn hefur lagt áherslu á að vera fyrstur með nýjungar á sviði netbankaþjónustu og styrkja þannig stöðu sína sem leiðandi netbanki á Íslandi. Skrifstofa Netbankans er að Ármúla 13a og er þar jafnframt eina útibú bankans. Framkvæmdastjóri Netbankans er Geir Þórðarson.

## Frjálsi fjárfestingarbankinn hf.

Frjálsi fjárfestingarbankinn (áður Samvinnusjóður Íslands hf.) var stofnaður þann 18. nóvember árið 1982 á 100 ára afmæli Samvinnuhreyfingarinnar. Tilgangur félagsins við stofnun var að efla íslenskt efnahagslíf með því að beita sér fyrir þátttöku samvinnuhreyfingarinnar í atvinnulífi landsmanna, einkum í nýjum greinum. Starfsemi félagsins var í fyrstu einskoruð við kaup á skuldabréfum á markaði, lánveitingum og ábyrgðum til eigenda og kaupum á hlutabréfum í nýjum hlutafélögum með vaxtamöguleika. Fyrirtækið og hlutverk þess hefur breyst í áranna rás og árið 2000 keypti Kaupþing hf. ásamt fleirum um 70% hlutabréfa í félaginu. Í kjölfarið var útlánastarfsemi fyrirtækisins aukin en verðbréfasvið og eignastýringarsvið fært til Kaupþings. Árið 2002 keypti SPRON nær allt hlutafé í bankanum sem hefur síðan þá verið í meirihlutaeigu SPRON. Í dag býður Frjálsi fjárfestingarbankinn einstaklingum og fyrirtækjum fjölbreytta og sveigjanlega lánaþjónustu gegn veði í fasteignum, lóðum og bifreiðum. Lánað er til bifreiðakaupa og til fasteignakaupa, fullbúnum eða í byggingu, íbúðar-, atvinnu- og frístundarhúsnæði, hvort sem er við kaup eigna eða til endurfjármögnunar þeirra. Aukin áhersla er á stærri lánveitingar til millistórra og stærri aðila. Framkvæmdastjóri er Kristinn Bjarnason.



# Fjárfestingabankastarfsemi

## SPRON Verðbréf hf.

SPRON Verðbréf tók til starfa fyrri hluta ársins 2006 en áður hafði verðbréfastarfsemin verið innan móðurfélagsins SPRON en verðbréfavíðskipti hófust hjá fyrirtækinu árið 1986 þegar SPRON gaf út veðskuldabréf í samvinnu við Kaupþing að upphæð 15 milljónir króna. SPRON Verðbréf býður sérsníðna eignastýringu fyrir einstaklinga, fyrirtæki, félög og stofnanir. Markmið eignastýringar er að veita persónulega og faglega þjónustu þar sem viðskiptavinir fela sérfræðingum SPRON Verðbréfa ávöxtun á fjármunum sínum, samkvæmt fyrirfram ákveðinni fjárfestingarstefnu sem mótuð er af viðskiptavini og sérfræðingum SPRON Verðbréfa. SPRON Verðbréf býður upp á margvíslega verðbréfasjóði bæði innlenda og erlenda. Hjá fyrirtækinu starfar hópur sérfræðinga með fjölbreyttan bakgrunn, víðtæka menntun og starfsreynslu á verðbréfamarkaði. Rekstrarfélag SPRON hf. heyrir undir SPRON Verðbréf og hefur með höndum rekstur verðbréfasjóða SPRON. Framkvæmdastjóri SPRON Verðbréfa er Jón Hallur Pétursson. Framkvæmdastjóri Rekstrarfélags SPRON er Brynjar Kristjánsson.

## Fjárfestingar

Eigin fjárfestingar SPRON eru hluti af fjárfestingabankastarfseminni. Þar eru ákvarðanir um fjárfestingar SPRON heildarinnar teknar í samráði við stjórn og forstjóra og fylgst með arðsemi þeirra. SPRON hefur það að leiðarljósi í fjárfestingum sínum að þær séu arðsamar og falli vel að stefnu félagsins og framtíðarvexti þess. Framkvæmdastjóri er Valgeir M. Baldursson.

Stærsta einstaka fjárfesting SPRON er í Exista. Saga Exista nær aftur til ársins 2001 er SPRON í félagi við aðra sparisjóði stofnaði félag utan um þátttöku þeirra í hlutafjárúkningu hjá Kaupþingi. SPRON átti 41,2% eignarhlut í Exista við stofnun þess, auk óbeins eignarhlutar í gegnum Icebank. Á árinu 2002 urðu miklar breytingar á félaginu er Bakkabræður Holding, félag í eigu bræðranna Ágústs og Lýðs Guðmundssona, keypti 55% hlut. SPRON á enn allt upphaflegt hlutfé sitt í Exista með beinum eða óbeinum hætti en hlutfallsleg eign þess í félaginu hefur þynnst samfara vexti félagsins og breytinga á eignarhaldi. Hlutfé SPRON í Exista er allt að fullu greitt. Exista er víðskiptavinur SPRON sparisjóðs og SPRON verðbréfa. SPRON er víðskiptavinur VÍS, dótturfélags Exista.

Exista hf., Ármúla 3, Reykjavík, er kjölfestufjárfestir í skráðum og óskráðum félögum sem starfa bæði innanlands og á alþjóðamarkaði, þar á meðal Kaupþingi, Sampo Group, Bakkavör Group og Símanum. Markmið félagsins er að skapa verðmæti fyrir hluthafa með því að nýta fjárstreymi frá rekstri við uppbyggingu á safni arðbærra fyrirtækja. Starfsemi Exista byggist á tveimur meginstöðum; annars vegar rekstri á sviði trygginga, eignaleigu og eigin víðskipta og hins vegar fjárfestingum. Heildareignir félagsins í lok júní 2007 voru 648 milljarðar króna og eigið fé 238 milljarðar króna sem svaraði til 36,7% eiginfjárlutfalls, en lögbundinn varasjóður félagsins nam 1,9 milljarði króna. Hagnaður Exista fyrstu 6 mánuði ársins 2007 var 75 milljarðar króna eftir skatta sem nemur 70% arðsemi eigin fjár á ársgrundvelli. Hagnaður félagsins árið 2006 var 13,1 milljarðar króna eftir skatta sem nemur 27,1% arðsemi eigin fjár í árslok. Þann 30. apríl 2007 greiddi Exista hluthöfum arð vegna ársins 2006 sem svaraði til 1 krónu á hlut. Heildarfjöldi útgefinna hluta í Exista er 11.361.092.458 frá og með 11. apríl 2007. Hver hlutur nemur 1 krónu að nafnverði og fylgir eitt atkvæði hverjum hlut. SPRON á 3,01% í Exista m.v. 18. október og samsvarandi atkvæðavægi í félaginu. Að auki á SPRON 4,43% með óbeinum hætti í gegnum Kistu fjárfestingafélag og Icebank m.v. eftir sölu á 20,6% hlut í Icebank. Beinn hlutur SPRON í Exista er bókfærður á markaðsvirði bréfanna hverju sinni. Virði hlutarins nam 12.106 milljónum króna í lok víðskiptadags 16.10.07 og 11.661 milljónum króna 30.06.07. Hlutdeildarfélög eru bókfærð á kostnaðarverði.

Kista-fjárfestingafélag ehf. er hlutdeildarfélag SPRON og er í eigu SPRON og nokkurra sparisjóða. Eignarhlutur SPRON í Kistu fjárfestingafélagi var 48,41% í lok júní 2007. Tilgangur félagsins er fjárfesting í verðbréfum og önnur sú starfsemi sem rekin verður í eðlilegum tengslum við slíka fjárfestingarstarfsemi. Helsta eign Kistu fjárfestingafélags í dag er 8,94% hlutur í Exista.

SPRON átti 24,6% hlut í Icebank þangað til 12. október síðastliðinn en þá seldi SPRON 20,6% af 24,6% hlut sínum. Eignarhlutur SPRON eftir sölu er þá 4,0% en með fyrirvara um samþykki FME. Nánar er fjallað um sölu í kaflanum um nýlega þoun. Icebank (áður Sparisjóðabanki Íslands) var stofnaður 16. september 1986 af sparisjóðum í landinu og hófst starfsemi hans 6. febrúar 1987. Á árinu 2006 var kynnt nýtt nafn félagsins, Icebank, og um leið nýjar áherslur í starfsemi hans. Áhersla bankans er á langtímalán og gjaldeyris- og afleiðuvíðskipti við fyrirtæki, fjárfesta og umsvifamikla víðskiptavini. Jafnframt er lögð aukin áhersla á að fylgja eftir íslenskum félögum í útrás með ráðgjöf, lánveitingum og þátttöku í fjárfestingum samhliða því að taka þátt í sambankalánnum og sérhæfðum lánaverkefnum innanlands og erlendis. Icebank stefnir að hröðum vexti næstu árin innanlands og

erlendis. Stefnt er að skráningu bankans á OMX ICE árið 2008. Á síðastliðnum fimm árum hefur efnahagur bankans vaxið að jafnaði um 30% á ári. Arðsemi eigin fjár var 63,8% á árinu 2006 og hagnaður 5,6 milljarðar króna.

## SPRON fjárstýring

Fjárstýringin stýrir gjaldeyrisáhættu, lausafjárahættu, vaxta- og verðtryggingaráhættu fyrir samstæðu SPRON og framfylgir stefnu yfirstjórnar í þeim efnum. Fjárstýring annast einnig fjármögnun SPRON heildarinnar á innlendum og erlendum vettvangi til skemmri og lengri tíma. Framkvæmdastjóri er Ósvaldur Knudsen.

## Stoðsvið SPRON

Þjónustusvið annast alla bakvinnslu og umsjón þeirra þátta er tengjast daglegum rekstri afkomusviða SPRON. Á sviðinu eru fimm starfseiningar: innri þjónusta, rekstrarþjónusta, starfsmannþjónusta, skiptiborð og úthringiver. Framkvæmdastjóri er Harpa Gunnarsdóttir.

Fjárhagssvið annast reikningshald, uppgjör, áætlanagerð og fjárhagslega greiningu fyrir SPRON samstæðuna. Framkvæmdastjóri er Harpa Gunnarsdóttir.

Upplýsingatækisvið sér um allt sem viðkemur rekstri tölvukerfa og vefmálum samstæðunnar. Framkvæmdastjóri er Ólafur Haraldsson.

Undir yfirstjórn heyrja innri endurskoðun, áhættu- og útlánastýring, viðskiptaþróun og almannatengsl.

Innri endurskoðun er óháð og ráðgefandi eining innan SPRON sem sinnir reglubundnu eftirliti með SPRON samstæðunni og heyrir undir stjórn félagsins. Innri endurskoðun SPRON hefur aðgang að allri starfsemi afkomusviðanna þar á meðal dótturfélaga. Markmið innri endurskoðunar er að leggja mat á og bæta eftirlit, áhættustýringu og stjórnunaraðferðir bankans. Forstöðumaður Innri endurskoðunar er Þórir Haraldsson.

Áhættu- og útlánastýring greinir og stýrir allri þeirri áhættu sem fylgir starfsemi SPRON. Markmið áhættu- og útlánastýringar er að lágmarka áhættu félagsins og vinnur sviðið náð með öðrum starfseiningum að því markmiði. Forstöðumaður áhættu- og útlánastýringar sinnir jafnframt starfi regluvarðar félagsins. Forstöðumaður er Páll Árnason.

Viðskiptaþróun vinnur að mótun nýrra viðskiptatækifæra fyrir SPRON á öllum starfssviðum SPRON. Viðskiptaþróun hefur leitað tækifæra til þess að markaðsetja afurðir SPRON á erlendum vettvangi en hefur jafnframt þróað afurðir fyrir íslenskan fjármálamarkað og má meðal annars nefna veltukort SPRON sem voru fyrstu kortin sinnar tegundar á íslenskum fjármálamarkaði. Framkvæmdastjóri er Kristján Harðarson.

Almannatengsl hefur umsjón með kynningarmálum fyrir SPRON. Almannatengslafulltrúi er Jóna Ann Pétursdóttir.

## Dótturfélög og hlutdeildarfélög

Meðfylgjandi tafla sýnir dótturfélög og hlutdeildarfélög SPRON. SPRON seldi 20,6% hlut sinn í Icebank þann 12. október 2007 og á eftir viðskiptin 4% í Icebank, en salan er gerð með fyrirvara um samþykki FME, og er 24,6% hlutur sýndur í töflunni þar sem salan er ekki að fullu frágengin. Fjárhagsupplýsingar sem birtar eru í útgefandalýsingu þessari byggja á samstæðuuppgjöri SPRON og er í öllum tilfellum átt við tölur samstæðunnar, nema annað sé sérstaklega tekið fram. Byrjað var að gera samstæðureikningsskil árið 2002 í framhaldi af kaupum á Frjálsa fjárfestingarbankanum.

Dóttur- og hlutdeildarfélög	Staðsetning	Eignarhluti SPRON samstæðu
nb.is sparisjóður hf.	Ísland	99,99%
Frjálsi fjárfestingabankinn hf.	Ísland	99,97%
Fasteignafélagið Hlíð	Ísland	99,70%
SPRON Verðbréf hf.	Ísland	100,00%
Rekstrarfélag SPRON hf.	Ísland	100,00%
Steinsnes ehf.	Ísland	100,00%
Hraunsnes	Ísland	100,00%
Curron	Ísland	79,10%
Einkaklúbburinn	Ísland	100,00%
SPRON Factoring hf	Ísland	65,60%
Icebank	Ísland	24,60%
Teris	Ísland	24,20%
Kjasta	Ísland	48,41%

## Staðsetning og útibú

Höfuðstöðvar SPRON eru að Ármúla 13a, 108 Reykjavík. Frjálsi fjárfestingarbankinn hf. er staðsettur í Lágmúla 6, 108 Reykjavík, SPRON factoring hf. að Suðurlandsbraut 20, 108 Reykjavík og SPRON verðbréf hf. að Vegmúla 2, 108 Reykjavík. Útibú og afgreiðslustaðir SPRON eru níu, allir á höfuðborgarsvæðinu: í höfuðstöðvunum; á Skólavörðustíg 11, 101 Reykjavík; í Álfabakka 14a, 109 Reykjavík; Spönginni, 112 Reykjavík; Skeifunni 11, 108 Reykjavík; Borgartúni 26, 105 Reykjavík; Lágmúla 6, 108 Reykjavík; Smáralind, 201 Kópavogi og á Austurströnd, 170 Seltjarnarnesi.

## Helstu samkeppnismarkaðir

Helstu samkeppnisaðilar SPRON eru innlendir bankar og sparisjóðir og aðilar á verðbréfa- og lánamarkaði. Íslenskur fjármálamarkaður hefur tekið örur breytingum á undanförunum árum og hefur SPRON tekið virkan þátt í þeim með ýmsum nýjungum í fjármálum og verið í fararbroddi hvað varðar fjármálaþjónustu við einstaklinga og smærri fyrirtæki.

## Útlánamarkaður

Mikil aukning hefur verið í útlánum innlánsstofnana (viðskiptabankar og sparisjóðir) á undanförunum árum. Í lok júní 2007 voru heildarútlán innlánsstofnana um 3.449 milljarðar króna. Þar af voru útlán til heimila um 22%, 53% til fyrirtækja, um 23% til erlendra aðila og um 2% til fjármálastofnana annarra en banka og ríkis og sveitarfélaga. Frá 1.1.2001 til 30.06.2007 hafa útlán til einstaklinga vaxið um 360%, en útlán til fyrirtækja hafa vaxið um 335% á sama tímabili. Fyrstu 6 mánuði ársins 2007 var aukning útlána til einstaklinga tæp 7% og tæp 10% til fyrirtækja.

Markaðshlutdeild SPRON af heildarútlánum innlánsstofnana hefur verið nokkuð stöðug og er meðaltal seinustu þriggja ára tæp 5%. Matið á markaðshlutdeild SPRON er byggt á gögnum Seðlabanka Íslands<sup>2</sup> og ársreikningum SPRON. Árleg útlánaaukning SPRON hefur verið að meðaltali 40% á tímabilinu 2002-2006. Aukningin var mest árið 2005 eða rúmlega 70% en hækkunin skýrist að mestu af mikilli aukningu fasteignatryggðra íbúðalána.

Heildarvanskil einstaklinga og fyrirtækja (> 1 mánuður) allra innlánsstofnana í lok júní 2007 samkvæmt FME voru 19,4 milljarðar króna, eða 0,56% af heildarútlánunum samanborið við 0,66% 31.03.07 og 0,54% í árslok 2006. Vanskil fyrirtækja hjá innlánsstofnunum var 0,49% í lok júní 2007 sem er óbreytt samanborið við árslok 2006. Vanskil einstaklinga eru í sögulegu lágmarki og mæðust 0,83% í lok júní 2007 sem er nánast óbreytt hlutfall frá lokum tveggja seinustu ársfjórðunga á undan. Vanskilahlutfall hefur verið hærra hjá einstaklingum en fyrirtækjum, t.d. var það að meðaltali 4,05% hjá einstaklingum á tímabilinu 2001-2006 samanborið við 1,80% hjá fyrirtækjum. Þróun vanskila hjá SPRON hefur verið hin sama og í fjármálaþjónustu almennt en þó er vanskilahlutfall SPRON heldur lægra.

## Innlánamarkaður

Árlegur vöxtur heildarinnlána innlánsstofnana hefur að meðaltali verið 32% síðustu 5 árin og voru heildarinnlán þeirra 1.935 milljarðar króna í lok júní 2007. Markaðshlutdeild SPRON af heildarinnlánum innlánsstofnana var að meðaltali 6,8% síðustu þrjú ár. Matið á markaðshlutdeild SPRON er byggt á gögnum Seðlabanka Íslands og ársreikningum SPRON.

Sparisjóðirnir hafa verið með mun hærra hlutfall innlána af útlánunum en viðskiptabankarnir. Hlutfall sparisjóðanna hefur verið að meðaltali um 64% síðustu 5 ár en hlutfall viðskiptabankanna rúm 34%. Hlutfall innlána af útlánunum hefur þó verið að lækka síðan árið 2004 með aukinni áherslu banka og sparisjóða á íbúðalán. Við lok ársins 2006 var hlutfallið rúm 32% hjá viðskiptabönkunum en rúm 53% hjá sparisjóðunum. Hlutfall innlána af útlánunum hjá SPRON árin 2002-2006 var að meðaltali 63%. Hlutfallið hefur farið lækandi frá árinu 2004 eins og hjá öðrum sparisjóðum og bönkum og í lok árs 2006 var hlutfallið rúm 44% og hækkaði á fyrstu sex mánuðum 2007 í 48,0%.

---

<sup>2</sup> Hægt er að nálgast gögn Seðlabanka Íslands á heimasíðu bankans, <http://www.seðlabanki.is/?pageid=461>

# 7. STJÓRN OG FRAMKVÆMDASTJÓRN

## Stjórnarhættir

Stjórnarhættir SPRON eru markaðir af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar.

Í samþykktum SPRON er kveðið á um hluthafafundi í kafla III, um stjórn félagsins í kafla IV og um reikninga og endurskoðun í kafla V.

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögættra hluthafafunda. Aðalfundur skal haldinn fyrir lok júní ár hvert og aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu kjörins endurskoðanda, hluthafa sem ráða a.m.k. einum tíunda hluta hlutafjár í félaginu. Skal krafan skriflega gerð og fundarefni tilgreint og fundur boðaður þá innan fjórtán daga. Ef stjórnin skirrist við að boða fund eftir móttöku slíkrar kröfu má leita atbeina stjórnvalda samkvæmt lögum um hlutafélög. Félagisstjórn skal boða til hluthafafundar með birtingu auglýsingar í dagblaði eða með bréfi til hluthafa. Hluthafafund skal boða með minnst viku en lengst fjögurra vikna fyrirvara og fundarefnis skal getið í fundarboði. Ef taka á til meðferðar tillögu til breytinga á samþykktum félagsins, skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði. Aðal- og aukafundi félagsins má halda annars staðar en á heimili félagsins. Hluthafafundur er lögætur ef hann er löglega boðaður.

Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn. Hafi stjórn ákveðið að hluthafafundur skuli haldinn að hluta til með rafrænum hætti, skulu hluthafar sem taka þátt í fundinum með þeim hætti, leggja fram spurningar um dagskrá eða framlögð skjöl o.fl. tengt hluthafafundinum, eigi síðar en fimm dögum fyrir fundinn.

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Jafnframt skulu kjörnir fimm varamenn. Framboð til stjórnar félagsins skulu tilkynnt stjórn með a.m.k. 5 daga fyrirvara og upplýsingar um frambjóðendur vera aðgengilegar á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður boðar til stjórnarfunda en hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar og sama rétt á forstjóri. Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Framkvæmdastjóri og félagisstjórn fara saman með stjórn félagsins. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum, sem félagisstjórn hefur gefið.

Starfsreglur stjórnar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. voru samþykktar á stjórnarfundum 31. ágúst 2007 og eru samhljóða starfsreglum stjórnar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis frá því fyrir breytingu hans í hlutafélag. Starfsreglurnar eru settar á grundvelli 2. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, samþykktu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. og leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins nr. 4/2006. Reglurnar taka til framkvæmdar starfa stjórnar félagsins, m.a. til verkaskiptingar stjórnar og forstjóra sem afmarkast af samþykktum og starfsleyfi félagsins sem fjármálafyrirtækis. Meginefni þessara starfsreglna varðar framkvæmd starfa stjórnarinnar og forstjóra, sérstakt hæfi stjórnarmanna til stjórnarstarfa, meðferð stjórnar á upplýsingum um einstaka viðskiptamenn, setu stjórnarmanna í stjórnnum dótturfyrirtækja og hlutdeildarféлага, framkvæmd reglna um viðskiptaerindi stjórnarmanna og ákvarðanir um fjárfestingar. Tilgangur þessara reglna er að tryggja jafnræði við umfjöllun og afgreiðslu mála sem fyrir stjórn félagsins koma, með vönduðum vinnubrögðum, óháðri málsmeðferð með það að markmiði að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra gagnvart viðskiptavinum við umfjöllun og afgreiðslu mála er þá varða.

Stjórn SPRON skipaði þann 21. ágúst síðastliðinn sérstaka starfskjaranefnd til ráðgjafar fyrir stjórn varðandi starfskjör forstjóra. Í starfskjaranefnd stjórnar sitja Hildur Petersen, Ásgeir Baldurs og Erlendur Hjaltason. Hlutverk nefndarinnar verður að leggja drög að samningi við forstjóra um laun og önnur starfskjör og móta stefnu um kjaratengd málefni félagsins s.s. árangurstengingu launa og kauprétti að hlutabréfum í félaginu. Starfskjaranefnd skal taka starfskjarastefnu SPRON til endurskoðunar árlega og leggja fyrir aðalfund félagsins til samþykktar. Starfskjör stjórnarmanna eru ákveðin á aðalfundi félagsins ár hvert.

Stjórn SPRON skipaði einnig sérstaka endurskoðunarnefnd þann 21. ágúst síðastliðinn. Í endurskoðunarnefnd stjórnarinnar sitja Hildur Petersen, Ásgeir Baldurs og Gunnar Þór Gíslason.

Stjórn SPRON telur stjórnarhætti félagsins uppfylla skilyrði í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út árið 2005 af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Kauphöll Íslands (nú OMX ICE). Meðal annars telur hún að ákvæðum um óhæði stjórnarmanna sé fullnægt, þ.e. ákvæði þess efnis að meirihluti stjórnar sé

óháður félaginu, sbr. skilgreiningu leiðbeininganna, ákvæði þess efnis að í það minnsta tveir stjórnarmenn séu óháðir stórum hluthöfum í félaginu, svo og ákvæði þess efnis að meirihluti hvorrar undirnefndar stjórnarinnar fyrir sig sé óháður félaginu.

## Stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf.

Stjórn og varastjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. er kjörin til eins árs í senn á aðalfundi félagsins. Ráðning stjórnenda hefur ekki neitt með eignarhlut í SPRON að gera.

### Stjórnarformaður - Hildur Petersen

Hildur var kjörin í stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. í mars 2002 og í stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis á sama tíma. Hún var valin stjórnarformaður sparisjóðsins og hlutafélagsins í desember 2004. Áður hafði hún setið í stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis frá 1989 til 1999. Hildur starfar nú eingöngu við stjórnarsetu í fyrirtækjum, auk þess að vera varaformaður FKA – félags kvenna í atvinnurekstri.

Önnur núverandi stjórnarseta: Frjálsi fjárfestingarbankinn hf., nb.is-sparisjóður hf (Netbankinn), SPRON-sjóðurinn ses., ÁTVR (stjórnarformaður), Kaffitár ehf. (stjórnarformaður), PFAFF hf. (stjórnarformaður) og Frumkvöðlafræðslan ses.

Hildur stundaði viðskiptafræði í Háskóla Íslands frá 1975 til 1978. Hún var framkvæmdastjóri Hans Petersen frá 1979 til ársins 2000.

Heildarlaun Hildar fyrir stjórnarsetu í SPRON og dótturfélögum SPRON á árinu 2006 námu 5.345 þúsund kr. Hún á 6.568.286 hluti í SPRON og aðili fjárhagslega tengdur henni á 2.296.270 hluti. Hildur er fædd 2. ágúst.1955 og er búsett í Reykjavík. Maki hennar er Halldór Kolbeinsson.

### Meðstjórnandi - Ari Bergmann Einarsson

Ari var kjörinn í stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. í desember 2004 og í stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis á sama tíma. Ari hefur verið útibússtjóri á austursvæði útibúa SPRON sparisjóðs, Skeifunni 11 í Reykjavík, frá 1997.

Önnur núverandi stjórnarseta: Starfsmannasjóður SPRON ehf. (stjórnarformaður) og Arol ehf.

Ari lauk Advanced Management námi (AMP) frá IESE háskólanum í Barcelona árið 2006.

Heildarlaun Ara fyrir stjórnarsetu í SPRON á árinu 2006 námu 1.680 þúsund kr. Hann á 520.152 hluti í SPRON og aðilar fjárhagslega tengdir honum eiga 48.815.333 hluti, en þar af er eign Arol ehf. 48.295.181 hlutur. Ari er fæddur 7. júní 1949 og er búsettur í Reykjavík. Maki hans er Ólöf Óladóttir.

### Meðstjórnandi - Erlendur Hjaltason

Erlendur var kjörinn í stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. í desember 2004 og í stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis á sama tíma. Erlendur er forstjóri Exista hf., Ármúla 3 og hefur verið frá árinu 2004.

Önnur núverandi stjórnarseta: Viðskiptaráð Íslands (stjórnarformaður), Exista Properties ehf. (stjórnarformaður), Exista Trading ehf., Pond Street Investments ehf., Vátryggingafélag Íslands hf., VÍS International Invest ehf. (stjórnarformaður), Líftryggingafélag Íslands hf., Lýsing hf., Pera ehf., Öryggismiðstöð Íslands hf. (stjórnarformaður), Öryggismiðstöðin ehf. (stjórnarformaður), Tölvur ehf. (stjórnarformaður), Áskaup ehf. (stjórnarformaður), Dymbiltur ehf., Skipti hf., Flaga Group hf., Lyfja hf., Árkaup ehf., Ingvar Helgason ehf., Eignarhaldsfélagið Sævarhöfði ehf., Flutningar ehf. (stjórnarformaður), Háuklettur ehf., SVÍV ses., VÍS 3 ehf., LÍFIS 3 ehf. og Síminn hf

Erlendur lauk Cand. Merc. (MBA) gráðu frá Handelshöjskolen í Kaupmannahöfn 1984 en áður hafði hann lokið HA (B.Sc.) gráðu frá sama skóla. Hann var framkvæmdastjóri Eimskipa ehf. 2002-2004 og framkvæmdastjóri utanlandssviðs Hf. Eimskipafélags Íslands 1997-2002. Fyrrum stjórnarseta hans á síðastliðnum 5 árum er í eftirtöldum félögum: Sp/f 14, Eignarhaldsfélag Exista ehf., Traustfang ehf., Ingvar Helgason ehf., Eignarhaldsfélagið Sævarhöfði ehf., VÍS eignarhaldsfélag hf. (stjórnarformaður), Tjarnargata 35 ehf., Síminn hf.,

Bakkavör Group hf., Fram Foods hf., Vöruhótelíð ehf., Eimskip Norway AS, Eimskip Transport GmbH, Eimskip Nederland BV, Eimskip Transport AB, Euro Container Line, Eimskip Denmark A/S, MGH Baltic BV, MGH Riga SIA, Eimskip BV, Star Line Shipping BV, Ljosa Line (Panama), Gelders Spetra Shipping BV, Malenstein Air BV, Eimskip Transp BV, Eimskip Belgium NV, Eimskip Shipping BV, Eimskip UK Ltd., East Trans Ltd., Pelican Cargo Ltd., MGH Ltd., Float Line Ltd., Eurohub Ltd., Maras Linija (UK) Ltd., PF Eimskip í Foryum, Eimskip USA Inc., Harbour Grace CS Inv. og Eimskip Canada Inc.

Heildarlaun Erlends fyrir stjórnarsetu í SPRON á árinu 2006 námu 1.680 þúsund kr. Hann á 2.972.021 hlut í SPRON en enginn hlutur er í eigu aðila sem eru fjárhagslega tengdir honum. Erlendur er fæddur 21. nóvember 1957 og er búsettur í Reykjavík. Maki hans er Aðalheiður Valgeirsdóttir.

### Meðstjórnandi - Gunnar Þór Gíslason

Gunnar var kjörinn í stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. í desember 2004 og í stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis á sama tíma. Gunnar hefur verið framkvæmdastjóri Sundagarða hf., Sundagörðum 10 í Reykjavík frá árinu 1994 og framkvæmdastjóri Mata hf frá árinu 1997.

Önnur núverandi stjórnarseta: Mata hf., Marval ehf. (stjórnarformaður), Langisjór ehf., Brimgarðar ehf., 14. júní ehf., Síld og fiskur ehf., Matflugl ehf. (stjórnarformaður), Salathúsið ehf. (stjórnarformaður), Nýrækt ehf. og Tæknivít ehf.

Gunnar lauk MBA gráðu frá London Business School 1994 og áður viðskiptafræðiprófi frá Háskóla Íslands árið 1989. Fyrrum stjórnarseta hans á síðastliðnum 5 árum var í Stoke City FC Ltd.

Heildarlaun Gunnars fyrir stjórnarsetu í SPRON á árinu 2006 námu 1.680 þúsund kr. Hann á engan hlut í SPRON í eigin nafni en aðili fjárhagslega tengdur honum, Sundagarðar hf., á 128.356.959 hluti. Gunnar er fæddur 18.nóvember1965 og er búsettur í Kópavogi. Maki hans er Sólveig Ingólfsdóttir.

### Meðstjórnandi – J. Ásgeir Baldurs

Ásgeir var kjörinn í stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. í desember 2004 og í stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis á sama tíma. Ásgeir er framkvæmdastjóri Vátryggingafélags Íslands hf (VÍS), Ármúla 3 í Reykjavík.

Önnur núverandi stjórnarseta: Lýsing hf., Pera ehf., Vörutækni ehf. (stjórnarformaður), Eldverk ehf. (stjórnarformaður), Eiðfaxi ehf., Icelandair Group hf., IGI Group Ltd (stjórnarformaður), Baldursheimur ehf.

Ásgeir lauk MBA gráðu frá Háskóla Íslands 2004 og áður B.Sc. gráðu í stjórnun og markaðsfræðum frá Johnson & Wales University í Bandaríkjunum 1994. Hann var forstöðumaður viðskiptaþróunar og almannatengsla VÍS hf 2003-2005, framkvæmdastjóri Varðar vátryggingafélags hf. 2004-2005 og markaðsstjóri VÍS 2000-2003. Fyrrum stjórnarseta hans á síðastliðnum 5 árum: Öryggismiðstöð Íslands hf. (stjórnarformaður) og Birtingahúsið ehf.

Heildarlaun Ásgeirs fyrir stjórnarsetu í SPRON á árinu 2006 námu 1.680 þúsund kr. Hann á 214.860 hluti í SPRON og aðili fjárhagslega tengdur honum, þ.e. Vátryggingafélag Íslands hf., á 213.135.934 hluti. Ásgeir er fæddur 17. nóvember 1972 og er búsettur í Kópavogi. Maki hans er Björg Jónsdóttir.

### Varamaður í stjórn – Birkir Baldvinsson

Birkir var kjörinn í varastjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. Í desember 2004 og í stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis frá sama tíma.. Birkir hefur verið í eigin atvinnurekstri í áratugi og eigandi að félögum sem talin eru upp hér að neðan. Birkir er flugvirki að mennt.

Önnur núverandi stjórnarseta: Birkir Baldvinsson ehf. (stjórnarformaður), Kentucky Fried Chicken S.A Luxembourg (eigandi og stjórnarformaður), Loch Ness S.A. Luxembourg (eigandi og stjórnarformaður), Air ABC S.A Luxembourg (stofnandi og stjórnarformaður), Fossborg ehf. og Alþjóða Fjárfestingafélagið Reykjavík (eigandi og stjórnarformaður).

Birkir þáði ekki laun frá SPRON vegna stjórnarsetu í SPRON eða dótturfélögum á árinu 2006. Birkir á enga hluti í SPRON en fjárhagslega tengdur aðili honum, þ.e. Birkir Baldvinsson ehf. á 97.973.532 hluti. Birkir er fæddur 7. september 1940 og búsettur í Bretlandi. Maki hans er Guðfinna Guðnadóttir.

## Varamaður í stjórn – Esther Guðmundsdóttir

Esther var kjörin í varastjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. í desember 2004 og í varastjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis frá sama tíma. Esther hefur ekki verið í öðru starfi en stjórnarmennsku síðan 2003.

Esther lauk MPA prófi frá Háskóla Íslands árið 2005, áður BA prófi í almennum þjóðfélagsfræðum frá Háskóla Íslands árið 1975. Hún var framkvæmdastjóri Hyrnu ehf./Quebecor World á Íslandi ehf. 2000 - 2003. Fyrrum stjórnarseta hennar á síðastliðnum 5 árum var í stjórnarnefnd Landspítala háskólasjúkrahúss 1999 – 2007 (Varaformaður frá 2002).

Esther þáði ekki laun frá SPRON vegna stjórnarsetu í SPRON eða dótturfélögum á árinu 2006. Esther á 297.202 hluti í SPRON og aðili fjárhagslega tengdur henni á 297.202 hluti. Esther er fædd 10. júlí 1948 og býr í Reykjavík. Maki hennar er Björgvin Jónsson.

## Varamaður í stjórn – Guðmundur Arnaldsson

Guðmundur var kjörinn í varastjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. í desember 2004 og í varastjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis frá saman tíma. Guðmundur hefur rekið eigin bókhalds- og ráðgjafastofuna Rekstrarverktak ehf. frá árinu 1998.

Önnur núverandi stjórnarseta: Kynnisferðir ehf (stjórnarformaður).

Guðmundur lauk viðskiptafræðiprófi frá Háskóla Íslands 1981 og áður kennararéttindum frá Kennaraháskóla Íslands 1968.

Guðmundur þáði ekki laun frá SPRON vegna stjórnarsetu í SPRON eða dótturfélögum fyrir árið 2006. Hann á 20.039.420 hluti í SPRON og aðili fjárhagslega tengdur honum 5.944.042 hluti. Guðmundur er fæddur 30. september 1945 og er búsettur í Reykjavík. Maki Guðmundar er Auðbjörg Guðjónsdóttir.

## Varamaður í stjórn – Rögnvaldur Othar Erlingsson

Rögnvaldur Othar var kjörinn í varastjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. í desember 2004 og í varastjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis frá sama tíma. Rögnvaldur er sjálfstætt starfandi.

Önnur núverandi stjórnarseta: Frostnet ehf., Pólar ehf. og R.Sigmundsson hf.

Rögnvaldur Othar var framkvæmdastjóri og eigandi Vörukaupa ehf til 10. júní 2005.

Rögnvaldur þáði ekki laun frá SPRON vegna stjórnarsetu í SPRON eða dótturfélögum á árinu 2006. Hann á 10.233.756 hluti í SPRON og engin eign er skráð á aðila fjárhagslega tengda honum. Rögnvaldur Othar er fæddur 2. febrúar 1957 og er búsettur í Kópavogi. Maki hans er Helena Rut Kristjánsdóttir.

## Varamaður í stjórn – Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson

Vilhjálmur var kjörinn í varastjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. í desember 2004 og í varastjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis frá sama tíma. Vilhjálmur er fráfarandi borgarstjóri Reykjavíkur.

Önnur núverandi stjórnarseta: nb.is- sparisjóður hf (Netbankinn) og Víkin – Sjóminjasafnið í Reykjavík ses.

Vilhjálmur lauk Cand Juris prófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1974. Hann hefur starfað í borgar- og sveitarstjórnarmálum síðastliðin 25 ár. Vilhjálmur var borgarstjóri í Reykjavík 2006-2007. Fyrrum stjórnarseta hans á síðastliðnum 5 árum: Samband íslenskrar sveitarfélaga 1986 – 2006, þar af sem stjórnarformaður frá 1990-2006.

Heildarlaun Vilhjálms fyrir stjórnarsetu í SPRON og dótturfélögum voru 869.694 krónur fyrir árið 2006. Hann á 73.517 hluti í SPRON og engin eign er skráð á aðila fjárhagslega tengda honum. Vilhjálmur er fæddur 25. apríl 1946 og er búsettur í Reykjavík. Sambýliskona hans er Guðrún Kristjánsdóttir

## Forstjóri og lykilstarfsmenn SPRON

### Forstjóri SPRON - Guðmundur Hauksson

Guðmundur hefur verið sparisjóðsstjóri/forstjóri SPRON frá árinu 1996.

Guðmundur situr í stjórn eftirtalinnna félaga: SPRON-sjóðurinn ses., Frjálsi fjárfestingarbankinn hf. (stjórnarformaður), SPRON verðbréf hf. (stjórnarformaður), Rekstrarfélag SPRON hf. (stjórnarformaður), nb.is-sparisjóður hf. (Netbankinn) (stjórnarformaður), ÍsKal ehf. (stjórnarformaður), Steinsnes ehf. (stjórnarformaður), Kista-fjárfestingarfélag ehf. (stjórnarformaður), Icebank hf., Exista hf., Xista ehf., AGF fjárfestingar ehf., Menningar- og styrktarsjóður SPRON, Tryggingasjóður sparisjóða (stjórnarformaður), Tryggingasjóður innstæðueigenda og fjárfesta, Fulltrúaráð Samtaka atvinnulífsins, Samtök fjármálafyrirtækja og Samband Íslenskra sparisjóða.

Á árunum 1991-1996 var Guðmundur forstjóri Kaupþings hf. Hann viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands 1976 og I.S.M.P. frá Harvard Business School 1993. Fyrrum stjórnarseta hans á síðastliðnum 5 árum er í eftirtöldum félögum: Kaupþing banki hf., Sparisjóður Kaupþings, Scandinavian Holding, Lífeyrissjóðurinn Eining - Frjálsi lífeyrissjóðurinn, Kaupþing Management Lux, Kaupþing Luxembourg s/a, Lynghál, Kletthál.

Heildarlaun forstjóra námu 47.014 þúsund kr. árið 2006. Guðmundur á 54.090.713 hluti í SPRON og aðili fjárhagslega tengdur honum á 516.786 hluti. Hann er fæddur 2. ágúst 1949 og er búsettur í Reykjavík. Maki hans er Áslaug Viggósdóttir.

### Staðgengill forstjóra SPRON - Ólafur Haraldsson

Ólafur er framkvæmdastjóri SPRON sparisjóðs og upplýsingatækisviðs. Ólafur er staðgengill forstjóra.

Ólafur situr í stjórn eftirtalinnna félaga: Teris (áður Tölvumiðstöð sparisjóðanna) (stjórnarformaður), Curron hf., SPRON Factoring hf., ÍsKal ehf., Rekstrarfélag SPRON hf., nb.is-sparisjóður hf (Netbankinn), Hraunsnes ehf., Steinsnes ehf., SPRON-Verðbréf hf., Frjálsi fjárfestingarbankinn hf., Smárahúsið ehf. (stjórnarformaður), Creditinfo Group hf., Norræna Fjárfestingarfélagið ehf., Teris plus hf. (áður Spakur hf.) og Samband Íslenskra sparisjóða.

Ólafur hefur verið framkvæmdastjóri SPRON sparisjóðs og upplýsingatækisviðs SPRON frá árinu 2005. Áður var hann framkvæmdastjóri rekstrarsviðs SPRON frá 1986. Ólafur hefur verið staðgengill sparisjóðsstjóra/forstjóra frá árinu 1988. Hann lauk viðskiptafræðiprófi frá HÍ 1982 og Executive Program við University of Virginia – Darden 1998. Fyrrum stjórnarseta hans á síðastliðnum 5 árum er í eftirtöldum félögum: Hávöxtunarfélagið, Kaupþing Líf (áður Alþjóða líftryggingarfélagið), Intrum á Íslandi og Tryggingasjóði sparisjóðanna.

Heildarlaunagreiðslur SPRON til Ólafs námu 24.375 þúsund kr árið 2006. Hann á 297.202 hluti í SPRON og aðilar fjárhagslega tengdir honum eiga 35.933.276 hluti, en þar af á Norræna fjárfestingarfélagið ehf. 35.576.385 hluti. Ólafur er fæddur 14. ágúst 1958 og er búsettur í Reykjavík. Maki hans er Viglín Óskarsdóttir.

### Framkvæmdastjóri þjónustusviðs og fjárhagssviðs SPRON – Harpa Gunnarsdóttir

Harpa hefur verið framkvæmdastjóri þjónustusviðs SPRON frá árinu 2005 og framkvæmdastjóri fjárhagssviðs frá árinu 2006.

Harpa situr í stjórn nb.is-sparisjóðs hf., Starfsmannasjóðs SPRON ehf. og Hitaveitu Suðurnesja.

Harpa var forstöðumaður starfsmannaþjónustu SPRON frá 1999 til 2005. Hún lauk MBA gráðu frá Háskólanum í Reykjavík 2004 og viðskipta- og rekstrarnámi frá EHI 1994.

Heildarlaunagreiðslur SPRON til Hörpu námu 17.822 þúsund kr árið 2006. Hún á 1.291.762 hluti í SPRON og aðili fjárhagslega tengdur henni á 99.067 hluti. Harpa er fædd 14. desember 1962 og er búsett í Kópavogi. Maki hennar er Guðmundur H. Baldursson.

### Framkvæmdastjóri Frjálsa fjárfestingarbankans hf. - Kristinn Bjarnason

Kristinn hefur verið framkvæmdastjóri Frjálsa fjárfestingarbankans frá árinu 2001 og 1998-1999 var hann settur framkvæmdastjóri yfir Samvinnusjóði Íslands sem síðar varð Frjálsi fjárfestingarbankinn.



Kristinn situr í stjórn eftirtalinna félaga: Eignahlíð ehf. (stjórnarformaður), Hverfishlíð ehf., (stjórnarformaður), Strengur Byggingar ehf. (stjórnarformaður), Skipholt 11-13 ehf. (stjórnarformaður), Birkifell ehf., Lækjarhlíð ehf., Norðurhlíð fasteignafélag ehf., Nesbryggja ehf., Kristinsson ehf., ORK ehf., Laugavegur 103 ehf. (stjórnarformaður), Fasteignafélagið Hlíð ehf.

Kristinn lauk viðskiptafræðiprófi frá Háskóla Íslands árið 1994 og löggildingu í verðbréfamiðlun 1998. Fyrrum stjórnarseta hans á síðastliðnum 5 árum: Ánanaust 15 ehf (stjórnarformaður) og Löfgang ehf.

Heildarlaunagreiðslur SPRON til Kristins námu 26.621 þúsund kr árið 2006. Hann á engan hlut í SPRON og það sama gildir um aðila fjárhagslega tengda honum. Kristinn er fæddur 5. ágúst 1970 og er búsettur í Reykjavík. Maki hans er Anna Sigríður Blöndal.

## Framkvæmdastjóri fjárstýringar SPRON - Ósvaldur Knudsen

Ósvaldur hefur verið framkvæmdastjóri fjárstýringar frá árinu 2006.

Hann situr í stjórn SPRON-Verðbréfa hf.

Ósvaldur var framkvæmdastjóri fjárhagssviðs SPRON 2005-2006 og starfsmaður fjárstýringar SPRON 2001-2004. Hann lauk viðskiptafræðiprófi frá Háskóla Íslands árið 2002 og MBA gráðu frá Babson College í Boston 2004. Fyrrum stjórnarseta hans á síðastliðnum 5 árum: 24/7 sjálfsafgreiðsla ehf.

Heildarlaunagreiðslur SPRON til Ósvaldar námu 12.939 þúsund kr árið 2006. Hann á 112.106 hluti í SPRON en enginn hlutur er í eigu aðila sem eru fjárhagslega tengdir honum. Ósvaldur er fæddur 3. janúar 1974 og er búsettur í Reykjavík. Maki hans er Brynhildur Lilja Björnsdóttir.

## Forstöðumaður áhættu- og útlánastýringar – Páll Árnason

Páll hefur verið forstöðumaður áhættu- og útlánastýringar SPRON frá 2004.

Páll situr í stjórn Vélsmiðju Kristjáns Gíslasonar ehf. og er jafnframt framkvæmdastjóri þess félags.

Á árunum 1998-2003 var Páll forstöðumaður innri endurskoðunar hjá Kaupþingi banka hf. en var áður yfirmaður ráðgjafabjónustu Kaupþings, svo og framkvæmdastjóri Auðlindar hf., hlutabréfasjóðs sem stýrt var af Kaupþingi, og framkvæmdastjóri Hávöxtunarfélagsins hf. sem var rekstrarfélag verðbréfasjóða Kaupþings. Páll er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og útskrifaðist árið 1976. Hann hlaut löggildingu í verðbréfamiðlun árið 1998.

Heildarlaunagreiðslur SPRON til Páls námu 11.877 þúsund kr árið 2006. Hann á 1.486.010 hluti í SPRON og aðili fjárhagslega tengdur honum á 1.486.010 hluti. Páll er fæddur 3. mars 1949 og er búsettur í Garðabæ. Maki hans er Gyða Hafðis Margeirsdóttir.

## Framkvæmdastjóri Fjárfestinga – Valgeir M. Baldursson

Valgeir M. Baldursson tók við starfi framkvæmdastjóra fjárfestinga 1. október 2007.

Valgeir situr í stjórn eftirtalinna félaga: Meingil ehf., Strengur fjárfestingar ehf., Eignarhaldsfélagið Söldis ehf., Fasteignafélagið Kurfurst ehf., Meingarður ehf., Kurfurst Investment AB og Álit ehf.

Valgeir starfaði áður við fyrirtækjaráðgjöf hjá SPRON verðbréfum frá árinu 2006. Hann var framkvæmdastjóri og eigandi Álits ehf. 2003-2005, ráðgjafi hjá KPMG 2001-2002 og framkvæmdastjóri GSP almannatengsla 1997-2001. Hann lauk MBA gráðu frá Háskólanum í Reykjavík 2007 og stundaði nám í viðskiptafræði og stjórn málafræði við Háskóla Íslands 1990-1993. Fyrrum stjórnarseta hans á síðastliðnum 5 árum: Framganga ehf., Hr. Örlýgur ehf., Blanda Immobilien GmbH, Kurfo-Investment GmbH, Svarta Immobilien GmbH og Glófi ehf.

Heildarlaunagreiðslur SPRON til Valgeirs námu 9.641 þúsund kr árið 2006. Hann á 1.219.964 hluti í SPRON en enginn hlutur er í eigu aðila sem eru fjárhagslega tengdir honum. Valgeir er fæddur 15. mars 1970 og er búsettur í Garðabæ. Maki hans er Vilborg Edda Torfadóttir.

## Frekari upplýsingar um tengda aðila SPRON

Tengdir aðilar SPRON eru dótturfélög, hlutdeildarfélag, stjórn, forstjóri, framkvæmdastjórnar, nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila og aðilar sem hafa umtalsverð áhrif sem stóri hluthafar í félaginu. Þessi skilgreining er byggð á IAS 24 og voru eftirtaldar upplýsingar fyrst teknar saman fyrir árið 2005 með innleiðingu IFRS. Lán til forstjóra og framkvæmdastjóra námu 38 milljónum kr. þann 30. júní 2007, 51 milljón í árslok 2006 og 37 milljónum árslok 2005. Lán til stjórnarmeðlima og félaga tengdum þeim námu 1.854 milljónum kr. þann 30. júní 2007, 1.066 milljónum kr. í árslok 2006 og 1.347 milljónum kr. í árslok 2005. Lán til hlutdeildarféлага námu 812 milljónum kr. þann 30. júní 2007, 2.001 milljón kr. í árslok 2006 og 1.567 milljón í árslok 2005. Engin óvenjuleg viðskipti hafa verið við tengda aðila það sem af er árinu 2007, á árinu 2006 eða á árinu 2005. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Stjórnarmenn, forstjóri eða aðrir framangreindir lykilstarfsmenn hafa ekki verið sakfelldir vegna svikamála síðastliðin fimm ár. Þeir hafa heldur ekki verið framkvæmdastjórnar, stjórnendur eða umsjónarmenn fyrirtækja sem hafa orðið gjaldþrota eða farið í skipta- eða slitameðferð á síðastliðnum fimm árum annað en hér að neðan greinir, né heldur sætt opinberri ákæru eða viðurlögum á tímabilinu. Á síðastliðnum fimm árum hafa þeir ekki sætt opinberum kærnum og/eða viðurlögum lögboðinna yfirvalda eða eftirlitsyfirvalda eða verið dæmdir vanhæfir til að starfa sem aðilar að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda eða til að stjórna eða styra verkefnum hjá einhverjum útgefanda.

Gunnar Þór Gíslason stjórnarmaður var stjórnarformaður Marvals ehf, kt. 550600-3230, á þeim tíma sem félagið fékk nauðasamning við kröfuhafa sína staðfestan af Héraðsdómi Norðurlands eystra, þann 24. febrúar 2005. Sá nauðasamningur var efndur að fullu og hefur félaginu ekki verið slitið, en hefur enga starfsemi í dag.

Hjá stjórnarmönnum SPRON, forstjóra eða framangreindum lykilstarfsmönnum eru engir hagsmunaárekstrar milli skyldustarfa fyrir SPRON og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra. Engin fjölskyldutengsl eru á milli stjórnarmanna eða lykilstjórnenda SPRON. Engar takmarkanir eru á ráðstöfun þessara aðila á eignarhlutum þeirra í verðbréfum útgefanda

Upplýsingar hér að framan um stjórnarmenn, forstjóra og aðra lykilstarfsmenn eru komnar frá aðilunum sjálfum, þar með talin upptalning á núverandi og fyrrverandi stjórnarsetu undanfarin fimm ár. Hlutfjáreign stjórnarmanna og helstu stjórnenda í SPRON er miðuð við 18. október 2007.

SPRON hefur til þessa ekki veitt neina kaup- eða sölurétti til hluta í félaginu, hvorki til stjórnarmanna eða starfsmanna. Stjórn félagsins hefur þó samþykkt kaupréttaráætlun og hluti hennar verið staðfest af RSK með tilliti til sérreglu um skattalega meðferð kaupréttar starfsmanna sbr. 10. gr. Laga nr. 90/2003, um tekjuskatt..

Nokkrir framkvæmdastjórnar SPRON njóta samkvæmt starfssamningum sínum sérstaks lífeyrisframlags umfram kjarasamninga og er það greitt mánaðarlega inn á séreignarsparnað viðkomandi starfsmanna. SPRON færir til skuldar lífeyrisskuldbindingar sínar gagnvart öllum starfsmönnum sem greiða í LSR en hefur ekki lagt greiðslur til hliðar vegna lífeyrisframlags, starfsloka eða svipaðra hlunninda til viðbótar við það sem lög gera ráð fyrir. Heildarfjárhæð lífeyrisskuldbindingar allra starfsmanna nam 704 milljónum króna í lok júní 2007. Engir samningar hafa verið gerðir við stjórnarmenn SPRON, forstjóra eða framangreinda lykilstarfsmenn um greiðslu hlunninda við starfslok.

Aðsetur stjórnar, forstjóra og framangreindra lykilstarfsmanna er í höfuðstöðvum SPRON að Ármúla 13a í Reykjavík, nema hvað aðsetur framkvæmdastjóra Frjálsa fjárfestingarbankans er að Lág múla 6 í Reykjavík.

## Endurskoðendur

KPMG hf. er endurskoðandi SPRON og er Sigurður Jónsson fulltrúi KPMG hf. Endurskoðaði hann og áritaði án fyrirvara árshlutareikning samstæðu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2007. Fyrir hönd KPMG hf. endurskoðaði hann og áritaði ásamt Reyni Stefáni Gylfasyni samstæðureikninga sparisjóðsins Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis fyrir árin 2002-2006 og ársreikninga Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. fyrir árin 2002-2006, en Sigurður endurskoðaði og áritaði einn ársreikning sparisjóðsins fyrir árið 2001.

Þóknun SPRON til löggiltra endurskoðenda félagsins nam 31 milljón kr. á árinu 2006 sem greinist þannig að 21 milljón var greidd fyrir endurskoðun ársreiknings og könnun árshlutareikninga en 10 milljónir fyrir aðra þjónustu. Engir hlutir í SPRON, kaupréttir eða söluréttir frá SPRON eru í eigu löggiltra endurskoðenda félagsins eða fulltrúa þeirra.

## 8. STARFSMENN

### Starfsmannastefna SPRON

Gildi SPRON, sem starfsmenn vinna eftir, eru traust, frumkvæði og árangur. Starfsmannastefna SPRON er eftirfarandi:

Til að tryggja velgengni SPRON þarf hóp af hæfum áhugasömum og metnaðarfullum starfsmönnum. Starfsmenn byggja upp starfsframa sinn í fyrirtæki sem býður hvetjandi starfsumhverfi og tryggir að einstaklingar fái notið sjálfstæðis og ábyrgðar í starfi. Lykillinn að starfsframa og starfsöryggi hvers einstaklings er framlag hans sjálfs. Með öflugum símenntunar- og fræðslustarfi stuðlar SPRON að faglegum þroska í starfi og möguleika á starfsþróun við hæfi. Lögð er áhersla á góðan starfsanda og sterka liðsheild. Mikilvægt er að starfsmenn beri virðingu fyrir hæfileikum hvers og eins innan fyrirtækisins þar sem hver einstaklingur hefur mikilvægu hlutverki að gegna. SPRON lætur sig varða velferð starfsmanna sinna og leitast við að hafa aðbúnað og vinnuáðstæður í góðu lagi.

### Starfskjarastefna

Starfskjarastefna SPRON, sem samþykkt var á hluthafafundi þann 21. ágúst 2007, er sett með það að markmiði að halda í og laða að hæfa og metnaðarfulla stjórnendur og starfsmenn. SPRON byggir samkeppnishæfni sína á ábyrgum og hæfum starfsmönnum. Leitast félagið við að bjóða gott starfsumhverfi, þar með talin starfskjar, til að gera SPRON að eftirsóknarverðum valkosti á vinnumarkaði. Stjórn SPRON hefur samþykkt eftirgreinda starfskjarastefnu fyrir félagið skv. 79. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og almenn viðmið atvinnulífsins um góða stjórnarhætti.

Stjórn SPRON hefur skipað sérstaka starfskjaranefnd til ráðgjafar fyrir stjórn varðandi starfskjar forstjóra. Hlutverk nefndarinnar verður að leggja drög að samningi við forstjóra um laun og önnur starfskjar og móta stefnu um kjaratengd málefni félagsins s.s. árangurstengingu launa og kauprétti að hlutabréfum í félaginu. Starfskjaranefnd skal taka starfskjarastefnu SPRON til endurskoðunar árlega og leggja fyrir aðalfund félagsins til samþykktar. Starfskjar stjórnarmanna eru ákveðin á aðalfundi félagsins ár hvert.

Við ákvörðun um starfskjar forstjóra skal horfa til launakjara í sambærilegum störfum á fjármálamarkaði og taka mið af menntun, reynslu og fyrri störfum. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við forstjóra og skulu þar koma fram starfskjar umfram grunnlaun s.s. kaupréttur, greiðslur í lífeyrissjóð, hlunnindi og uppsagnarfrest. Forstjóri semur um starfskjar við framkvæmdastjóra og aðra stjórnendur móðurfélagsins, svo sem um kaupakgreiðslur, lífeyrisframlag og hlunnindi. Við ákvörðun launa stjórnenda skal taka mið af umfangi og ábyrgð starfsins, ásamt frammistöðu og framtíðarmöguleikum stjórnandans innan fyrirtækisins. Ákvörðun um starfskjar framkvæmdastjóra dótturfélaga eru í höndum stjórnar viðkomandi dótturfélags. Við starfslok stjórnenda skulu greiðslur að jafnaði byggjast á ráðningarsamningi viðkomandi.

Kaupréttaráætlun SPRON gerir ráð fyrir að allir fastir starfsmenn félagsins hafi kost á að fjárfesta í hlutum í félaginu. Kaupréttaráætlunin nær til starfsmanna móðurfélagsins og dótturfélaga innan samstæðunnar. Með eignarhaldi á hlutum í félaginu er talinn skapast aukinn hvati hjá starfsmönnum til að stuðla enn betur að áframhaldandi vexti og árangri þess. Kaupréttaráætlunin er gerð til þriggja ára. Starfsmenn eiga kost á að fjármagna kaup á hlutum í félaginu með lánum sem veitt verða í samræmi við almennar reglur um útlán SPRON hf. Kaupréttir geta í heild numið allt að 4% af útgefnu hlutafé SPRON á hverjum tíma.

Starfskjarastefnan er bindandi fyrir stjórn SPRON að því er varðar ákvæði um kaupréttarsamninga og aðra samninga eða greiðslur sem fylgja þróun verðs á hlutabréfum í félaginu, skv. 79. gr. laga um hlutafélög 2/1995. Að öðru leyti er starfskjarastefnan leiðbeinandi fyrir stjórn SPRON. Ef vikið er frá starfskjarastefnunni í veigamiklum atriðum skulu frávik færð í gerðarbók stjórnar ásamt rökstuðningi. Greina skal frá slíkum frávikum á næsta aðalfundi félagsins.

## Fjöldi starfsmanna

Í lok júní 2007 var fjöldi stöðugilda hjá SPRON 256 samanborið við 245 í árslok 2006, 206 í árslok 2005 og 184 í árslok 2004. Meðalfjöldi starfsmanna á árinu 2006 umreiknaður í heilsdagsstörf, þ.e. stöðugildi, var 251 árið 2006, 214 árið 2005 og 201 árið 2004.

Fjölgun starfsmanna er í samræmi við vöxt samstæðunnar og var fjölgun stöðugilda nær eingöngu hjá afkomusviðum en stöðeildarstarfsemin hefur haldist svo til óbreytt.

Heildarstarfsmannavelta SPRON var 11% á árinu 2006, 11% á árinu 2005 og 8% árið 2004.

Menntunargstig starfsmanna hefur hækkað verulega á síðustu árum og var hlutfall háskólamentaðra starfsmanna 50% árið 2006 en var rúm 10% árið 1999.

Jafnréttisáætlun hefur verið virk hjá SPRON frá árinu 1997 og meðal stjórnenda félagsins er 51% konur og 49% karlar. Á árinu 2006 veitti Jafnréttisráð SPRON viðurkenningu fyrir framkvæmd og stefnu sína í jafnréttismálum.

Í meðfylgjandi töflu má sjá hvernig fjöldi starfsmanna SPRON heildarinnar skiptist niður á svið. Í mars 2005 urðu skipulagsbreytingar og móðurfélaginu skipt upp í mismunandi svið. Árið 2004 tilheyrðu öll svið fyrir utan útibúin höfuðstöðvum.

Starfsmenn SPRON heildarinnar	Fjöldi stöðugilda			
	30.06.2007	31.12.2006	31.12.2005	31.12.2004
Móðurfélag				
Höfuðstöðvar	11	9	11	77
Þjónustusvið	33	33	35	
Fjárhagssvið	10	8	9	
Upplýsingartæknisvið	6	5	4	
SPRON Sparisjóður (m.a. útibú)	113	113	98	73
SPRON kort	10	9	7	
SPRON fjárstýring	6	7		
SPRON verðbréf*			8	
SPRON markaðsviðskipti*			3	
Móðurfélag samtals	189	185	175	150
SPRON Verðbréf	25	19		
Netbankinn	7	7	6	6
Frjálsi fjárfestingarbankinn	25	26	25	28
SPRON Factoring	8	8		
Curron	2			
<b>Samtals</b>	<b>256</b>	<b>245</b>	<b>206</b>	<b>184</b>

\* Tilheyra móðurfélagi 2005 en SPRON verðbréfum frá og með 2006

## 9. HLUTHAFAR OG HEILDARHLUTAFÉ

### Heildarhlutafé og heimild til hlutafjárhækkunar og kaupa á eigin hlutum

Heildarfjöldi útgefna hluta í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf. er 5.004.000.000 og er hver hlutur 1 kr. að nafnverði. Eigin hlutir félagsins eru 3.997.719 samkvæmt hlutaskrá félagsins 18. október 2007 og virkir hlutir því 5.000.002.281. Allir útgefnir hlutir eru þegar greiddir.

Stjórn félagsins er heimilt að auka hlutafé þess um allt að 500.000.000 nýjum hlutum og hafa hluthafar fallið frá forkaupsrétti hlutanna. Stjórn félagsins er falið að ákveða nánari útfærslu á hækkunarheimild þessari m.t.t. verðákvörðunar og greiðsluskilmála. Stjórn skal einnig ákvarða í hvaða áföngum heimildin verður nýtt og hana má m.a. nýta til gerðar kaupréttar samninga við starfsmenn. Þá er stjórn félagsins heimilt að ákveða að áskrifendur greiði fyrir hina nýju hluti að hluta eða öllu leyti með öðru en reiðufé. Heimild þessi gildir til 21. ágúst 2012, en að því marki sem hún hefur ekki verið nýtt fyrir það tímamark fellur hún niður.

Stjórn félagsins er heimilt að kaupa eigin hluti í félaginu eða taka þá að veði. Heimildin stendur í 18 mánuði frá 21. ágúst 2007 og takmarkast við að samanlögð kaup og veðsetning hluta fari ekki yfir 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma. Kaupverð hluta skal vera lægst 10% lægra og hæst 10% herra, en skráð kaup- eða sölugengi í OMX ICE.

Heildarhlutafé félagsins var óbreytt 4.000.000 hlutir frá stofnun og fram til sameiningar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis við félagið á yfirstandandi ári 2007, en þá var heildarfjöldi hluta aukinn um 5.000.000.000 nýja hluti og 85% þeirra afhentir stofnfjáreigendum Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis en 15% hinna nýju hluta afhentir sjálfseignarstofnuninni SPRON-sjóðinum ses. sem var sett á fót við samrunann skv. 76. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

### Stærstu hluthafar og atkvæðavægi

Allir útgefnir hlutir félagsins eru í sama flokki, hafa sömu réttindi og fylgir eitt atkvæði hverjum hlut. Enginn hluthafi getur þó farið með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í félaginu, utan sjálfseignarstofnunarinnar SPRON-sjóðsins ses. sem fer með atkvæðisrétt í samræmi við hlutafjáreign sína. Ákvæði um hámark atkvæðavægis eru samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og gilda jafnt um sparisjóði sem og sparisjóð sem breytt hefur verið í hlutafélag í samræmi við framangreind lög. Heildaratkvæðamagn er skilgreint í lögnum sem heildaratkvæðamagn að frádrægnum atkvæðum samkvæmt þeim hlutum sem sparisjóður á sjálfur, en eigin hlutir félagsins njóta ekki atkvæðisréttar.

Vegna skerðingar atkvæða samkvæmt framansögðu fylgdi atkvæðisréttur einungis 89,44% virkra hluta samkvæmt hlutaskrá 18.október síðastliðinn. Fyrir vikið er atkvæðavægi hluthafa meira en sem nemur hlutfallslegri eign þeirra í félaginu eða 5% hámarksatkvæðavægi.

Þann 18. október 2007 voru hluthafar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis 1.696 talsins.

Almennir hluthafar áttu 75,03% heildarhlutafjár en 24,97% voru í eigu hluthafa sem áttu yfir 10%, stjórnarmanna, lykilstjórnenda og fjárhagslega tengdra aðila. Tíu stærstu hluthafarnir áttu 55,15% útgefna hluta, 55,19% virkra hluta og fóru með 49,90% atkvæða. Tuttugu stærstu áttu samanlagt 64,78% útgefna hluta, 64,83% virkra hluta og fóru með 60,67% atkvæða.

Hlutaskrá 18. október 2007

Hluthafi	Fjöldi útgefinna hluta	Hlutfall útg. hluta af virkum hlutum	Hlutfall atkvæða af virkum hlutum	Atkvæða- vægi
SPRON - sjóðurinn ses.	750.000.000	15,00%	15,00%	16,77%
Eik Banki	422.450.084	8,45% *	5,00%	5,59%
Tuscon Partners Corporation	340.642.702	6,81% *	5,00%	5,59%
Imis ehf.	340.575.859	6,81% *	5,00%	5,59%
Vátryggingafélag Íslands hf.	213.135.934	4,26% **	2,51%	2,81%
Kaupþing banki hf.	211.444.508	4,23% **	2,49%	2,78%
14 ehf.	155.684.166	3,11%	3,11%	3,48%
Sundagarðar hf.	128.356.959	2,57%	2,57%	2,87%
Dexter Fjárfestingar ehf.	99.263.808	1,99%	1,99%	2,22%
Birkir Baldvinsson hf.	97.973.532	1,96%	1,96%	2,19%
<b>Samtals 10 stærstu hluthafar</b>	<b>2.759.527.552</b>	<b>55,19%</b>	<b>44,63%</b>	<b>49,90%</b>
Fari ehf.	95.946.622	1,92%	1,92%	2,15%
Insolidum ehf.	61.577.358	1,23%	1,23%	1,38%
Víkur ehf.	60.574.035	1,21%	1,21%	1,35%
Guðmundur Örn Hauksson	54.090.713	1,08%	1,08%	1,21%
Arol ehf.	48.295.181	0,97%	0,97%	1,08%
Mínerva ehf.	39.924.513	0,80%	0,80%	0,89%
Norræna Fjárfestingarfélag ehf.	35.576.385	0,71%	0,71%	0,80%
Merla ehf.	31.315.789	0,63%	0,63%	0,70%
Guðmundur Kristinsson	27.728.679	0,55%	0,55%	0,62%
Svellhamar ehf.	26.817.349	0,54%	0,54%	0,60%
<b>Samtals 20 stærstu hluthafar</b>	<b>3.241.374.176</b>	<b>64,83%</b>	<b>54,26%</b>	<b>60,67%</b>
<b>Samtals 1676 aðrir hluthafar</b>	<b>1.758.628.105</b>	<b>35,17%</b>	<b>35,17%</b>	<b>39,33%</b>
<b>Samtals virkir hlutir 1696 hluthafa</b>	<b>5.000.002.281</b>	<b>100,00%</b>	<b>89,44%</b>	<b>100,00%</b>
<b>SPRON hf. - Eigin hlutir</b>	<b>3.997.719</b>	<b>***</b>		
<b>Samtals</b>	<b>5.004.000.000</b>	<b>100,00%</b>	<b>89,44%</b>	<b>100,00%</b>

\* Einstökum hluthafa er að hámarki heimilt að fara með 5% af heildaratkvæðamagni

\*\* Vátryggingafélagi Íslands hf. og í Kaupþingi banka hf. er heimilað að fara samanlagt með 5% af heildaratkvæðamagni, þar sem sami aðili, Exista hf., á yfir 20% hlut í báðum félögum

\*\*\* Eigin hlutir njóta ekki atkvæðisréttar

Stærsti hluthafinn, SPRON-sjóðurinn ses., á 15,00% virkra hluta og hefur 16,77% atkvæðavægi. Stefna sjóðsins er að beita sér ekki eða hafa áhrif á stjórn SPRON að öllu jöfnu. Stjórn sjóðsins stefnir að því að minnka hlut sinn á komandi árum og langtímamarkmið sjóðsins er að hlutabréfaeign í SPRON nemi ekki meira en 5%. Sjóðurinn er tilbúinn til að selja allt að 4,8% hlut á fyrsta viðskiptadegi með það að markmiði að stuðla að virkri verðmyndun á markaði.

Annar stærsti hluthafinn er Eik Banki sem skráður er á OMX ICE. Hann á 8,45% virkra hluta og fer með 5,59% atkvæða, sem miðað við hlutaskrá 18. október síðastliðinn er mesta atkvæðavægi annarra hluthafa en SPRON-sjóðsins ses. Næstu tveir hluthafar eiga hvor um sig 6,81% virkra hluta og fer hvor með 5,59% atkvæða. Þessir hluthafar eru Tuscon Partners Corporaton sem er í eigu Stefáns Gunnarssonar (ráðandi hlutur) og fleiri aðila og Imis ehf. sem er í eigu Skúla Þorvaldssonar.

Fimmti stærsti hluthafinn er Vátryggingafélag Íslands hf. sem á 4,26% virkra hluta en fer með 2,81% atkvæða. Sjötti stærsti hluthafinn er Kaupþing banki hf., en hann á 4,23% virkra hluta og fer með 2,78% atkvæða. Atkvæðavægi Vátryggingafélags Íslands hf. og Kaupþings banka hf. er skert í samtals 5,59% í ljósi þess að Exista hf. á yfir 20% eignarhlut í báðum félögum, en Vátryggingafélagið er að fullu í eigu Exista hf. sem er stærsti hluthafi Kaupþings banka hf. Exista hf. og Kaupþing banki hf. eru skráð á OMX ICE.

SPRON er ekki kunnugt um samkomulag á milli hluthafa um meðferð atkvæða. Skráðir hluthafar eru einu aðilarnir sem SPRON er kunnugt um að eigi eða ráði félaginu beint eða óbeint.

## Frekari upplýsingar um hlutina sem fyrirhugað er að skrá

### Tegund og flokkur hlutabréfanna sem á að skrá

Allt útgefið hlutafé í félaginu tilheyrir sama flokki og njóta hluthafar sömu réttinda. Bréfin eru gefin út í íslenskum krónum. Hlutabréfin hafa verið gefin út í samræmi við lög nr. 2/1995 um hlutafélög og eru gefin út á nafn og kennitölu hluthafa. Í 1. mgr. 6. gr. samþykktu útgefanda er heimilað að gefa út hlutabréfin með rafrænum hætti í verðbréfamistöð í samræmi við ákvæði laga nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Hlutabréfin eru gefin út rafrænt hjá VBSÍ. Auðkenni hlutabréfanna hjá VBSÍ er SPRON og ISIN-númer hlutabréfanna er IS0000010932. Vegna fyrirhugaðrar skráningar á aðalmarkað Kauphallar hefur stjórn útgefanda óskað eftir að auðkenni útgefanda hjá OMX ICE verði SPRON.

### Réttindi

Allt útgefið hlutafé í útgefanda tilheyrir sama flokki hluta. Hlutafé er allt jafn rétthátt. Engin sérréttindi fylgja hlutum í útgefanda og engar hömlur eru á viðskiptum með hluti útgefanda. Eigendur hluta í útgefanda hafa rétt á að neyta atkvæðisréttar á hluthafafundum, sbr. þó takmarkanir á því sem lýst er síðar í þessari útgefandalyngingu, fá greiddan arð frá útgefanda, hafa forgangsrétt til að skrá sig fyrir nýjum hlutum í réttu hlutfalli við hlutfjáreign sína við hækkun hlutfjár útgefanda (nema þeir hafi afsalað sér slíkum rétti) og eiga rétt á að fá greitt af eignum útgefanda við slit eða gjaldþrot þess í samræmi við hlutfjáreign, nema samþykktir kveði á um aðra skipan. Hluthafar þurfa ekki að sæta innlausn á hlutum sínum nema lög standi til annars. Réttindi hluthafa í útgefanda eru háð gildandi löggjöf og samþykktum félagsins á hverjum tíma.

### Arðgreiðslur

Arðgreiðslustefna SPRON er að greiða 20-50% hagnaðar til hluthafa í formi arðs, með hliðsjón af eiginfjárstöðu á hverjum tíma. Hluthafafundur tekur ákvörðun um úthlutun arðs eftir að félagsstjórn hefur lagt fram tillögu þess efnis. Samkvæmt samþykktum félagsins skal aðalfundur haldinn fyrir lok júní ár hvert.

Í 6. gr. samþykktu félagsins er kveðið á um að hlutaskrá útgefanda skuli skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í útgefanda og skal arður á hverjum tíma sendur til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutar í hlutaskrá útgefanda og firrir félagið sig ábyrgð á því að ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna útgefanda um eigenda- eða aðsetursskipti.

Gjalddagi arðs skal eigi vera síðar en sex mánuðum eftir að ákvörðun um úthlutun hans hefur verið tekin. Hafi hluthafi ekki fengið greiddan arð sem hann á rétt á, getur hann vitjað hans á skrifstofu útgefanda innan fjögurra ára frá gjalddaga, en samkvæmt lögum nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda fyrnist réttur til arðs á fjórum árum frá gjalddaga. Vitji hluthafi ekki arðs innan þess tíma fellur arðurinn til útgefanda.

### Takmarkanir á rétti til arðs

Útgefandi er bundinn af ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög varðandi fjárhæð sem félaginu heimilt er að ráðstafa til hluthafa í formi arðgreiðslna. Samkvæmt 1. mgr. 99. gr. laganna er einungis heimilt að úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum eftir að dregið hefur verið frá tap sem ekki hefur verið jafnað og það fé sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða til annarra þarfa. Samkvæmt 1. mgr. 101. gr. laganna tekur hluthafafundur ákvörðun um úthlutun arðs eftir að félagsstjórn hefur lagt fram tillögur um það efni. Ekki má ákveða að úthluta meiri arði en félagsstjórn leggur til eða samþykkir.

### Eignarréttindi og framsal hluta

Engar hömlur eru á viðskiptum með hluti í útgefanda. Hluti í útgefanda má selja og veðsetja nema annað leiði af lögum. Það skal þó hafa hugfast að einstakir hluthafar geta samið um það sín á milli að meðferð á hlutum þeirra sé takmörkunum háð. Hluthafi getur ekki nýtt réttindi sín samkvæmt hlut nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá félagsins eða hann hafi fært sönnur á eign sína að hlutum.

Þegar hlutur hefur verið að fullu greiddur skal hluthafi fá rafbréf útgefið í verðbréfamiðstöð og eignarréttindi skráð yfir því og veitir sú skráning hluthafa þau réttindi sem samþykktir útgefanda og lög mæla fyrir um á hverjum tíma. Um rafræna eignarskráningu verðbréfa gilda lög nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa og reglugerð nr. 397/2000, sem er sett með stöð í þeim lögum. Óheimilt er að gefa út viðskiptabréf fyrir skráðum réttindum samkvæmt rafbréfi eða framselja þau og eru slík viðskipti ógild.

Útrentun frá verðbréfamiðstöð um eignarhald á hlutum í félaginu telst fullnægjandi grunnur að hlutaskrá. Gagnvart félaginu skal hlutaskráin skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu. Jöfnunarhlutir, fundarboð og tilkynningar skulu sendar til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutar í hlutaskrá félagsins. Félagið tekur enga ábyrgð á því ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna félaginu um eiganda- eða aðsetursskipti. Réttindi að rafbréfum skal skrá í verðbréfamiðstöð ef þau eiga að njóta réttarverndar gegn fullnustugerðum og ráðstöfunum með samningi.

Aðeins þeir aðilar, sem gert hafa aðildarsamning við verðbréfamiðstöð geta haft heimild til milligöngu um eignarskráningu eða aðgang að verðbréfamiðstöðinni (reikningsstofnun). Skráning í verðbréfamiðstöð fyrir milligöngu reikningsstofnunar jafngildir tilkynningu til félagsins. Eigandi rafbréfs velur sér reikningsstofnun sem hefur milligöngu um eignarskráningu á rafbréfi á reikninga í hans nafni. Eignarskráning rafbréfs í verðbréfamiðstöð, að undangenginni lokafærslu verðbréfamiðstöðvar, veitir skráðum eiganda þess lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að og skal gagnvart útgefanda jafngilda skilríki um eignarrétt að rafbréfinu. Forgangsröð ósamrýmanlegra réttinda ræðst af því hvenær beiðni reikningsstofnunar um skráningu þeirra berst í verðbréfamiðstöð.

## Atkvæðisréttur

Eitt atkvæði fylgir hverri krónu nafnverðs. Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn.

Samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. 75. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki er einstökum hluthöfum í sparisjóði aldrei heimilt, fyrir sjálfs sín hönd eða annarra, að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni, hvort sem yfirráð yfir atkvæðisrétti byggjast á beinni eða óbeinni eignarhlutdeild.

Í tulkun Fjármálaeftirlitsins á 3. mgr. 70. gr. og 1. mgr. 75. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki varðandi atkvæðisrétt í sparisjóðum segir að telja verði að einstökum stofnfjáreiganda sé aldrei heimilt, einum sér eða í samstarfi við aðra aðila, þ.e. beint eða óbeint, að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði.

Í 2. mgr. 75. gr. laga nr. 161/2002 er þó kveðið á um það að sjálfseignarstofnun fari þó með atkvæðisrétt í samræmi við hlutafjäreign sína. SPRON-sjóðurinn ses, sem settur hefur verið á fót skv. 76. gr. laga nr. 161/2002, fer því með atkvæðisrétt í samræmi við hlutafjäreign sína á hverjum tíma, sbr. 1. mgr. 13. gr. samþykktu útgefanda.

Nánar er fjallað um skerðingu atkvæðisréttar einstakra hluthafa hér að framan.

## Forgangsréttur til áskriftar við hækkun hlutafjár

Hluthafar hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjäreign sína. Hluthafar geta þó afsalað sér slíkum rétti samkvæmt 3. mgr. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

## Lögbundin yfirtökutilboð

Samkvæmt VI. kafla laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti er kveðið á um skyldu aðila sem hefur, beint eða óbeint náð yfirráðum í félagi sem hefur fengið skráningu fyrir einn eða fleiri flokka hlutabréfa á skipulegum verðbréfamarkaði, skal hann gera öðrum hluthöfum félagsins yfirtökutilboð.

Með yfirráðum er átt við að aðili og þeir sem hann er í samstarfi við: Hafi samanlagt eignast a.m.k. 40% atkvæðisréttar í félaginu, hafi á grundvelli samnings við aðra hluthafa rétt til að ráða yfir sem nemur a.m.k. 40% atkvæða í félaginu, eða hafi öðlast rétt til þess að tilnefna eða setja af meiri hluta stjórnar í félaginu.

Yfirtökutilboðið skal vera sett fram eigi síðar en fjórum vikum eftir að yfirráðum var náð. Tilboðsgjafi skal bjóða öllum hluthöfum sem eiga hluti í sama hlutaflokki sömu skilmála. Verð það sem sett er fram í yfirtökutilboði skal a.m.k. svara til hæsta verðs sem tilboðsgjafi eða aðilar sem hann er í samstarfi við hafa greitt fyrir hluti sem þeir hafa eignast í viðkomandi félagi síðustu sex mánuði áður en tilboð var sett fram. Tilboðsverð skal þó að lágmarki



vera jafnhátt og síðasta viðskiptaverð hluta í viðkomandi félagi daginn áður en tilboðsskylda myndaðist eða tilkynnt var um fyrirhugað tilboð.

Á þeim tíma sem félagið hlýtur skráningu er enginn einstakur hluthafi sem fer með yfirráð í félaginu samkvæmt ofangreindri skilgreiningu á yfirráðum.

Samkvæmt 2. másl. 1. mgr. 75. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki er einstökum hluthöfum í sparisjóði sem breytt hefur verið í hlutafélag aldrei heimilt, fyrir sjálfs sín hönd eða annarra, að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni, hvort sem yfirráð yfir atkvæðisrétti byggjast á beinni eða óbeinni eignarhlutdeild. Ákvæði þetta um atkvæðatakmarkun torveldar möguleika á yfirtöku.

## Opinbert yfirtökutilboð

Hluthöfum útgefanda hefur ekki borist yfirtökutilboð frá þriðja aðila í hluti þeirra í félaginu, hvorki á yfirstandandi fjárhagsári né á síðastliðnu fjárhagsári.

## Innlausn í tengslum við yfirtökutilboð

Í VI. kafla laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti er kveðið á um það ef hluthafi, sem sett hefur fram yfirtökutilboð og þeir aðilar sem hann er í samstarfi við, eignast meira en 9/10 hlutafjár eða atkvæðisréttar í félagi í yfirtökutilboði getur tilboðsgjafinn og stjórn félagsins í sameiningu ákveðið að aðrir hluthafar í félaginu skuli sæta innlausn tilboðsgjafans á hlutum sínum. Ef tilboðsgjafi fer fram á innlausn innan þriggja mánaða frá lokum tilboðstímabils skal verð sem boðið var í tilboði teljast vera sanngjarnt innlausnarverð nema ákvæði 3. mgr. 40. gr. áðurnefndra laga eigi við.

Að sama skapi getur hver einstakur hluthafi minni hlutans krafist innlausnar hjá tilboðsgjafanum og gilda þá sömu reglur um innlausnarverð.

## Innlausn skv. lögum nr. 2/1995 um hlutafélög

Ef hluthafi á meira en 9/10 hlutafjár í félagi og ræður yfir samsvarandi atkvæðamagni getur hluthafinn og stjórn félagsins í sameiningu ákveðið að aðrir hluthafar í félaginu skuli sæta innlausn hluthafans á hlutum sínum. Eins getur hver einstakur af minni hluta hluthafa krafist innlausnar hjá þeim hluthafa.

Á þeim tíma sem félagið hlýtur skráningu fer enginn einstakur hluthafi með 9/10 hlutafjár eða atkvæðisréttar í félaginu.

Samkvæmt 2. másl. 1. mgr. 75. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki er einstökum hluthöfum í sparisjóði sem breytt hefur verið í hlutafélag aldrei heimilt, fyrir sjálfs sín hönd eða annarra, að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni, hvort sem yfirráð yfir atkvæðisrétti byggjast á beinni eða óbeinni eignarhlutdeild. Ákvæði þetta um atkvæðatakmarkun torveldar möguleika á yfirtöku.

## Safnskráning

Reglur um varðveislu fjármálagerninga á safnreikningum er að finna í lögum nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti, lögum nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa og lögum nr. 2/1995 um hlutafélög.

Í 11. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti kemur fram að fjármálafyrirtæki sem er heimilt að varðveita fjármálagerninga í eigu viðskiptavina sinna getur varðveitt þá á sérstökum reikningi (safnreikningi) og tekið við greiðslum fyrir hönd viðskiptavina sinna frá einstökum útgefendum fjármálagerninga, enda hafi fjármálafyrirtækið gert viðskiptavinum grein fyrir réttaráhrifum þess og hann veitt samþykki sitt. Fjármálafyrirtæki ber að halda skrá yfir hlut hvers viðskiptavinar fyrir sig samkvæmt þessari grein. Komi til þess að bú fjármálafyrirtækis sé tekið til gjaldþrotaskipta eða greiðslustöðvun samþykkt, fyrirtækinu sé slitið eða sambærilegar ráðstafanir gerðar, getur viðskiptavinur á grundvelli áðurnefndrar skrár tekið fjármálagerninga sína út af safnreikningi, enda sé ekki ágreiningur um eignarhald.

Í 31. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög er kveðið á um að eigandi hlutar getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi, nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutum. Þetta á þó ekki við um rétt til arðs eða annarrar greiðslu og rétt til nýrra hluta við hækkun hlutafjár. Í samræmi við þetta hefur hluthafi ekki atkvæðisrétt á hluthafafundum nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá félagsins. Hið

sama gildir um fjármálafyrirtæki sem hafa heimild til safnskráningar þar sem hluthafinn hefur ekki þau réttindi að geta veitt einhverjum umboð til að fara með atkvæðisréttinn. Hlutum sem skráðir eru safnskráningu fylgir því ekki atkvæðisréttur á hluthafafundum. Það að hlutabréf séu skráð safnskráningu undanþiggur ekki viðkomandi hluthafa frá reglum laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti um flöggunarskyldu. Hlutir í eigu aðila sem varðveittir eru á safnreikningi skulu taldir með við afmörkun á því hvort tiltekin viðskipti séu flöggunarskyld.

## Slit eða skipti á félaginu

Í samræmi við 23. gr. samþykktu útgefanda skal fara með tillögur um slit og skipti eins og um breytingar á samþykktum. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé útgefanda til að ákvörðun um slit sé gild. Hluthafafundur sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda.

Að öðru leyti skulu slit, skipting eða samruni útgefanda við annað félag fara fram í samræmi við XIII. og XIV. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

## Skattamál

Skattaleg meðferð hluta í útgefanda fer eftir gildandi skattalögum á hverjum tíma. Fjárfestum er ráðlagt að leita sér ráðgjafar hjá óháðum sérfræðingi í skattamálum um það hvaða skattalegu afleiðingar fjárfesting í hlutabréfum í útgefanda kann að hafa í för með sér.

Hlutabréf í útgefanda eru stimpilskyld og greiðir félagið stimpilgjöld af þeim bréfum sem kunna að vera gefin út.

Félaginu er skylt að halda eftir staðgreiðsluskatti af arðgreiðslum til hlutahafa, sbr. 2. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 5. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Gagnvart íslenskum aðilum, öðrum en þeim sem eru undanþegnir greiðslu fjármagnstekjuskatts, er litið á staðgreiðsluna sem fullnaðargreiðslu.

Hvað varðar aðila sem búsettir eru erlendis, þarf að kanna hvort til staðar sé tvísköttunarsamningur við það ríki sem viðkomandi aðili er búsettur í og, ef svo er, þarf að kanna hvort aðilinn sé skattskyldur á Íslandi.

Söluhagnaður af bréfum í félaginu er skattskyldur á Íslandi.

Hvað varðar aðila sem búsettir eru erlendis, þarf að kanna hvort það sé til staðar tvísköttunarsamningur við það ríki sem viðkomandi aðili býr í, og ef svo er, þarf að kanna hvort ríkið á rétt á að skattleggja söluhagnaðinn.

## 10. FJÁRHAGSUPPLÝSINGAR

Hér á eftir er umfjöllun um þróun reksturs og efnahags SPRON árin 2004-2006 og fyrstu sex mánuði ársins 2007.

Umfjöllun um árin 2004-2006 er samkvæmt endurskoðuðum ársreikningum fyrir samstæðu sparisjóðsins SPRON fyrir breytingu hans í hlutafélag sem framkvæmd var með sameiningu sparisjóðsins við hlutafélagið SPRON hf. og miðuð við 1. apríl 2007.

Umfjöllun um fyrstu sex mánuði ársins 2007 er samkvæmt endurskoðuðum árshlutareikningi samstæðu hlutafélagsins SPRON hf. þar sem rekstrarreikningur tekur til hinna sameinuðu félaga frá og með 1. janúar 2007 en efnahagsreikningur tekur til stofnefnahags hinna sameinuðu félaga þann 1. apríl 2007 og efnahags þeirra í lok tímabilsins. Samanburðartölur fyrir rekstur fyrstu sex mánuði ársins 2006 eru úr könnuðu árshlutauppgjöri fyrir sparisjóðinn SPRON og eru að fullu samanburðarhæfar þar sem hlutafélagið SPRON hf. var á þeim tíma dótturfélag sparisjóðsins og því hluti af samstæðuuppgjöri. Samanburðartölur fyrir efnahag í árslok 2006 eru á sama hátt úr endurskoðuðum ársreikningi fyrir samstæðu sparisjóðsins SPRON þar sem allir liðir eru samanburðarhæfir nema þegar kemur að sundurliðun eiginfjár.

Ársreikningar fyrir árin 2005-2006 og árshlutareikningur fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2007 eru gerðir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Ársreikningur fyrir árið 2004 var gerður samkvæmt IS GAAP en í ársreikningi fyrir árið 2005 var samanburðartölum ársins 2005 breytt til samræmis við uppgjörsaðferðir ársins 2005 og eru þær samanburðartölur notaðar í umfjöllun um árið 2004 sem hér fer á eftir.

SPRON gerir ráð fyrir að birta uppgjör fyrstu níu mánaða yfirstandandi árs í viku 45 árið 2007 og að ársuppgjör fyrir árið 2007 verði birt í viku 6 árið 2008..

### Reikningsskil

Samstæðureikningsskil SPRON samstanda af reikningsskilum félagsins og dótturfélaga hans. Dótturfélög 30.06.2007 voru Frjálsi fjárfestingarbankinn hf., nb.is - sparisjóður hf., SPRON verðbréf hf., Rekstrarfélag SPRON hf., Steinsnes ehf. og SPRON Factoring hf.

Ársreikningarnir eru gerðir í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Ársreikningar fyrir árin 2002-2004 eru byggðir á kostnaðarverðsreikningsskilum en SPRON hætti að verðleiðrétta ársreikninga í árslok 2001 í samræmi við lög þar að lútandi.

Ársreikningur árið 2005 er í fyrsta skipti gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og var IFRS 1 *Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla* beitt við gerð hans. Nánari útlístan á á framkvæmd innleiðingarinnar og áhrifa hennar er að finna í skýringum með ársreikningi fyrir árið 2005, sérstaklega í skýringum nr.1-3, 9-10, 26, 29 og 84.

## Fjárhagsupplýsingar SPRON fyrstu sex mánuði ársins 2007

### Rekstur

Rekstur SPRON gekk vel á fyrstu 6 mánuðum ársins 2007. Hagnaður tímabilsins var 10,1 milljarðar króna sem er 285,6% aukning samanborið við sama tímabil árið 2006. . Meðfylgjandi tafla sýnir rekstrarafkomu SPRON fyrir fyrstu sex mánuði árána 2006 og 2007.

## Rekstrartekjur

Hreinar rekstrartekjur námu tæpum 15 milljörðum króna fyrstu sex mánuði ársins og jukust um tæp 192% frá sama tímabili árið 2006. Gengishagnaður og hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага er meginuppistaðan í rekstrartekjunum enda hækkuðu hlutabréf töluvert á tímabilinu, en til samanburðar hækkaði úrvalsvísitalan um 29,5% á fyrstu sex mánuðum ársins.

Vaxtatekjur jukust um 33% samanborið við fyrstu sex mánuði ársins 2006. Vaxtagjöld hækkuðu hins vegar um rúm 51% og hreinar vaxtatekjur lækkuðu því á milli tímabila um tæp 34% og skýrist aðallega í auknum lántökum SPRON til að mæta stækkun efnahagsreikningsins. Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð miðað við virka vexti. Hreinar þjónustutekjur jukust um rúm 9% miðað við sama tímabil á árinu 2006.

Vaxtamunur var 1,1% fyrstu sex mánuði ársins 2007 samanborið við 2,5% á sama tímabili 2006. Rekja má lækkun á vaxtamun mestmegnis til þess að á fyrri hluta árs 2006 átti SPRON töluvert af verðtryggðum eignum umfram verðtryggðar skuldir sem skapaði verðbótatekjur þar sem verðbólguþig var hátt á þessu tímabili. Þar sem verðbólga var tiltölulega lág á fyrstu sex mánuðum ársins 2007 og stýrivextir Seðlabanka Íslands háir var óhagstætt að fjármagna verðtryggð útlán með óverttryggðu skammtíma lánsfjármagni. Skammtímaáhrif þessa kemur m.a. fram í lægri vaxtamun.

Aðrar rekstrartekjur rúmlega fjórfölduðust fyrstu sex mánuði ársins samanborið við sama tímabil árið áður. Tæplega 70% teknanna koma til vegna gengishagnaðar hlutabréfa og vegur hagnaður vegna Exista þar þyngst. Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага myndar rúmlega 25% teknanna og er Kista þar fyrirferðamest með tæplega 70% og Icebank þar á eftir með um 30% en áhrif annarra hlutdeildarféлага voru óveruleg á tímabilinu.

Rekstrarreikningur (ISK '000)	2006 1.1-30.6	2007 1.1-30.6	Breyting %
Vaxtatekjur	7.674.833	10.208.247	33,0%
Vaxtagjöld	-6.018.060	-9.108.788	51,4%
<b>Hreinar vaxtatekjur</b>	<b>1.656.773</b>	<b>1.099.459</b>	<b>-33,6%</b>
Þjónustutekjur	643.882	861.897	33,9%
Þjónustugjöld	-148.168	-319.921	115,9%
<b>Hreinar þjónustutekjur</b>	<b>495.714</b>	<b>541.976</b>	<b>9,3%</b>
Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum	2.359.893	9.937.504	321,1%
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	408.171	3.251.936	696,7%
Ýmsar rekstrartekjur	210.129	143.100	-31,9%
<b>Aðrar rekstrartekjur samtals</b>	<b>2.978.193</b>	<b>13.332.540</b>	<b>347,7%</b>
<b>Hreinar rekstrartekjur</b>	<b>5.130.680</b>	<b>14.973.975</b>	<b>191,9%</b>
Laun og launatengd gjöld	-883.396	-1.217.901	37,9%
Annar rekstrarkostnaður	-866.383	-1.234.010	42,4%
Afskriftir	-44.380	-70.459	58,8%
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>-1.794.159</b>	<b>-2.522.370</b>	<b>40,6%</b>
Virðisryrnun útlána	-233.690	-284.507	21,7%
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b>	<b>3.102.831</b>	<b>12.167.098</b>	<b>292,1%</b>
Tekjuskattur	-475.766	-2.038.268	328,4%
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	<b>2.627.065</b>	<b>10.128.830</b>	<b>285,6%</b>

Aðrar rekstrartekjur ISK '000	2006 1.1-30.6	2007 1.1-30.6	Breyting %
Arðstekjur	464.008	860.080	85,4%
Hreinar tekjur af sölu fjáreigna	151.976	0	-100,0%
Hreinar tekjur af veltufjáreignum og skuldun	-78.125	1.095.127	1501,8%
Hreinar tekjur af fjáreignum á gangvirði	1.829.003	7.919.224	333,0%
Hreinn gjaldeyrismunur	145.007	63.073	-56,5%
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	408.171	3.251.936	696,7%
Aðrar rekstrartekjur	58.153	143.100	146,1%
<b>Samtals</b>	<b>2.978.193</b>	<b>13.332.540</b>	<b>347,7%</b>

## Rekstrargjöld

Rekstrarkostnaður SPRON jókst um tæplega 41% á fyrstu sex mánuðum 2007 samanborið við sama tímabil árið áður. Laun og launatengd gjöld eru stærsti kostnaðarliðurinn og jukust þau um tæp 38% á tímabilinu miðað við fyrstu sex mánuðina árið 2006. Hækkunin skýrist af fjölgun stöðugilda um 11% frá sama tímabili ársins 2006 áætluðum bónusgreiðslum vegna góðrar afkomu, launahækkunum vegna mikillar samkeppni um hæft fólk á

fjármálamarkaði og fjölgunar sérfræðinga í starfi hjá SPRON. Virðisrýrnun útlána hækkaði um tæp 22% milli tímabilanna og skýrist að mestu af aukningu útlána.

## Starfspáttayfirlit

SPRON skiptir meginstarfsemi sinni í tvo starfspætti. Viðskiptabankastarfsemi felst í almennri þjónustu við viðskiptavinum, innlánnum, útlánnum og fjármálaráðgjafar til einstaklinga og fyrirtækja. Undir viðskiptabankastarfsemi fellur útibúanet SPRON, kortasvið, Frjálsi fjárfestingarbankinn, nb.is-sparisjóður hf. (Netbankinn) og SPRON factoring. Undir Fjárfestingabankastarfsemi falla fjárfestingar, SPRON verðbréf, og SPRON fjárstýring. Sjá má skiptingu tekna, eigna og skulda niður á þessa meginþætti í meðfylgjandi töflu.

Ef horft er til afkomu félagsins án fjárfestingabankastarfsemi, þ.e. grunnrekstrar, er hagnaður fyrir skatta 2.174 milljónir króna fyrstu sex mánuði 2007. Við útreikning á afkomu grunnrekstrar eru rekstrarliðir vegna fjárfestinga bakfærðir, þar með talinn gengismunur, en á móti eru vaxtatekjur leiðréttar sem nemur kostnaði samstæðunnar af því að liggja með hlutabréfa og skuldabréfastöðum. Miðað er við að þeir fjármunir sem eru bundnir í fjárfestingum væru ávaxtaðir á millibankavöxtum.

Starfspáttayfirlit 30.06.2007 (ISK '000)	Viðskiptabanka- starfsemi	Fjárfestingabanka- starfsemi	Milli- færslur	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	1.519	-419		1.100
Hreinar þjónustutekjur	343	199		542
Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum	176	13.368	-355	13.189
Aðrar rekstrartekjur	119	228	-204	143
<b>Hreinar rekstrartekjur</b>	<b>2.157</b>	<b>13.376</b>	<b>-559</b>	<b>14.974</b>
Rekstrargjöld	-1.524	-1.202	204	-2.522
Virðisrýrnun útlána	-265	-20		-285
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	<b>368</b>	<b>12.154</b>	<b>-355</b>	<b>12.167</b>
				0
Hreinar rekstrartekjur frá þriðja aðila	4.089	11.315	-355	15.049
Hreinar rekstrartekjur innan samstæðu	-1.932	2.061	-204	-75
<b>Hreinar rekstrartekjur</b>	<b>2.157</b>	<b>13.376</b>	<b>-559</b>	<b>14.974</b>
<b>Heildareignir</b>	<b>138.142</b>	<b>134.679</b>	<b>-64.293</b>	<b>208.528</b>
Skuldir	127.203	109.692	-64.322	172.573
Úthlutað eigið fé	10.939	24.987	29	35.955
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>138.142</b>	<b>134.679</b>	<b>-64.293</b>	<b>208.528</b>

## Efnahagur

Heildareignir SPRON jukust um 13,0% frá árslokum 2006. Mesti vöxturinn var í hlutdeildarfélögum, þar sem eign SPRON rúmlega tvöfaldaðist á tímabilinu, sem að hluta til er vegna tilfærslu innan efnahagsreiknings SPRON. Skýringin er sú að hluti af eignarhlut SPRON í Exista var seldur til Kistu fjárfestingafélags, hlutdeildarfélags SPRON. og hefur efnahagsreikningur Kistu fjárfestingafélags jafnframt stækkað.

Fyrir breytingu sparisjóðsins SPRON í hlutafélag var hlutafélagið SPRON dótturfélag sparisjóðsins og því hluti af samstæðuuppgjöri sparisjóðsins. Samstæðureikningar hlutafélagsins SPRON eftir sameingu sparisjóðsins við hlutafélagið er því að fullu samanburðarhæfur við samstæðureikninga sparisjóðsins SPRON fyrir sameiningu nema þegar kemur að sundurliðun eiginfjár. SPRON gaf bæði út samstæðureikning fyrir fyrstu sex mánuði 2007 fyrir sparisjóðinn og hlutafélagið og þegar efnahagsreikningar þeirra þann 30. júní eru bornir saman þá sést að hjá núverandi samstæðu skiptist 35.926 milljóna króna eigið fé í útistandandi hlutafé að nafnvirði 5.000 milljónir króna, lögbundinn varasjóð að upphæð 1.250 milljónir króna og óráðstafað eigið fé að upphæð 29.676 milljónir króna, en

hjá samstæðu sparisjóðsins skiptist eigið fé í stofnfé 20.902 milljónir króna og varasjóð 15.024 milljónir króna og nam samtals 35.926 milljónum króna eins og eftir breytingu SPRON í hlutafélag.

## Eignir


### Útlán

Útlán SPRON til viðskiptamanna námu 138,2 milljörðum króna í lok júní 2007 samanborið við 128,3 milljarða króna í upphafi árs og jukust því um 7,7% á tímabilinu. Skuldabréfalán, sem nema 85,6% af heildarútlánum, jukust um 7,1% á tímabilinu en önnur lán jukust um 12,5% og er þar um að ræða yfirdráttarlán, framkvæmdalán, bílalán og kröfukaupalán, auk víxla. Erlend útlán námu 39,6 milljörðum króna um mitt ár 2007 eða tæpum 29% af heildarútlánum til viðskiptamanna. Útlánasafn SPRON er sterkt og um 80% útlána eru með veði í fasteignum.


Stærsti hluti útlána SPRON er til einstaklinga og námu þau 61,1% af heildarútlánum í lok júní 2007. Stærsti hluti útlána til einstaklinga eru skuldabréf og gengisbundin lán. Hlutdeild neyslulána í heildarútlánasafni SPRON hefur minnkað jafnt og þétt frá árinu 2002 og nemur nú undir 7% af heildarútlánum SPRON. Sjá meðfylgjandi myndir.

Efnahagsreikningur (ISK '000)	31.12.2006	30.06.2007	Breyting %
Sjóður og óbundnar innstæður í Seðlabanka	2.431.770	720.569	-70,4%
Kröfur á lánastofnanir	7.222.687	10.047.435	39,1%
Útlán til viðskiptamanna	128.295.508	138.236.683	7,7%
Veltufjáreignir	20.313.026	27.200.353	33,9%
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	16.748.891	14.690.730	-12,3%
Hlutdeildarfélag	4.580.324	12.965.799	183,1%
Ófnislegar eignir	1.675.490	1.810.659	8,1%
Rekstrarfjármunir	992.188	1.149.934	15,9%
Fastafjármunir til sölu	104.892	303.145	189,0%
Aðrar eignir	2.135.768	1.402.742	-34,3%
<b>Eignir samtals</b>	<b>184.500.544</b>	<b>208.528.049</b>	<b>13,0%</b>
Innlán frá fjármálafyrirtækjum og Seðlabanka	11.523.899	3.062.889	-73,4%
Almenn innlán	56.592.406	66.634.892	17,7%
Veltufjárskuldir	360.850	437.578	21,3%
Lántökur	69.642.032	88.633.510	27,3%
Víkjandi lán	5.216.371	5.310.751	1,8%
Lífeyrisskudlbinding	646.411	704.319	9,0%
Skattskuldir	3.012.594	5.083.267	68,7%
Aðrar skuldir	2.731.076	2.705.823	-0,9%
<b>Skuldir samtals</b>	<b>149.725.639</b>	<b>172.573.029</b>	<b>15,3%</b>
Stofnfé / Hlutafé	19.453.815	5.000.000	-74,3%
Varasjóður	15.292.045	1.250.000	-91,8%
Óráðstafað eigið fé	-	29.675.812	-
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>34.745.860</b>	<b>35.925.812</b>	<b>3,4%</b>
Hlutdeild minnihluta	29.045	29.208	0,6%
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>34.774.905</b>	<b>35.955.020</b>	<b>3,4%</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>184.500.544</b>	<b>208.528.049</b>	<b>13,0%</b>

Greining útlána SPRON 30.06.2007 eftir lántakendum



Útlán einstaklinga 30.06.2007



## Afskriftareikningur útlána

Afskriftareikningur útlána er myndaður til að mæta áhættu sem fylgir útlánastarfsemi, ekki er um endanlegar afskriftir að ræða. Útlánasafnið er metið með markvissum hætti á þriggja mánaða fresti til að meta virðisryrnun útlána. Metið er framtíðarsjóðstreymi einstakra lána og tryggingar m.t.t.

Útlán til viðskiptamanna eftir tegundum	31.12.2006	30.06.2007	Breyting %
Yfirdráttarlán	9.332.555	10.073.623	7,9%
Víxlar	97.746	99.198	1,5%
Skuldabréf	110.567.933	118.391.386	7,1%
Önnur lán	9.408.576	11.018.966	17,1%
Afskriftareikningur útlána	-1.111.302	-1.346.490	21,2%
<b>Útlán til viðskiptamanna</b>	<b>128.295.508</b>	<b>138.236.683</b>	<b>7,7%</b>

sögulegrar reynslu af útlánatöpum. Virðisryrnun útlána er færð á afskriftareikning útlána og kemur til frádráttar á liðnum útlán til viðskiptavina eins og hann birtist í efnahagsreikningi. Bent er á að samkvæmt útlánastefnu SPRON hafa neyslulán einstaklinga minnkað sem hlutfall af heildarútlánnum á síðustu árum og fasteignatryggð útlán aukist að sama skapi. Útlánasafnið er því talið traustara en áður og um leið minni líkur á útlánatöpum.

Afskriftareikningur útlána (ISK '000)	30.06.2006	30.06.2007	Breyting %
Afskriftareikningur útlána í ársbyrjun	1.086.695	1.111.302	2,3%
Virðisryrnun útlána á árinu	233.690	284.507	21,7%
Endanlega tapað	-178.012	-40.232	-77,4%
Innkomið áður afskrifað	38.122	8.308	-78,2%
Hækkun núvirðis virðisryrðra útlána	-63.074	-17.395	-72,4%
<b>Samtals</b>	<b>1.117.421</b>	<b>1.346.490</b>	<b>20,5%</b>

Afskriftareikningur félagsins nam 1.346 milljónir króna í lok júní 2007 eða 1,0% af útlánnum til viðskiptamanna samanborið við 0,9% í lok árs 2006. Hlutfall endanlega tapaðra útlána af útlánnum nam aðeins 0,03% um mitt ár 2007 samanborið við 0,14% á sama tíma árið 2006. Sjá meðfylgjandi töflu.

## Veltufjáreignir

Veltufjáreignir SPRON námu 27,2 milljörðum króna í lok júní 2007 samanborið við rúma 20 milljarða í árslok 2006 og hafa því aukist um tæp 34% á tímabilinu. Hlutfallslega jukust óskráðir afleiðusamningar mest eða um 53% en í krónum talið stendur aukning hlutabréfaeignar aðallega undir breytingunni frá árslokum 2006.

## Fjáreignir tilgreindar á gangvirði

Fjáreignir að gangvirði námu 14,7 milljörðum króna í lok júní 2007 sem er lækkun um rúm 12% frá árslokum 2006. Megin skýring lækkunarinnar er sú að hluti af eignarhlut SPRON í Exista var seldur til Kistu fjárfestingafélags ehf., hlutdeildarfélag SPRON til viðbótar við hlutinn sem SPRON seldi til Kistu fjárfestingafélags árið 2006. Beinn eignarhlutur SPRON í Exista er nú 3,01% og er stærsta einstaka fjárfesting SPRON. Sveiflur í afkomu Exista hafa lítil áhrif á eiginfjárhlutfall (CAD) SPRON þar sem hlutfjáreign í Exista hefur þegar verið dregin frá eigin fé SPRON við útreikning á eiginfjárgrunninum.

## Eignarhlutir í dótturfélögum

Frjálsi fjárfestingarbankinn hf. er stærsta dótturfélag SPRON hvort sem litið er til rekstrar eða efnahags. Í árslok 2002 keypti SPRON nær allt hlutfé bankans af Kaupþing banka hf og er bankinn rekinn sem dótturfélag SPRON í dag. Frjálsi fjárfestingarbankinn hf. hefur á undanförunum árum veitt þúsundum einstaklinga lán með veði í íbúðarhúsnæði. Einnig hafa lán með veði í byggingarframkvæmdum og lán til kaupa eða endurfjármögnunar á atvinnuhúsnæði aukist mikið undanfarin ár. Aukin áhersla hefur verið á lánveitingar til millistórna og stærri aðila. Efnahagsreikningur bankans hefur stækkað mikið á síðustu árum og hefur vægi einstakra liða hans breyst. Af útlánasafni bankans voru 99% tryggt með fasteignaveði í lok júní 2007 enda megináhersla verið á veitingu veðlána. Framkvæmdalán til byggingaverktaka voru tæp 16% í lok júní 2007.

Hagnaður Frjálsa fjárfestingarbankans hf. eftir skatta fyrstu sex mánuði 2007 var 1.035 milljónir króna og arðsemi eigin fjár eftir skatta var 50%. Heildareignir námu 63.077 milljónum króna og eigið fé nam 5.655 milljónum króna. Sjá nánari upplýsingar um Frjálsa fjárfestingarbankann á meðfylgjandi mynd.

Frjálsi fjárfestingabankinn hf.

Rekstur	2004	2005	2006	1.1-30.6.06	1.1-30.6.07
Vaxtatekjur	1.940.470	2.582.572	5.405.163	2.746.549	3.429.725
Vaxtagjöld	-1.058.747	-1.938.238	-4.578.019	-2.090.679	-3.106.801
Hreinar vaxtatekjur	<b>881.723</b>	<b>644.334</b>	<b>827.144</b>	<b>655.870</b>	<b>322.924</b>
Aðrar rekstrartekjur	191.418	531.898	518.245	348.224	1.219.775
Hreinar rekstrartekjur	<b>1.073.141</b>	<b>1.176.232</b>	<b>1.345.389</b>	<b>1.004.094</b>	<b>1.542.699</b>
Rekstrargjöld	-284.816	-397.598	-437.635	-211.321	-235.600
Virðisrýrnun útlána	-165.000	-82.056	-64.030	-87.075	-52.687
Hagnaður fyrir skatta	<b>623.325</b>	<b>696.578</b>	<b>843.724</b>	<b>705.698</b>	<b>1.254.412</b>
Tekjuskattur	-112.199	-123.087	-150.024	-125.774	-219.152
Hagnaður ársins	<b>511.126</b>	<b>573.491</b>	<b>693.700</b>	<b>579.924</b>	<b>1.035.260</b>

Eignir	31.12.2004	31.12.2005	31.12.2006	30.6.07
Sjóður og óbundnar innistæður í Seðlabanka	2.360	2.564	2.850	2.850
Kröfur á lánastofnanir	310.587	166.171	258.264	283.879
Útlán og kröfur	17.081.790	35.513.112	53.036.169	57.307.164
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	171.232	110.966	212.877	1.286.509
Aðrar eignir	215.666	1.737.706	1.821.941	4.196.465
Eignir samtals	<b>17.781.635</b>	<b>37.530.519</b>	<b>55.332.101</b>	<b>63.076.867</b>

Skuldir og eigið fé	31.12.2004	31.12.2005	31.12.2006	30.6.07
Veltufjárskuldir	0	359	203.269	0
Lántökur	14.182.492	33.348.495	50.183.035	56.852.898
Aðrar skuldir	157.751	255.548	325.980	568.891
Skuldir samtals	<b>14.340.243</b>	<b>33.604.402</b>	<b>50.712.284</b>	<b>57.421.789</b>
Eigið fé	3.441.392	3.926.117	4.619.817	5.655.078
Skuldir og eigið fé samtals	<b>17.781.635</b>	<b>37.530.519</b>	<b>55.332.101</b>	<b>63.076.867</b>

Aðrar lykiltölur

Eiginfjárhlutfall (CAD)	33,4%	18,0%	13,3%	14,0%
Arðsemi eigin fjár (á ársgrundvelli)	16,0%	15,8%	16,2%	44,4%
Aukning efnahagsreiknings	29,8%	111,1%	47,4%	14,0%
Aukning útlána	26,3%	107,9%	49,3%	8,1%
Aukning eigin fjár	17,4%	14,1%	17,7%	22,4%
Stöðugildi í lok tímabils	28	25	27	31
Aukning stöðugilda	16,7%	-10,7%	8,0%	14,8%

Hlutdeildarfélag

Stærstu eignir SPRON í hlutdeildarfélagum í lok júní 2007 voru annars vegar í Kistu fjárfestingarfélagi ehf. að fjárhæð 8,8 milljarðar króna og hins vegar í Icebank að fjárhæð tæpir 4 milljarðar króna. Eign SPRON í hlutdeildarfélagum jókst um 183% frá árslokum 2006 en SPRON seldi hluta af sínum eignarhlut í Exista til Kistu fjárfestingarfélags ehf. og jafnframt jók Kista hlut sinn í Exista á tímabilinu.

SPRON seldi 20,6% af 24,6% hlut sínum í Icebank þann 12.10.2007 og er eignarhlutur SPRON eftir söluna 4.0% með fyrirvara um samþykki FME. Nánar er fjallað um söluna í kaflanum um nýlega þoun.



## Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir SPRON námu 1.811 milljónum króna og þar af viðskiptavild 1.547 milljónir króna í lok júní 2007 og nam aukning frá árslokum 2006 rúm 8%. Hækkun óefnislegra eigna frá ársbyrjun er vegna viðbóta í hugbúnaði.

## Fastafjármunir til sölu

Fastafjármunir til sölu námu 303 milljónum króna í lok júní 2007 og hafa aukist um 189% frá árslokum 2006. Megin skýring hækkunarinnar er fjölgun fullnustueigna Frjálsa fjárfestingabankans á tímabilinu.

Skuldir	Fjármögnun og skuldastaða (ISK '000)	01.04.2007	30.06.2007	Breyting %
Meðfylgjandi tafla sýnir hvernig fjármögnun SPRON var háttað í lok júní 2007 samkvæmt 6 mánaða uppgjöri félagsins samanborið við 1. apríl 2007, sem er dagsetning stofnefnahagsreiknings SPRON eftir sameiningu sparisjóðsins SPRON við hlutafélagið SPRON.	Hlutafé	5.000.000	5.000.000	0,0%
	Lögbundinn varasjóður	1.250.000	1.250.000	0,0%
	Óráðstafað eigið fé	24.237.026	29.675.812	
	<b>Eigið fé samtals</b>	<b>30.487.026</b>	<b>35.925.812</b>	<b>17,8%</b>
	Hlutdeild minnihluta	29.063	29.208	0,5%
	<b>Eigið fé samtals</b>	<b>30.516.089</b>	<b>35.955.020</b>	<b>17,8%</b>
	Víkjandi lán	5.200.292	5.310.751	2,1%
	Lántaka	72.353.655	88.633.510	22,5%
	Innlán	70.433.898	69.697.781	-1,0%
	Aðrar skuldir	15.648.012	8.930.987	-42,9%
<b>Skuldir samtals</b>	<b>163.635.857</b>	<b>172.573.029</b>	<b>5,5%</b>	
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>194.151.946</b>	<b>208.528.049</b>	<b>7,4%</b>	

## Víkjandi lán

SPRON hefur gefið út skuldabréf með víkjandi rétti sem teljast til eigin fjár við útreikning á eiginfjárlutfalli skv. 84. grein laga nr. 161/2002.

Víkjandi lán námu 5.311 milljónum króna í lok júní 2007 samanborið við 5.200 milljónir króna í byrjun apríl 2007. Þau skiptast þannig að lán sem nýtast sem eiginfjárbáttur A nam 663 milljónum króna í lok júní 2007 og lán sem nýtast sem eiginfjárbáttur B nam 4.647 milljónum króna.

Innlán	Innlán SPRON (ISK '000)	31.12.2006	Hlutfall	30.6.2007	Hlutfall
Innlán frá viðskiptamönnum námu 66,6 milljörðum króna í lok júní 2007 og jukust um tæp 18% frá árslokum 2006. Innlán sem hlutfall af útlánum til viðskiptamanna voru rúm 48% samanborið við 44% í lok ársins 2006 og er það í takt við hlutföll síðustu tveggja ára.	Gjaldkræf innlán	30.825.026	54,5%	48.151.681	72,3%
	Allt að 3 mánuðir	9.645.039	17,1%	3.905.347	5,9%
	3 mánuðir til 1 ár	4.326.897	7,6%	5.209.910	7,8%
	1 - 5 ár	9.645.179	17,0%	6.995.429	10,5%
	Yfir 5 ár	2.150.265	3,8%	2.372.525	3,5%
	<b>Samtals</b>	<b>56.592.406</b>	<b>100,0%</b>	<b>66.634.892</b>	<b>100,0%</b>

## Lántaka

Innlán / útlán 44,1% 48,2%

Lántaka SPRON nam 88,6 milljörðum króna í lok júní 2007 og jókst um rúm 27% frá árslokum 2006. Lántakan samanstendur af skuldabréfa- og víxlaútgáfu og lánum frá fjármálafyrirtækjum. Útgefin skuldabréf og víxlar lækkuðu um rúm 13% á tímabilinu en lán frá fjármálafyrirtækjum jukust um tæp 70% og standa þau nú undir 65% lántökunnar í stað 49% í lok árs 2006.

Lántaka (ISK '000)	31.12.2006	Hlutfall	30.06.2007	Hlutfall
Allt að 3 mánuðir	10.877.683	15,6%	20.949.152	23,6%
3 mánuðir til 1 ár	15.200.124	21,8%	10.155.205	11,5%
1 til 5 ár	24.970.848	35,9%	49.767.531	56,1%
Yfir 5 ár	18.593.377	26,7%	7.761.622	8,8%
<b>Samtals lántaka</b>	<b>69.642.032</b>	<b>100,0%</b>	<b>88.633.510</b>	<b>100,0%</b>

## Fjármögnun

Fjármögnun SPRON hefur tekið verulegum breytingum á undanförunum árum. Þróun einstakra þátta í fjármögnun félagsins endurspeglar breytingar á rekstri og vöxt SPRON undanfarinna ára. Breyting í fjármögnun tengist fyrst og fremst örum vexti útlána, með aukinni áherslu á íbúðalán og við kaup SPRON á Frjálsa Fjárfestingarbankanum. Vægi innlána í heildarfjármögnun hefur minnkað, en þess í stað hefur hlutdeild annarrar fjármögnunar aukist. Önnur fjármögnun er einkum í formi erlendra fjármögnunar, bæði í formi sambankalána og beinna lánveitinga frá einstökum erlendum bönkum. Þá er einnig útgáfa skuldabréfa á innlendum markaði. SPRON gekk frá sambankaláni að fjárhæð 200 milljónir evra í byrjun sumars og tók 21 banki frá 17 löndum þátt. Þar með jókst enn vægi erlendra fjármögnunar.

Almenn innlán námu um 39% af heildarskuldum í lok júní 2007 en námu til samanburðar tæpum 53% í lok 2002. Skammtímafjármögnun er í formi skammtímalánalína við erlenda banka, útgefina bankavíxla á innlendum markaði sem og skammtímalána frá innlendum aðilum.

Innlán jukust um rúmlega 10 milljarða króna á fyrstu sex mánuðum ársins 2007 en mestu aukninguna mátti finna í gjaldkræfum innlánnum en þau jukust um rúmlega 17 milljarða króna. 72% innlána voru flokkuð sem gjaldkræf þann 30.06.07 en nánari tímagreiningu á innlánnum SPRON. má sjá í töflunni hér að ofan í umfjöllun um innlán. Lántakan jókst einnig töluvert á fyrri árshefningi 2007 eða um tæplega 19 milljarða króna. Þegar horft er til eftirstöðvartíma lántöku má sjá að lán með eftirstöðvartíma 1-5 ár jukust um tæplega 25 milljarða króna en um 56% lántökunnar falla í þennan flokk. Nánari upplýsingar um eftirstöðvartíma lántöku SPRON. má sjá í töflunni hér að ofan í umfjöllun um lántöku.

## Lánsfjárbörf og fjármögnunarskipulag

Lausafjárstaða SPRON er sterk og ekki er þörf á endurfjármögnun stærri lána næstu tvö árin. Stór hluti fjármögnunaráætlunar þessa árs er í formi sambankaláns sem þegar er í höfn. Þá er stöðugt unnið að því að leita nýrra markaða og leiða sem tryggja lánsfjáröflun SPRON á sem bestum kjörum. Einnig er af hálfu SPRON stöðugt unnið að því að afla innlána.

Fjármögnunaráætlanir undanfarinna missera hafa ásamt því að tryggja nauðsynlega fjármögnun vegna reglulegrar starfsemi, haft að leiðarljósi að styrkja lausafjárstöðu SPRON. samstæðunnar.

Eiginfjárlutfall (CAD) SPRON samstæðunnar hefur verið hátt undanfarin ár þrátt fyrir að skerðast vegna reglna um frádrátt eigna í öðrum fjármálastofnunum. Auk þessa hefur SPRON samstæðan verulegt svigrúm til útgáfu víkjandi lána. Hvorutveggja sterk eiginfjárstaða og heimildir til víkjandi lántöku gefa verulegt svigrúm til vaxtar á komandi misserum.

Engar takmarkanir eru tilgreindar í lánasamningum á notkun fjármagns. Ekki liggja fyrir áætlanir um stærri fjárfestingar á næstu misserum.

## Eigið fé

Eigið fé í lok júní 2007 nam tæpum 36 milljörðum króna og jókst um 3,4% frá byrjun ársins. Greiddur arður á fyrstu sex mánuðum 2007 fyrir árið 2006 nam tæpum 9 milljörðum króna eða 99,3% af hagnaði ársins 2006 sem jafngildir 1,83 krónur á stofnfjárlut (þó ekki sambærilegt við arð per hlut í framtíðinni hjá hlutafélaginu)).

Arðgreiðslustefna SPRON í dag er að greiða 20-50% hagnaðar til hluthafa í formi arðs, með hliðsjón af eiginfjárstöðu á hverjum tíma.

Breytingar á eigin fé 1.4 - 30.6.2007	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé Samtals
Eigið fé 1.4	5.000.000	1.250.000	24.237.026	30.487.026	29.045	30.516.071
Hagnaður tímabilsins			5.438.786	5.438.786	163	5.438.949
<b>Eigið fé 30.06</b>	<b>5.000.000</b>	<b>1.250.000</b>	<b>29.675.812</b>	<b>35.925.812</b>	<b>29.208</b>	<b>35.955.020</b>

Eiginfjárlutfall (CAD) SPRON í lok júní 2007 var 13,1% samanborið við 20,2% í árslok 2006. Samkvæmt lögum má hlutfallið ekki vera lægra en 8%. Eiginfjárbáttur A var 29,2 en 31,1% í lok ársins 2006. Sjá meðfylgjandi töflu.

Eiginfjárlutfall	30.12.2006		30.06.2007	
	Bókfærð staða	Vegin staða	Bókfærð staða	Vegin staða
<b>Áhættugrunnur</b>				
Bókfærðar eignir	184.500.544	125.627.153	208.528.049	143.696.386
Eignir til frádráttar eigin fé		-17.533.484		-24.662.696
Ábyrgðir og aðrir liðir utan efnahagsreiknings		712.595		1.224.233
		<b>108.806.264</b>		<b>120.257.923</b>
<b>Eigið fé</b>				
<i>Eiginfjárbáttur A</i>				
Bókfært eigið fé		34.745.860		35.925.812
Hlutdeild minnihluta		29.045		29.208
Óefnislegar eignir		-1.547.421		-1.547.421
Vikjandi lán		648.593		663.269
<i>Eiginfjárbáttur B</i>				
Vikjandi lán		4.080.586		3.758.159
Eignarhluti í fjármálastofnunum		-15.986.063		-23.115.275
		<b>21.970.600</b>		<b>15.713.752</b>
<b>Eiginfjárlutfall</b>		<b>20,2%</b>		<b>13,1%</b>
Par af eiginfjárbáttur A		31,1%		29,2%

## Sjóðstreymisýfirlit

Í meðfylgjandi töflu má sjá sjóðstreymi SPRON fyrir fyrstu sex mánuði árána 2006 og 2007. Handbært fé lækkaði um 2.354 milljónir króna á tímabilinu samanborið við 2.130 milljónir króna sama tímabili 2006. Þróun einstakra þátta í fjármögnun og sjóðstreymi félagsins endurspeglar breytingar á rekstri og vöxt undanfarinna ára. Breyting í fjármögnun tengist fyrst og fremst örum vexti útlána. Vægi innlána í heildarfjármögnun hefur minnkað, en þess í stað hefur hlutdeild lántöku aukist. Útlán hafa aukist um 272% frá ársbyrjun 2004 til 30.06.07 en innlán hafa aukist minna eða um 121% á sama tímabili. Lántaka hefur aftur á móti aukist mun meira eða um 576% á tímabilinu. Nánari upplýsingar má finna í yfirliti yfir fjármögnun félagsins.

Sjóðstreymi samstæðu SPRON (ISK '000)	2006 1.1-30.6	2007 1.1-30.6
Rekstrarhreyfingar	-5.753.070	6.846.398
Fjárfestingahreyfingar	36.650	-251.504
Fjármögnunahreyfingar	3.586.612	-8.948.716
<b>Breyting á handbæru fé</b>	<b>-2.129.808</b>	<b>-2.353.822</b>
Handbært fé í ársbyrjun	3.405.942	4.372.984
<b>Handbært fé í lok tímabilsins</b>	<b>1.276.134</b>	<b>2.019.162</b>

## Nýleg þróun

Hagnaður SPRON fyrir skatta fyrstu átta mánuði 2007 voru 12,2 milljarðar króna samkvæmt óopinberu uppgjöri sem ekki hefur verið endurskoðað eða kannað. Innlán nema 68,7 milljörðum og útlán 142,1 milljarður króna. Verðbólga hefur aukist í september og miklar sveiflur hafa einkennt fjármálamarkaði. Horfur eru á að niðurstöður níu mánaðar uppgjors SPRON verði áþekkar niðurstöðum sex mánaða uppgjors.

SPRON seldi 20,6% af 24,6% hluta sínum í Icebank 12. október 2007. Söluhagnaður eftir skatta er áætlaður 3,3 milljarðar króna. Áhrif sölunnar á CAD hlutfall SPRON er áætlað um 4,0% til styrkingar sem gefur SPRON möguleika á að auka útlán eða auka fjárfestingar. Lausafjárstaða SPRON verður einnig rýmri í kjölfar sölunnar.

Hlutabréfamarkaðurinn á Íslandi (úrvalsúsitalan) hækkaði á fyrri hluta ársins um 29,3% en hefur frá miðju ári til 15.10.07 lækkað um 3,0% (8313 - 8561). Frá miðju ári hefur gengi á hlutabréfum Exista hf. hækkað um 4,2%

(34,4–35,5), en eins og lýsingin ber með sér á SPRON bæði beint og óbeint (Kista ehf. og Icebank hf.) stóran hluta í félaginu.

Breyting á ávöxtunarkröfu skuldabréfa hefur ekki veruleg áhrif á afkomu SPRON. Veiking krónunnar frá miðju ári er um 1%, en það hefur litil áhrif á rekstur SPRON. Vísitala neysliverðs hefur aðeins hækkað, um 2,1% frá miðju ári (272,4–278,2) þannig að verðtryggð bréf og útlán hafa ekki hækkað mikið á þessum tíma.

Megin breytingar á veltubók frá 30.06.07. eru um 700 milljóna króna lækkun miðað við lok dags 15.10.07. Þar með talið eru verðmæti Exista (bein og óbein eign) sem hefur hækkað um 170 milljónir króna frá miðju ári til loka viðskipta 15.10.07.

Ekki hafa átt sér stað aðrar mikilvægar breytingar á fjárhags- eða viðskiptastöðu samstæðunnar frá lokum síðasta fjárhagstímabils úfrram þær sem getið er hér að framan.

## Fjárhagsupplýsingar hlutafélagsins SPRON hf. 2004-2006

SPRON hf. var stofnað í júní 2002. Sparisjóðurinn Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis var eini eigandi félagsins fram að samruna félaganna tveggja og var því félagið hluti af samstæðureikningi sparisjóðsins fram að samrunanum. Tilgangur félagsins var að yfirtaka rekstur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og rækja síðan þá starfsemi sem viðskiptabönkum er heimil, skv. ákvæðum laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Hagnaður varð af rekstri félagsins á árinu 2006 að fjárhæð 370 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í árslok var um 4,9 milljónir króna samkvæmt efnahagsreikningi.

<b>Rekstrarreikningur</b>	<b>2004</b>	<b>2005</b>	<b>2006</b>
Annar rekstrarkostnaður	0	1.723	1.400
Vaxtatekjur	187.142	297.300	453.167
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur	0	-395	0
<b>Samtals fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>	<b>187.142</b>	<b>296.905</b>	<b>453.167</b>
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	<b>187.142</b>	<b>295.182</b>	<b>451.767</b>
Tekjuskattur	-33.686	-53.133	-81.318
Eignarskattur	-2.052		
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>151.404</b>	<b>242.049</b>	<b>370.449</b>

<b>Efnahagsreikningur</b>	<b>2004</b>	<b>2005</b>	<b>2006</b>
Aðrar skammtímakröfur		29.730	45.316
Handbært fé	4.323.253	4.571.715	4.954.763
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>4.323.253</b>	<b>4.601.445</b>	<b>5.000.079</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>4.323.253</b>	<b>4.601.445</b>	<b>5.000.079</b>
Hlutafé	4.000.000	4.000.000	4.000.000
Óráðstafað eigið fé	306.263	548.312	918.761
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>4.306.263</b>	<b>4.548.312</b>	<b>4.918.761</b>
Reiknaðir skattar	16.990	53.133	81.318
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>4.323.253</b>	<b>4.601.445</b>	<b>5.000.079</b>

## Fjárhagsupplýsingar sparisjóðsins SPRON 2004-2006

Ársreikningur sparisjóðsins SPRON árið 2005 var í fyrsta skipti gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og var IFRS 1 Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla beitt við gerð hans. Nánari útlitun á framkvæmd innleiðingarinnar og áhrifa hennar er að finna í skýringum með ársreikningi fyrir árið 2005, sérstaklega í skýringum nr 1-3, 9-10, 16, 29 og 84. Ársreikningur 2004 var gerður í samræmi við IS GAAP. Tilvísun til SPRON í þessum kafla vísar til samstæðu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis fyrir breytingu hans í hlutafélag.

### Rekstur

Rekstur SPRON á árinu 2006 var árangursríkur. Mikill vöxtur og góð afkoma einkenndu alla starfsemi fyrirtækisins. Hagnaður af rekstri SPRON ríflega tvöfaldaðist frá árinu 2005 þrátt fyrir metafermi það ár en þá jókst hagnaður um rúm 150% frá fyrra ári. Arðsemi eigin fjár á árinu 2006 var tæplega 60%, sem er langt yfir 15% arðsemismarkmiði SPRON. Meðfylgjandi tafla sýnir rekstrarafkomu SPRON fyrir árin 2004-06.

Rekstrarreikningur (ISK '000)	2004*	Breyting %	2005	Breyting %	2006
Vaxtatekjur	5.547.252	42,1%	7.883.731	84,4%	14.537.299
Vaxtagjöld	-3.272.127	72,9%	-5.658.864	114,2%	-12.122.768
<b>Hreinar vaxtatekjur</b>	<b>2.275.125</b>	<b>-2,2%</b>	<b>2.224.867</b>	<b>8,5%</b>	<b>2.414.531</b>
Þjónustutekjur	858.696	2,6%	880.960	48,3%	1.306.707
Þjónustugjöld	-242.690	22,3%	-296.896	11,6%	-331.395
<b>Hreinar þjónustutekjur</b>	<b>616.006</b>	<b>-5,2%</b>	<b>584.064</b>	<b>67,0%</b>	<b>975.312</b>
Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum	1.757.490	148,4%	4.366.031	131,7%	10.115.359
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagi	223.712	166,7%	596.612	135,8%	1.406.732
Ýmsar rekstrartekjur	134.512	328,0%	575.722	-50,6%	284.405
<b>Aðrar rekstrartekjur samtals</b>	<b>2.115.714</b>	<b>161,8%</b>	<b>5.538.365</b>	<b>113,2%</b>	<b>11.806.496</b>
<b>Hreinar rekstrartekjur</b>	<b>5.006.845</b>	<b>66,7%</b>	<b>8.347.296</b>	<b>82,1%</b>	<b>15.196.339</b>
Laun og launatengd gjöld	-1.298.965	19,4%	-1.550.928	24,2%	-1.926.098
Annar rekstrarkostnaður	-1.208.204	18,6%	-1.433.318	37,7%	-1.974.238
Afskriftir	-45.391	77,7%	-80.638	35,0%	-108.871
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>-2.552.560</b>	<b>20,1%</b>	<b>-3.064.884</b>	<b>30,8%</b>	<b>-4.009.207</b>
Virðisrýrnun útlána	-469.884	-30,5%	-326.591	-5,6%	-308.347
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b>	<b>1.984.401</b>	<b>149,7%</b>	<b>4.955.821</b>	<b>119,5%</b>	<b>10.878.785</b>
Tekjuskattur	-353.127	144,5%	-863.451	116,4%	-1.868.503
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>1.631.274</b>	<b>150,9%</b>	<b>4.092.370</b>	<b>120,2%</b>	<b>9.010.282</b>

\*Uppgjör samkvæmt IS GAAP

### Rekstrartekjur

Hreinar rekstrartekjur SPRON námu alls 15.196 milljónum króna á árinu 2006 sem er 82% aukning frá árinu 2005 þegar þær námu 8.347 millj.kr. Mikill gengishagnaður myndaðist á árinu 2006 af eignarhlut SPRON í Exista og námu hreinar tekjur af fjáreignum á gangvirði 54% af hreinum rekstrartekjum.

Hreinar rekstrartekjur á árinu 2005 jukust um tæp 67% frá árinu 2004 þrátt fyrir lækun hreinna vaxta- og þjónustutekna um tæp 3% á milli áranna. Aukning gengishagnaðar á hlutabréfum er meginþýringin en hreinar

tekjur af fjáreignum á gangvirði voru tæp 42% af hreinum rekstrartekjum. Verð á hlutabréfum hækkaði almennt mikið á árinu 2005 og hækkaði vísitala Aðallista OMX ICE um tæp 65%.

Vaxtatekjur jukust um rúm 84% á milli árana 2005 og 2006 samanborið við 42% milli árana 2004 og 2005. Tekjur af útlánnum eru stærsti hluti vaxtatekna en þær hafa verið í kringum 90% síðustu þrjú ár. Megin skýringin á aukningu í vaxtatekjum er aukin útlán til viðskiptamanna sparisjóðsins vegna íbúðakaupa.

Vaxtagjöld jukust enn meira en vaxtatekjur eða rúm 114% á milli árana 2005 og 2006 og tæp 73% milli 2004 og 2005. Aukning í hreinum vaxtatekjum var því aðeins 8,5% milli 2005 og 2006 en 2,2% lækkun milli 2004 og 2005. Megin skýringin á breytingunni milli árana 2004 og 2005 er að SPRON hóf að veita íbúðalán haustið 2004 í samkeppni við íbúðalánasjóð og til að mæta þeirri aukningu jókst lántaka SPRON og þar með jukust vaxtagjöld. Til viðbótar var bókun á lántökugjöldum breytt árið 2005 þannig að þau voru ekki lengur færð til tekna strax heldur dreift á líftíma lána. Sjá má sundurliðun vaxtatekna og vaxtagjalda í meðfylgjandi töflu.

Vaxtatekjur (ISK '000)	2004	Breyting	2005	Breyting	2006
Kröfur á Seðlabanka og fjármálafyrirtæki	33.307	1474,4%	524.394	2,9%	539.730
Útlán	5.110.422	32,9%	6.791.984	90,6%	12.943.281
Veltufjáreignir	403.523	40,6%	567.353	85,8%	1.054.288
<b>Samtals</b>	<b>5.547.252</b>	<b>42,1%</b>	<b>7.883.731</b>	<b>84,4%</b>	<b>14.537.299</b>

Vaxtagjöld (ISK '000)	2004	Breyting	2005	Breyting	2006
Skuldir við Seðlabanka	-	-	596.110	104,7%	1.220.176
Innlán	2.079.446	55,2%	3.227.625	67,4%	5.404.196
Lántökur	874.591	57,8%	1.380.163	242,6%	4.727.891
Vikjandi lán	202.980	-3,0%	196.803	163,7%	518.873
Veltufjáreignir og veltufjárskuldir	115.110	124,3%	258.163	-2,5%	251.632
<b>Samtals</b>	<b>3.272.127</b>	<b>72,9%</b>	<b>5.658.864</b>	<b>114,2%</b>	<b>12.122.768</b>

Vaxtamunur sem hlutfall af meðalstöðu fjármagns hefur lækkað og var hann 1,6% á árinu 2006 en 2,4% á árinu 2005 og 3,8% árið 2004. Með markvissri uppbyggingu fleiri afkomuþátta í starfsemi SPRON eru beinar fjárfestingar í óvaxtaberandi eignum (hlutabréf) orðnar stærra hlutfall af heildareignum en áður og hefur vaxtamunur SPRON m.a. lækkað vegna þessa. Aukning íbúðalána í lánastofni SPRON og verðbólguþig hafa einnig haft áhrif á vaxtamun.

Aukið vöruúrval SPRON heildarinnar skilaði sér í auknum þjónustutekjum á árinu 2006. Mest varð aukningin í þjónustutekjum vegna verðbréfavíðskipta en aukningin var um 173% á milli árana 2005 og 2006 en SPRON verðbréf hóf starfsemi sína í apríl 2006. Hreinar þjónustutekjur jukust um 67% milli árana 2005 og 2006 samanborið við lækkun um rúm 5% milli 2004 og 2005. Sú lækkun orsakaðist af aukningu í þóknunarkostnaði af verðbréfavíðskiptum (m.a. kostnaður vegna viðskiptavaktar). Sjá má sundurliðun þjónustutekna og þjónustugjalda í meðfylgjandi töflu.

Hreinar þjónustutekjur (ISK '000)	2004	Breyting	2005	Breyting	2006
Þóknun af verðbréfavíðskiptum	106.416	17,3%	124.818	172,6%	340.250
Þóknun af lánveitingum	220.516	14,4%	252.334	61,3%	406.909
Aðrar þjónustutekjur	531.764	-5,3%	503.808	11,1%	559.548
<b>Þjónustutekjur samtals</b>	<b>858.696</b>	<b>2,6%</b>	<b>880.960</b>	<b>48,3%</b>	<b>1.306.707</b>
Þóknunarkostnaður af verðbréfavíðskiptum	15.228	150,2%	38.107	6,5%	40.600
Önnur þjónustugjöld	227.462	13,8%	258.789	12,4%	290.795
<b>Þjónustugjöld samtals</b>	<b>242.690</b>	<b>22,3%</b>	<b>296.896</b>	<b>11,6%</b>	<b>331.395</b>
<b>Hreinar þjónustutekjur</b>	<b>616.006</b>	<b>-5,2%</b>	<b>584.064</b>	<b>67,0%</b>	<b>975.312</b>

Aðrar rekstrartekjur námu 11.806 milljónum króna á árinu 2006 sem er 113% aukning frá árinu 2005 þegar þær námu 5.538 millj.kr. Eins og fyrr segir vegur gengishagnaður af eignarhlut SPRON í Exista þungt í tekjumyndun ársins 2006 og myndar sá hagnaður nánast allan gengishagnað ársins. Hlutur SPRON í Icebank skilaði einnig góðri ávöxtun á árinu 2006. Enn meiri aukning varð á öðrum rekstrartekjum milli áráanna 2004 og 2005 og spilaði gengishagnaður hlutabréfa einnig stærsta þáttinn í þeirri aukningu. Sjá má sundurliðun annarra rekstrartekna í meðfylgjandi töflu.

Aðrar rekstrartekjur (ISK´000)	2004	Breyting	2005	Breyting	2006
Arðstekjur	27.255	n/a	119.127	317,0%	496.769
Hreinar tekjur af sölu fjáreigna	-	n/a	219.814	-100,0%	0
Hreinar tekjur af veltufjáreignum og skuldur	595.086	-15,3%	504.075	156,9%	1.295.015
Hreinar tekjur af fjáreignum á gangvirði	1.148.856	204,3%	3.495.615	134,6%	8.201.465
Hreinn gjaldeyrismunur	-13.707	n/a	27.400	345,7%	122.110
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	223.712	166,7%	596.612	135,8%	1.406.732
Aðrar rekstrartekjur	134.512	328,0%	575.722	-50,6%	284.405
<b>Samtals</b>	<b>2.115.714</b>	<b>161,8%</b>	<b>5.538.365</b>	<b>113,2%</b>	<b>11.806.496</b>

## Rekstrargjöld

Rekstrarkostnaður SPRON jókst nokkuð á árinu 2006 en þó hefur kostnaðarhlutfall aldrei verið lægra og nam 26% en það var 37% á árinu 2005. Vert er að taka fram að gengishagnaður af hlut félagsins í Exista hf skekkir þessi hlutföll verulega. Laun og launatengd gjöld námu 1.926 milljónum króna á árinu 2006 sem er 24% aukning milli ára samanber 19% aukningu milli 2004 og 2005. Stöðugildi í lok árs 2006 voru 245 og fjölgaði um 19% milli ára. Annar rekstrarkostnaður jókst um 38% á árinu 2006 og var 1.974 millj. kr. en hann var 1.433 millj.kr. árið 2005.

Virðisrýrnun útlána (áður framlög í afskriftarreikning) lækkaði um rúm 5% frá 2005 til 2006 þrátt fyrir aukningu útlána. Virðisrýrnun lækkaði meira á milli áráanna 2004 og 2005 eða um rúm 30%. Þessa lækkingu má rekja til hagstæðrar þróunar vanskila viðskiptamanna, en vanskil hafa verið talsvert minni nú en síðustu ár. Samkvæmt tölum frá Fjármálaeftirlitinu um vanskil hjá innlánsstofnunum kemur fram að vanskil (vanskil lengur en einn mánuð) í lok fyrsta ársfjórðungs 2007 voru 0,8% af heildarútlánum samanborið við 0,5% við árslok 2006, 1,1% árslok 2005 og 1,6% árslok 2004.

## Starfspáttayfirlit

Starfsemi SPRON skiptist í tvo meginþætti; bankastarfsemi annars vegar og fjárfestingar og fjárstýringu hins vegar, auk annars. Eins og sjá má í meðfylgjandi töflu eru tekjur af bankastarfsemi tæp 28% af hreinum rekstrartekjum og fjárfestingahluti rúm 72% og má rekja það að mestu til gengishagnaðar hlutabréfa. SPRON hefur ekki skipt tekjum og afkomu niður á starfspætti fyrir árin 2004 og 2005.

Ef horft er til afkomu félagsins án fjárfestingarbankastarfsemi, þ.e. grunnrekstrar, er hagnaður fyrir skatta árið 2006 2,366 milljónir króna. Við útreikning á afkomu grunnrekstrar eru rekstrarliðir vegna fjárfestinga bakfærðir, þar með talinn gengismunur, en á móti eru vaxtatekjur leiðréttar sem nemur kostnaði samstæðunnar af því að liggja með hlutabréfa og skuldabréfastöður. Miðað er við að þeir fjármunir sem eru bundnir í fjárfestingum væru ávaxtaðir á millibankavöxtum

Starfspáttayfirlit 2006 (ISK '000)	Banka- starfsemi	Fjárfestingar og Fjárstýring	Milli- færslur	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	3.264	-923		2.415
Hreinar þjónustutekjur	637	-3		975
Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum	86	11.419	-11	11.522
Aðrar rekstrartekjur	252	87	-58	284
<b>Hreinar rekstrartekjur</b>	<b>4.239</b>	<b>10.579</b>	<b>-68</b>	<b>15.196</b>
Rekstrargjöld	-2.711	-1.028	58	-4.009
Virðisrýmun útlána	-302	-6		-308
<b>Hagnaður fyrir skatta</b>	<b>1.226</b>	<b>9.545</b>	<b>-11</b>	<b>10.879</b>
Hreinar rekstrartekjur frá þriðja aðila	7.745	6.990	0	15.196
Hreinar rekstrartekjur innan samstæðu	-3.506	3.589	-68	0
<b>Hreinar rekstrartekjur</b>	<b>4.239</b>	<b>10.579</b>	<b>-68</b>	<b>15.196</b>
<b>Heildareignir</b>	<b>124.686</b>	<b>60.038</b>	<b>-5.193</b>	<b>184.501</b>
Skuldir	114.963	35.723	-5.222	149.726
Úthlutað eigið fé	9.723	24.315	29	34.775
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>124.686</b>	<b>60.038</b>	<b>-5.193</b>	<b>184.501</b>

## Efnahagur

Töluverður vöxtur hefur orðið á efnahag SPRON á undanförunum árum eins og fram kemur á meðfylgjandi töflu sem sýnir efnahag félagsins í lok árunna 2004-2006. Heildareignir SPRON námu 184,5 milljörðum króna í lok árs 2006 og hafa vaxið um 61% eða 69,6 milljarða frá árslokum 2005. Helsta skýring á hækkun heildareigna SPRON er mikil aukning útlána til viðskiptamanna sem hafa verið fjármögnuð með aukningu almennra innlána og lántökum annars vegar og aukningu stofnfjár hins vegar, sjá meðfylgjandi töflu.



Efnahagsreikningur (ISK '000)	31.12.2004*	Breyting %	31.12.2005	Breyting %	31.12.2006
Sjóður og óbundnar innistæður í Seðlabanka	1.540.461	34,2%	2.067.986	17,6%	2.431.770
Kröfur á lánastofnanir	5.427.158	16,0%	6.293.530	14,8%	7.222.687
Útlán til viðskiptamanna	49.278.072	72,4%	84.950.482	51,0%	128.295.508
Veltufjáreignir	5.952.929	40,5%	8.366.721	142,8%	20.313.026
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði	3.289.632	142,9%	7.990.972	109,6%	16.748.891
Hlutdeildarfélag	1.027.941	60,2%	1.646.600	178,2%	4.580.324
Óefnislegar eignir	1.536.152	5,4%	1.619.440	3,5%	1.675.490
Rekstrarfjármunir	175.569	478,9%	1.016.422	-2,4%	992.188
Fastafjármunir til sölu	126.435	-18,6%	102.899	1,9%	104.892
Aðrar eignir	399.807	118,6%	874.142	144,3%	2.135.768
<b>Eignir samtals</b>	<b>68.754.156</b>	<b>67,2%</b>	<b>114.929.194</b>	<b>60,5%</b>	<b>184.500.544</b>
Innlán frá fjármálafyrirtækjum og Seðlabanka	7.210.910	55,5%	11.209.876	2,8%	11.523.899
Almenn innlán	35.523.344	10,7%	39.340.021	43,9%	56.592.406
Veltufjárskuldir	111.293	8,0%	120.160	200,3%	360.850
Lántökur	16.424.801	170,6%	44.445.350	56,7%	69.642.032
Víkjandi lán	1.923.539	103,7%	3.918.386	33,1%	5.216.371
Lífeyrisskuldbinding	509.002	9,9%	559.429	15,5%	646.411
Skattskuldir	469.192	166,2%	1.248.916	141,2%	3.012.594
Aðrar skuldir	763.128	40,2%	1.069.845	155,3%	2.731.076
<b>Skuldir samtals</b>	<b>62.935.209</b>	<b>61,9%</b>	<b>101.911.983</b>	<b>46,9%</b>	<b>149.725.639</b>
Stofnfé	603.671	556,1%	3.960.503	391,2%	19.453.815
Varasjóður	5.214.219	73,7%	9.055.476	68,9%	15.292.045
<b>Stofnfé og varasjóður samtals</b>	<b>5.817.890</b>	<b>123,7%</b>	<b>13.015.979</b>	<b>166,9%</b>	<b>34.745.860</b>
Hlutdeild minnihluta	1.057	16,6%	1.232	2257,5%	29.045
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>5.818.947</b>	<b>123,7%</b>	<b>13.017.211</b>	<b>167,1%</b>	<b>34.774.905</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>68.754.156</b>	<b>67,2%</b>	<b>114.929.194</b>	<b>60,5%</b>	<b>184.500.544</b>


0

\*Uppgjör samkvæmt IS GAAP

## Vaxtaberandi eignir

Vaxtaberandi eignir skiptast í útlán, markaðsskuldabréf og kröfur á Seðlabanka og lánastofnanir. Vaxtaberandi eignir SPRON samstæðunnar jukust um 40% á síðasta ári og námu 131,2 milljörðum króna í lok 2006. Þar af voru verðtryggðar vaxtaberandi eignir um 60%, óverðtryggðar 18% og gengistryggðar 22%.

## Greining útlána SPRON 31.12.2006 eftir lántakendum



## Útlán

Útlán til viðskiptamanna námu 128,3 milljörðum króna í árslok 2006 samanborið við 85 milljarða króna í upphafi árs og jukust því um 51% á árinu. Skuldabréf standa undir stærstum hluta af útlánavexti í útlánasafni SPRON á síðasta ári. Útlán til lengri tíma en 5 ára voru 57% af heildar útlánnum í árslok 2006. Virk þátttaka SPRON í íbúðarlánnum hefur haft áhrif á aukningu útlána til lengri tíma og annarra skuldabréfalána. Einstaklingar eru stærsti einstaki hópur lántakenda hjá SPRON og námu útlán til þeirra 60,5% af útlánnum SPRON í árslok 2006.

Útlán til viðskiptamanna eftir tegundum	31.12.2004	Breyting %	31.12.2005	Breyting %	31.12.2006
Yfirdráttarlán	6.855.932	16,7%	7.998.211	16,7%	9.332.555
Vixlar	126.172	6,4%	134.230	-27,2%	97.746
Skuldabréf	40.032.985	81,3%	72.582.078	52,3%	110.567.933
Önnur lán	2.748.614	93,6%	5.322.658	76,8%	9.408.576
Afskriftareikningur útlána	-1.084.262	0,2%	-1.086.695	2,3%	-1.111.302
<b>Útlán til viðskiptamanna</b>	<b>48.679.441</b>	<b>74,5%</b>	<b>84.950.482</b>	<b>51,0%</b>	<b>128.295.508</b>

## Afskriftareikningur útlána og óvaxtaberandi útlán

Afskriftareikningur SPRON heildarinnar nam 1.111 millj.kr. í árslok 2006 eða 0,9% af útlánnum til viðskiptamanna en hann var 1,3% árið 2005 og 2,2% árið 2004. Afskriftarsjóður samstæðu hefur nánast staðið í stað undanfarin fimm ár á sama tíma og útlán til viðskiptamanna hafa aukist um 257%. Hlutfall endanlega tapaðra útlána af útlánnum nam 0,2% árinu 2006 en það var 0,3% árið 2005 og 1,0% árið 2004. Sjá meðfylgjandi töflu sem sýnir þróun afskriftareikning útlána fyrir árin 2005 og 2006.

Afskriftareikningur útlána (ISK '000)	31.12.2004	Breyting %	31.12.2005	Breyting %	31.12.2006
Afskriftareikningur útlána í ársbyrjun	1.077.060	-4,4%	1.029.213	5,6%	1.086.695
Virðisrymnun útlána á árinu	469.884	-30,5%	326.591	-5,6%	308.347
Endanlega tapað	-475.747	-44,4%	-264.359	-2,7%	-257.304
Innkomið áður afskrifað	13.065	69,9%	22.200	92,3%	42.701
Hækkun núvirðis virðisryrðra útlána			-26.950	156,5%	-69.137
<b>Samtals</b>	<b>1.084.262</b>	<b>0,2%</b>	<b>1.086.695</b>	<b>2,3%</b>	<b>1.111.302</b>

Óvaxtaberandi útlán eru skilgreind sem mismunur á höfuðstól og framlagi í sérgreindan afskriftareikning vegna lána sem metin hafa verið í tapshættu. Óvaxtaberandi útlán í árslok 2006 námu 536 milljónum króna eða sem nemur 0,4% af heildarútlánnum. Í lok árs 2005 námu óvaxtaberandi útlán 188 milljónum króna eða sem nemur 0,2% af útlánnum. Hækkunin skýrist að mestu á fáum stórum lánnum sem metin eru í tapshættu, en eru með það góðar tryggingar að aðeins er talið að lítil hluti þeirra tapist.

Utan efnahagsreiknings eru skuldbindingar vegna viðskiptavina eins og ábyrgðir, ónotaðar yfirdráttarheimildir, framvirkir samningar og vaxtaskiptasamningar. Nánari upplýsingar um þessar skuldbindingar má finna í ársreikningi fyrir árið 2006, skýringar 77-80 í viðauka.

## Veltufjáreignir

Veltufjáreignir SPRON voru í árslok 2006 samtals 20.313 millj. kr. og hækkuðu frá 8.367 millj. kr. í árslok 2005. Veltufjáreign 2006 skiptist þannig niður að skuldabréfaeign nam 8.191 millj. kr., hlutabréfaeign 9.872 millj.kr. og afleiðusamningar 2.249 millj. kr. Hlutabréfaeign jókst mest eða um 6.399 millj.kr. milli ára aðallega vegna viðbótarfjárfestinga. Í lok árs 2006 var eign SPRON í markaðsskuldbréfum mest í ríkistryggðum bréfum. Fram undir mitt ár var þessi eign fyrst og fremst í verðtryggðum bréfum en þegar líða tók á árið var vægi verðtryggðra bréfa minnkað og vægi óverðtryggðra ríkis- og fyrirtækjabréfa aukið vegna breyttra verðbólguvæntinga.

## Óvaxtaberandi eignir

Það er stefna stjórnar SPRON að nýta þau tækifæri til vaxtar sem gefast og falla vel að starfseminni ásamt því að auka þjónustuúrval til viðskiptavina. SPRON hefur það að leiðarljósi í fjárfestingum sínum að þær séu arðsamar og

falli vel að stefnu félagsins og vexti hans til framtíðar. Skipta má óvaxtaberandi eignum í tvo meginflokkka: hlutdeildarfélög sem tengjast starfsemi SPRON beint, s.s. Teris (áður Tölvumiðstöð sparisjóðanna), greiðslukortafyrirtæki o.fl. og fjárfestingar í hlutafélögum. Í árslok 2006 voru óvaxtaberandi eignir SPRON 27% af heildareignum SPRON. Gerð er ríkuleg arðsemiskrafa til þessara eigna. Stærstu einstöku óvaxtaberandi fjárfestingar SPRON við árslok 2006 voru annars vegar í Exista og hins vegar í Icebank.

### Fjáreignir tilgreindar á gangvirði

Fjáreignir að gangvirði voru í árslok 2006 16.749 millj. kr og höfðu aukist úr 7.991 milljón kr. frá árslokum 2005. Helsta ástæða er hækkun á virði Exista við skráningu þess á OMX ICE. Í lok árs 2006 átti SPRON 6,34% í Exista og var annar stærsti hluthafinn í fyrirtækinu. SPRON átti jafnframt hlut í Exista í gegnum eignarhlut sinn í Icebank og Kistu fjárfestingarfélagi.

### Eignarhlutur í dótturfélögum

Stærsta dótturfélag SPRON er Frjálsi fjárfestingarbankinn hf. Eignir Frjálsa fjárfestingabankans voru 55.328 milljónir króna. í árslok 2006 sem eru 30% af eignum SPRON samstæðunnar. Í árslok 2005 voru eignir Frjálsa fjárfestingarbankans hf. 37.532 milljónir króna. Úlánaaukning Frjálsa fjárfestingarbankans hf á árinu 2006 var 17.523 milljónir króna eða 49,3%.

### Hlutdeildarfélög

Eignarhlutur í hlutdeildarfélögum óx úr 1.647 milljónum króna í árslok 2005 í 4.580 milljónir króna í árslok 2006. Hækkunina má rekja til tveggja megin þátta sem vega svipað. Í fyrsta lagi nýr 41% eignarhlutur í Kistu fjárfestingarfélagi ehf. sem heldur á hlutum í Exista og í öðru lagi hækkun á bókfærðu virði Icebank vegna góðrar afkomu félagsins árið 2006.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Bókfært verð fasteigna í árslok 2006 var 767 milljónir króna af 992 milljónum króna bókfærðu verðmæti fastafjármuna. Fasteignin Lágmúli 6-8 er veigamesta fasteign félagsins en bókfært virði hennar var 674 milljónir króna í árslok 2006. Óverulegar breytingar hafa verið á eignarhaldi SPRON á fasteignum undanfarin ár en tæp 75% af bókfærðum eignum samstæðunnar koma frá Frjálsa fjárfestingabankanum.

### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir SPRON í árslok 2006 námu 1.675 milljónir króna og þar af viðskiptavild 1.547 milljónir króna. Viðskiptavild SPRON hefur breyst óverulega frá árslokum 2004 þegar hún var 1.332 milljónir króna. Samstæðan framkvæmir virðisrýrnunarpróf á fjórða ársfjórðungi ár hvert.

## Skuldir

Meðfylgjandi tafla sýnir hvernig fjármögnun SPRON var háttað í árslok 2004-2006 samkvæmt ársreikningi.

Fjármögnun og skuldastaða (ISK '000)	31.12.2004	Breyting %	31.12.2005	Breyting %	31.12.2006
Endurmetið stofnfé	603.671	556,1%	3.960.503	391,2%	19.453.815
Varasjóður	5.214.219	73,7%	9.055.476	68,9%	15.292.045
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>5.817.890</b>	<b>123,7%</b>	<b>13.015.979</b>	<b>166,9%</b>	<b>34.745.860</b>
Hlutdeild minnihluta	1.057	16,6%	1.232	2257,5%	29.045
Víkjandi lán	1.923.539	103,7%	3.918.386	33,1%	5.216.371
Lántaka	16.424.801	170,6%	44.445.350	56,7%	69.642.032
Innlán	42.734.254	18,3%	50.549.897	34,8%	68.116.305
Aðrar skuldir	1.852.615	61,8%	2.998.350	125,2%	6.750.931
<b>Skuldir samtals</b>	<b>62.935.209</b>	<b>61,9%</b>	<b>101.911.983</b>	<b>46,9%</b>	<b>149.725.639</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>68.754.156</b>	<b>67,2%</b>	<b>114.929.194</b>	<b>60,5%</b>	<b>184.500.544</b>

## Innlán

Innlán frá viðskiptamönnum námu 56,6 milljörðum króna í lok árs 2006 en þau voru 39,3 milljarðar króna í upphafi ársins og jukust því um 43,9%. Innlán sem hlutfall af útlánum til viðskiptavina voru 44,1% í lok árs 2006 en þau voru 46,3% í lok árs 2005. Aftur á móti fjármagnaði SPRON útlán til viðskiptamanna að 72,1% hluta með innlánum árið 2004.

Lækkun innláns hlutfallsins kemur til vegna aukningar útlána SPRON á árinu 2005 og aðallega vegna aukinna íbúðalána.

Innlán SPRON (ISK '000)	2004	Hlutfall	2005	Hlutfall	2006	Hlutfall
Gjaldkræf innlán	22.622.708	63,7%	22.654.023	57,6%	30.825.026	54,47%
Allt að 3 mánuðir	1.563.351	4,4%	2.801.557	7,1%	9.645.039	17,04%
3 mánuðir til 1 ár	1.924.786	5,4%	3.050.527	7,8%	4.326.897	7,65%
1 - 5 ár	8.474.822	23,9%	9.359.311	23,8%	9.645.179	17,04%
Yfir 5 ár	937.677	2,6%	1.474.603	3,7%	2.150.265	3,80%
<b>Samtals</b>	<b>35.523.344</b>	<b>100,0%</b>	<b>39.340.021</b>	<b>100,0%</b>	<b>56.592.406</b>	<b>100,0%</b>

Innlán/útlán	72,1%	46,3%	44,1%
--------------	-------	-------	-------

## Lántaka

Á undanförunum árum hafa umsvif SPRON aukist verulega og útlán aukist mikið til einstaklinga og fyrirtækja. Aukin útlán til viðskiptavina hafa að hluta til verið fjármögnuð með lántökum. Lántaka SPRON er annars vegar fölginn í verðbréfaútgáfu og hins vegar í lánum frá lánastofnunum í formi framseljanlegra verðbréfa. Um síðustu áramót námu skuldabréf útgefin á innlendum markaði um 46% af lántökum, útgefnir bankavíxlir um 5% og erlend fjármögnun til lengri tíma samtals um 49%. Lántaka SPRON nam 69,6 milljörðum króna í lok árs 2006 og hafði aukist um 57% á árinu. Sambankalán að upphæð 90 milljónir evra til þriggja ára var tekið á árinu 2006. Lántaka nam samtals 44.445 milljónum króna í lok árs 2005 og jókst um rúm 170% frá 2004 þegar lán SPRON voru samtals 16.425 millj.kr.

## Eigið fé

Eigið fé í árslok 2006 nam 34,8 milljörðum króna en var 13,0 milljarðar í ársbyrjun og hefur því aukist um 167% milli ára. Stofnfé SPRON nam 19,5 milljörðum í lok árs 2006 en það var 4,0 milljarðar í upphafi ársins og jókst um 391% á árinu. Breytingin skýrist af stofnfjárukningu að fjárhæð 14,7 milljarðar og hagnaði að fráðregnum arðgreiðslum á árinu 2006. Arðgreiðsla á árinu 2006 vegna ársins 2005 nam 48,4% hagnaði 2005 eða sem samsvarar tæpum 1,98 milljörðum króna eða 1,93 krónum á stofnfjárhlut (þó ekki sambærilegt við arð per hlut í framtíðinni hjá hlutafélaginu).

Eigið fé í árslok 2005 var rúmir 13 milljarðar króna og jókst um rúm 120% frá fyrra árinu 2004. Aukningin kemur til vegna útgáfu nýs stofnfjár að fjárhæð 3,3 milljarðar króna og 4 milljarða króna hagnaðar að fráðregnum arðgreiðslum. Arðgreiðsla á árinu 2005 vegna ársins 2004 nam 10,5% af hagnaði 2004 eða sem samsvarar 154 milljónum króna eða 0,43 krónum á stofnfjárhlut.

Frá og með árinu 2005 hefur stofnfé verið aukið þrisvar, samtals um 9.1 milljarða króna að nafnvirði eða tæplega 18 milljarða króna að framreiknuðu nafnvirði. Sjá yfirlit í meðfylgjandi töflu.

<b>Eiginfjáryfirlit fyrir árið 2006</b>	<b>Stofnfé Varasjóður</b>		<b>Samtals</b>	<b>Hlutdeild minnihluta</b>	<b>Eigið fé Samtals</b>
Eigið fé 1.1	3.960.503	9.055.476	13.015.979	1.232	13.017.211
Hagnaður ársins		9.010.074	9.010.074	208	9.010.282
Arðgreiðslur		-1.980.343	-1.980.343		-1.980.343
Útgefið nýtt stofnfé	14.700.150		14.700.150		14.700.150
Breytingar á hlutdeild minnihluta			0	27.605	27.605
Endurmat á stofnfé	793.162	-793.162	0		0
<b>Eigið fé 31.12</b>	<b>19.453.815</b>	<b>15.292.045</b>	<b>34.745.860</b>	<b>29.045</b>	<b>34.774.905</b>

<b>Eiginfjáryfirlit fyrir árið 2005</b>	<b>Stofnfé Varasjóður</b>		<b>Samtals</b>	<b>Hlutdeild minnihluta</b>	<b>Eigið fé Samtals</b>
Eigið fé 1.1	603.671	5.214.219	5.817.890	1.057	5.818.947
Hagnaður ársins		4.092.195	4.092.195	175	4.092.370
Arðgreiðslur		-153.937	-153.937		-153.937
Útgefið nýtt stofnfé	3.259.831		3.259.831		3.259.831
Breytingar á hlutdeild minnihluta			0		0
Endurmat á stofnfé	97.001	-97.001	0		0
<b>Eigið fé 31.12</b>	<b>3.960.503</b>	<b>9.055.476</b>	<b>13.015.979</b>	<b>1.232</b>	<b>13.017.211</b>

<b>Eiginfjáryfirlit fyrir árið 2004</b>	<b>Stofnfé Varasjóður</b>		<b>Samtals</b>	<b>Hlutdeild minnihluta</b>	<b>Eigið fé Samtals</b>
Eigið fé 1.1	538.641	3.995.122	4.533.763	26.834	4.560.597
Hagnaður ársins		1.464.770	1.464.770	1.741	1.466.511
Arðgreiðslur		-116.188	-116.188		-116.188
Útgefið nýtt stofnfé			0		0
Breytingar á hlutdeild minnihluta			0	-27.490	-27.490
Endurmat á stofnfé	65.030	-65.030	0		0
<b>Eigið fé 31.12</b>	<b>603.671</b>	<b>5.278.674</b>	<b>5.882.345</b>	<b>1.085</b>	<b>5.883.430</b>

Eiginfjárhlutfall (CAD) SPRON í lok árs 2006 var 20,2% en það var 13,6% í lok árs 2005 og 10,4% 2004. Lágmarkshlutfall samkvæmt lögum er 8,0%. Eiginfjárpáttur A var 31,1% í lok árs 2006 en það var 19,6% í árslok 2005 og 12,3% 2004. Sjá nánar í meðfylgjandi töflu.

Eiginfjárlutfall	2004		2005		2006	
	Bókfærð staða	Vegin staða	Bókfærð staða	Vegin staða	Bókfærð staða	Vegin staða
<b>Áhættugrunnur</b>						
Bókfærðar eignir	68.749.023	44.375.862	114.929.194	69.013.164	184.500.544	125.627.153
Eignir til frádráttar eigin fé		-3.367.749		-8.305.769		-17.533.484
Ábyrgðir og aðrir liðir utan efnahagsreiknings		1.095.802		1.045.986		712.595
		<b>42.103.915</b>		<b>61.753.381</b>		<b>108.806.264</b>
<b>Eigið fé</b>						
<i>Eiginfjárbáttur A</i>						
Bókfært eigið fé		5.946.657		13.015.979		34.745.860
Hlutdeild minnihluta		1.085		1.232		29.045
Óefnislegar eignir		-1.332.273		-1.547.421		-1.547.421
Víkjandi lán		583.679		607.180		648.593
<i>Eiginfjárbáttur B</i>						
Víkjandi lán		1.198.223		3.050.885		4.080.586
Eignarhluti í fjármálastofnunum		-2.035.456		-6.758.348		-15.986.063
		<b>4.361.915</b>		<b>8.369.507</b>		<b>21.970.600</b>
<b>Eiginfjárlutfall</b>		<b>10,4%</b>		<b>13,6%</b>		<b>20,2%</b>
Þar af eiginfjárbáttur A		12,3%		19,6%		31,1%

## Sjóðstreymisýfirlit

Í meðfylgjandi töflu má sjá sjóðstreymi SPRON samstæðunnar fyrir árin 2004 - 2006. Hækkun handbærs fjár var 967 milljónir króna árið 2006 samanborið við tæpar 553 milljónir króna árið 2005 og 1.416 milljónir króna árið 2004. Nánari upplýsingar má finna í yfirliti yfir fjármögnun félagsins.

Sjóðstreymi samstæðu SPRON (ISK '000)	31.12.2004	31.12.2005	31.12.2006
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>			
Hagnaður fyrir skatta	1.984.401	4.955.821	10.878.785
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi	694.036	-1.447.932	-1.850.682
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum	-1.092.103	-7.112.566	-20.032.251
Greiddur tekjuskattur	0	-83.727	-109.328
<b>Handbært fé (til) frá rekstri</b>	<b>1.586.334</b>	<b>-3.688.404</b>	<b>-11.113.476</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar:</b>			
Hlutir í hlutdeildarfélögum, breyting	0	213.250	-1.526.992
Fjárfesting dótturfélaga að frádregnu handbæru fé	-29.770	0	-59.500
Fjárfesting óefnislegra eigna	-24.356	-101.228	-73.895
Fjárfesting rekstrarfjármuna	-38.625	-907.615	-174.912
Söluverð rekstrarfjármuna	38.712	5.230	367.236
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>	<b>-54.039</b>	<b>-790.363</b>	<b>-1.468.063</b>
<b>Fjármögnunarahreyfingar:</b>			
Ný víkjandi lán	0	2.325.313	1.885.750
Endurgreidd víkjandi lán	0	-399.770	-1.056.976
Útgáfa stofnfjárbrefa	0	3.259.831	14.700.150
Arðgreiðslur	-116.118	-153.937	-1.980.343
<b>Fjármögnunarahreyfingar</b>	<b>-116.118</b>	<b>5.031.437</b>	<b>13.548.581</b>
Hækkun á handbæru fé	1.416.177	552.670	967.042
Handbært fé í ársbyrjun	1.437.095	2.853.272	3.405.942
<b>Handbært fé í árslok</b>	<b>2.853.272</b>	<b>3.405.942</b>	<b>4.372.984</b>

# 11. ÁBYRGÐARAÐILAR, LÖGGILTIR ENDURSKOÐENDUR OG UMSJÓNARAÐILI

## Yfirlýsing ábyrgðaraðila fyrir hönd útgefanda

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf., kennitala 540502-2770, Ármúla 13a, 108 Reykjavík, lýsir því yfir sem útgefandi að samkvæmt bestu vitund eru upplýsingarnar, sem útgefandalýsing þessi hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og engum upplýsingum verið sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 18. október 2007

Fyrir hönd útgefanda

Hildur Petersen, stjórnarformaður

Guðmundur Hauksson, forstjóri

## Yfirlýsing löggiltra endurskoðenda

KPMG hf., kennitala 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík, hefur endurskoðað og áritað án athugasemda ársreikninga hlutafélagsins Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf. fyrir árin 2004, 2005 og 2006, ársreikninga sparisjóðsins Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis fyrir árin 2004, 2005 og 2006, svo og árshlutareikning hlutafélagsins Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf. fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2007. KPMG hf. staðfesti að reikningarnir voru í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og gáfu glögga mynd af rekstri og efnahag útgefandans. Ennfremur kannaði KPMG hf. árshlutareikning sparisjóðsins Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2006. Könnunin leiddi ekki í ljós neitt sem gaf tilefni til breytinga á árshlutareikningnum. Ennfremur kannaði KPMG hf. stofnefnahagsreikning sameinaðs félags hlutafélagsins Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf. og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis sem dagsettur var þann 1. apríl 2007. Álit KPMG hf. var að efnahagsreikningurinn gæfi glögga mynd af eignum og skuldum beggja félaganna, þeim breytingum sem samruninn hefði í för með sér og efnahagsreikningi hins sameinaða félags eftir samrunann.

KPMG hf. staðfestir að upplýsingar í útgefandalýsingu þessari sem varða þau reikningsskil eru í samræmi við ofangreinda ársreikninga og árshlutareikninga.

Reykjavík, 18. október 2007

Fyrir hönd KPMG hf.

Sigurður Jónsson, löggiltur endurskoðandi

Reynir Gylfason, löggiltur endurskoðandi

## Yfirlýsing umsjónaraðila

Fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings banka hf., kennitala 560882-0419, Borgartúni 19,105 Reykjavík, hefur umsjón með frumskráningu hlutafélagsins Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. á OMX Nordic Exchange Iceland hf. og hefur meðal annars verið ráðgjafi útgefanda við undirbúning þessarar útgefandalýsingar. Fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings banka hf. hefur unnið að gerð útgefandalýsingar þessarar í samráði við stjórnendur og stjórn útgefandans og er hún byggð á upplýsingum frá útgefanda, þar á meðal á beinum og óbeinum upplýsingum úr lögfræðilegri áreiðanleikakönnun, endurskoðuðum ársreikningum og endurskoðuðum eða könnuðum árshlutauppgjörum.

Fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings banka hf. lýsir því yfir að við gerð þessarar útgefandalýsingar kallaði hún eftir þeim gögnum sem hún taldi nauðsynleg til að útgefandalýsingin gæfi rétta mynd af stöðu útgefanda og hlutabréfum hans. Samkvæmt bestu vitund umsjónaraðila eru upplýsingarnar, sem útgefandalýsing þessi hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og engum upplýsingum verið sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 18. október 2007

Fyrir hönd umsjónaraðila

Jóhann Pétur Reyndal, framkvæmdastjóri





**VERÐBRÉFALÝSING**

# EFNISYFIRLIT VERÐBRÉFALÝSINGAR

## 1. ÁHÆTTUÞÆTTIR

Almenn áhætta hlutabréfa  
Lagaumhverfi  
Útgáfa nýrra hlutabréfa getur þynnt hlutafjäreign hluthafa  
Uppbygging á eignarhaldi  
SPRON-sjóðurinn ses

## 2. SKILGREININGAR OG TILVÍSANIR

## 3. SKJÖL TIL SÝNIS SEM VÍSAÐ ER TIL, UPPLÝSINGAR FRÁ ÞRÍÐJA AÐILA OG ÁBENDINGAR TIL FJÁRFESTA

## 4. HELSTU UPPLÝSINGAR

Veltufé, fjármögnun og skuldastaða  
Hagsmunir einstaklinga og lögaðila sem tengjast skráningunni  
Kostnaður vegna skráningar

## 5. UPPLÝSINGAR UM HLUTABRÉFIN

Hlutfé  
Tegund og flokkur hlutabréfanna sem á að skrá  
Réttindi  
Arðgreiðslur  
Takmarkanir á rétti til arðs  
Eignarréttindi og framsal hluta  
Atkvæðisréttur  
Forgangsréttur til áskriftar við hækkun hlutafjár  
Yfirtökutilboð  
Innlausn  
Safnskráning  
Slit eða skipti á félaginu  
Skattamál

## 6. SKRÁNING Á MARKAÐ OG FYRIRKOMULAG VIÐSKIPTA

## 7. ÁBYRGÐARAÐILAR, LÖGGILTIR ENDURSKOÐENDUR OG UMSJÓNARAÐILI

Yfirlýsing ábyrgðaraðila fyrir hönd útgefanda  
Yfirlýsing löggiltra endurskoðenda  
Yfirlýsing umsjónaraðila

# 1. ÁHÆTTUÞÆTTIR

Fjárfesting í hlutabréfum felur í sér margvíslega áhættuþætti. Áður en tekin er ákvörðun um fjárfestingu í hlutabréfum útgefanda ættu fjárfestar að kynna sér allar upplýsingar sem koma fram í verðbréfalýsingu þessari og öðrum skjölum sem lýsingin samanstendur af, sérstaklega þá kafla sem er að finna bæði í verðbréfalýsingu og útgefandalýsingu sem bera heitið "Áhættuþættir". Þeir óvissu- og áhættuþættir sem fjallað er um þar eru þess eðlis að þeir geta haft áhrif útgefanda og þar með á verð á hlutum í útgefanda. Komi fram einhver af þessum áhættuþáttum kann það að leiða til þess að verð á hlutum í útgefanda falli og fjárfestar tapi hluta af fjárfestingu sinni eða jafnvel allri fjárfestingu sinni. Aðrir óvissu- eða áhættuþættir sem ekki eru til staðar á þeim tíma sem verðbréfalýsing þessi er gefin út, eða útgefanda er ekki kunnugt um, kunna einnig að skaða rekstur útgefanda. Þessir þættir geta haft neikvæð áhrif á fyrirtækið, tekjur, hagnað, eignir, greiðslugetu og verðmyndun á hlutabréfum í útgefanda. Eftirfarandi umfjöllun um áhættuþætti er ekki tæmandi.

## Almenn áhætta hlutabréfa

Fjárfesting í hlutabréfum felur í sér margvíslega áhættuþætti. Dæmi um slíka áhættuþætti sem geta haft áhrif á verð hlutabréfa eru markaðsáhætta, seljanleikaáhætta og mótaðilaáhætta. Verð hlutabréfa getur sveiflast töluvert vegna margvíslegra þátta, s.s. breytinga á rekstrartekjum eða rekstrarkostnaði, breytinga á markaðsumhverfi, neikvæðrar umfjöllunar um útgefanda í fjölmiðlum, starfsemi hans og þjónustu og breytinga á samkeppnisstöðu útgefanda. Ennfremur þarf að hafa í huga að hlutafjáreign eru réttlægstu kröfur í eignir hlutafélags, sem þýðir að við slit eða gjaldprot útgefanda fá hluthafar greitt í hlutfalli við hlutafjáreign sína, kveði samþykktir ekki á um aðra skipan, það sem eftir stendur af eignum félagsins eftir að lánadrottinn hafa fengið sínar kröfur greiddar.

Í mörgum löndum hefur fjárfesting í hlutabréfum reynst arðsamari til lengri tíma lítið en fjárfesting í skuldabréfum. Þrátt fyrir það geta hlutabréf reynst lakari fjárfestingarkostur til lengri tíma lítið en skuldabréf og geta slíkar fjárfestingar jafnvel leitt til taps. Þeir sem hafa í hyggju að fjárfesta í hlutum útgefanda þurfa að hafa í huga að ekki er hægt að veita tryggingu fyrir því að fjárfesting í hlutum útgefanda muni reynast arðsöm. Þá skulu væntanlegir fjárfestar einnig hafa það hugfast að þrátt fyrir að fjárfesting í hlutabréfum kunni að skila góðri ávöxtun almennt, þá er ávallt sú hættu fyrir hendi að hlutabréf í einstökum félögum lækki í verði. Af þeim sökum er væntanlegum fjárfestum bent á að dreifa áhættu sinni og leita sér fjárfestingarágjafar.

## Lagaumhverfi

Lög númer 161/2002, um fjármálafyrirtæki, eru grundvallarlög um stofnun, eftirlit og stjórnun fjármálafyrirtækja á Íslandi. Einnig eru í gildi lög nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Starfsemi útgefanda er leyfisskyld starfsemi samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og er háð starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu. Við sameiningu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og útgefanda á grundvelli samrunaáætlunar dagsett 17. júlí 2007 hélt starfsleyfið gildi sínu í samræmi við 3. mgr. 73. gr. sömu laga. Það skal þó athuga að við ákveðnar aðstæður getur Fjármálaeftirlitið afturkallað starfsleyfi útgefanda í heild eða að hluta.

Eftir breytingu sparisjóðsins í hlutafélag gildir, skv. 75. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, áfram ákvæði um atkvæðisrétt sem fylgir hlutum í sparisjóðum og um meðferð hans. Fjármálaeftirlitið setti fram tülkun á 3. mgr. 70. gr. og 1. mgr. 75. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, varðandi atkvæðisrétt í sparisjóðum. Ekki er fyrirséð hvort ákvæðum laganna um 5% hámarksatkvæðarétt verði breytt í framtíðinni en ekki er hægt að útiloka að svo verði.

Fjármálaeftirlitið tilkynnti SPRON þann 19. september síðastliðinn að það myndi á næstu vikum fara yfir ákvæði laga er snúa að starfsemi sparisjóða sem breytt hefur verið í hlutafélag og um starfsemi sjálfseignarstofnana sem stofna skal ef breyta á sparisjóði í hlutafélag. Fjármálaeftirlitið stefnir að því að gefa út tülkun um sparisjóði sem breytt hefur verið í hlutafélag og verður hún m.a. birt á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.

Viðskiptaráðherra tilkynnti þann 28. ágúst síðastliðinn um skipan nefndar sem fara á yfir lagaumhverfi sparisjóðanna og gera tillögur til breytinga eftir atvikum, þ.e. á ákvæðum VIII. kafla laga um fjármálafyrirtæki með það að markmiði að lagaumhverfi sparisjóðanna verði þeim ekki hamlandi í ört vaxandi samkeppni á fjármálamarkaði. Í tilkynningunni kemur fram að nokkur umræða hafi verið um að ákvæði gildandi laga um starfsemi

sparisjóðanna hafi ekki virkað sem skyldi, m.a. þau sem heimila breytingu sparisjóðs í hlutfélag, viðskipti með stofnfjárluti og útgáfu nýs stofnfjár. Gert er ráð fyrir að nefndin ljúki störfum fyrir 1. júní 2008. Síðast var ráðist í miklar breytingar á lagaumhverfi sparisjóðanna árið 2001 þegar samþykktar voru breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki sem gerðu sparisjóðum kleift að breyta félagiformi sínu í hlutfélög. Til dagsins í dag hefur enginn sparisjóður farið þessa leið fyrir utan SPRON.

Breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki hafa undanfarið verið gerðar til að innleiða tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins varðandi verðbréfamarkaði, þar á meðal tilskipun um lýsingar vegna kauphallarskráninga og/eða útboða á verðbréfum, tilskipanir um markaðsmisnotkun, yfirtöku, MIFID og gagnsæi. Nýjustu breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki taka gildi 1. nóvember 2007 sbr. lög nr. 111/2007. Jafnframt munu breytast lög nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Útgefandi fellur undir ákvæði íslenskra laga og reglugerða um verðbréfiðskipti, sbr. lög nr. 33/2003 um verðbréfiðskipti og reglugerðir settar á grundvelli þeirra laga. Frá og með fyrsta nóvember 2007 falla þau lög úr gildi og við taka ný lög um verðbréfiðskipti nr. 108/2007. Hin nýju lög munu hafa í för með sér nokkrar breytingar frá því sem verið hefur, þ.m.t. varðandi upplýsingagjöf og réttarstöðu viðskiptavina fjármálafyrirtækja, reglur um tilkynningarskyldu o.fl. Þar sem skráning útgefanda á aðalmarkað OMX ICE hefur verið samþykkt af OMX ICE fellur útgefandi einnig undir lög nr. 34/1998 um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða og reglur OMX ICE. Þann 1. nóvember 2007 falla lög nr. 34/1998 úr gildi er ný lög um kauphallir, lög nr. 110/2007, öðlast gildi. Útgefandi mun kappkosta að fara eftir framangreindum reglum þ.m.t. reglum um upplýsingagjöf og flöggunarskyldu þar sem brot á þeim kann að hafa fjárhagsleg áhrif á útgefanda. Alvarleg brot á þessum reglum kunna að hafa það í för með sér að OMX ICE taki hluti útgefanda af skrá um tiltekinn tíma eða endanlega. Brjótí útgefandi framangreindar reglur kann það enn fremur að hafa áhrif á orðspor útgefanda og þar með haft þær afleiðingar að hlutabréf útgefanda falli í verði. Þeir sem fjárfesta í hlutum útgefanda falla undir lög og reglur sem varða verðbréfa- viðskipti, s.s. reglur um yfirtökutilboð og flöggunarskyldu o.s.frv.

Útgefandi tekur ekki ábyrgð á upplýsingum um lagabreytingar eða breytta lagaframkvæmd sem taka gildi eftir útgáfudag lýsingar þessarar.

## Útgáfa nýrra hlutabréfa getur þynnt hlutfjáreign hluthafa

Ef útgefandi hækkar hlutfé sitt mun hlutfallsleg hlutfjáreign þeirra, sem eiga hluti í útgefanda fyrir, minnka í samræmi við það, nema þeir afli sér nýrra hluta í útgefanda. Tilgangur hlutfélaga með útgáfu nýs hlutfjár er iðulega að fjármagna ný verkefni með það markmið fyrir augum að gera félagið verðmætara í framtíðinni. Fjárfestar skulu hafa það í huga að sá möguleiki er ávallt fyrir hendi að útgefandi auki hlutfé sitt í framtíðinni.

## Uppbygging á eignarhaldi

Uppbygging á eignarhaldi í útgefanda kann að vera áhættuþáttur fyrir fjárfesta. Skortur á leiðandi fjárfestum eða mikil samþjöppun á eignarhaldi eru dæmi um aðstæður sem geta haft neikvæð áhrif. Fjárfestar verða að hafa í huga þá staðreynd að eignarhald í félaginu getur breyst snögglega og án fyrirvara.

## SPRON-sjóðurinn ses

Væntanlegir fjárfestar verða að hafa í huga við breytingu á Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis í hlutfélag, varð SPRON-sjóðurinn ses eigandi að 14,99% hlutfjár útgefanda.

## 2. SKILGREININGAR OG TILVÍSANIR

Vísun til „útgefanda“ eða „félagsins“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlkuð sem tilvísun til Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf., kennitala 540502-2770, nema annað megi skilja af samhengi textans. Vísun til „SPRON“, „SPRON heildarinnar“, „SPRON samstæðunnar“ eða „samstæðunnar“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlkuð sem tilvísun til samstæðu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf., kennitala 540502-2770, þ.e. til útgefanda ásamt dótturfélögum þess, þegar textinn varðar núverandi rekstur, en skal túlkuð sem tilvísun til samstæðu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, kennitala 610269-5089, þegar textinn varðar sögulegar upplýsingar fyrir samruna Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis við Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf., nema annað megi skilja af samhengi textans. Vísun til „Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis“ eða „sparisjóðsins“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlkuð sem tilvísun til Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, kennitala 610269-5089, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Skammstöfunin „OMX ICE“ og hugtakið „kauphöll“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlkuð sem tilvísun til OMX Nordic Exchange Iceland, sem rekin er af OMX AB, íslensk kennitala 691106-9930, nema annað megi skilja af samhengi textans. Orðalagið „skráning“ og „skráning á OMX ICE“ skal túlkuð sem tilvísun til skráningar útgefanda á OMX ICE sem tekur hluti útgefanda til viðskipta, nema annað megi skilja af samhengi textans. Með „frumskráningu“ er átt við fyrstu skráningu á OMX ICE. Með orðunum „aðalmarkaður Kauphallar“ eða „aðallisti“ er átt við Nordic List OMX Nordic Exchange Iceland hf.

Skammstöfunin „VBSÍ“ eða vísun til „Verðbréfaskráningar“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlkuð sem tilvísun til Verðbréfaskráningar Íslands hf., kennitala 500797-3209, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Skammstöfunin „FME“ eða vísun til „Fjármálaeftirlitsins“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlkuð sem tilvísun til Fjármálaeftirlitsins á Íslandi, kennitala 541298-3209, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Hugtakið „umsjónaraðili“ í þessari verðbréfalýsingu skal túlkuð sem tilvísun til Fyrirtækjaráðgjafar Kaupþings banka hf., kennitala 560882-0419, nema annað megi skilja af samhengi textans. Vísun til „Kaupþings banka“ skal túlkuð sem tilvísun til Kaupþings banka hf., kennitala 560882-0419, nema annað megi skilja af samhengi textans.

Þegar vísað er til laga og reglugerða í verðbréfalýsingu þessari er vísað til íslenskra laga og reglugerða, með áorðnum breytingum.

### 3. SKJÖL TIL SÝNIS SEM VÍSAÐ ER TIL, UPPLÝSINGAR FRÁ ÞRIÐJA AÐILA OG ÁBENDINGAR TIL FJÁRFESTA

Verðbréfalýsing þessi hefur verið yfirfarin af OMX ICE fyrir hönd FME. Verðbréfalýsingin er hluti af lýsingu sem útbúin var í tengslum við fyrirhugaða frumskráningu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. á aðallista OMX ICE. Skráningin fer fram í samræmi við íslensk lög og reglugerðir, þar á meðal Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EC frá 4. nóvember 2003 sem innleidd hefur verið í íslenskan rétt. (Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 um lýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB). Verðbréfalýsing þessi er útbúin með hlidsjón af núverandi löggjöf, svo og reglum OMX ICE sem gilda um skráninguna.

Lýsingin er gefin út á íslensku og samanstendur af þremur sjálfstæðum skjölum; samantekt, útgefandalýsingu og verðbréfalýsingu. Lýsingin er gefin út rafrænt á vefsíðu útgefanda, [www.spron.is](http://www.spron.is), og er auk þess aðgengileg á vefsíðu umsjónaraðila, [www.kaupthing.is](http://www.kaupthing.is), í fréttakerfi OMX ICE, <http://www.omxgroup.com/nordicexchange/newsandstatistics/> og á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins. Aðgengi að lýsingunni verður tryggt í 12 mánuði frá útgáfudagsetningu.

Eftirfarandi skjöl skulu skoðast sem hluti af þessari verðbréfalýsingu. Afrit af hluta skjalanna er að finna í viðauka við ofangreinda lýsingu. Afrit af þessum skjölum má einnig nálgast rafrænt á vefsíðu útgefanda, [www.spron.is](http://www.spron.is), í þá tölfrá mánuði sem verðbréfalýsing þessi er gild. Skjöl þau sem vísað er til með þessum hætti eru samþykktir útgefanda og gögn um samruna sparisjóðsins Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis við hlutafélagið Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf.

Fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings banka hf. vann að gerð verðbréfalýsingar þessarar í samráði við stjórnendur og stjórn útgefandans og er hún byggð á upplýsingum frá útgefanda, þar á meðal á beinum og óbeinum upplýsingum úr lögfræðilegri áreiðanleikakönnun, endurskoðuðum ársreikningum og endurskoðuðum eða könnuðum árs hlutauppgjörum. Lögfræðileg áreiðanleikakönnun á útgefanda var framkvæmd af LOGOS og stíluð á umsjónaraðila og útgefanda. Þar sem við á er heimilda getið þegar upplýsingar frá þriðja aðila eru notaðar í þessari verðbréfalýsingu.

Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér vel öll skjöl sem tilheyra lýsingunni og þar með talið viðauka hennar. Fjárfestum er ráðlagt að gæta sérstaklega að köflum um áhættu og skoða yfirlýsingar útgefanda, umsjónaraðila og endurskoðenda. Upplýsingar í öllum skjölum sem tilheyra lýsingunni byggja á aðstæðum og staðreyndum á útgáfudegi þeirra og geta breyst frá útgáfudagsetningu lýsingarinnar og fram að þeim degi þegar hlutirnir eru teknir til viðskipta. Ef nýjar upplýsingar koma fram á þessu tímabili sem útgefandi telur hafa áhrif á verðmat hlutabréfa hans, þá mun útgefandinn tilkynna OMX ICE um þær og birta viðauka við lýsinguna þar sem greint er frá viðkomandi atriðum. Fjárfestum er ráðlagt að kynna sér allar opinberar upplýsingar sem gefnar eru út af SPRON eða varða félagið og ekki treysta eingöngu á upplýsingar í verðbréfalýsingu þessari eða öðru skjali sem tilheyra framangreindri lýsingu.

Verðbréfalýsingu þessa eða önnur skjöl sem tilheyra lýsingunni má ekki skoða eða túlka sem loforð um árangur í rekstri eða um ávöxtun fjármuna af hálfu útgefanda, umsjónaraðila eða annarra aðila. Fjárfestar eru minntir á að kaup á hlutabréfum eru í eðli sínu áhættufjárfesting sem byggist á væntingum en ekki loforðum. Fjárfestar verða fyrst og fremst að treysta eigin dómgreind vegna fjárfestingar í hlutabréfum SPRON og taka tillit til starfsumhverfis félagsins, hagnaðarvonar, ytri aðstæðna og þeirrar áhættu sem í fjárfestingunni felst. Fjárfestum er bent á að útgefandi starfar á markaði sem einkennist af aukinni samkeppni, ekki aðeins frá viðskiptabönkum, heldur einnig í vaxandi mæli frá öðrum sparisjóðum og ýmsum fyrirtækjum sem bjóða fjármálaþjónustu. Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum, verðbréfafyrirtækjum og sparisjóðum, til aðstoðar við mat á hlutabréfum í SPRON sem fjárfestingarkosti. Fjárfestum er ráðlagt að skoða lagalega stöðu sína og hver þau skattalegu áhrif sem kaup í hlutum útgefanda kann að hafa og leita óháðrar ráðgjafar í því tilliti.

Athygli er vakin á þeim hagsmunum umsjónaraðila sem tengjast útgefanda. Þessum hagsmunum er lýst í kafla sem ber heitið „Hagsmunir einstaklinga og lögaðila sem tengjast skráningunni“.

Þegar hlutabréfin hafa verið skráð ber félagið upplýsingaskyldu gagnvart OMX ICE í samræmi við gildandi löggjöf á Íslandi og reglur OMX ICE á hverjum tíma. Núgildandi reglur fyrir útgefendur verðbréfa í OMX ICE, sem tóku gildi 2.

apríl 2007, kveða á um að félag skuli kappkosta að opinbera án tafar allar áður óbirtar upplýsingar um ákvarðanir eða atvik sem það vissi eða mátti vita að hefðu marktæk áhrif á markaðsverð hlutabréfa þess í gegnum fréttakerfi OMX ICE, <http://www.omxgroup.com/nordicexchange/newsandstatistics/>.

Verðbréfalýsingu þessari, eða skjölum sem eru hluti af lýsingunni, skal hvorki dreifa né senda í pósti eða dreifa á einn eða annan hátt til landa þar sem dreifing myndi krefjast viðbótar skráningarferlis eða aðgerða annarra en þeirra sem heyra undir íslensk lög og reglur, eða sem stangast á við lög eða reglur viðeigandi landa. Verðbréfalýsingu þessa skal ekki senda út, beint eða óbeint, hvorki með pósti né öðrum aðferðum eða aðstoð (þar með talið en ekki tæmandi, faxsending, tölvupóstur, símskeyti, sími og vefsíður) til Bandaríkjanna eða innan þeirra, Ástralíu, Kanada eða Japan.

## 4. HELSTU UPPLÝSINGAR

### Veltufé, fjármögnun og skuldastaða

Formaður stjórnar útgefanda og forstjóri lýsa því hér með yfir fyrir hönd útgefanda að þeir telji veltufé, eigið fé og skuldastöðu útgefanda vera fullnægjandi til að uppfylla núverandi þarfir hans og að ekki sé þörf á frekari lánsfjármögnun.

Rétt er að benda á samstæðureikninga útgefanda sem í viðauka með þessari verðbréfalýsingu eru birtir í heild sinni með skýringum, svo og fjárhagsupplýsingar í útgefandalýsingu sem varða eignir og skuldir, fjárhagsstöðu og afkomu. Einnig er bent á upplýsingar í kafla hér á eftir um kostnað sem fellur á SPRON vegna frumskráningar félagsins OMX ICE, en ekkert fjárstreymi verður til SPRON í tengslum við skráninguna.

Fjármögnun SPRON hefur ekki tekið verulegum breytingum frá 30. júní 2007 og fylgja hér óendurskoðaðar tölur fyrir 31. ágúst 2007.

Fjármögnun (milljónir króna)*	30.06.2007	31.08.2007**	Skuldastaða (milljónir króna)	30.06.2007	31.08.2007**
Innlán frá fjármálaft. og Sí	3.063	6.124	Handbært fé og óbundnar innistæður í Sí	721	1.202
Innlán til skamms tíma (< 1 ár)	57.267	59.060	Krófur á lánastofnanir	10.047	8.140
Lántaka til skamms tíma (< 1 ár)	31.542	30.862	Veltufjáreignir og hlutabréf á gangvirði	38.900	40.006
<b>Samtals skammtímaskuldir</b>	<b>91.872</b>	<b>96.046</b>	<b>Greiðsluhæfi</b>	<b>49.668</b>	<b>49.348</b>
Innán til lengri tíma (> 1 ár)	9.368	10.522	Lántaka til skamms tíma (< 1 ár)	31.542	30.862
Lántaka til lengri tíma (> 1 ár)	57.529	56.018	Innlán til skamms tíma (< 1 ár)	60.330	65.184
Víkjandi lán	5.311	5.402	<b>Skammtíma fjárhagsskuldir</b>	<b>91.872</b>	<b>96.046</b>
<b>Samtals langtímaskuldir</b>	<b>72.208</b>	<b>71.942</b>	<b>Nettó skammtíma fjárhagsskuldir</b>	<b>42.203</b>	<b>46.698</b>
Hlutfé	5.000	5.000	Lántaka til lengri tíma (> 1 ár) og víkjandi lán	62.840	61.420
Lögbundinn varasjóður	1.250	1.250	Innán til lengri tíma (> 1 ár)	9.368	10.522
Annað eigið fé	29.676	29.682	<b>Langtíma fjárhagsskuldir</b>	<b>72.208</b>	<b>71.942</b>
<b>Samtals eigið fé</b>	<b>35.926</b>	<b>35.932</b>	<b>Nettó Skuldastaða</b>	<b>114.411</b>	<b>118.640</b>
<b>Samtals fjármögnun</b>	<b>200.005</b>	<b>203.920</b>			

\*Bankinn hefur ekki veitt nein veð eða ábyrgðir í tengslum við lántöku sína

\*\*Óendurskoðaðar fjárhæðir

### Hagsmunir einstaklinga og lögaðila sem tengjast skráningunni

Athygli er beint að hagsmunum Kaupþings banka hf. sem umsjónaraðila við gerð lýsingar og skráningar: Fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings banka hf. hafði umsjón með gerð verðbréfalýsingar þessarar, útgefandalýsingar og samantektar og var umsjónaraðili skráningar. Fyrir þá þjónustu fær Fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings banka hf. greidda þóknun frá útgefanda. Kaupþing banki hf. er hluthafi í útgefanda og á 4,23% alls útgefins hlutfjár í útgefanda. Kaupþing banki hf. og dótturfélag, s.s. Arion verðbréfavarsla hf., hafa átt viðskipti við útgefanda.

### Kostnaður vegna skráningar

Þóknun umsjónaraðila fyrir ráðgjöf og vinnu við skráningu félagsins nemur 0,1% af markaðsvirði heildarhlutfjár útgefanda miðað við vegið meðalverð viðskipta á fyrsta viðskiptadegi OMX ICE. Þar að auki fellur á útgefanda kostnaður sem áætlaður er um 30 milljónir króna. Er þar um að ræða gjald OMX ICE vegna skráningar, sem samkvæmt gjaldskrá frá 27. febrúar 2007 nemur 1,05 milljón króna, þóknun til lögfræðinga vegna áreiðanleikakönnunar, þóknun til endurskoðenda félagsins vegna endurskoðunar sex mánaða árshlutareiknings fyrir skráningu og vegna annarrar ráðgjafar í tengslum við skráninguna, svo og kostnaður vegna prentunar og auglýsinga. Jafnframt er greitt árgjald til OMX ICE fyrir skráningu hlutabréfa, þ.e. fast gjald, sem er 825.000 kr., og breytilegt gjald, sem er 0,002% af markaðsvirði félagsins.



## 5. UPPLÝSINGAR UM HLUTABRÉFIN

### Hlutafé

Útgefið hlutafé útgefanda er 5.004.000.000 hlutir. Hver hlutur er ein króna að nafnverði. Eigin hlutir félagsins eru 3.997.719 samkvæmt hlutaskrá félagsins 18. október 2007 og virkir hlutir því 5.000.002.281. Allir útgefnir hlutir eru þegar greiddir.

Stjórn félagsins er heimilt að auka hlutafé þess um allt að 500.000.000 nýjum hlutum og hafa hluthafar fallið frá forkaupsrétti hlutanna. Stjórn félagsins er falið að ákveða nánari útfærslu á hækkunarheimild þessari m.t.t. verðákvörðunar og greiðsluskilmála. Stjórn skal einnig ákvarða í hvaða áföngum heimildin verður nýtt og hana má m.a. nýta til gerðar kaupréttar samninga við starfsmenn. Þá er stjórn félagsins heimilt að ákveða að áskrifendur greiði fyrir hina nýju hluti að hluta eða öllu leyti með öðru en reiðufé. Heimild þessi gildir til 21. ágúst 2012, en að því marki sem hún hefur ekki verið nýtt fyrir það tímamark fellur hún niður.

Stjórn félagsins er heimilt að kaupa eigin hluti í félaginu eða taka þá að veði. Heimildin stendur í 18 mánuði frá 21. ágúst 2007 og takmarkast við að samanlögð kaup og veðsetning hluta fari ekki yfir 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma. Kaupverð hluta skal vera lægst 10% lægra og hæst 10% herra, en skráð kaup- eða sölugengi í OMX ICE. Heildarhlutafé félagsins var óbreytt 4.000.000 hlutir frá stofnun og fram til sameiningar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis við félagið á yfirstandandi ári 2007, en þá var heildarfjöldi hluta aukinn um 5.000.000.000 nýja hluti og 85% þeirra afhentir stofnfjáreigendum Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis en 15% hinna nýju hluta afhentir sjálfseignarstofnuninni SPRON-sjóðinum ses. sem var sett á fót við samrunann skv. 76. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

### Tegund og flokkur hlutabréfanna sem á að skrá

Allt útgefið hlutafé í félaginu tilheyrir sama flokki og njóta allir hluthafar sömu réttinda. Bréfin eru gefin út í íslenskum krónum. Hlutabréfin hafa verið gefin út í samræmi við lög nr. 2/1995 um hlutafélög og eru gefin út á nafn og kennitölu hluthafa. Í 1. mgr. 6. gr. samþykktu útgefanda er heimilað að gefa út hlutabréfin með rafrænum hætti í verðbréfamíðstöð í samræmi við ákvæði laga nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Hlutabréfin eru gefin út rafrænt hjá VBSÍ. Auðkenni hlutabréfanna hjá VBSÍ er SPRON og ISIN-númer hlutabréfanna er IS0000010932.

Vegna fyrirhugaðrar skráningar á aðalmarkað Kauphallar hefur stjórn útgefanda óskað eftir að auðkenni útgefanda hjá OMX ICE verði SPRON.

### Réttindi

Allt útgefið hlutafé í útgefanda tilheyrir sama flokki hluta. Hlutafé er allt jafn rétt hátt. Engin sérréttindi fylgja hlutum í útgefanda og engar hömlur eru á viðskiptum með hluti útgefanda. Eigendur hluta í útgefanda hafa rétt á að neyta atkvæðisréttar á hluthafafundum, sbr. þó takmarkanir á því sem lýst er síðar í þessari verðbréfalýsingu, fá greiddan arð frá útgefanda, hafa forgangsrétt til að skrá sig fyrir nýjum hlutum í réttu hlutfalli við hlutafjáreign sína við hækkun hlutafjár útgefanda (nema þeir hafi afsalað sér slíkum rétti) og eiga rétt á að fá greitt af eignum útgefanda við slit eða gjaldþrot þess í samræmi við hlutafjáreign, nema samþykktir kveði á um aðra skipan. Hluthafar þurfa ekki að sæta innlausn á hlutum sínum nema lög standi til annars.

Réttindi hluthafa í útgefanda eru háð gildandi löggjöf og samþykktum félagsins á hverjum tíma.

### Arðgreiðslur

Arðgreiðslustefna SPRON er að greiða 20-50% hagnaðar til hluthafa í formi arðs, með hliðsjón af eiginfjárstöðu á hverjum tíma. Hluthafafundur tekur ákvörðun um úthlutun arðs eftir að félagsstjórn hefur lagt fram tillögu þess efnis. Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. samþykktu félagsins skal aðalfundur haldinn fyrir lok júní ár hvert.

Í 6. gr. samþykktu félagsins er kveðið á um að hlutaskrá útgefanda skuli skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í útgefanda og skal arður á hverjum tíma sendur til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutar í hlutaskrá útgefanda og firrir félagið sig ábyrgð á því að ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanræki hefur verið að tilkynna útgefanda um eigenda- eða aðsetursskipti.

Samkvæmt 31. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög hafa hlutafélög heimild til að ákvarða að réttur til arðs miðist við annað tímamark en útborgun arðs enda sé það tímamark tiltekið í ákvörðun hluthafafundar um arðgreiðslu. Ef um er að ræða hlutfélög, sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkað, skal slík tilkynning send viðkomandi markaði fyrir aðalfund.

Gjalddagi arðs skal eigi vera síðar en sex mánuðum eftir að ákvörðun um úthlutun hans hefur verið tekin. Hafi hluthafi ekki fengið greiddan arð sem hann á rétt á, getur hann vitjað hans á skrifstofu útgefanda innan fjögurra ára frá gjalddaga, en samkvæmt lögum nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda fýrnist réttur til arðs á fjórum árum frá gjalddaga. Vitji hluthafi ekki arðs innan þess tíma fellur arðurinn til útgefanda.

## Takmarkanir á rétti til arðs

Útgefandi er bundinn af ákvæðum laga nr. 2/1995 um hlutafélög varðandi fjárhæð sem félaginu er heimilt er að ráðstafa til hluthafa í formi arðgreiðslna. Samkvæmt 1. mgr. 99. gr. laganna er einungis heimilt að úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum eftir að dregið hefur verið frá tap sem ekki hefur verið jafnað og það fé sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða til annarra þarfa. Samkvæmt 1. mgr. 101. gr. laganna tekur hluthafafundur ákvörðun um úthlutun arðs eftir að félagsstjórn hefur lagt fram tillögur um það efni. Ekki má ákveða að úthluta meiri arði en félagsstjórn leggur til eða samþykkir.

## Eignarréttindi og framsal hluta

Engar hömlur eru á viðskiptum með hluti í útgefanda. Hluti í útgefanda má selja og veðsetja nema annað leiði af lögum. Það skal þó hafa hugfast að einstakir hluthafar geta samið um það sín á milli að meðferð á hlutum þeirra sé takmörkunum háð. Hluthafi getur ekki nýtt réttindi sín samkvæmt hlut nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá félagsins eða hann hafi fært sönnur á eign sína að hlutum.

Þegar hlutur hefur verið að fullu greiddur skal hluthafi fá rafbréf útgefið í verðbréfamiðstöð og eignarréttindi skráð yfir því og veitir sú skráning hluthafa þau réttindi sem samþykktir útgefanda og lög mæla fyrir um á hverjum tíma. Um rafræna eignarskráningu verðbréfa gilda lög nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa og reglugerð nr. 397/2000, sem er sett með stöð í þeim lögum. Óheimilt er að gefa út viðskiptabréf fyrir skráðum réttindum samkvæmt rafbréfi eða framselja þau og eru slík viðskipti ógild.

Útrentun frá verðbréfamiðstöð um eignarhald á hlutum í félaginu telst fullnægjandi grunnur að hlutaskrá. Gagnvart félaginu skal hlutaskráin skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu. Jöfnunarhlutir, fundarboð og tilkynningar skulu sendar til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutar í hlutaskrá félagsins. Félagið tekur enga ábyrgð á því ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna félaginu um eigenda- eða aðsetursskipti. Réttindi að rafbréfum skal skrá í verðbréfamiðstöð ef þau eiga að njóta réttarverndar gegn fullnustugerðum og ráðstöfunum með samningi.

Aðeins þeir aðilar, sem gert hafa aðildarsamning við verðbréfamiðstöð geta haft heimild til milligöngu um eignarskráningu eða aðgang að verðbréfamiðstöðinni (reikningsstofnun). Skráning í verðbréfamiðstöð fyrir milligöngu reikningsstofnunar jafngildir tilkynningu til félagsins. Eigandi rafbréfs velur sér reikningsstofnun sem hefur milligöngu um eignarskráningu á rafbréfi á reikninga í hans nafni. Eignarskráning rafbréfs í verðbréfamiðstöð, að undangenginni lokafærslu verðbréfamiðstöðvar, veitir skráðum eiganda þess lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að og skal gagnvart útgefanda jafngilda skilríki um eignarrétt að rafbréfinu. Forgangsröð ósamrýmanlegra réttinda ræðst af því hvenær beiðni reikningsstofnunar um skráningu þeirra berst í verðbréfamiðstöð.

## Atkvæðisréttur

Eitt atkvæði fylgir hverri krónu nafnverðs. Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn.

Ákvæði um hámark atkvæðavægis eru samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og gilda jafnt um sparisjóði sem og sparisjóð sem breytt hefur verið í hlutafélag í samræmi við framangreind lög. Heildaratkvæðamagn er skilgreint í lögnum sem heildar-atkvæða-magn að frádregnum atkvæðum samkvæmt þeim hlutum sem sparisjóður á sjálfur, en eigin hlutir félagsins njóta ekki atkvæðisréttar.

Samkvæmt 2. másl. 1. mgr. 75. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki er einstökum hluthöfum í sparisjóði aldrei heimilt, fyrir sjálfs sín hönd eða annarra, að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni, hvort sem yfirráð yfir atkvæðisrétti byggjast á beinni eða óbeinni eignarhlutdeild.

Í túlkun Fjármálaeftirlitsins á 3. mgr. 70. gr. og 1. mgr. 75. gr. laga nr. 161/2002 varðandi atkvæðisrétt í sparisjóðum segir að telja verði að einstökum stofnfjáreiganda sé aldrei heimilt, einum sér eða í samstarfi við aðra aðila, þ.e. beint eða óbeint, að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði.

Í 2. mgr. 75. gr. laga nr. 161/2002 er þó kveðið á um það að sjálfseignarstofnun fari með atkvæðisrétt í samræmi við hlutfjáreign sína. SPRON-sjóðurinn ses, sem settur hefur verið á fót skv. 76. gr. laga nr. 161/2002, fer því með atkvæðisrétt í samræmi við hlutfjáreign sína á hverjum tíma, sbr. jafnframt 1. mgr. 13. gr. samþykka útgefanda.

## Forgangsréttur til áskriftar við hækkun hlutfjár

Hluthafar hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutfjáreign sína. Hluthafar geta þó afsalað sér slíkum rétti samkvæmt 3. mgr. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

## Yfirtökutilboð

### Lögbundin yfirtökutilboð

Samkvæmt VI. kafla laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti er kveðið á um skyldu aðila sem hefur beint eða óbeint náð yfirráðum í félagi, sem hefur fengið skráningu fyrir einn eða fleiri flokka hlutabréfa á skipulegum verðbréfamarkaði, til að gera öðrum hluthöfum félagsins yfirtökutilboð.

Með yfirráðum er átt við að aðili og þeir sem hann er í samstarfi við:

1. Hafi samanlagt eignast a.m.k. 40% atkvæðisréttar í félaginu
2. Hafi á grundvelli samnings við aðra hluthafa rétt til að ráða yfir sem nemur a.m.k. 40% atkvæða í félaginu, eða
3. Hafi öðlast rétt til þess að tilnefna eða setja af meiri hluta stjórnar í félaginu.

Yfirtökutilboðið skal vera sett fram eigi síðar en fjórum vikum eftir að yfirráðum var náð. Tilboðsgjafi skal bjóða öllum hluthöfum sem eiga hluti í sama hlutflokki sömu skilmála. Verð það sem sett er fram í yfirtökutilboði skal a.m.k. svara til hæsta verðs sem tilboðsgjafi eða aðilar sem hann er í samstarfi við hafa greitt fyrir hluti sem þeir hafa eignast í viðkomandi félagi síðustu sex mánuði áður en tilboð var sett fram. Tilboðsverð skal þó að lágmarki vera jafnhátt og síðasta viðskiptaverð hluta í viðkomandi félagi daginn áður en tilboðsskylda myndaðist eða tilkynnt var um fyrirhugað tilboð.

Á þeim tíma sem félagið hlýtur skráningu fer enginn hluthafi með yfirráð í félaginu samkvæmt ofangreindri skilgreiningu.

Samkvæmt 2. másl. 1. mgr. 75. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki er ein-stökum hluthöfum í sparisjóði sem breytt hefur verið í hlutafélag aldrei heimilt, fyrir sjálfs sín hönd eða annarra, að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni, hvort sem yfirráð yfir atkvæðisrétti byggjast á beinni eða óbeinni eignarhlutdeild. Ákvæði þetta um atkvæðatakörkun torveldar möguleika á yfirtöku.

## Opinbert yfirtökutilboð

Hluthöfum útgefanda hefur ekki borist yfirtökutilboð frá þriðja aðila í hluti þeirra í félaginu, hvorki á yfirstandandi fjárhagsári né á síðastliðnu fjárhagsári.

## Innlausn

### Innlausn í tengslum við yfirtökutilboð

Í VI. kafla laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti er kveðið á um það ef aðili, sem sett hefur fram yfirtökutilboð og þeir sem hann er í samstarfi við, eignast meira en 9/10 hlutafjár eða atkvæðisréttar í félagi í yfirtökutilboði getur tilboðsgjafinn og stjórn félagsins í sameiningu ákveðið að aðrir hluthafar í félaginu skuli sæta innlausn tilboðsgjafans á hlutum sínum. Ef tilboðsgjafi fer fram á innlausn innan þriggja mánaða frá lokum tilboðstímabils skal verð sem boðið var í tilboði teljast vera sanngjarnt innlausnarverð nema ákvæði 3. mgr. 40. gr. áðurnefndra laga eigi við.

Að sama skapi getur hver einstakur hluthafi minnihlutans krafist innlausnar hjá tilboðsgjafanum og gilda þá sömu reglur um innlausnarverð.

### Innlausn skv. lögum nr. 2/1995 um hlutafélög

Ef hluthafi á meira en 9/10 hlutafjár í félagi og ræður yfir samsvarandi atkvæðamagni getur hluthafinn og stjórn félagsins í sameiningu ákveðið að aðrir hluthafar í félaginu skuli sæta innlausn hluthafans á hlutum sínum. Eins getur hver einstakur af minnihluta hluthafa krafist innlausnar hjá þeim hluthafa.

Á þeim tíma sem félagið hlýtur skráningu fer enginn einstakur hluthafi með 9/10 hlutafjár eða atkvæðisréttar í félaginu.

Samkvæmt 2. másl. 1. mgr. 75. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki er einstökum hluthöfum í sparisjóði sem breytt hefur verið í hlutafélag aldrei heimilt, fyrir sjálfs sín hönd eða annarra, að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni, hvort sem yfirráð yfir atkvæðisrétti byggjast á beinni eða óbeinni eignarhlutdeild. Ákvæði þetta um atkvæðatakmarkun torveldar möguleika á yfirtöku.

## Safnskráning

Reglur um varðveislu fjármálagerninga á safnreikningum er að finna í lögum nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti, lögum nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa og lögum nr. 2/1995 um hlutafélög.

Í 11. gr. laga nr. 33/2003 kemur fram að fjármálafyrirtæki, sem er heimilt að varðveita fjármálagerninga í eigu viðskiptavina sinna, getur varðveitt þá á sérstökum reikningi (safnreikningi) og tekið við greiðslum fyrir hönd viðskiptavina sinna frá einstökum útgefendum fjármálagerninga, enda hafi fjármálafyrirtækið gert viðskiptavini grein fyrir réttaráhrifum þess og hann veitt samþykki sitt. Fjármálafyrirtæki ber að halda skrá yfir hlut hvers viðskiptavinar fyrir sig. Komi til þess að bú fjármálafyrirtækis sé tekið til gjaldþrotaskipta eða greiðslustöðvun samþykkt, fyrirtækinu sé slitið eða sambærilegar ráðstafanir gerðar, getur viðskiptavinur á grundvelli áðurnefndrar skrár tekið fjármálagerninga sína út af safnreikningi, enda sé ekki ágreiningur um eignarhald.

Í 31. gr. laga nr. 2/1995 er kveðið á um að eigandi hlutar getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi, nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutnum. Þetta á þó ekki við um rétt til arðs eða annarrar greiðslu og rétt til nýrra hluta við hækkun hlutafjár. Í samræmi við þetta hefur hluthafi ekki atkvæðisrétt á hluthafafundum nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá félagsins. Hið sama gildir um fjármálafyrirtæki sem hafa heimild til safnskráningar þar sem hluthafinn hefur ekki þau réttindi að geta veitt einhverjum umboð til að fara með atkvæðisréttinn. Hlutum sem skráðir eru safnskráningu fylgir því ekki atkvæðisréttur á hluthafafundum. Það að hlutabréf séu skráð safnskráningu undanþiggur ekki viðkomandi hluthafa frá reglum laga nr. 33/2003 um flöggunarskyldu. Hlutir í eigu aðila sem varðveittir eru á safnreikningi skulu taldir með við afmörkun á því hvort tiltekin viðskipti séu flöggunarskyld.

## Slit eða skipti á félaginu

Í samræmi við 23. gr. samþykktá útfanda skal fara með tillögur um slit og skipti eins og um breytingar á samþykktum. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé útfanda til að ákvörðun um slit sé gild. Hluthafafundur sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda.

Að öðru leyti skulu slit, skipting eða samruni útfanda við annað félag fara fram í samræmi við XIII. og XIV. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

## Skattamál

Skattaleg meðferð hluta í útfanda fer eftir gildandi skattalögum á hverjum tíma. Fjárfestum er ráðlagt að leita sér ráðgjafar hjá óháðum sérfræðingi í skattamálum um það hvaða skattalegu afleiðingar fjárfesting í hlutabréfum í útfanda kann að hafa í för með sér.

Hlutabréf í útfanda eru stimpilskyld og greiðir félagið stimpilgjöld af þeim bréfum sem kunna að vera gefin út. Stimpilgjöld hafa þegar verið greidd af öllum útfenum hlutum SPRON hf.

Félaginu er skylt að halda eftir staðgreiðsluskatti af arðgreiðslum til hlutahafa, sbr. 2. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 5. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Gagnvart íslenskum aðilum, öðrum en þeim sem eru undanþegnir greiðslu fjármagnstekjuskatts, er litið á staðgreiðsluna sem fullnaðargreiðslu. Hvað varðar aðila sem búsettir eru erlendis, þarf að kanna hvort til staðar sé tvísköttunarsamningur við það ríki sem viðkomandi aðili er búsettur í og, ef svo er, þarf að kanna hvort aðillinn sé skattskyldur á Íslandi.

Söluhagnaður af bréfum í félaginu er skattskyldur á Íslandi. Hvað varðar aðila sem búsettir eru erlendis, þarf að kanna hvort það sé til staðar tvísköttunarsamningur við það ríki sem viðkomandi aðili býr í, og ef svo er, þarf að kanna hvort ríkið á rétt á að skattleggja söluhagnaðinn.

## 6. SKRÁNING Á MARKAÐ OG FYRIRKOMULAG VIÐSKIPTA

OMX Nordic Exchange Iceland hefur samþykkt að skrá SPRON hf. á aðallista OMX ICE og taka hlutabréf SPRON hf. til viðskipta frá og með þriðjudeginum 23. október næstkomandi. Stjórn útgefanda samþykkti þann 17. júlí 2007 að óska eftir skráningu SPRON hf. á aðalmarkað OMX ICE í kjölfar á breytingu SPRON í hlutafélag sem þá var fyrirhuguð og síðar samþykkt var af stofnfjareigendum 21. ágúst 2007 og staðfest af FME 19. september 2007. Á aðalmarkaði OMX eru félög sem skráð eru í kauphöllunum í Kaupmannahöfn, Stokkhólmi, Helsinki og á Íslandi. Útgefandi uppfyllir skilyrði skráningar um fjölda hluthafa, stærð, rekstrarsögu og dreifingu eignarhalds.

Bréf í útgefanda hafa ekki verið skráð á skipulegan verðbréfamarkað áður. Hvorki útgefandi né dótturfélög þess hafa áform um að óska eftir skráningu í annarri kauphöll en OMX ICE.

SPRON hefur samið við Kaupþing banka hf. og Saga Capital Fjárfestingarbanka hf. um viðskiptavakt á hlutabréfum félagsins eftir skráningu á OMX ICE. Fyrsti viðskiptadagur með hlutabréf í SPRON er fyrirhugaður 23. október og viðskiptavakar munu sjá um markaðsvakt frá og með öðrum viðskiptadegi. Sömu skilmálar eru á vakt beggja aðila. Lágmark kaup- eða söluandvirðis tilboða er 15 milljónir króna og hámarksfjárhæð heildarviðskipta dag hvern 150 milljónir króna að markaðsvirði. Munur á kaup- og sölutilboðum er að hámarki 1,0% og frávik frá síðasta viðskiptaverði að hámarki 3,0%.

SPRON-sjóðurinn ses stefnir að því að minnka hlut sinn í SPRON á komandi árum og langtímamarkmið sjóðsins er að hlutabréfaeign í SPRON nemi ekki meira en 5%. Sjóðurinn er tilbúinn til að selja í viðskiptakerfi kauphallar að hámarki 4,8% hlut á fyrsta viðskiptadegi með það að markmiði að stuðla að virkri verðmyndun á markaði. Kaupþing banki mun hafa milligöngu um viðskiptin.

Viðskiptavakar eiga valrétt á að kaupa af SPRON-sjóðnum ses hlutabréf í SPRON að fjárhæð 300 milljónir króna hvor á því vegna meðalverði sem SPRON-sjóðurinn hf. hefur selt fram að þeim tíma. Valrétturinn verður gildur þegar SPRON sjóðurinn hefur selt 60% af áætlaðri sölu sinni eða í síðasta lagi kl 14.00 á fyrsta viðskiptadegi.

## 7. ÁBYRGÐARAÐILAR, LÖGGILTIR ENDURSKOÐENDUR OG UMSJÓNARAÐILI

### Yfirlýsing ábyrgðaraðila fyrir hönd útgefanda

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf., kennitala 540502-2770, Ármúla 13a, 108 Reykjavík, lýsir því yfir sem útgefandi að samkvæmt bestu vitund eru upplýsingarnar, sem lýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og engum upplýsingum verið sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 18. október 2007

Fyrir hönd útgefanda

Hildur Petersen, stjórnarformaður

Guðmundur Hauksson, forstjóri

### Yfirlýsing löggiltra endurskoðenda

KPMG hf., kennitala 590975-0449, Borgartúni 27, 105 Reykjavík, hefur endurskoðað og áritað án athugasemda árslutareikning Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2007 sem upplýsingar í verðbréfalýsingu þessari eru byggðar á. KPMG hf. staðfesti að reikningurinn var í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og gáfu glögga mynd af rekstri og efnahag útgefandans. KPMG hf. staðfestir að upplýsingar í verðbréfalýsingu þessari sem varða þau reikningsskil eru í samræmi við ofangreindan árslutareikning.

Reykjavík, 18. október 2007

Fyrir hönd KPMG hf.

Sigurður Jónsson, löggiltur endurskoðandi

Reynir Gylfason, löggiltur endurskoðandi

### Yfirlýsing umsjónaraðila

Fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings banka hf., kennitala 560882-0419, Borgartúni 19,105 Reykjavík, hefur umsjón með frumskráningu útgefanda á OMX ICE og hefur meðal annars verið ráðgjafi útgefanda við undirbúning þessarar verðbréfalýsingar. Fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings banka hf. hefur unnið að gerð verðbréfalýsingar þessarar í samráði við stjórnendur og stjórn útgefandans og er hún byggð á upplýsingum frá útgefanda, þar á meðal á beinum og óbeinum upplýsingum úr lögfræðilegri áreiðanleikakönnun, endurskoðuðum ársreikningum og endurskoðuðum eða könnuðum árschlutauppgjörum.

Fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings banka hf. lýsir því yfir að við gerð þessarar verðbréfalýsingar kallaði hún eftir þeim gögnum sem hún taldi nauðsynleg til að verðbréfalýsingin gæfi rétta mynd af stöðu útgefanda og hlutabréfum hans. Samkvæmt bestu vitund umsjónaraðila eru upplýsingarnar, sem lýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og engum upplýsingum verið sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.

Reykjavík, 18. október 2007

Fyrir hönd umsjónaraðila

Jóhann Pétur Reyndal, framkvæmdastjóri





**VIÐAUKAR**

# EFNISYFIRLIT VIÐAUKA

SAMÞYKKTIR ÚTGEFANDA

GÖGN UM SAMRUNA SPARISJÓÐSINS SPARISJÓÐUR REYKJAVÍKUR OG NÁGRENNIS VIÐ ÚTGEFANDA

ENDURSKOÐAÐUR SAMSTÆÐUREIKNINGUR ÚTGEFANDA FYRIR FYRSTU SEX MÁNUÐI 2007

ENDURSKOÐAÐUR ÁRSREIKNINGUR ÚTGEFANDA FYRIR 2006

ENDURSKOÐAÐUR ÁRSREIKNINGUR ÚTGEFANDA FYRIR 2005

ENDURSKOÐAÐIR SAMSTÆÐUREIKNINGAR SPARISJÓÐSINS SPARISJÓÐUR REYKJAVÍKUR OG NÁGRENNIS FYRIR 2006

ENDURSKOÐAÐIR SAMSTÆÐUREIKNINGAR SPARISJÓÐSINS SPARISJÓÐUR REYKJAVÍKUR OG NÁGRENNIS FYRIR 2005

**S A M Þ Y K K T I R F Y R I R**  
**SPARISJÓÐ REYKJAVÍKUR OG NÁGRENNIS HF.**

**I. KAFLI**

**Nafn félagsins, heimili og tilgangur**

**1. gr.**

Félagið er hlutafélag og er nafn þess Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf. Íslenskt hjáheiti félagsins er SPRON. Enskt hjáheiti félagsins er Reykjavík Savings Bank hf.

**2. gr.**

Heimilisfang félagsins er að Ármúla 13a í Reykjavík.

**3. gr.**

Tilgangur félagsins er að yfirtaka eignir og skuldir og allan rekstur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og rækja síðan þá starfsemi, sem viðskiptabönkum og sparisjóðum er heimil skv. ákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

**II. KAFLI**

**Hlutafé félagsins**

**4. gr.**

Hlutafé félagsins er kr. 5.004.000.000,- Hver hlutur er að fjárhæð ein króna að nafnverði, eða það margfeldi af einni krónu sem hver hluthafi á í félaginu.

Stjórn félagsins er heimilt að auka hlutafé þess um allt að 500.000.000 króna að nafnverði, með áskrift nýrra hluta. Hluthafar falla frá forgangsrétti sínum að nýjum hlutum skv. 34. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Stjórn félagsins er þó heimilt að veita einstökum hluthöfum á hverjum tíma heimild til að skrá sig fyrir nýjum hlutum að hluta eða öllu leyti. Engar hömlur eru á viðskiptum með hina nýju hluti. Þessir nýju hlutir skulu vera í sama flokki og bera sömu réttindi og aðrir hlutir í félaginu. Þeir skulu veita réttindi í félaginu frá skrásetningardegi hvers áfanga í hlutafjárhækkun. Stjórn félagsins er falið að ákveða nánari útfærslu á hækkunarheimild þessari m.t.t. verðákvörðunar og greiðsluskilmála. Stjórn skal einnig ákvarða í hvaða áföngum heimildin verður nýtt og hana má m.a. nýta til gerðar kaupréttarsamninga við starfsmenn. Þá er stjórn félagsins er heimilt að ákveða að áskrifendur greiði fyrir hina nýju hluti að hluta eða öllu leyti með öðru en reiðufé. Heimild þessi gildir til 21. ágúst 2012, en að því marki sem hún hefur ekki verið nýtt fyrir það tímamark fellur hún niður.

Hlutafé er allt jafn réttthátt.

**5. gr.**

Heimilt er að hækka hlutafé félagsins með ályktun hluthafafundar og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína. Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár.

**6. gr.**

Hlutabréf er heimilt að gefa út með rafrænum hætti í verðbréfamiðstöð í samræmi við ákvæði laga um rafræna eignarskráningu verðbréfa, nr. 131/1997. Hluthafar fá þá rafbréf útgefið í

verðbréfamíðstöð og eignarréttindi skráð yfir því og veitir sú skráning hluthafa þau réttindi sem samþykktir þessar og lög mæla fyrir um.

Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá samkvæmt lögum. Útskrift frá verðbréfaskráningu um eignarhald á hlutum í félaginu telst fullnægjandi grunnur að hlutaskrá. Gagnvart félaginu skal hlutaskráin skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu, og skal arður á hverjum tíma, svo og jöfnunarhlutir, fundarboð og tilkynningar allar, sendar til þess aðila, sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hlutar í hlutaskrá félagsins. Ber félagið enga ábyrgð á því, ef greiðslur eða tilkynningar misfarast vegna þess að vanrækt hefur verið að tilkynna félaginu um eiganda- eða aðsetursskipti.

#### **7. gr.**

Hluti í félaginu má selja og veðsetja nema annað leiði af lögum.

Eigendaskipti að hlut, hvort sem verður fyrir sölu, gjöf, erfð, búskipti eða aðför, skal ávallt tilkynna skrifstofu félagsins jafnskjótt og þau fara fram og skal þá breyta hlutaskrá til samræmis.

Sá sem eignast hlut í félaginu getur ekki beitt réttindum sínum sem hluthafi nema nafn hans hafi verið skráð í hlutaskrá eða hann hafi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutum.

Skráning í verðbréfamíðstöð fyrir milligöngu reikningsstofnunar jafngildir tilkynningu til félagsins.

Engar hömlur eru á viðskiptum með hluti í félaginu.

#### **8. gr.**

Félagið má eigi veita lán út á hluti sína nema lög leyfi. Félaginu er heimilt að kaupa eigin hluti að því marki sem lög leyfa. Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þá hluti sem félagið á sjálft.

#### **9. gr.**

Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu.

### **III. KAFLI** **Hluthafafundir**

#### **10. gr.**

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmætra hluthafafunda.

#### **11. gr.**

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok júní ár hvert.

Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu kjörins endurskoðanda, hluthafa sem ráða a.m.k. einum tíunda hluta hlutafjár í félaginu. Skal krafan skriflega gerð og fundarefni tilgreint og fundur boðaður þá innan fjórtán daga. Ef stjórnin skirrist við að boða fund eftir móttöku slíkrar kröfu má leita atbeina stjórnvalda samkvæmt lögum um hlutafélög.

#### **12. gr.**

Félagsstjórn skal boða til hluthafafundar með birtingu auglýsingar í dagblaði eða með bréfi til hluthafa. Aðalfund skal boða með minnst viku en lengst fjögurra vikna fyrirvara og aukafund með sama fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði. Ef taka á til meðferðar tillögu til breytinga á samþykktum félagsins, skal greina meginefni tillögunnar í fundarboði.

Aðal- og aukafundi félagsins má halda annars staðar en á heimili félagsins.

Hluthafafundur er lögmatgur ef hann er löglega boðaður.

Hluthafafundur kýs fundarstjóra og fundarritara.

### **13. gr.**

Eitt atkvæði fylgir hverri einni krónu í hlutafé. Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn. Enginn hluthafi getur farið með fyrir sjálfs sín hönd eða annarra meira en 5% af heildaratkvæðamagni í félaginu. Sjálfseignarstofnunin SPRON-sjóðurinn ses, sem sett er á fót skv. 76. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, fer þó með atkvæðisrétt í samræmi við hlutafjäreign sína.

Á hluthafafundi ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé fyrir mælt í landslögum eða samþykktum þessum. Samþykki allra hluthafa þarf til þess:

- a. að skylda hluthafa til að leggja fram fé í félagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar,
- b. að takmarka heimild manna til meðferðar á hlutum sínum eða
- c. að breyta ákvæðum samþykktanna um hlutdeild manna í félaginu eða jafnrétti þeirra á milli.

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins eða um sameiningu þess við önnur félög eða fyrirtæki má ekki taka til meðferðar á fundum þess nema þess hafi verið getið í fundarboði.

Hafi stjórn ákveðið að hluthafafundur skuli haldinn að hluta til með rafrænum hætti, skulu hluthafar sem taka þátt í fundinum með þeim hætti, leggja fram spurningar um dagskrá eða framlögð skjöl o.fl. tengt hluthafafundinum, eigi síðar en fimm dögum fyrir fundinn.

### **14. gr.**

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Stjórn félagsins skal skýra frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
2. Endurskoðaður ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skal lagður fram til samþykktar.
3. Tillögur til breytinga á samþykktum, ef borist hafa.
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu.
5. Stjórn félagsins skal kjörin og endurskoðandi.
6. Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap.
7. Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnarmanna og endurskoðanda fyrir störf þeirra.
8. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

### **15. gr.**

Fundargerðarbók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á hluthafafundum.

## **IV. KAFLI**

### **Stjórn félagsins**

### **16. gr.**

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Jafnframt skulu kjörnir fimm varamenn. Um hæfi stjórnarmanna fer að lögum. Stjórnarkjör skal jafnan vera skriflegt, ef tillögur koma fram um fleiri menn en kjósa skal.

Þeir sem hyggjast bjóða sig fram til stjórnar félagsins skulu tilkynna stjórn um framboð sitt með a.m.k. 5 daga fyrirvara. Upplýsingar um frambjóðendur skulu vera aðgengilegar á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir hluthafafund.

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Undirskriftir þriggja stjórnarmanna skuldbinda félagið. Stjórnarfundir eru lögmætir ef þrír stjórnarmenn sækja fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum. Halda skal fundargerð um stjórnarfundi.

#### **17. gr.**

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri.

Stjórn félagsins skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa stjórnarinnar. Í þeim skal fjallað sérstaklega um heimildir stjórnar til að taka ákvarðanir um einstök viðskipti, framkvæmd reglna um sérstakt hæfi stjórnarmanna meðferð stjórnar á upplýsingum um einstaka viðskiptamenn, setu stjórnarmanna í stjórnnum dótturfyrirtækja og hlutdeildarféлага og framkvæmd reglna um meðferð viðskiptaerinda stjórnarmanna, sbr. 2. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002.

Að öðru leyti fer um ábyrgð, vald og störf stjórnar samkvæmt lögum.

#### **18. gr.**

Framkvæmdastjóri og félagsstjórn fara saman með stjórn félagsins.

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum, sem félagsstjórn hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana, sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Slíkar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá félagsstjórn, nema ekki sé unnt að bíða ákvarðana félagsstjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Í slíkum tilvikum skal félagsstjórn tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald og fjárreiður séu í samræmi við lög og góðar venjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn félagsins. Hann segir og upp starfsmönnum og fjallar um launamál þeirra.

Framkvæmdastjóri skal fullnægja öllum þeim hæfisskilyrðum sem lög gera ráð fyrir á hverjum tíma.

### **V. KAFLI**

#### **Reikningar og endurskoðun**

#### **19. gr.**

Á aðalfundi félagsins skal kjósa endurskoðunarstofu sem endurskoðanda félagsins til eins árs í senn. Endurskoðandi skal rannsaka reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund. Endurskoðanda má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

#### **20. gr.**

Starfsár og reikningsár er almanaksárið. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðendur eða skoðunarmenn eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund.

### **21. gr.**

Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Hluthafar þurfa ekki að sæta innlausn hluta sinna nema lög standi til annars.

## **VI. KAFLI**

### **Breytingar á samþykktum þessum**

#### **22. gr.**

Samþykktum þessum má breyta á lögmætum aðalfundi eða aukafundi með 2/3 hlutum greiddra atkvæða, svo og með samþykki hluthafa sem ráða yfir a.m.k. 2/3 hlutum af því hlutafé í félaginu sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum eða landslögum, sbr. 93. gr. hfl.

## **VII. KAFLI**

### **Slit á félaginu**

#### **23. gr.**

Með tillögur um slit og skipti á félaginu skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins til að ákvörðun um slit sé gild. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda.

## **VIII. KAFLI**

### **Önnur ákvæði**

#### **24. gr.**

Þar sem ákvæði samþykkt þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga um hlutafélög, ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Þannig samþykkt á stofnfundi félagsins í Reykjavík 7. maí 2002, með breytingum gerðum á hluthafafundi 29. desember 2003, hluthafafundi 17. júlí 2007, stjórnarfundum 9. ágúst 2007 og hluthafafundi 21. ágúst 2007.

Í stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf.

Erlendur Hjaltason  
Ásgeir Baldurs  
Ari Bergmann Einarsson  
Gunnar Þór Gíslason





**Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis  
Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf.**

**Gögn um samruna sparisjóðsins og hlutafélagsins  
hinn 1. apríl 2007**

# Efnisyfirlit

---

	bls.		
Samrunaáætlun .....	3	Greinargerð matsmanna .....	7
Greinargerð stjórnar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis .....	5	Drög að stofnefnahagsreikningi 1. apríl 2007 ...	8
Greinargerð stjórnar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. ....	6	Árshlutareikningur SPRON 31. mars 2007	
		Árshlutareikningur SPRON hf. 31. mars 2007	

# Samrunaáætlun

Stjórnir Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, kt. 610269-5089, Ármúla 13a Reykjavík og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf., kt. 540502-2770, Ármúla 13a Reykjavík, gera í dag með sér svohljóðandi áætlun um sameiningu sparisjóðsins og hlutafélagsins, þannig að hlutafélagið yfirtaki rekstur sparisjóðsins, öll réttindi hans og skyldur og allar eignir hans og skuldir.

## 1. gr.

Stjórnir beggja aðila eru sammála um að sameina Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis og Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis hf. undir nafninu Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf. til heimilis að Ármúla 13a, Reykjavík, á grundvelli 73. gr. í lögum nr. 161/2002. Samþykktir Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. gilda fyrir hið sameinaða félag að öðru leyti en því að hlutafé þess hækkar. Aukheiti SPRON og Reykjavík Savings Bank haldast sem aukheiti í yfirtökufélaginu

Sameiningin miðast við 1. apríl 2007.

## 2. gr.

Fyrir liggur mat á markaðsvirði Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og var það gert af Capacent ráðgjöf, í samræmi við ákvæði 73. gr. í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Til grundvallar er lagður árshlutareikningur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis pr. 31. mars 2007. Stjórnir aðila hafa á grundvelli framangreinds mats, ákveðið að við sameininguna skuli miðað við markaðsverðið kr. 59.400.000.000,- við ákvörðun á skiptingu hlutafjár milli stofnfjáreigenda í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis annars vegar og SPRON-sjóðsins ses hins vegar, sem er sjálfseignarstofnun sett á fót í þeim tilgangi að taka við til eignar, þeim hlutum í yfirtökufélaginu sem stofnfjáreigendur eignast ekki, í samræmi við fyriræli 73. og 74. gr. í lögum nr. 161/2002.

## 3. gr.

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf. hefur starfsemi með yfirtöku sparisjóðsins. Innborgað hlutafé þess félags er kr. 4.000.000,-. Félagið var stofnað í þeim tilgangi að taka yfir rekstur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, sbr. greindar vísanir til laga nr. 161/2002.

## 4. gr.

Í tengslum við samruna Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. verður stofnuð sjálfseignarstofnun, SPRON-sjóðurinn ses. Tilgangur sjálfseignar-stofnunarinnar er einkum að stuðla að vexti og viðgangi í starfsemi Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. SPRON-sjóðurinn ses fer með eignarhald á þeim hluta hlutafjár sem ekki verður eign stofnfjáreigenda í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis.

## 5. gr.

Nafnverð hlutafjár í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf. skal vegna samrunans hækka um kr. 5.000.000.000,- og heildarnafnverð hlutafjárins verður því kr. 5.004.000.000,-. Af þessu heildarhlutafé verða hlutir að nafnverði kr. 4.250.000.000,- í eigu stofnfjáreigenda í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis og skiptast innbyrðis milli stofnfjáreigenda í sama hlutfalli og stofnfjáreignin. Í eigu

SPRON-sjóðsins ses verða hlutir að nafnverði kr. 750.000.000 og hlutir að nafnverði kr. 4.000.000,- verða í eigu yfirtökufélagsins sjálfs, þ.e. Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. Hinir nýju hlutir veita rétt til arðs frá skráningardegi hækkunarinnar. Stofnfé og stofnfjárbréf í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis falla úr gildi við samrunann og réttindum og skyldum sparisjóðsins telst reikningslega lokið að honum samþykktum og að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins.






Hvorki stjórnarmenn, sparisjóðsstjóri, framkvæmdastjórar, matsmenn, né aðrir skulu njóta sérstakra réttinda eða hlunninda umfram aðra við þennan samruna.

6. gr.






Til staðfestu samrunaáætlun þessari er hún undirrituð af stjórnnum Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf.

Reykjavík, 17. júlí 2007

Í stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágr.

Í stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágr. hf.

**Greinargerð stjórnar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis vegna samruna við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis hf., sbr. 73. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.**






---

Fyrir liggur sameiginleg áætlun stjórna Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. um samruna þessara aðila og miðast samruninn við 1. apríl 2007. Þá liggur fyrir matsgerð Capacent ráðgjafar vegna samruna hlutafélagsins og sparisjóðsins og er við matið farið að þeim fyrirmælum sem gefin eru í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, þegar sparisjóði er breytt í hlutafélag.

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis er sparisjóður sem rekur almenna bankastarfsemi í samræmi við heimildir í 20. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf. er stofnaður í þeim tilgangi að breyta félagsformi Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis í hlutafélag og mun hlutafélagið hafa með höndum sömu starfsemi og Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hefur nú.

Reykjavík, 17. júlí 2007.

Í stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis.

**Greinargerð stjórnar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf.  
vegna samruna við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis, sbr. 73.  
gr. nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.**






---

Fyrir liggur sameiginleg áætlun stjórnar Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. um samruna þessara aðila og miðast samruninn við 1. apríl 2007. Þá liggur fyrir matsgerð Capacent ráðgjafar vegna samruna hlutafélagsins og sparisjóðsins og er við matið farið að þeim fyrirætlum sem gefin eru í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki þegar sparisjóði er breytt í hlutafélag.

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis er sparisjóður sem rekur almenna bankastarfsemi í samræmi við heimildir í 20. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf. er stofnaður í þeim tilgangi að breyta félagsformi Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis í hlutafélag og mun hlutafélagið hafa með höndum sömu starfsemi og Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hefur nú.

Reykjavík, 17. júlí 2007.

Í stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf.



**KPMG á Íslandi**  
Borgartúni 27  
105 Reykjavík

Sími 545 6000  
Fax 545 6001  
Veffang [www.kpmg.is](http://www.kpmg.is)

Hlutfélagaskrá  
Laugavegur 166  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 17. júlí 2007

**Efni: Greinargerð matsmanna vegna samruna Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf.**

Við höfum kannað samrunaáætlun og greinargerðir stjórnara aðila dags. 17. júlí 2007 og viljum í því sambandi taka eftirfarandi fram:

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf. var stofnaður til þess að taka við rekstri Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis í samræmi við heimildir í lögum nr. 161/2002 um fjármálaþyrftækni. Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf. verður ekki með neina starfsemi fyrr en hann tekur yfir starfsemi Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis.

Samkvæmt samrunaáætlun stjórnara aðila hefur orðið samkomulag um mat eigna, en árs hlutareikningar 31. mars 2007 fyrir Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis og samnefnt hlutfélag liggja fyrir, svo og greinargerð Capacent ráðgjafar um mat á markaðsverði Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, en samkvæmt grein 74 í lögum nr. 161/2002 skal slíkt mat liggja fyrir þegar sparisjóði er breytt í hlutfélag. Samkvæmt ákvörðunum stjórnara aðila verður nafnverð hlutfjár hlutfélagsins sem yfirtökufélag kr. 5.004.000.000,- og skiptist það milli núverandi stofnfjáreigenda í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis annars vegar og SPRON-sjóðsins ses hins vegar þannig, að í hlut stofnfjáreigenda koma hlutir að nafnvirði kr. 4.250.000.000,- sem skiptast innbyrðis milli stofnfjáreigenda í sömu hlutföllum og stofnfjáreignin, en hlutir að nafnvirði kr. 750.000.000,- verða eign SPRON-sjóðsins ses. Við samrunann eignast yfirtökufélagið eigin hluti að nafnvirði kr. 4.000.000,-

Meginstarfsemi Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hefur verið almennur bankarekstur, þar með móttaka innlána og lánveitingar. Starfsemi Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. verður að taka við þessari starfsemi og halda henni áfram. Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf. heldur þeim starfsleyfum sem Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hefur haft og ekki er skylt að gefa út innköllun til lánardrottna.

Ekki verður séð að sameining hlutfélagsins og sparisjóðsins komi til með að rýra möguleika lánardrottna á fullnustu krafna, er þeir eiga á hendur aðilunum.

Virðingarfyllst,

  
KPMG hf.

# **Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf.**

**Drög að stofnefnahagsreikningi  
hinn 1. apríl 2007**

**Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis**

**Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf.**

Fjárhæðir eru í þúsundum króna



## Áritun endurskoðenda

---

Við höfum kannað meðfylgjandi stofnefnahagsreikning Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. en hann er byggður á árshlutareikningum 31. mars 2007 fyrir Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis og samnefnt hlutafélag og er stofnefnahagsreikningur sameinaðs félags byggður á ákvörðun stjórnar aðilanna um samruna þeirra.

Það er álit okkar, með vísan til greinar 73 í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og 122. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, að efnahagsreikningurinn gefi glögga mynd af eignum og skuldum beggja félaganna, þeim breytingum sem samruninn hefur í för með sér og efnahagsreikningi hins sameinaða félags eftir samrunann.

Reykjavík, 17. júlí 2007

**KPMG hf.**

## Drög að stofnefnahagsreikningi

<b>Eignir</b>	<b>01.04.2007</b>
Sjóður og óbundnar innstæður í Seðlabanka .....	4.672.292
Kröfur á lánastofnanir .....	2.398.052
Úllán til viðskiptamanna .....	134.536.298
Veltufjáreignir .....	22.534.273
Fjáreignir á gangvirði .....	17.146.542
Hlutir í hlutdeildarfélögum .....	7.736.434
Óefnislegar eignir .....	1.663.626
Rekstrarfjármunir .....	983.253
Fastafjármunir til sölu .....	180.585
Aðrar eignir .....	2.300.591
<b>Eignir samtals</b>	<b>194.151.946</b>

<b>Skuldir og eigið fé</b>	<b>01.04.2007</b>
Innlán frá fjármálafyrirtækjum og Seðlabanka .....	12.098.229
Almenn innlán .....	58.335.669
Veltufjárskuldir .....	191.849
Lántaka .....	72.353.655
Vikjandi lán .....	5.200.292
Lífeyrisskuldbindingar .....	664.140
Skattskuld .....	3.946.313
Aðrar skuldir .....	10.845.710
<b>Skuldir samtals</b>	<b>163.635.857</b>
Hlutfé .....	5.000.000
Lögbundinn varasjóður .....	1.250.000
Óráðstafað eigið fé .....	24.237.026
<b>Eigið fé hluthafa</b>	<b>30.487.026</b>
Hlutdeild minnihluta .....	29.063
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>30.516.089</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>194.151.946</b>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna



**Samandreginn  
árshlutareikningur samstæðu  
1. janúar til 30. júní 2007**

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf.

Ármúla 13a  
108 Reykjavík

Kt. 540502-2770

# Efnisyfirlit

---

	bls.		bls.
Skýrsla og áritun stjórnenda á árshlutareikninginn .....	3	Yfirlit um breytingar á eigin fé .....	7
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4	Yfirlit um sjóðstreymi .....	7
Rekstrarreikningur .....	5	Skýringar .....	8
Efnahagsreikningur .....	6		

# Skýrsla og áritun stjórnenda á árshlutareikninginn

---

Samandreginn árshlutareikningur SPRON hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007 hefur verið gerður samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) um árshlutareikninga (IAS 34). Árshlutareikningurinn samanstendur af árshlutareikningi Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. og dótturfélaga, saman vísað til sem sparisjóðurinn.

Hagnaður varð af rekstri sparisjóðsins á tímabilinu að fjárhæð 10.128,8 millj. kr. Eigið fé hans 30. júní nam 35.955,0 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, þar af nam stofnfé 20.902,3 millj. kr. Eiginfjárhlutfall sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki var 13,1%. Samkvæmt lögnum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%.

Stjórn og sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. staðfesta hér með samandreginn árshlutareikning sparisjóðsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007 með undirritun sinni.

Reykjavík, 20. september 2007.

## Stjórn:

Hildur Petersen  
formaður

Erlendur Hjaltason

Ari Bergmann Einarsson

Gunnar Þór Gíslason

Ásgeir Baldurs

## Sparisjóðsstjóri:

Guðmundur Hauksson

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hf.

## Inngangur

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samandreginn árs hlutareikning Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. og dótturfélaga fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007. Árs hlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit og skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á árs hlutareikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árs hlutareikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu árs hlutareiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðgerðum og mati miðað við aðstæður.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á árs hlutareikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að árs hlutareikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í árs hlutareikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati okkar, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á árs hlutareikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu árs hlutareiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðgerðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð árs hlutareikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að árs hlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2007, efnahag þess 30. júní 2007 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2007, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 20. september 2007.

**KPMG hf.**

Sigurður Jónsson

# Rekstrarreikningur

## fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007

	Skýr.	2007 1.1.-30.6.	2006 1.1.-30.6.
Vaxtatekjur .....		10.208.247	7.674.833
Vaxtagjöld .....		(9.108.788)	(6.018.060)
<b>Hreinar vaxtatekjur.....</b>		<u>1.099.459</u>	<u>1.656.773</u>
Þjónustutekjur .....		861.897	643.882
Þjónustugjöld .....		(319.921)	(148.168)
<b>Hreinar þjónustutekjur.....</b>		<u>541.976</u>	<u>495.714</u>
Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum .....	4-7	9.937.504	2.359.893
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага .....		3.251.936	408.171
Ýmsar rekstrartekjur .....	8	143.100	210.129
<b>Aðrar rekstrartekjur samtals.....</b>		<u>13.332.540</u>	<u>2.978.193</u>
<b>Hreinar rekstrartekjur.....</b>		14.973.975	5.130.680
Laun og launatengd gjöld .....		(1.217.901)	(883.396)
Annar rekstrarkostnaður .....		(1.234.010)	(866.383)
Afskriftir rekstrarfjármuna .....		(70.459)	(44.380)
<b>Rekstrargjöld samtals.....</b>		<u>(2.522.370)</u>	<u>(1.794.159)</u>
Virðisrýrnun útlána .....	14-15	(284.507)	(233.690)
<b>Hagnaður fyrir skatta.....</b>		12.167.098	3.102.831
Tekjuskattur .....		(2.038.268)	(475.766)
<b>Hagnaður tímabilsins.....</b>		<u><u>10.128.830</u></u>	<u><u>2.627.065</u></u>
<b>Tilheyrandi</b>			
Hluthöfum .....		10.128.667	2.625.604
Minnihluta .....		163	1.461
		<u><u>10.128.830</u></u>	<u><u>2.627.065</u></u>

# Efnahagsreikningur

## 30. júní 2007

	Skýr.	30.6.2007	1.4.2007
<b>Eignir</b>			
Sjóður og óbundnar innstæður í Seðlabanka Íslands .....		720.569	4.672.292
Kröfur á lánastofnanir .....	9-10	10.047.435	2.398.052
Útlán til viðskiptavina .....	11-13	138.236.683	134.536.298
Veltufjáreignir .....	16,29	27.200.353	22.534.273
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði .....	17	14.690.730	17.146.542
Hlutdeildarfélag .....		12.965.799	7.736.434
Óefnislegar eignir .....	18	1.810.659	1.663.626
Rekstrarfjármunir .....		1.149.934	983.253
Fastafjármunir til sölu .....	19	303.145	180.585
Aðrar eignir .....	20	1.402.742	2.300.591
<b>Eignir samtals</b>		<u>208.528.049</u>	<u>194.151.946</u>
<b>Skuldir</b>			
Innlán frá fjármálafyrirtækjum og Seðlabanka Íslands .....	21	3.062.889	12.098.229
Almenn innlán .....	22	66.634.892	58.335.669
Veltufjárskuldir .....	23,29	437.578	191.849
Lántökur .....	24-25	88.633.510	72.353.655
Víkjandi lán .....	26	5.310.751	5.200.292
Lífeyrisskuldbindingar .....		704.319	664.140
Skattskuldir .....		5.083.267	3.946.313
Aðrar skuldir .....	27	2.705.823	10.845.710
<b>Skuldir samtals</b>		<u>172.573.029</u>	<u>163.635.857</u>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....		5.000.000	5.000.000
Lögbundinn varasjóður .....		1.250.000	1.250.000
Óráðstafað eigið fé .....		29.675.812	24.237.026
Eigið fé hluthafa	28	35.925.812	30.487.026
Hlutdeild minnihluta .....		29.208	29.063
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>35.955.020</u>	<u>30.516.089</u>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>		<u>208.528.049</u>	<u>194.151.946</u>

### Utan efnahagsreiknings:

Skuldbindingar .....

30-31



# Eiginfjáryfirlit

## fyrir tímabilið 1. apríl til 30. júní 2007

	Eigið fé hluthafa			Samtals	Hlutdeild minnihluta	Samtals
	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé			
<b>Breytingar á eigin fé 1.4.-30.6.2007:</b>						
Eigið fé 1. apríl 2007 .....	5.000.000	1.250.000	24.237.026	30.487.026	29.045	30.516.071
Hagnaður tímabilsins .....			5.438.786	5.438.786	163	5.438.949
Eigið fé 30. júní 2007 .....	<u>5.000.000</u>	<u>1.250.000</u>	<u>29.675.812</u>	<u>35.925.812</u>	<u>29.208</u>	<u>35.955.020</u>

## Samandregið yfirlit um sjóðstreymi

### fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007

	2007 1.1.-30.6.	2006 1.1.-30.6.
Rekstrarhreyfingar.....	6.846.398	(5.753.070)
Fjárfestingarhreyfingar.....	(251.504)	36.650
Fjármögnunarhreyfingar.....	(8.948.716)	3.586.612
Breyting á handbæru fé.....	(2.353.822)	(2.129.808)
Handbært fé í ársbyrjun.....	4.372.984	3.405.942
<b>Handbært fé í lok tímabilsins.....</b>	<u>2.019.162</u>	<u>1.276.134</u>

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf. er starfandi og staðsettur á Íslandi. Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf. (samstæðan) er með höfuðstöðvar við Ármúla 13a, Reykjavík. Samandregni árs hlutareikningurinn fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007 samanstendur af árs hlutareikningum Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. og dótturfélaga hans, sameiginlega vísað til sem sparisjóðurinn.

### 1. Yfirlýsing um að alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum (IFRS) sé fylgt

Samandregni árs hlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) IAS 34, eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Samandregni árs hlutareikningurinn inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem ráð er gert fyrir í ársreikningi og ætti að vera lesinn með hliðsjón af ársreikningi sparisjóðsins fyrir 31.12.2006.

### 2. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðir við gerð árs hlutareiknings Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis hf. eru þær sömu og notaðar voru við gerð ársreiknings Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis árið 2006.

Árs hlutareikningur og ársreikningur samstæðunnar vegna 31.12.2006 eru tiltækir á skrifstofu SPRON hf. Ármúla 13a, Reykjavík eða á heimasíðunum [www.spron.is](http://www.spron.is) og [www.omx.is](http://www.omx.is).

Árs hlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum nema annað sé tekið fram.

## Starfsþáttayfirlit

3. Sparisjóðurinn skiptir meginstarfsemi sinni í tvo starfsþætti. Hefðbundin bankastarfsemi felst í almennri þjónustu við viðskiptavinum, svo sem að veita útlán og taka við innlánunum, auk fjármálaráðgjafar til einstaklinga og fyrirtækja. Fjárfestingar og fjárstýring felst aðallega í fjárfestingum í verðbréfum og fjárstýringu samstæðunnar.

Starfsþáttayfirlit greinist þannig (fjárhæðir eru í millj. kr.):

	Banka- starfsemi	Fjárfestingar og fjárstýring	Milli- færslur	Samtals
<b>30.06.2007</b>				
Hreinar vaxtatekjur .....	1.519	(419)		1.100
Hreinar þjónustutekjur .....	343	199		542
Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum .....	176	13.368	(355)	13.189
Aðrar rekstrartekjur .....	119	228	(204)	143
Hreinar rekstrartekjur .....	2.157	13.376	(559)	14.974
Rekstrargjöld .....	(1.524)	(1.202)	204	(2.522)
Virðisrýrnun útlána .....	(265)	(20)		(285)
Hagnaður fyrir skatta .....	368	12.154	(355)	12.167
Hreinar rekstrartekjur frá þriðja aðila .....	4.089	11.315	(355)	15.049
Hreinar rekstrartekjur innan samstæðu .....	(1.932)	2.061	(204)	(75)
Hreinar rekstrartekjur .....	2.157	13.376	(559)	14.974
Heildareignir .....	138.142	134.679	(64.293)	208.528
Skuldir .....	127.203	109.692	(64.322)	172.573
Úthlutað eigið fé .....	10.939	24.987	29	35.955
<b>Skuldir og eigið fé samtals .....</b>	<b>138.142</b>	<b>134.680</b>	<b>(64.293)</b>	<b>208.528</b>

# Skýringar

## Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum

4. Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum greinast þannig:	2007	2006
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Arðstekjur .....	860.080	464.008
Hreinar tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum .....	1.095.127	(78.125)
Hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindum á gangvirði .....	7.919.224	1.829.003
Hreinn gjaldeyrismunur .....	63.073	145.007
<b>Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum .....</b>	<b>9.937.504</b>	<b>2.359.893</b>

## Arðstekjur

5. Arðstekjur greinast þannig:		
Arðstekjur af veltufjáreignum .....	99.823	59.660
Arðstekjur af fjáreignum á gangvirði .....	760.257	404.348
<b>Arðstekjur .....</b>	<b>860.080</b>	<b>464.008</b>

## Hreinar tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum

6. Hreinar tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum greinast þannig:		
Hlutabréf og tengdar afleiður .....	1.050.559	(179.302)
Skuldabréf og tengdar afleiður .....	16.542	21.674
Aðrar afleiður .....	28.026	79.503
<b>Hreinar tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum .....</b>	<b>1.095.127</b>	<b>(78.125)</b>

## Hreinar tekjur af fjáreignum á gangvirði

7. Hreinar tekjur af fjáreignum á gangvirði greinast þannig:		
Gengishagnaður hlutabréfa .....	7.919.224	1.829.003

## Aðrar rekstrartekjur

8. Aðrar rekstrartekjur greinast þannig:		
Hagnaður af sölu eigna .....	47.633	151.976
Ýmsar rekstrartekjur .....	95.467	58.153
<b>Aðrar rekstrartekjur .....</b>	<b>143.100</b>	<b>210.129</b>

## Kröfur á lánastofnanir

9. Kröfur á lánastofnanir greinast þannig eftir tegundum lána:	30.6.2007	31.12.2006
Bankareikningar .....	1.265.805	1.880.594
Peningamarkaðslán .....	8.748.845	5.277.023
Önnur lán .....	32.785	65.070
<b>Kröfur á lánastofnanir .....</b>	<b>10.047.435</b>	<b>7.222.687</b>

# Skýringar

10. Kröfur á lánastofnanir greinast þannig samkvæmt eftirstöðvartíma:	30.6.2007	31.12.2006
Gjaldkræfar kröfur .....	1.298.593	1.941.214
Allt að 3 mánuðir .....	8.725.486	5.182.036
3 mánuðir til 1 ár .....	0	95.622
1 til 5 ár .....	22.032	2.543
Yfir 5 ár .....	1.324	1.272
<b>Kröfur á lánastofnanir .....</b>	<b>10.047.435</b>	<b>7.222.687</b>

## Útlán til viðskiptavina

11. Útlán til viðskiptavina greinast þannig eftir tegundum lána:		
Skuldabréf .....	118.391.386	110.567.933
Yfirdráttarlán .....	10.073.623	9.332.555
Víxlar .....	99.198	97.746
Önnur lán .....	11.018.966	9.408.576
Afskriftareikningur útlána .....	(1.346.490)	(1.111.302)
<b>Útlán til viðskiptavina .....</b>	<b>138.236.683</b>	<b>128.295.508</b>

12. Útlán til viðskiptavina greinast þannig eftir lántakendum:		
Ríkissjóður .....	0,3%	0,3%
Atvinnugreinar:		
Sjávarútvegur    ndbúnaður .....	0,9%	1,0%
Iðnaður .....	10,9%	11,9%
Verslun .....	2,6%	3,3%
Þjónusta .....	24,2%	23,0%
Einstaklingar .....	61,1%	60,5%
<b>Útlán til viðskiptavina .....</b>	<b>100,0%</b>	<b>100,0%</b>

13. Útlán til viðskiptavina greinast þannig samkvæmt eftirstöðvartíma:		
Gjaldkræf útlán .....	6.022.243	3.799.440
Allt að 3 mánuðir .....	14.920.045	14.085.499
3 mánuðir til 1 ár .....	14.949.855	18.012.564
1 til 5 ár .....	21.312.113	19.858.879
Yfir 5 ár .....	81.032.427	72.539.126
<b>Útlán til viðskiptavina .....</b>	<b>138.236.683</b>	<b>128.295.508</b>

## Afskriftareikningur útlána

14. Afskriftareikningur útlána greinist þannig:	2007	2006
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Sérgreint framlag .....	637.774	382.760
Almennt framlag .....	708.716	734.661
<b>Afskriftareikningur útlána 30. júní .....</b>	<b>1.346.490</b>	<b>1.117.421</b>

15. Breytingar á afskriftareikningi útlána greinast þannig:		
Afskriftareikningur útlána í ársbyrjun .....	1.111.302	1.086.695
Virðisrýrnun útlána og krafna á tímabilinu .....	284.507	233.690
Endanlega töpuð útlán .....	(40.232)	(178.012)
Innkomið, áður afskrifað .....	8.308	38.122
Hækkun núvirðis virðisrýrðra lána .....	(17.395)	(63.074)
<b>Afskriftareikningur útlána 30. júní .....</b>	<b>1.346.490</b>	<b>1.117.421</b>

# Skýringar

## Veltufjáreignir

16. Veltufjáreignir greinast þannig:	30.06.2007	31.12.2006
Skuldabréf .....	9.512.761	8.191.764
Hlutabréf .....	14.236.031	9.872.135
Óskráðir afleiðusamningar .....	3.451.561	2.249.127
<b>Veltufjáreignir .....</b>	<b>27.200.353</b>	<b>20.313.026</b>

## Fjáreignir á gangvirði

17. Fjáreignir á gangvirði greinast þannig:		
Skuldabréf .....	113.993	92.558
Hlutabréf .....	14.576.737	16.656.333
<b>Fjáreignir á gangvirði .....</b>	<b>14.690.730</b>	<b>16.748.891</b>

## Óefnislegar eignir

18. Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Viðskiptavild	Hugbúnaður	Samtals
<b>30.06.2007</b>			
Óefnislegar eignir í ársbyrjun .....	1.547.421	128.069	1.675.490
Viðbætur á tímabilinu .....	0	170.094	170.094
Afskriftir .....	0	(34.925)	(34.925)
<b>Óefnislegar eignir í lok tímabilsins .....</b>	<b>1.547.421</b>	<b>263.238</b>	<b>1.810.659</b>
<b>31.12.2006</b>			
Óefnislegar eignir í ársbyrjun .....	1.547.421	72.018	1.619.439
Viðbætur á árinu .....	0	96.318	96.318
Afskriftir á árinu .....	0	(40.267)	(40.267)
<b>Óefnislegar eignir í árslok .....</b>	<b>1.547.421</b>	<b>128.069</b>	<b>1.675.490</b>

## Fastafjármunir til sölu

19. Fastafjármunir til sölu greinast þannig:	31.6.2007	31.12.2006
Fullnustueignir .....	303.145	180.585

## Aðrar eignir

20. Aðrar eignir greinast þannig:

Óuppperð verðbréfavíðskipti .....	682.520	917.121
Verk í vinnslu .....	457.293	914.295
Ýmsar eignir .....	220.688	201.472
Áfallnar tekjur .....	42.241	102.880
<b>Aðrar eignir .....</b>	<b>1.402.742</b>	<b>2.135.768</b>

# Skýringar

## Innlán frá fjármálfyrirtækjum og Seðlabanka Íslands

21. Innlán frá fjármálfyrirtækjum og Seðlabanka Íslands greinast þannig samkvæmt eftirstöðvartíma:	31.6.2007	31.12.2006
Gjaldkræft .....	1.124.735	376.484
Allt að 3 mánuðir .....	1.736.899	7.222.949
3 mánuðir til 1 ár .....	201.255	3.924.466
<b>Innlán frá fjármálfyrirtækjum og Seðlabanka Íslands .....</b>	<b>3.062.889</b>	<b>11.523.899</b>

## Almenn innlán

22. Almenn innlán greinast þannig samkvæmt eftirstöðvartíma:		
Gjaldkræft .....	48.151.681	30.825.026
Allt að 3 mánuðir .....	3.905.347	9.645.039
3 mánuðir til 1 ár .....	5.209.910	4.326.897
1 til 5 ár .....	6.995.429	9.645.179
Yfir 5 ár .....	2.372.525	2.150.265
<b>Almenn innlán .....</b>	<b>66.634.892</b>	<b>56.592.406</b>

## Veltufjárskuldir

23. Veltufjárskuldir greinast þannig:		
Afleiðusamningar .....	437.578	191.849

## Lántaka

24. Lántaka greinist þannig:		
Útgefin skuldabréf .....	24.836.348	31.774.949
Útgefnir víxlar .....	5.881.453	3.660.090
Lán frá fjármálfyrirtækjum .....	57.915.709	34.206.993
<b>Lántaka .....</b>	<b>88.633.510</b>	<b>69.642.032</b>

25. Lántaka greinist þannig samkvæmt eftirstöðvartíma:		
Allt að 3 mánuðir .....	20.949.152	10.877.683
3 mánuðir til 1 ár .....	10.155.205	15.200.124
1 til 5 ár .....	49.767.531	24.970.848
Yfir 5 ár .....	7.761.622	18.593.377
<b>Lántaka .....</b>	<b>88.633.510</b>	<b>69.642.032</b>

## Víkjandi lán

26. Víkjandi lán greinast þannig:		
Lán sem nýtast sem eiginfjárþáttur A .....	663.269	648.593
Lán sem nýtast sem eiginfjárþáttur B .....	4.647.482	4.567.778
<b>Víkjandi lán .....</b>	<b>5.310.751</b>	<b>5.216.371</b>

# Skýringar

## Aðrar skuldir

27. Aðrar skuldir greinast þannig:	31.6.2007	31.12.2006
Óuppperð verðbréfavíðskipti .....	543.463	837.787
Fjármagnstekjuskattur .....	988.031	626.200
Viðskiptaskuldir .....	510.528	162.853
Aðrar skuldir .....	663.801	1.104.236
<b>Aðrar skuldir .....</b>	<b>2.705.823</b>	<b>2.731.076</b>

## Eigið fé

28. Eigið fé í lok tímabilsins nemur 35.955 millj. kr. Eiginfjárlutfall sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 13,1%. Samkvæmt lögunum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%.

Hlutfallið reiknast þannig:

	30.6.2007		31.12.2006	
	Bókfærð staða	Vegin staða	Bókfærð staða	Vegin staða
Áhættugrunnur:				
Bókfærðar eignir .....	208.528.049	143.696.386	194.151.946	125.627.153
Eignir til frádráttar eigin fé .....		(24.662.696)		(17.533.484)
Ábyrgðir og aðrir liðir utan efnahagsreiknings .....		1.224.233		712.595
		<u>120.257.923</u>		<u>108.806.264</u>

Eigið fé:

Eiginfjárbáttur A:

Bókfært eigið fé .....	35.925.812	34.745.860
Hlutdeild minnihluta .....	29.208	29.045
Viðskiptavild .....	(1.547.421)	(1.547.421)
Víkjandi lán .....	663.269	648.593

Eiginfjárbáttur B:

Víkjandi lán .....	3.758.159	4.080.586
Eignarhlutir í fjármálastofnunum .....	(23.115.275)	(15.986.063)
	<u>15.713.752</u>	<u>21.970.600</u>

Eiginfjárlutfall .....	13,1%	20,2%
Þar af eiginfjárbáttur A .....	29,2%	31,1%

# Skýringar

## Afleiðusamningar

29. Afleiðusamningar, eftirstöðvartími höfuðstóls og bókfært verð greinast þannig:

30.6.2007	Höfuðstóll			Bókfært verð		
	Allt að 3 mánuðir	Yfir 3 mánuðir og allt að ári	Yfir 1 ár	Samtals	Eignir	Skuldir
Óskráðir gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamningar:						
Framvirkir gjaldmiðlasamningar .....	49.612.595	56.365.107	0	105.977.702	3.163.396	329.726
Vaxtaskiptasamningar .....	0	0	12.110.058	12.110.058	48.987	
	<u>49.612.595</u>	<u>56.365.107</u>	<u>12.110.058</u>	<u>118.087.760</u>	<u>3.212.383</u>	<u>329.726</u>
Óskráðar hlutabréfaafleiður:						
Framvirkir samningar .....	742.113	802.379	287.490	1.831.982	239.178	107.852
<b>Afleiðusamningar samtals .....</b>	<u>50.354.708</u>	<u>57.167.486</u>	<u>12.397.548</u>	<u>119.919.742</u>	<u>3.451.561</u>	<u>437.578</u>

## 31.12.2006

Óskráðir gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamningar:						
Framvirkir gjaldmiðlasamningar .....	23.762.832	18.367.146	0	42.129.978	388.725	341.608
Vaxtaskiptasamningar .....	0	0	12.877.660	12.877.660	1.723.160	0
	<u>23.762.832</u>	<u>18.367.146</u>	<u>12.877.660</u>	<u>55.007.638</u>	<u>2.111.885</u>	<u>341.608</u>
Óskráðar hlutabréfaafleiður:						
Framvirkir samningar .....	1.553.757	151.203	0	1.704.960	137.242	19.242
	<u>1.553.757</u>	<u>151.203</u>	<u>0</u>	<u>1.704.960</u>	<u>137.242</u>	<u>19.242</u>
<b>Afleiðusamningar samtals .....</b>	<u>25.316.589</u>	<u>18.518.349</u>	<u>12.877.660</u>	<u>56.712.598</u>	<u>2.249.127</u>	<u>360.850</u>

Tilgangurinn með ofangreindum samningum er að stjórna gjaldmiðla- og vaxtaáættu. Útlánaáættan er metin 2.197 millj. kr. við útreikning á eiginfjárhlutfalli þann 30. júní 2007 og 1.873 millj. kr. þann 31. desember 2006.

## Skuldbindingar

30. Sparisjóðurinn hefur gengist í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn sína og veitt þeim yfirdráttarheimildir. Þessir liðir greinast þannig:

	30.6.2007	31.12.2006
Ábyrgðir .....	813.352	687.311
Ónotaðar yfirdráttarheimildir .....	5.257.191	4.706.996

## Eignir í stýringu og vörslu

31. Eignir í stýringu og vörslu greinast þannig:

Eignir í stýringu .....	35.343.706	20.890.389
Eignir í vörslu .....	46.201.992	23.395.720



# Skýringar

## Veðsettar eignir

32. Eignir hafa verið veðsettar sem trygging fyrir eftirfarandi skuldir og óvissar skuldir:

31.6.2007 31.12.2006

Endurhverf verðbréfa kaup við Lánasýslu ríkisins ..... 0 2.991.062

Samstæðan hefur selt sjóðstreymi af hluta af íbúðalánnum sínum til Íbúðalánasjóðs, sem hefur yfirtekið alla áhættu tengda viðkomandi lánnum. Munurinn á milli núvirðis lána frá Íbúðalánasjóði og bókfærðu verði undirliggjandi lána hefur verið tekjufærður í rekstrarreikningi sem hreinar tekjur af sölu fjáreigna metinna á framreiknuðu kostnaðarverði.

## Eignir og skuldir

Sjóðstreymi af útlánnum selt til Íbúðalánasjóðs ..... 13.365.662 13.440.128

## Tengdir aðilar

33. Tengdir aðilar sparisjóðsins eru dótturfélög, hlutdeildarfélag, stjórn sparisjóðsins, framkvæmdastjórn, nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila og aðilar sem hafa umtalsverð áhrif sem stórir stofnfjáreigendur í sparisjóðnum. Þessi skilgreining er byggð á IAS 24. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Lán til sparisjóðsstjóra og framkvæmdastjóra .....	38.197	51.138
Lán til stjórnarmeðlima og félaga tengdum þeim .....	1.853.944	1.066.094
Lán til hlutdeildarfélaga .....	811.958	2.001.073

Engin óvenjuleg viðskipti hafa verið við tengda aðila á árinu.

Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

## Eftirlit og stýring lausafjárahatu

34. Fjáreignir og fjárskuldir greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

<b>30.06.2007</b>	Allt að 1 mánuður	1-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Yfir 5 ár	Samtals
Sjóður og óbundnar innst. í Seðlabanka .	720.569					720.569
Útlán og kröfur .....	7.320.836	23.645.531	14.949.855	21.334.145	81.033.751	148.284.118
Veltufjáreignir .....	27.200.353					27.200.353
Fjáreignir á gangvirkni .....	14.684.969			5.761		14.690.730
<b>Fjáreignir samtals .....</b>	<b>49.926.727</b>	<b>23.645.531</b>	<b>14.949.855</b>	<b>21.339.906</b>	<b>81.033.751</b>	<b>190.895.770</b>
Innlán frá fjármálafyrirt. og Seðlabanka .	1.124.735	1.736.899	201.255			3.062.889
Almenn innlán .....	48.151.681	3.905.347	5.209.910	6.995.429	2.372.525	66.634.892
Lántaka .....		20.949.152	10.155.205	49.767.531	7.761.622	88.633.510
<b>Fjárskuldir samtals .....</b>	<b>49.276.416</b>	<b>26.591.398</b>	<b>15.566.370</b>	<b>56.762.960</b>	<b>10.134.147</b>	<b>158.331.291</b>
<b>Fjáreignir - fjárskuldir .....</b>	<b>650.311</b>	<b>(2.945.867)</b>	<b>(616.515)</b>	<b>(35.423.054)</b>	<b>70.899.604</b>	<b>32.564.479</b>
<b>31.12.2006</b>						
Sjóður og óbundnar innst. í Seðlabanka .	2.431.770					2.431.770
Útlán og kröfur .....	5.311.744	19.696.445	18.108.186	19.861.422	72.540.398	135.518.195
Veltufjáreignir .....	20.313.026					20.313.026
Fjáreignir á gangvirkni .....	16.739.901			8.990		16.748.891
<b>Fjáreignir samtals .....</b>	<b>44.796.441</b>	<b>19.696.445</b>	<b>18.108.186</b>	<b>19.870.412</b>	<b>72.540.398</b>	<b>175.011.882</b>
Innlán frá fjármálafyrirt. og Seðlabanka .	5.716.169	1.883.264	3.924.466			11.523.899
Almenn innlán .....	33.856.281	6.613.784	4.326.897	9.645.179	2.150.265	56.592.406
Lántaka .....		10.877.683	15.200.124	24.970.848	18.593.377	69.642.032
<b>Fjárskuldir samtals .....</b>	<b>39.572.450</b>	<b>19.374.731</b>	<b>23.451.487</b>	<b>34.616.027</b>	<b>20.743.642</b>	<b>137.758.337</b>
<b>Fjáreignir - fjárskuldir .....</b>	<b>5.223.991</b>	<b>321.714</b>	<b>(5.343.301)</b>	<b>(14.745.615)</b>	<b>51.796.756</b>	<b>37.253.545</b>

# Skýringar

---

## **Atburðir eftir lok reikningstímabils**

35. Engin efnisleg atriði hafa komið fram eftir dagsetningu efnahagsreiknings, sem krefjast myndu lagfæringar eða breytingar á árshlutareikningi 30. júní 2007.

**SPRON hf.**  
**Ársreikningur 2006**

SPRON hf.  
Ármúla 13a  
108 Reykjavík

Kt. 540502-2770

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og undirritun stjórnar .....	3	Efnahagsreikningur .....	6
Áritun óháðra endurskoðenda .....	4	Yfirlit um sjóðstreymi .....	7
Rekstrarreikningur .....	5	Skýringar .....	8

# Skýrsla og undirritun stjórnar

---

SPRON hf. var stofnað í júní 2002. Tilgangur félagsins er að yfirtaka rekstur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og rækja síðan þá starfsemi sem viðskiptabönkum er heimil, skv. ákvæðum laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Hagnaður varð af rekstri félagsins á árinu 2006 að fjárhæð 370 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í árslok var um 4.919 þús. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórn og framkvæmdastjóri SPRON hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2006 með undirritun sinni.

Reykjavík, . mars 2007

Í stjórn félagsins:

# Áritun óháðra endurskoðanda

---

Stjórn og hlutafjäreigendur í SPRON hf.

## Inngangur

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning SPRON hf. fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við íslensk lög um ársreikninga. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2006, efnahag þess 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, . mars 2007

**KPMG hf.**

Sigurður Jónsson

Reynir Stefán Gylfason

## Rekstrarreikningur ársins 2006

---

<b>Rekstrargjöld:</b>	Skýr.	2006	2005
Annar rekstrarkostnaður .....		<u>1.400</u>	<u>1.723</u>
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:</b>			
Vaxtatekjur .....		453.167	297.300
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur .....		<u>0</u>	<u>( 395)</u>
		<u>453.167</u>	<u>296.905</u>
Hagnaður fyrir skatta		451.767	295.182
Tekjuskattur .....	4	<u>( 81.318)</u>	<u>( 53.133)</u>
<b>Hagnaður ársins</b> .....		<u><u>370.449</u></u>	<u><u>242.049</u></u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2006

## Eignir

<b>Veltufjármunir:</b>	Skýr.	2006	2005
Skammtímakröfur:			
Aðrar kröfur .....		45.316	29.730
Handbært fé .....		4.954.763	4.571.715
Veltufjármunir samtals		<u>5.000.079</u>	<u>4.601.445</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>5.000.079</u>	<u>4.601.445</u>

## Eigið fé og skuldir

### Eigið fé:

Hlutfé .....		4.000.000	4.000.000
Óráðstafað eigið fé .....		918.761	548.312
Eigið fé samtals	3	<u>4.918.761</u>	<u>4.548.312</u>

### Skammtímaskuldir:

Reiknaðir skattar .....		<u>81.318</u>	<u>53.133</u>
-------------------------	--	---------------	---------------

<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>5.000.079</u>	<u>4.601.445</u>
------------------------------------	--	------------------	------------------



## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2006

---

	Skýr.	2006	2005
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>			
Hagnaður ársins .....	3	370.449	242.049
Veltufé frá rekstri		<u>370.449</u>	<u>242.049</u>
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, hækkun .....	(	15.586)	( 29.730)
Skammtímaskuldir, hækkun .....		28.185	36.143
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		<u>12.599</u>	<u>6.413</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>383.048</u>	<u>248.462</u>
<b>Breyting á handbæru fé .....</b>		383.048	248.462
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		<u>4.571.715</u>	<u>4.323.253</u>
<b>Handbært fé í árslok.....</b>		<u><u>4.954.763</u></u>	<u><u>4.571.715</u></u>

# Skýringar

---

## Reikningsskilaaðferðir

### *Grundvöllur reikningsskila*

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
2. Félagið er dótturfélag Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, sem á 100% eignarhlut í félaginu, og er fært sem slíkt í samstæðureikningsskilum Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis.

## Eigið fé

3. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2006 .....	4.000.000	548.312	4.548.312
Hagnaður ársins .....	0	370.449	370.449
Eigið fé 31.12.2006 .....	4.000.000	918.761	4.918.761

## Skattamál

4. Félagið er dótturfélag Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis. Félögin nýta sér heimildir í skattalögum til að skattleggja félög innan samstæðunnar saman.

**SPRON hf.**  
**Ársreikningur 2005**

SPRON hf.  
Ármúla 13a  
108 Reykjavík

Kt. 540502-2770

# Efnisyfirlit

---

	<b>bls.</b>		<b>bls.</b>
Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn .....	3	Efnahagsreikningur .....	6
Áritun endurskoðenda .....	4	Yfirlit um sjóðstreymi .....	7
Rekstrarreikningur .....	5	Skýringar .....	8

# Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn

---

SPRON hf. var stofnað í júní 2002. Tilgangur félagsins er að yfirtaka rekstur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og rækja síðan þá starfsemi sem viðskiptabönkum er heimil, skv. ákvæðum laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Hagnaður ársins samkvæmt rekstrarreikningi nam 242 þús. kr. Eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi í árslok nam 4.548 þús. kr.

Stjórn og framkvæmdastjóri SPRON hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2005 með undirritun sinni.

Reykjavík, 20. febrúar 2006.

Í stjórn félagsins:

Hildur Petersen

Erlendur Hjaltason

Gunnar Þór Gíslason

Ari Bergmann Einarsson

Ásgeir Baldursson

Framkvæmdastjóri:

Guðmundur Hauksson

# Áritun endurskoðenda

---

Til stjórnar SPRON hf.

Við höfum endurskoðað ársreikning SPRON hf. fyrir árið 2005. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar nr. 1 - 4. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2005, efnahag þess 31. desember 2005 og breytingu á handbæru fé á árinu 2005, í samræmi við lög og góða reikningskilavenju.

Reykjavík, 20. febrúar 2006.

***KPMG Endurskoðun hf.***

# Rekstrarreikningur ársins 2005

---

	Skýr.	2005	2004
<b>Rekstrargjöld:</b>			
Annar rekstrarkostnaður .....		<u>1.723</u>	<u>0</u>
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:</b>			
Vaxtatekjur .....		297.300	187.142
Vaxtagjöld .....	(	<u>395</u> )	<u>0</u>
		<u>296.905</u>	<u>187.142</u>
Hagnaður fyrir skatta .....		295.182	187.142
Tekjuskattur .....	(	53.133)	( 33.686 )
Eignarskattur .....		<u>0</u>	<u>( 2.052 )</u>
<b>Hagnaður ársins</b> .....		<u><u>242.049</u></u>	<u><u>151.404</u></u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2005

---

## Eignir

	Skýr.	2005	2004
<b>Veltufjármunir:</b>			
Handbært fé .....		<u>4.571.715</u>	<u>4.323.253</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>4.571.715</u></u>	<u><u>4.323.253</u></u>

## Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2005	2004
<b>Eigið fé:</b>			
Hlutfé .....		4.000.000	4.000.000
Óráðstafað eigið fé .....		<u>548.312</u>	<u>306.263</u>
<b>Eigið fé samtals</b>	3	<u><u>4.548.312</u></u>	<u><u>4.306.263</u></u>
<b>Skammtímaskuldir:</b>			
Reiknaðir skattar .....	4	<u>23.403</u>	<u>16.990</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u><u>23.403</u></u>	<u><u>16.990</u></u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>4.571.715</u></u>	<u><u>4.323.253</u></u>



# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2005

---

	Skýr.	2005	2004
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>			
Hagnaður ársins .....	3	<u>242.049</u>	<u>151.404</u>
Hreint veltufé frá rekstri		<u>242.049</u>	<u>151.404</u>
<b>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:</b>			
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) .....		<u>6.413</u>	( <u>18.395</u> )
Handbært fé frá rekstri		<u>248.462</u>	<u>133.009</u>
<b>Hækkun á handbæru fé .....</b>		248.462	133.009
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		<u>4.323.253</u>	<u>4.190.244</u>
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		<u><u>4.571.715</u></u>	<u><u>4.323.253</u></u>

# Skýringar

---

## Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.
2. Félagið er dótturfélag Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, sem á 100% eignarhlut í félaginu, og er fært sem slíkt í samstæðureikningsskilum Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis.

## Eigið fé

3. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2005 .....	4.000.000	306.263	4.306.263
Hagnaður ársins .....		242.049	242.049
Eigið fé 31.12.2005 .....	<u>4.000.000</u>	<u>548.312</u>	<u>4.548.312</u>

## Skattamál

4. Félagið er dótturfélag Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis. Félögin nýta sér heimildir í skattalögum til að skattleggja félög innan samstæðunnar saman.



**Ársreikningur  
samstæðu  
2006**

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis  
Ármúla 13a  
108 Reykjavík

Kt. 610269-5089

# Efnisyfirlit

---

	bls.		bls.
		Skýringar:	
Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn .....	3	Almennar upplýsingar .....	9
Áritun endurskoðenda .....	4	Skýringar við rekstrarreikninginn .....	20
Rekstrarreikningur .....	5	Skýringar við efnahagsreikninginn .....	23
Efnahagsreikningur .....	6	Liðir utan efnahagsreiknings .....	30
Eiginfjárfirlit .....	7	Áhættustýring .....	32
Sjóðstreymisyfirlit .....	8		

# Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn

---

Ársreikningurinn er samstæðureikningur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og dótturfélaga hans. Reikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Hagnaður varð af rekstri sparisjóðsins á árinu 2006 að fjárhæð 9.010 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé hans í árslok nam 34.775 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárlutfall sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki var 20,2% hjá samstæðunni. Samkvæmt lögnum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Stjórn sjóðsins leggur til að greiddur verði 46% arður til stofnfjáreigenda á árinu 2007 vegna ársins 2006. Auk þess er lagt til að nýtt verði heimild í lögum um sérstakt endurmat stofnfjár og það hækkað um 5%. Um frekari ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum er vísað til ársreikningsins.

Í árslok var stofnfé sparisjóðsins 19.454 millj. kr. Stofnfé var aukið um 14.700 millj. kr. á árinu 2006. Stofnfjáreigendur voru 1.191 í árslok og fjölgaði um 373 á árinu.

Stjórn og sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis staðfesta hér með ársreikning sparisjóðsins fyrir árið 2006 með undirritun sinni.

Reykjavík, 21. febrúar 2007

## Stjórn

Hildur Petersen  
Formaður

Erlendur Hjaltason

Ari Bergmann Einarsson

Gunnar Gíslason

Ásgeir Baldurs

## Sparisjóðsstjóri

Guðmundur Hauksson

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og stofnfjáreigenda í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis

## Inngangur

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðgerðum og mati miðað við aðstæður.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati okkar, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðgerðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sparisjóðsins á árinu 2006, efnahag hans 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 21. febrúar 2007

**KPMG hf.**

Sigurður Jónsson

Reynir Stefán Gylfason

# Rekstrarreikningur

## ársins 2006

	Skýr.	2006	2005
Vaxtatekjur .....		14.537.299	7.883.731
Vaxtagjöld .....		<u>(12.122.768)</u>	<u>(5.658.864)</u>
<b>Hreinar vaxtatekjur.....</b>	<b>37</b>	<u>2.414.531</u>	<u>2.224.867</u>
Þjónustutekjur .....		1.306.707	880.960
Þjónustugjöld .....		<u>(331.395)</u>	<u>(296.896)</u>
<b>Hreinar þjónustutekjur.....</b>	<b>38</b>	<u>975.312</u>	<u>584.064</u>
Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum .....	39-42	10.115.359	4.366.031
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага .....	60	1.406.732	596.612
Ýmsar rekstrartekjur .....	43	<u>284.405</u>	<u>575.722</u>
<b>Aðrar rekstrartekjur samtals.....</b>		<u>11.806.496</u>	<u>5.538.365</u>
<b>Hreinar rekstrartekjur .....</b>		<b>15.196.339</b>	<b>8.347.296</b>
Laun og launatengd gjöld .....	45	(1.926.098)	(1.550.928)
Annar rekstrarkostnaður .....		(1.974.238)	(1.433.318)
Afskriftir .....	61-62	<u>(108.871)</u>	<u>(80.638)</u>
<b>Rekstrargjöld samtals.....</b>		<u>(4.009.207)</u>	<u>(3.064.884)</u>
Virðisrýrnun útlána .....	54	<u>(308.347)</u>	<u>(326.591)</u>
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt.....</b>		<b>10.878.785</b>	<b>4.955.821</b>
Tekjuskattur .....	47	<u>(1.868.503)</u>	<u>(863.451)</u>
<b>Hagnaður ársins.....</b>		<u>9.010.282</u>	<u>4.092.370</u>
<b>Skipting hagnaðar:</b>			
Stofnfjáreigendur og varasjóður .....		9.010.074	4.092.195
Minnihluti .....		<u>208</u>	<u>175</u>
<b>Hagnaður ársins .....</b>		<u>9.010.282</u>	<u>4.092.370</u>

# Efnahagsreikningur

## 31. desember 2006

Eignir	Skýr.	2006	2005
Sjóður og óbundnar innstæður í Seðlabanka .....	48	2.431.770	2.067.986
Kröfur á lánastofnanir .....	49-50	7.222.687	6.293.530
Útlán til viðskiptamanna .....	51-53	128.295.508	84.950.482
Veltufjáreignir .....	55-57	20.313.026	8.366.721
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði .....	58	16.748.891	7.990.972
Hlutdeildarfélag .....	60	4.580.324	1.646.600
Óefnislegar eignir .....	61	1.675.490	1.619.440
Rekstrarfjármunir .....	62	992.188	1.016.422
Fastafjármunir til sölu .....		104.892	102.899
Aðrar eignir .....	63	2.135.768	874.142
<b>Eignir samtals.....</b>		<b>184.500.544</b>	<b>114.929.194</b>
<b>Skuldir</b>			
Innlán frá fjármálafyrirtækjum og Seðlabanka .....	64	11.523.899	11.209.876
Almenn innlán .....	65	56.592.406	39.340.021
Veltufjárskuldir .....	57,66	360.850	120.160
Lántökur .....	67-68	69.642.032	44.445.350
Víkjandi lán .....	69	5.216.371	3.918.386
Lífeyrisskuldbinding .....	70	646.411	559.429
Skattskuldir .....	71-73	3.012.594	1.248.916
Aðrar skuldir .....	74	2.731.076	1.069.845
<b>Skuldir samtals.....</b>		<b>149.725.639</b>	<b>101.911.983</b>
<b>Eigið fé</b>			
Stofnfé .....		19.453.815	3.960.503
Varasjóður .....		15.292.045	9.055.476
<b>Stofnfé og varasjóður samtals.....</b>	<b>76</b>	<b>34.745.860</b>	<b>13.015.979</b>
Hlutdeild minnihluta .....		29.045	1.232
<b>Eigið fé samtals.....</b>		<b>34.774.905</b>	<b>13.017.211</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals.....</b>		<b>184.500.544</b>	<b>114.929.194</b>
<b>Utan efnahagsreiknings:</b>			
Skuldbindingar .....	77-80		



# Eiginfjárfirlit

## fyrir árið 2006

	Stofnfé	Varasjóður	Samtals	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtals
<b>2005</b>					
Eigið fé 1. janúar 2005 .....	603.671	5.214.219	5.817.890	1.057	5.818.947
Hagnaður ársins .....		4.092.195	4.092.195	175	4.092.370
Arðgreiðslur .....		(153.937)	(153.937)		(153.937)
Útgefið nýtt stofnfé .....	3.259.831		3.259.831		3.259.831
Endurmat á stofnfé .....	97.001	(97.001)	0		0
Eigið fé 31. desember 2005 .....	<u>3.960.503</u>	<u>9.055.476</u>	<u>13.015.979</u>	<u>1.232</u>	<u>13.017.211</u>
<b>2006</b>					
Eigið fé 1. janúar 2006 .....	3.960.503	9.055.476	13.015.979	1.232	13.017.211
Hagnaður ársins .....		9.010.074	9.010.074	208	9.010.282
Arðgreiðslur .....		(1.980.343)	(1.980.343)		(1.980.343)
Útgefið nýtt stofnfé .....	14.700.150		14.700.150		14.700.150
Breytingar á hlutdeild minnihluta .....				27.605	27.605
Endurmat á stofnfé .....	793.162	(793.162)	0		0
Eigið fé 31. desember 2006 .....	<u>19.453.815</u>	<u>15.292.045</u>	<u>34.745.860</u>	<u>29.045</u>	<u>34.774.905</u>

# Sjóðstreymisýfirlit

## fyrir árið 2006

<b>Rekstrarhreyfingar:</b>	2006	2005
Hagnaður fyrir skatta.....	10.878.785	4.955.821
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		
Verðbætur og gengismunur .....	(693.079)	(981.015)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага .....	(1.406.732)	(596.612)
Hagnaður af sölu hlutdeildarfélags.....	0	(276.042)
Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna .....	(168.090)	(1.492)
Afskriftir rekstrarfjármuna.....	68.604	62.698
Afskriftir óefnislegra eigna .....	40.268	17.940
Virðisrýrnun útlána.....	308.347	326.591
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum.....		
Veltufjáreignir, breyting.....	(10.971.005)	(2.413.792)
Útlán og kröfur, breyting.....	(40.988.390)	(34.500.015)
Fjáreignir á gangvirði, breyting .....	(8.734.319)	(4.701.340)
Aðrar eignir, breyting .....	(1.261.626)	(474.335)
Innlán, breyting .....	16.432.153	6.753.465
Lántaka, breyting .....	25.196.682	27.002.856
Lífeyrisskuldbinding, breyting .....	86.982	50.427
Skattskuld, breyting.....	1.868.503	863.451
Aðrar skuldir, breyting .....	(1.661.231)	306.717
Greiddur tekjuskattur.....	(109.328)	(83.727)
<b>Handbært fé til rekstrar.....</b>	<b>(11.113.476)</b>	<b>(3.688.404)</b>
 <b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>		
Fjárfesting í hlutdeildarfélögum.....	(1.526.992)	213.250
Fjárfesting í dótturfélögum að frádregnu, yfirteknu handbæru fé.....	(59.500)	0
Fjárfesting í óefnislegum eignum.....	(73.895)	(101.228)
Fjárfesting í rekstrarfjármunum.....	(174.912)	(907.615)
Söluverð rekstrarfjármuna .....	367.236	5.230
<b>Fjárfestingarhreyfingar.....</b>	<b>(1.468.063)</b>	<b>(790.363)</b>
 <b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>		
Tekin víkjandi lán.....	1.885.750	2.325.313
Endurgreidd víkjandi lán.....	(1.056.976)	(399.770)
Seld stofnfjárbréf.....	14.700.150	3.259.831
Arðgreiðslur .....	(1.980.343)	(153.937)
<b>Fjármögnunarhreyfingar.....</b>	<b>13.548.581</b>	<b>5.031.437</b>
 Hækkun á handbæru fé.....	967.042	552.670
Handbært fé í ársbyrjun .....	3.405.942	2.853.272
<b>Handbært fé í árslok .....</b>	<b>4.372.984</b>	<b>3.405.942</b>

# Skýringar við ársreikninginn

---

## Almennar upplýsingar

### 1. Upplýsingar um sparisjóðinn

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis (samstæðan) er með höfuðstöðvar við Ármúla 13a, Reykjavík. Samstæðureikningur ársins 2006 samanstendur af Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis (sparisjóðurinn) og dótturfélaga hans.

Hlutverk Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis (SPRON) er að bjóða alhliða fjármálaþjónustu til einstaklinga og fyrirtækja. Þjónusta sparisjóðsins felur í sér almenna bankaþjónustu, verðbréfaþjónustu og eignastýringu.

### 2. Grundvöllur reikningsskilanna

#### a) Yfirlýsing um að reikningsskilastöðlum sé fylgt

Samstæðureikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis heimilað birtingu ársreiknings samstæðunnar 21. febrúar 2007.

#### b) Matsaðferðir

Ársreikningur samstæðunnar er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að afleiðusamningar, fjáreignir tilgreindar á gangvirði, veltufjáreignir og veltufjárskuldir eru metnar á gangvirði.

Fastafjármunir til sölu og eignasamstæður til ráðstöfunar eru færðar á bókfærðu verði eða hreinu gangvirði, hvoru sem lægra reynist, nema IFRS 5 krefjist þess að annarri matsaðferð sé beitt.

#### c) Framsetningar- og starfrækslugjaldmiðill

Ársreikningurinn er birtur í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill sparisjóðsins. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum nema annað sé tekið fram.

#### d) Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Þetta mat og tengdar forsendur eru byggðar á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru eðlilegir undir viðkomandi kringumstæðum og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mat stjórnenda og ákvarðanir teknar við beitingu reikningsskilaaðferða sem hafa verulega áhrif á ársreikninginn er að finna í skýringu 35.

# Skýringar við ársreikninginn

## Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

### 3. Grundvöllur samstæðu

#### a) Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar samstæðan hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélagsins í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Yfirráð eiga sér alla jafna stað þegar samstæðan ræður yfir meira en helmingi atkvæðaréttar dótturfélagsins. Við mat á yfirráðum er tekið tillit til hugsanlegs atkvæðisréttar sem er nýtanlegur eða breytanlegur. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í reikningsskilum samstæðunnar frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur.

Kaupaðferð er beitt við færslu kaupa samstæðunnar á dótturfélögum. Kaupverð dótturfélags er metið sem gangvirði þeirra eigna sem látnar eru af hendi, skulda sem stofnað er til eða yfirteknar eru og útgefinna eiginfjárgæringa á viðskiptadegi, auk þess kostnaðar sem rekja má beint til kaupanna. Eignir, skuldir og skuldbindingar sem teknar eru yfir við sameiningu fyrirtækja og hægt er að aðgreina eru í upphafi metnar á gangvirði á yfirtökudegi, án tillits til hlutdeildar minnihluta. Sú fjárhæð sem er umfram gangvirði eignarhluta samstæðunnar í yfirteknum aðgreinanlegum hreinum eignum er skráð sem viðskiptavild. Ef kaupverð er lægra en gangvirði hreinna eigna hins yfirtekna dótturfélags er mismunurinn færður til tekna í rekstrarreikningi.

#### b) Rekstur verðbréfa- og fjárfestingasjóða

Meðal starfsemi samstæðunnar er rekstur verðbréfa- og fjárfestingasjóða. Ársreikningar þessara sjóða eru ekki hluti af samstæðureikningi þessum nema þegar samstæðan fer með yfirráð yfir sjóði. Upplýsingar um sjóði í vörslu samstæðunnar má finna í skýringu 77.

#### c) Viðskipti felld út úr samstæðureikningnum

Staða milli samstæðufélaga, óinnleystar tekjur eða gjöld sem myndast hafa af viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð ársreiknings samstæðunnar. Óinnleystur hagnaður sem hefur myndast í viðskiptum við hlutdeildarfélag og samrekstrarfélag er felldur út í samræmi við hlutdeild samstæðunnar í félögum. Óinnleyst töp eru felld út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisrýrnunar fjárfestinganna.

### 4. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok ársins. Ópeningalegar eignir og skuldir sem metnar eru á kostnaðarverði í erlendri mynt eru færðar í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Ópeningalegar eignir og skuldir sem færðar eru í erlendri mynt á gangvirði eru færðar í íslenskar krónur á gengi þess dags er gangvirði var ákveðið. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður í rekstrarreikning.

### 5. Hlutdeildarfélag

Hlutdeildarfélag eru þau félög þar sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Veruleg áhrif eru alla jafna þegar samstæðan ræður yfir 20% til 50% atkvæðaréttar, að meðtöldum hugsanlegum atkvæðarétti ef einhver er. Fjárfesting í hlutdeildarfélagum er upphaflega færð á kostnaðarverði. Fjárfesting samstæðunnar í hlutdeildarfélagi felur í sér viðskiptavild (að frádreginni uppsafnaðri virðisrýrnun) sem skilgreind er við kaup.

Ársreikningur samstæðunnar inniheldur hlutdeild í hagnaði eða tapi hlutdeildarfélaga samkvæmt hlutdeildaraðferð, frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild samstæðu í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélags er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps hætt nema samstæðan hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það. Ef hagnaður verður á rekstri hlutdeildarfélags á síðari tímabilum er ekki færð hlutdeild í hagnaði þeirra fyrr en hlutdeild í tapi sem ekki var fært hefur verið jöfnuð.

Þegar fjárfesting í hlutdeildarfélagum er skráð sem eign til sölu er hlutdeildaraðferð ekki lengur beitt og eignin er færð eftir *IFRS 5 Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi*.

# Skýringar við ársreikninginn

---

## 6. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til miðað við virka vexti. Meðal vaxtatekna og vaxtagjalda eru afföll, yfirverði og annar mismunur sem er á upphaflegu bókfærðu verði fjármálagerninga og fjárhæða á gjalddaga miðað við virka vexti.

Virkir vextir eru ávöxtunarkrafa sem notuð er við núvirðingu áætlaðs sjóðstreymis yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings eða styttra tímabil, eftir því sem við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi. Þegar virkir vextir eru reiknaðir áætlað samstæðan sjóðstreymi með tilliti til allra sammingsþátta fjármálagerningsins en tekur ekki tillit til útlánataps í framtíðinni.

Ef fjáreign eða safn sambærilegra fjáreigna hefur orðið fyrir virðisrýrnun eru vaxtatekjur færðar miðað við sömu ávöxtunarkröfu og notuð var við útreikning á virðisrýrnuninni. Vaxtatekjur af fjáreignum sem færðar hafa verið niður vegna virðisrýrnunar eru reiknaðar af endurheimtanlegri fjárhæð fjáreigna þar sem búið er að taka tillit til virðisrýrnunar.

## 7. Þjónustutekjur og þjónustugjöld

Samstæðan veitir viðskiptavinum sínum ýmsa þjónustu sem þeir greiða fyrir. Meðal þessara tekna eru tekjur vegna samninga um viðskipti fyrir þriðja aðila, þjónustutekjur vegna hlutabréfa- og skuldabréfaviðskipta, auk annarra tekna. Þjónustutekjurnar eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þjónustan er veitt. Þóknanir vegna árangurstengdrar þjónustu eru færðar þegar forsendur fyrir árangurstengingunni eru uppfylltar.

Þjónustugjöld eru aðallega greiðslur vegna þjónustu sem samstæðan kaupir. Þau eru gjaldfærð eftir því sem þjónustan er fengin.

## 8. Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum

Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum fela í sér hagnað og tap af veltufjáreignum og veltufjárskuldum og allar innleystar og óinnleystar gangvirðisbreytingar, arð og breytingar á gjaldeyrismun. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar arðsúthlutun er samþykkt.

## 9. Virðisrýrnun fjáreigna

Bókfært verð eigna samstæðunnar, annarra en veltufjáreigna og fjáreigna tilgreindra á gangvirði, er yfirfarið á hverjum reikningsskiladegi til að ákvarða hvort hlutlægar vísbendingar séu um virðisrýrnun. Ef hlutlægar vísbendingar eru um slíkt er endurheimtanlegt verðmæti eignarinnar áætlað.

Virðisrýrnun er færð þegar bókfært verð eignar eða fjárskapandi einingar hennar verður hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning.

# Skýringar við ársreikninginn

## a) Virðisrýrnun útlána

Tvær aðferðir eru notaðar til að reikna virðisrýrnun. Annars vegar á einstökum lánnum og hins vegar tap á tilteknum lánaöfnum. Áætlað tap vegna síðari atburða, án tillits til líkinda þeirra, er ekki fært.

Hlutlægar vísbendingar um virðisrýrnun felast í upplýsingum um eftirfarandi atvik eða aðstæður:

- (i) umtalsverðir fjárhagsörðugleikar lántakanda;
- (ii) samningsrof, svo sem vanskil á afborgunum eða á vöxtum eða greiðslum af höfuðstól;
- (iii) samstæðan veitir lántakanda, af viðskiptalegum eða lagalegum ástæðum, sem tengjast fjárhagsvandræðum lántakanda, ívilnun í formi endurfjármögnunar sem annars myndi ekki koma til greina af hálfu lánveitanda;
- (iv) það er orðið líklegt að lántakandi verði gjaldþrota eða undirgangist fjárhagslega endurskipulagningu;
- (v) virkur markaður er ekki lengur til staðar fyrir fjárhagslega eign vegna fjárhagsvandræða; eða
- (vi) greinileg gögn sem benda til mælanlegrar lækkunar á áætluðu framtíðarsjóðstreymi frá lánaflökki frá upphaflegri færslu eignanna, þótt lækkun verði enn ekki greind á einstakar fjáreignir í flokknum, þar á meðal:
  - óhagstæðar breytingar á greiðslustöðu lántakenda í flokknum; eða
  - almennar þjóðhagslegar eða staðbundnar efnahagsaðstæður sem tengjast eignum í flokknum.

### Mat einstakra útlána

Virðisrýrnun á einstökum lánnum er ákvörðuð með mati á áhættu í hverju tilfelli fyrir sig. Samstæðan metur á hverjum reikningsskiladegi hvort fyrir liggja hlutlægar vísbendingar um virðisrýrnun einstakra lána. Þessu verklagi er beitt við öll lán sem teljast mikilvæg. Við matið er tekið tillit til:

- heildaráhættu samstæðunnar gagnvart viðskiptavininum;
- fjárhæða og tímasetningu væntanlegra inngreiðslna og endurheimta;
- líklegum greiðslum til samstæðunnar við búskipti eða gjaldþrot;
- hversu flókið er að ákvarða heildarfjárhæðir og mat á öllum kröfum á lántaka og hversu mikil lagaleg og tryggingarleg óvissa er fyrir hendi;
- söluverðmæti tryggingar (eða annarra lækkunarþátta) og líkindum á endurgreiðslu; og
- líklegum frádrætti kostnaðar við innheimtu útistandandi fjárhæða.

Virðisrýrnun er reiknuð með því að bera saman bókfærð verð útlána og krafna við núvirði vænts framtíðarsjóðstreymis, núvirt miðað við upphaflega virka vexti. Þegar lán er með breytilegum vöxtum er ávöxtunarkrafan sú sama og gildandi virkir vextir lánsins. Virðisrýrnun útlána og krafna er færð í afskriftareikning sem kemur til lækkunar á bókfærðu verði þeirra.

### Mat á söfnum útlána

Þar sem lán hafa verið metin sérstaklega og engar vísbendingar fundist um tap eru þau flokkuð í söfn á grundvelli svipaðra áhættueinkenna til að reikna út heildarvirðisrýrnun þeirra. Þetta tap nær til lána sem hafa rýrnað að virði á reikningsskiladegi, en verða ekki greind sem slík fyrir en síðar.

Virðisrýrnun á safni er metin með tilliti til:

- framtíðarsjóðstreymi lánaafns sem er áætlað á grundvelli samningsbundins sjóðstreymis eignanna;
- sögulegar tapreynsla í söfnum með svipuðum áhættueinkennum (t.d. eftir atvinnugrein, lánshæfismati eða tegund láns);
- áætlaðs tíma frá því virðisrýrnun varð þar til hún er greind og færð með sérstöku framlagi í afskriftareikning;
- mats stjórnar byggt á reynslu um hvort núverandi efnahags- og lánsaðstæður séu þannig að raunveruleg tapshætta sé önnur en tapsreynsla fyrri ára gefur tilefni til að ætla.

Áætlaðar breytingar á framtíðarsjóðstreymi í eignasöfnum eru í samræmi við breytingar á undirliggjandi gögnum á hverjum tíma, til dæmis breytingar á eignaverði, greiðslustöðu eða öðrum þáttum sem benda til breyttra líkinda á tapi á söfnum og fjárhæð taps. Aðferðafræðin og forsendur sem notaðar eru til að áætla framtíðarsjóðstreymi eru endurskoðaðar reglulega til að lágmarka mun milli áætlaðs og raunverulegs taps.

### Endanlegar afskriftir

Lán eru færð sem endanlega töpuð, ýmist að hluta eða fullu, þegar engar raunhæfar líkur eru á endurheimtu þeirra.

### Bakfærsla virðisrýrnunar

Ef virðisrýrnun minnkar og hægt er að rekja það til atvika sem urðu eftir að virðisrýrnunin var færð í rekstrarreikning, þá er áður færð virðisrýrnun bakfærð í rekstrarreikningi.

# Skýringar við ársreikninginn

## *Fullnustueignir*

Fastafjármunir sem fengnir eru vegna fullnustu krafna eru skráðir sem fastafjármunir til sölu og færðar í efnahagsreikning. Fengin eign er færð á gangvirði að frádregnum kostnaði við sölu eða bókfærðri stöðu lánsins að frádreginni virðisrýrnun, hvoru sem lægra reynist. Ekki eru reiknaðar afskriftir af fastafjármunum til sölu. Allar síðari færslur á fenginni eign niður í gangvirði að frádregnum sölukostnaði eru færðar sem virðisrýrnun í rekstrarreikningi. Allar síðari hækkanir á gangvirði að frádregnum sölukostnaði, eru færðar á rekstrarreikning, að því marki sem þær eru ekki umfram heildarvirðisrýrnun.

## b) Útreikningur á endurheimtanlegri fjárhæð

Endurheimtanleg fjárhæð af fjárfestingum samstæðunnar í fjáreignum sem bókfærðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði eru reiknaðar sem núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis, núvirt miðað við upphaflega virka vexti.

Endurheimtanleg fjárhæð annarra eigna er hreint gangvirði eða notkunarvirði þeirra, hvort sem hærra er. Þegar notkunarvirði er metið, er framtíðarsjóðstreymi núvirt með ávöxtunarkröfu fyrir skatt, sem endurspeglar núverandi markaðsaðstæður og þá áhættu sem fylgir eigninni. Þegar um er að ræða eign sem skapar ekki mikið sjálfstætt sjóðstreymi er endurheimtanleg fjárhæð ákvörðuð fyrir þá fjárskapandi einingu sem eignin tilheyrir.

## 10. Virðisrýrnun viðskiptavildar

Bókfært verð viðskiptavildar er metið á hverjum reikningsskiladegi til að kanna hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun. Ef slík vísbending er til staðar er endurheimtanleg fjárhæð viðskiptavildarinnar metin. Virðisrýrnunarpróf vegna viðskiptavildar er framkvæmt árlega.

Virðisrýrnun er færð ef bókfært verð fjárskapandi eininga er umfram endurheimtanlega fjárhæð. Fjárskapandi eining er minnsti skilgreinanlegi hópur eigna sem skapar handbært fé og er sjálfstæður frá öðrum eignum. Virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning. Virðisrýrnun er fyrst færð til lækkunar á viðskiptavild sem tengist fjárskapandi einingu og síðan hlutfallslega til lækkunar á öðrum eignum hennar.

Endurheimtanleg fjárhæð fjárskapandi einingar er nýtingarvirði hennar eða hreint söluverð hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er núvirt framtíðarsjóðstreymi miðað við áframhaldandi notkun og hrakvirði eignar eða fjárskapandi einingar.

Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki bakfærð.

## 11. Tekjuskattur

Tekjuskattur færður í rekstrarreikning samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna ársins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema að því marki sem hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður beint á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörsdegi og allar leiðréttingar á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningurinn byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar, að teknu tilliti til yfirfæranlegs skattalegs taps. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil samstæðunnar og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun á færslu tekna og gjalda í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er að hægt sé að nýta framtíðarhagnað á móti eigninni. Skatteign er metin á hverjum uppgjörsdegi og lækkuð að því marki sem ekki er talið að hún nýtist.

## 12. Handbært fé

Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast sjóður, óbundnar innstæður í Seðlabanka og gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir.

Handbært fé í efnahagsreikningi er fært með áföllnum vöxtum.

# Skýringar við ársreikninginn

---

## 13. Útlán og kröfur á lánastofnanir

Útlán og kröfur eru fjármálagerningar, aðrir en afleiðusamningar, sem bera fastar og útreiknanlegar greiðslur og eru ekki skráðir á virkum markaði, fyrir utan þá gerninga sem samstæðan tilgreinir og færir á gangvirði. Útlán og kröfur fela í sér útlán sem samstæðan veitir viðskiptavinum sínum, útlán sem samstæðan tekur þátt í að veita ásamt öðrum lánastofnunum og keypt útlán sem eru óskráð og samstæðan hefur ekki í hyggju að selja í náinni framtíð.

Útlán og kröfur eru upphaflega færð á gangvirði, sem er lánsfjárhæðin auk alls kostnaðar vegna viðskiptanna. Útlán eru síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði, sem er fundið með útreikningi samkvæmt aðferð um virka vexti. Áfallnir vextir eru færðir sem hluti af bókfærðu verði útlána og krafna.

## 14. Veltufjáreignir

Veltufjáreignir eru aðallega keyptar til að hagnast á skammtímaverðbreytingum eða á miðlaraþóknunum. Veltufjáreignir samanstanda af skuldabréfum, hlutabréfum og afleiðusamningum með jákvætt gangvirði.

## 15. Afleiður

Afleiðusamningar eru fjármálagerningar eða aðrir samningar, þar sem virði þeirra tekur mið af breytingum á undirliggjandi þætti (eins og verði á hlutabréfum, vörum eða skuldabréfum, vísitölum, gjaldmiðlum eða vaxtastigi), og krefjast engrar eða óverulegrar upphaflegrar fjárfestingar miðað við gerð annarra sambærilegra samninga sem hafa svipaða tengingu við breytingar á markaðspáttum og gerðir eru upp á ákveðnum tíma í framtíðinni.

Samstæðan notar afleiðusamninga til að hagnast á skammtímaverðbreytingum og til að verjast fjárhagslegri áhættu.

Afleiðusamningar eru færðir á gangvirði. Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning sem vextir og annar gengismunur. Vextir eru færðir á rekstrargrunni. Afleiðusamningar með jákvæða stöðu eru færðir meðal veltufjáreigna og afleiðusamningar með neikvæða stöðu eru færðir meðal veltufjárskulda.

Innbygðar afleiður sem eru hluti af öðrum samningum eru meðhöndlaðar sem aðskildir afleiðusamningar þegar hagræn einkenni og áhætta er ekki nátengd upprunalega samningnum sem þeir eru hluti af og samningarnir eru ekki færðir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Gangvirði afleiðusamninga er ákvarðað í samræmi við reikningsskilaaðferð sem er útskýrð í skýringu 17.

## 16. Fjáreignir tilgreindar á gangvirði

Samstæðan tilgreinir ákveðnar fjáreignir við upphaflega skráningu þeirra í bókhaldi sem fjáreignir á gangvirði þegar að sú tilgreining skilar betri upplýsingum, þar með talið til lykilstjórnenda samstæðunnar. Breytingar á gangvirði eru færðar í rekstrarreikning.

## 17. Ákvörðun gangvirðis

Gangvirði fjáreigna og fjárskulda sem eru skráðar á virkum markaði er sama og skráð verð þeirra. Matsaðferðum er beitt á alla aðra fjármálagerninga við útreikning á gangvirði þeirra. Fjáreign eða fjárskuld telst vera skráð á virkum markaði ef opinbert verð er fánlegt frá kauphöll eða öðrum óháðum aðila og verðið endurspeglar raunveruleg og regluleg markaðsviðskipti á milli ótengdra aðila.

Matsaðferðir geta falið í sér að notast er við verð í nýlegum viðskiptum milli ótengdra aðila, að tekið sé mið af verðmæti annarra fjármálagerninga sem eru áþekkir þeim gerningi sem um ræðir eða stuðst er við núvirt fjárstreymi eða önnur verðmatslíkón. Við beitingu matsaðferða eru allir þættir notaðir sem markaðsaðilar myndu nota við verðmat og aðferðirnar eru í samræmi við viðurkenndar aðferðir við að verðleggja fjármálagerninga. Samstæðan sannreynir reglulega matsaðferðir sínar og prófar þær með því að nota verð sem fengist hafa í viðskiptum á virkum markaði með sama gerning, án aðlagana eða breytinga, eða byggir á markaðsupplýsingum.



# Skýringar við ársreikninginn

## 18. Skráning og afskráning fjáreigna og fjárskulda

Kaup og sala fjáreigna er skráð á þeim degi sem viðskiptin fara fram. Þau eru færð á þeim degi sem samstæðan skuldbindur sig til að kaupa eða selja eign, nema vegna útlána og krafna, sem eru skráð þegar fjármunir eru afhentir lántakanda. Fjáreignir eru afskráðar þegar rétturinn til að fá fjárstreymi af fjáreign er ekki lengur til staðar eða þegar samstæðan hefur flutt að verulegu leyti áhættu og ávinning af eignarhaldinu.

Fjárskuld er skráð þegar samstæðan verður hluti af samningsbundnum skuldageringi. Fjárskuld er afskráð þegar skuldbinding samstæðunnar er gerð upp með greiðslu, skuldareigandi fellur frá kröfunni eða fjárskuldin er felld úr gildi.

## 19. Jöfnun fjáreigna og fjárskulda

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar lagalegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda.

## 20. Sölu- og endurkaupasamningur

Sölu- og endurkaupasamningar eru samningar um sölu og endurkaup verðbréfa með þeim skilmálum að verðbréfin eru keypt aftur á fyrirfram ákveðnum degi og verði. Kaup- og endursölusamningar eru samningar um kaup og endursölu verðbréfa með þeim skilmálum að verðbréfin eru seld aftur á fyrirfram ákveðnum degi og verði. Fengið handbært fé í upphafi ásamt áföllnum vöxtum er fært í efnahagsreikning sem innlán frá fjármálafyrirtækjum og Seðlabanka. Greitt handbært fé í upphafi ásamt áföllnum vöxtum er fært sem kröfur á lánastofnanir. Áfallnir vextir eru færðir sem vaxtagjöld eða vaxtatekjur á líftíma hvers samnings.

Í tilviki sölu- og endurkaupasamninga eru yfirráð yfir verðbréfunum áfram hjá samstæðunni á samningstímanum og verðbréfin eru áfram færð í efnahagsreikning sem fjáreignir tilgreindar á gangvirði.

## 21. Leigusamningar

Samstæðan flokkar leigusamninga byggt á því hvort áhætta og ávinningur, sem fylgja eignarhaldi á hinni leigðu eign, eru efnislega færð yfir til samstæðunnar eða ekki. Fjármögnunarleigusamningur er leigusamningur þar sem áhætta og ávinningur, sem fylgja eignarhaldi á eigninni, eru efnislega færð yfir til leigutakans. Rekstrarleigusamningur er hvers konar leigusamningur sem ekki telst fjármögnunarleigusamningur.

Leigugreiðslur samkvæmt rekstrarleigusamningi þar sem samstæðan er leigutaki eru gjaldfærðar línulega á líftíma leigusamningsins.

## 22. Óefnislegar eignir

### a) Viðskiptavild

Sameiningar fyrirtækja sem áttu sér stað eftir 1. janúar 2004 eru færðar samkvæmt kaupaðferðinni. Viðskiptavild er færð við kaup á dótturfélögum og hlutdeildarfélögum. Í sameiningum sem hafa átt sér stað eftir 1. janúar 2004 er viðskiptavild mismunurinn á kostnaði við sameiningarnar og gangvirði hreinna aðgreinanlegra eigna sem keyptar eru.

Viðskiptavild er færð á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri virðisrýrnun. Viðskiptavild er tengd fjárskapandi einingum og er ekki lengur afskrifuð, en árlega er gert virðisrýrnunarpróf vegna hennar. Í hlutdeildarfélögum er bókfært verð viðskiptavildar innifalið í bókfærðu verði fjárfestinga í hlutdeildarfélögum.

### b) Aðrar óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir, aðrar en viðskiptavild, eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og afskriftum.

### c) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður sem fellur til síðar vegna óefnislegra eigna er eignfærður ef hann eykur virði eignarinnar. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

# Skýringar við ársreikninginn

## d) Afskriftir

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma óefnislegra eigna. Viðskiptavild með óskilgreindan líftíma er metin á kerfisbundin hátt á reikningsskiladegi. Aðrar óefnislegar eignir eru afskrifaðar frá þeim tíma sem þær eru notkunarhæfar. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Hugbúnaður ..... 3 ár

## 23. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Kostnaður sem fellur til vegna endurnýjunar á hlutum í einstökum rekstrarfjármunum er eignfærður sem rekstrarfjármunur, ef það er líklegt að efnahagslegur ávinningur sem felst í eigninni mun renna til samstæðunnar og hægt er að meta kostnaðinn með áreiðanlegum hætti. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra rekstrarfjármuna. Land er ekki afskrifað. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Byggingar .....	20-50 ár
Innréttingar .....	5 ár
Áhöld og tæki .....	3-5 ár
Bifreiðar .....	6 ár

Niðurlagsverð er endurmetið árlega.

## 24. Fastafjármunir og eignasamstæður til sölu

Eignir og skuldir í eignasamstæðum til sölu sem upphaflega hafa verið keyptar til notkunar í rekstri eru færðar í samræmi við mats- og skráningarreglur viðeigandi reikningsskilastaðals. Við upphaflega flokkun sem eign til sölu, eru fastafjármunir og eignasamstæður til sölu færð á bókfærðu verði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði, hvoru sem lægra reynist. Virðisrýrnun sem myndast við upphaflega flokkun sem fastafjármunur eða eignasamstæða til sölu er færð í rekstrarreikning. Hækkun gangvirðis að frádregnum sölukostnaði á síðari uppgjörsdögum er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á bókfærðu verði eigna eða eignasamstæðu að svo miklu leyti sem hækkunin fer ekki umfram þá virðisrýrnun sem áður var gjaldfærð vegna viðkomandi eigna eða eignasamstæða.

Fastafjármunir til sölu eru fullnustueignir sem eru í sölufarli.

## 25. Innlán

Innlán eru upphaflega færð á gangvirði og eftir það á afskrifuðu kostnaðarverði.

## 26. Veltufjárskuldir

Veltufjárskuldir samanstanda af afleiðusamningum með neikvætt gangvirði.

## 27. Lántökur

Lántökur samstæðunnar eru einkum úgefin skuldabréf og lán frá fjármálafyrirtækjum. Lántaka er upphaflega færð á gangvirði, sem er lánsfjárhæðin að frádregnum viðskiptakostnaði. Lántaka er síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti. Áfallnir vextir eru færðir sem hluti af bókfærðu verði lántaka.

# Skýringar við ársreikninginn

---

## 28. Víkjandi lán

Sparisjóðurinn hefur gefið út skuldabréf í íslenskum krónum með víkjandi rétti. Bréfin hafa eiginleika eigin fjár að því leyti að þau víkja fyrir öðrum skuldum sparisjóðsins og teljast til eigin fjár við útreikning á eiginfjárlutfalli. Annars vegar er um að ræða skuldabréf sem eru án gjalddaga og óheimilt er að greiða upp fyrir en 2011. Bréfin teljast til eiginfjárbáttar A. Hins vegar eru skuldabréf sem endurgreiðast á næstu 10 árum. Uppgreiðsla víkjandi lána er alltaf háð samþykki Fjármálaeftirlitsins. Lánin eru færð til skuldar með áföllnum vöxtum og verðbótum í árslok.

Víkjandi lán eru upphaflega skráð á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði. Víkjandi lán eru síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti. Áfallnir vextir eru færðir sem hluti af bókfærðu verði víkjandi lána.

## 29. Fjárhagslegar ábyrgðir

Fjárhagslegar ábyrgðir eru samningar sem skuldbinda samstæðuna til að endurgreiða tiltekna fjárhæð til handhafa ábyrgðar vegna taps sem hann verður fyrir þegar skuldari getur ekki staðið í skilum á gjalddaga í samræmi við skilmála skuldagerings.

Skuldir vegna fjárhagslegra ábyrgða eru upphaflega færðar á gangvirði og er gangvirði fært í rekstrarreikning á áætluðum líftíma sammingsins. Samningurinn er síðan bókfærður hvoru sem hærra reynist, upphaflegt gangvirði, að teknu tilliti til tekjufærðra þóknana, eða núvirði væntra greiðslna, þegar greiðsla vegna ábyrgðar er líkleg. Fjárhagslegar ábyrgðir eru færðar í efnahagsreikning meðal annarra skulda.

## 30. Starfsmannatengdar greiðslur

### a) Greiðslur í lífeyrissjóð

Samstæðan greiðir mótframlög í lífeyrissjóði vegna starfsmanna samstæðunnar og eru þau færð í rekstrarreikning sem laun og launatengd gjöld þegar þau falla til.

### b) Lífeyrisskuldbinding

Skuldbinding sem færð er í efnahagsreikning vegna eftirlauna er núvirði skuldbindingarinnar á uppgjörstegi. Lífeyrisskuldbindingin er reiknuð af tryggingastærðfræðingi árlega. Núvirði lífeyrisskuldbindingarinnar er ákvarðað með því að núvirða áætlað framtíðar sjóðstreymi miðað við 2,0% verðtryggða ávöxtunarkröfu.

## 31. Aðrar eignir og aðrar skuldir

Aðrar eignir og aðrar skuldir eru færðar á kostnaðarverði.

## 32. Eigið fé

### a) Stofnfé

Stofnfé sem keypt er af stofnfjáraðila, að meðtöldum viðskiptakostnaði, er fært til lækkunar á eigin fé. Endurmatsbreytingar á stofnfé eru færðar til hækkunar á stofnfé.

### b) Varasjóður

Í varasjóð er færður hagnaður ársins, en arðgreiðslur ársins ásamt endurmati eru færðar úr varasjóði.

### c) Arðgreiðslur

Arðgreiðslur af stofnfé eru færðar til lækkunar á eigin fé á því tímabili sem þær eru samþykktar af aðalfundi.

# Skýringar við ársreikninginn

## 33. Reikningsskilastaðlar sem ekki hafa verið innleiddir

Eftirfarandi eru nýir staðlar, breytingar á stöðlunum og túlkanir á þeim sem hafa ekki enn tekið gildi og hafa þar af leiðandi ekki áhrif á gerð þessa samstæðureiknings.

*IFRS 7 Fjármálagæringar: Skýringar og breytingar á IAS 1 Framsetning reikningsskila: Eiginfjárskýringar:* krafist er ítarlegri upplýsinga um mikilvægi fjármálagæringa fyrir rekstrarniðurstöðu og fjárhagsstöðu félags og tölulegra skýringa á eðli og umfangi áhættu. IFRS 7 og breytingar á IAS 1 taka gildi frá og með 1. janúar 2007. Krafist verður ítarlegri skýringa varðandi fjármálagæringa og eigið fé í reikningsskilum samstæðunnar fyrir árið 2007.

*IFRS 8 Starfsþættir* segir til um hvernig félag skuli í reikningsskilum sínum gera grein fyrir upplýsingum er varða starfsþætti þess, vörur og þjónustu sem það selur, landfræðileg svæði þar sem það starfar og helstu viðskiptavinum þess. IFRS 8 gildir fyrir tímabil sem hefst 1. janúar 2009 eða síðar og mun ekki hafa áhrif á reikningsskil samstæðunnar.

*IFRIC 7 Beiting endurmatsaðferðar samkvæmt IAS 29 Reikningsskil í hagkerfum þar sem óðaverðbólga ríkir* tekur til beitingar IAS 29 þegar óðaverðbólga ríkir í fyrsta sinn, einkum hvað varðar færslu á frestuðum tekjuskatti. IFRIC 7 tekur gildi frá og með 1. janúar 2007 en mun ekki hafa áhrif á reikningsskil samstæðunnar.

*IFRIC 8 Gildissvið IFRS Eignarhlutatengdar greiðslur* tekur til reikningsskilaáðferða eignarhlutatengdra greiðslna þegar ekki er unnt að sérgreina endurgjald fyrir sumar eða allar þær vörur eða þjónustu sem um er að ræða. IFRIC 8 tekur gildi frá og með 1. janúar 2007, en mun ekki hafa áhrif á reikningsskil samstæðunnar.

*IFRIC 9 Endurmat innbyggðra afleiða* krefst þess að endurmat á því hvort innbyggð afleiða skuli aðskilin frá undirliggjandi samningi skuli aðeins framkvæmt þegar breytingar eru gerðar á samningnum. IFRIC tekur gildi frá og með 1. janúar 2007, og mun ekki hafa áhrif á reikningsskil samstæðunnar.

*IFRIC 10 Árshlutareikningar og virðisrýrnun* bannar bakfærslu virðisrýrnunar sem var færð í árshlutareikningi vegna viðskiptavildar, fjárfestingar í eiginfjárgæringum eða fjáreignar sem færð er á kostnaðarverðið. IFRIC tekur gildi frá og með 1. janúar 2007, en mun ekki hafa áhrif á reikningsskil samstæðunnar.

*IFRIC 11 IFRS 2 – Samstæða og viðskipti með eigin hlutabréf* segir til um hvernig skuli færa tiltekna tegundir af samningum um hlutabréfatengdar greiðslur í reikningsskilum félags og dótturfélaga þess. IFRIC 11 gildir fyrir tímabil sem hefst 1. mars 2007 eða síðar og mun ekki hafa áhrif á reikningsskil samstæðunnar.

*IFRIC 12 – Þjónustusamningar einkafyrirtækja við hið opinbera* gildir fyrir reikningsskilatímabil sem hefst 1. janúar 2008 eða síðar og mun ekki hafa áhrif á reikningsskil samstæðunnar.

## 34. Starfsþáttaskýrslur

Starfsþáttur er aðgreinanlegur hluti samstæðunnar sem annað hvort selur vörur eða veitir þjónustu (rekstrarstarfsþáttur) eða selur vörur eða veitir þjónustu innan tiltekins landsvæðis (landsvæðisstarfsþáttur), sem er háður áhættu og ávinningi sem eru frábrugðnir áhættu og ávinningi annarra starfsþátta.

# Skýringar við ársreikninginn

---

## 35. Mat stjórnenda og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Stjórnendur samstæðunnar taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem geta haft áhrif á liði í efnahagsreikningi samstæðunnar á næsta rekstrarári. Stjórnendur endurmeta reglulega ákvarðanir og mót byggð á reynslu fyrri ára og öðrum viðeigandi þáttum, svo sem væntingum um framtíðaratburði þegar ákvarðanir um forsendur og mót eru teknar.

### a) *Virðisrýrnun útlána*

Samstæðan endurskoðar útlánasafn sitt til að meta virðisrýrnun að minnsta kosti á þriggja mánaða fresti. Áður en ákvörðun er tekin um færslu virðisrýrnunar þarf samstæðan að meta hvort hlutlæg gögn gefi til kynna mælanlega lækkun á væntu framtíðarsjóðstreymi ýmist frá einstökum lánnum eða frá safni lána áður en lækkunin verður merkjanleg hjá einstöku láni í safninu. Þetta geta verið vísbendingar um breytingar á greiðslugetu lántakanda eða efnahagsástandi. Stjórnendur nota mat sem byggir á sögulegri reynslu af eignum með svipuð áhættueinkenni og hlutlæg merki virðisrýrnunar þegar meta skal framtíðarsjóðstreymi. Aðferðafræðin og ályktanirnar sem notaðar eru við að meta bæði fjárhæðir og tímasetningar á framtíðarsjóðstreymi eru endurskoðaðar reglulega með það að markmiði að minnka muninn milli áætlaðs taps og raunverulegs taps.

### b) *Gangvirði afleiðusamninga*

Gangvirði afleiðusamninga sem ekki eru skráðir á virkum mörkuðum er ákvarðað með notkun matsaðferða, sem eru endurskoðaðar reglulega af hæfu óháðu starfsfólki. Öll matslíkön sem eru notuð þurfa að vera samþykkt og prófuð til að tryggja að niðurstöðurnar endurspegli þau gögn sem notuð voru.

# Skýringar við ársreikninginn

## Starfsþáttayfirlit

36. Sparisjóðurinn skiptir meginstarfsemi sinni í tvo starfsþætti. Hefðbundin bankastarfsemi felst í almennri þjónustu við viðskiptavinum, svo sem að veita útlán og taka við innlánnum, auk fjármálaráðgjafar til einstaklinga og fyrirtækja. Fjárfestingar og fjárstýring felst aðallega í fjárfestingum í verðbréfum og fjárstýringu samstæðunnar.

Starfsþáttayfirlit greinist þannig (fjárhæðir eru í millj. kr.):

	Banka-		Milli-		
	starfsemi	Fjárfestingar	Annað	færslur	Samtals
<b>2006</b>					
Hreinar vaxtatekjur .....	3.264	(923)	74		2.415
Hreinar þjónustutekjur .....	637	(3)	342	(0)	975
Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum .....	86	11.419	27	(11)	11.522
Aðrar rekstrartekjur .....	252	87	4	(58)	284
Hreinar rekstrartekjur .....	4.239	10.579	446	(68)	15.196
Rekstrargjöld .....	(2.711)	(1.028)	(328)	58	(4.009)
Virðisrýrnun útlána .....	(302)	(6)	0		(308)
Hagnaður fyrir skatta .....	1.226	9.545	119	(11)	10.879
Hreinar rekstrartekjur frá þriðja aðila .....	7.745	6.990	461	0	15.196
Hreinar rekstrartekjur innan samstæðu .....	(3.506)	3.589	(15)	(68)	0
Hreinar rekstrartekjur .....	4.239	10.579	446	(68)	15.196
Heildareignir .....	124.686	60.038	4.970	(5.193)	184.501
Skuldir .....	114.963	35.723	4.262	(5.222)	149.726
Úthlutað eigið fé .....	9.723	24.315	708	29	34.775
Skuldir og eigið fé samtals .....	124.686	60.038	4.970	(5.193)	184.501

## Skýringar við rekstrarreikning

### Hreinar vaxtatekjur

37. Vaxtatekjur og vaxtagjöld greinast þannig:

	Vaxta-	Vaxta-	Hreinar
	tekjur	gjöld	vaxtatekjur
<b>2006</b>			
Kröfur á og skuldir við Seðlabanka og fjármálafyrirtæki .....	539.730	1.220.176	(680.446)
Útlán og innlán .....	12.943.281	5.404.196	7.539.085
Lántökur .....		4.727.891	(4.727.891)
Víkjandi lán .....		518.873	(518.873)
Veltufjáreignir og veltufjárskuldir .....	1.054.288	251.632	802.656
<b>Samtals</b> .....	14.537.299	12.122.768	2.414.531
	Vaxta-	Vaxta-	Hreinar
	tekjur	gjöld	vaxtatekjur
<b>2005</b>			
Kröfur á og skuldir við Seðlabanka og fjármálafyrirtæki .....	524.394	596.110	(71.716)
Útlán og innlán .....	6.791.984	3.227.625	3.564.359
Lántökur .....		1.380.163	(1.380.163)
Víkjandi lán .....		196.803	(196.803)
Veltufjáreignir og veltufjárskuldir .....	567.353	258.163	309.190
<b>Samtals</b> .....	7.883.731	5.658.864	2.224.867

# Skýringar við ársreikninginn

## Hreinar þjónustutekjur

38. Þjónustutekjur og þjónustugjöld greinast þannig:	2006	2005
Þóknun af verðbréfavíðskiptum .....	340.250	124.818
Þóknun af lánveitingum .....	406.909	252.334
Aðrar þjónustutekjur .....	559.548	503.808
<b>Þjónustutekjur samtals .....</b>	<b>1.306.707</b>	<b>880.960</b>
Þóknunarkostnaður af verðbréfavíðskiptum .....	40.600	38.107
Önnur þjónustugjöld .....	290.795	258.789
<b>Þjónustugjöld samtals .....</b>	<b>331.395</b>	<b>296.896</b>
<b>Hreinar þjónustutekjur .....</b>	<b>975.312</b>	<b>584.064</b>

## Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum

39. Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum greinast þannig:		
Arðstekjur .....	496.769	119.127
Hreinar tekjur af sölu fjáreigna á afskrifuðu kostnaðarverði .....	0	219.814
Hreinar tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum .....	1.295.015	504.075
Hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindum á gangvirði .....	8.201.465	3.495.615
Hreinn gjaldeyrismunur .....	122.110	27.400
<b>Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum .....</b>	<b>10.115.359</b>	<b>4.366.031</b>

### 40. Arðstekjur greinast þannig:

Arðstekjur af veltufjáreignum .....	85.516	10.780
Arðstekjur af fjáreignum tilgreindum á gangvirði .....	411.253	108.347
<b>Arðstekjur .....</b>	<b>496.769</b>	<b>119.127</b>

### 41. Hreinar tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum greinast þannig:

Hlutabréf og tengdar afleiður .....	687.454	651.313
Skuldabréf .....	140.524	(166.948)
Afleiðusamningar .....	467.037	19.710
<b>Hreinar tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum .....</b>	<b>1.295.015</b>	<b>504.075</b>

### 42. Hreinar tekjur af fjáreignum tilgreindum á gangvirði eru allar af hlutabréfum:

Gengishagnaður hlutabréfa .....	8.201.465	3.495.615
---------------------------------	-----------	-----------

## Aðrar rekstrartekjur

### 43. Aðrar rekstrartekjur greinast þannig:

Hagnaður af sölu eigna annarra en eigna til sölu .....	168.090	445.714
Ýmsar rekstrartekjur .....	116.315	130.008
<b>Aðrar rekstrartekjur .....</b>	<b>284.405</b>	<b>575.722</b>

# Skýringar við ársreikninginn

## Starfsmannamál

44. Heildarfjöldi starfsmanna greinist þannig:	2006	2005
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf .....	251	214
Fjöldi stöðugilda miðað við heildagsstörf í árslok .....	245	206
45. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Laun .....	1.567.331	1.247.605
Lífeyrisiðgjöld:		
Réttindatengd .....	36.901	20.321
Iðgjaldatengd .....	208.753	165.605
Önnur launatengd gjöld .....	113.113	117.397
<b>Laun og launatengd gjöld .....</b>	<b>1.926.098</b>	<b>1.550.928</b>

## Laun stjórnenda

	2006	2005	Stofnfé
Sparisjóðsstjóri:			
Guðmundur Hauksson .....	47.014	35.871	134.196
Stjórn:			
Hildur Petersen, stjórnarformaður .....	3.360	3.227	27.016
Erlendur Hjaltason .....	1.680	1.611	6.643
Ari Bergmann Einarsson .....	1.680	1.607	110.278
Gunnar Gíslason .....	1.680	1.611	475.573
Ásgeir Baldurs .....	1.680	1.611	976.266
Framkvæmdastjórar (5) .....	82.373	57.019	153.656

## Þóknun til endurskoðenda

46. Þóknun til endurskoðenda greinist þannig:	2006	2005
Endurskoðun ársreiknings .....	13.162	9.003
Könnun árshlutareiknings .....	8.280	6.588
Önnur þjónusta .....	9.575	3.429
<b>Þóknun til endurskoðenda .....</b>	<b>31.017</b>	<b>19.020</b>

## Tekjuskattur

47. Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:				
Tekjuskattur til greiðslu .....		120.175		104.825
Hækkun tekjuskattsskuldbindingar .....		1.748.328		758.626
<b>Gjaldfærður tekjuskattur .....</b>		<b>1.868.503</b>		<b>863.451</b>
Virkt skatthlutfall:		2006		2005
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....		10.878.785		4.955.821
18% tekjuskattur af hagnaði ársins .....	18,0%	1.958.181	18,0%	892.048
Arðstekjur undanþegnar sköttum .....	(0,8%)	(89.418)	(0,4%)	(21.443)
Aðrar breytingar .....	(0,0%)	(260)	(0,1%)	(7.154)
<b>Virkur tekjuskattur .....</b>	<b>17,2%</b>	<b>1.868.503</b>	<b>17,4%</b>	<b>863.451</b>



# Skýringar við ársreikninginn

## Skýringar við efnahagsreikning

### Sjóðir og óbundnar innstæður í Seðlabanka

48. Sjóður og óbundnar innstæður í Seðlabanka greinast þannig:	2006	2005
Sjóður og óbundnar innstæður .....	2.427.875	1.662.282
Annað ígildi handbærs fjár .....	3.895	405.704
<b>Sjóður og óbundnar innstæður í Seðlabanka .....</b>	<b>2.431.770</b>	<b>2.067.986</b>

### Kröfur á lánastofnanir

49. Kröfur á lánastofnanir greinast þannig eftir tegundum lána:

Bankareikningar .....	1.880.594	1.799.528
Peningamarkaðslán .....	5.277.023	3.140.957
Endurkaupasamningar .....	0	1.293.116
Önnur lán .....	65.070	59.929
<b>Kröfur á lánastofnanir .....</b>	<b>7.222.687</b>	<b>6.293.530</b>

50. Kröfur á lánastofnanir greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

Gjaldkræfar kröfur .....	1.941.214	1.337.956
Allt að 3 mánuðir .....	5.182.036	4.950.820
3 mánuðir til 1 ár .....	95.622	0
1 til 5 ár .....	2.543	0
Yfir 5 ár .....	1.272	4.754
<b>Kröfur á lánastofnanir .....</b>	<b>7.222.687</b>	<b>6.293.530</b>

### Útlán til viðskiptamanna

51. Útlán til viðskiptamanna greinast þannig eftir tegundum lána:

Yfirdráttarlán .....	9.332.555	7.998.211
Víxlar .....	97.746	134.230
Skuldabréf .....	110.567.933	72.582.078
Önnur lán .....	9.408.576	5.322.658
Afskriftareikningur útlána .....	(1.111.302)	(1.086.695)
<b>Útlán til viðskiptamanna .....</b>	<b>128.295.508</b>	<b>84.950.482</b>

52. Útlán til viðskiptamanna greinast þannig eftir lántakendum:

Ríkissjóður .....	0,3%	0,4%
Atvinnugreinar:		
Sjávarútvegur og landbúnaður .....	1,0%	0,2%
Iðnaður .....	11,9%	11,3%
Verslun .....	3,3%	4,8%
Þjónusta .....	23,0%	16,8%
Einstaklingar .....	60,5%	66,5%
<b>Útlán til viðskiptamanna .....</b>	<b>100,0%</b>	<b>100,0%</b>

53. Útlán til viðskiptamanna greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

Gjaldkræf útlán .....	3.799.440	3.923.597
Allt að 3 mánuðir .....	14.085.499	5.158.210
3 mánuðir til 1 ár .....	18.012.564	11.969.299
1 til 5 ár .....	19.858.879	16.003.311
Yfir 5 ár .....	72.539.126	47.896.065
<b>Útlán til viðskiptamanna .....</b>	<b>128.295.508</b>	<b>84.950.482</b>

# Skýringar við ársreikninginn

## Afskriftareikningur útlána

54. Breytingar á afskriftareikningi útlána greinist þannig:	2006	2005
Afskriftareikningur útlána í ársbyrjum .....	1.086.695	1.029.213
Virðisrýrnun útlána á árinu .....	308.347	326.591
Endanlega tapað .....	( 257.304)	( 264.359)
Innkomið áður afskrifað .....	42.701	22.200
Hækkun núvirðis virðisrýrðra útlána .....	( 69.137)	( 26.950)
<b>Afskriftareikningur útlána í árslok .....</b>	<b>1.111.302</b>	<b>1.086.695</b>

Meðal vaxtatekna eru 32 millj. kr. (2005: 77 millj. kr.) vegna áfallinna vaxta á virðisrýrðar fjáreignir. Meðal vaxtatekna eru einnig 69 millj. kr. (2005: 27 millj. kr.) vegna hækkunar núvirðis á virðisrýrðum útlánunum.

Óvaxtaberandi útlán eru skilgreind sem mismunur á höfuðstóli og framlagi í sérgreindan afskriftareikning vegna lána sem metin hafa verið í tapshættu. Óvaxtaberandi útlán í árslok 2006 námu 536 millj. kr., eða sem nemur 0,4% af heildarútlánunum. Í lok árs 2005 námu óvaxtaberandi útlán 188 millj. kr. eða sem nemur 0,2% af heildarútlánunum.

## Veltufjáreignir

55. Veltufjáreignir greinast þannig:	2006	2005
Skuldabréf .....	8.191.764	4.772.069
Hlutabréf .....	9.872.135	3.472.835
Afleiðusamningar .....	2.249.127	121.817
<b>Veltufjáreignir .....</b>	<b>20.313.026</b>	<b>8.366.721</b>

56. Sparisjóðurinn hefur gert afleiðusamninga að fjárhæð 1.705 millj. kr. á móti hlutabréfaeign sinni. Allir samningarnir eru á móti skráðum hlutabréfum og eru þeir skráðir á markaðsverði. Sparisjóðurinn hefur ekki gert afleiðusamninga á móti skuldabréfaeign sinni.

# Skýringar við ársreikninginn

## Afleiðusamningar

57. Afleiðusamningar, eftirstöðvatími höfuðstóls og bókfært verð greinast þannig:

2006	Höfuðstóll			Bókfært verð		
	Allt að 3 mánuðir	Yfir 3 mánuðir og allt að ári	Yfir 1 ár	Samtals	Eignir	Skuldir
Óskráðir gjaldmiðla- og vaxtaskipasamningar:						
Framvirkir gjaldmiðlasamningar .....	23.762.832	18.367.146	0	42.129.978	388.725	341.608
Vaxtaskiptasamningar .....	0	0	12.877.660	12.877.660	1.723.160	0
Samtals .....	23.762.832	18.367.146	12.877.660	55.007.638	2.111.885	341.608
Óskráðar hlutabréfaafleiður:						
Framvirkir samningar .....	1.553.757	151.203	0	1.704.960	137.242	19.242
Samtals .....	1.553.757	151.203	0	1.704.960	137.242	19.242
Samtals afleiðusamningar .....	25.316.589	18.518.349	12.877.660	56.712.598	2.249.127	360.850
<b>2005</b>						
Óskráðir gjaldmiðla- og vaxtaskiptasamningar:						
Framvirkir gjaldmiðlasamningar .....	22.255.594	0	0	22.255.594	25.764	64.218
Vaxtaskiptasamningar .....	0	0	6.664.569	6.664.569	91.055	0
Samtals .....	22.255.594	0	6.664.569	28.920.163	116.819	64.218
Óskráðar hlutabréfaafleiður:						
Framvirkir samningar .....	574.078	377.785	0	951.863	4.998	55.942
Hlutabréfavilnanir .....	200.000	0	0	200.000	0	0
Samtals .....	774.078	377.785	0	1.151.863	4.998	55.942
Samtals afleiðusamningar .....	23.029.672	377.785	6.664.569	30.072.026	121.817	120.160

Tilgangurinn með ofangreindum samningum er að stjórna gjaldmiðla- og vaxtaáættu í samstæðunni. Útlánaáættan er metin 1.873 millj. kr. við útreikning á eiginfjárlutfalli samstæðunnar í árslok 2006, en 216 millj. kr. í árslok 2005.

## Fjáreignir tilgreindar á gangvirði

58. Fjáreignir tilgreindar á gangvirði greinast þannig:	2006	2005
Skuldabréf .....	92.558	176.457
Hlutabréf .....	16.656.333	7.814.515
<b>Fjáreignir tilgreindar á gangvirði .....</b>	<b>16.748.891</b>	<b>7.990.972</b>

## Dótturfélög

59. Eignarhlutir móðurfélagsins í dótturfélögum greinast þannig (fjárhæðir eru í millj. kr.):

	Staðsetning	Eignarhluti	Eignir	Skuldir	Tekjur	Afkoma
Frjálsi fjárfestingarbankinn hf. ....	Ísland	99,97%	55.328	50.708	1.345	694
nb.is - sparisjóður hf. ....	Ísland	99,99%	3.772	3.232	166	11
SPRON - Verðbréf hf. ....	Ísland	100,00%	4.889	4.244	288	45
Rekstrarfélag SPRON hf. ....	Ísland	100,00%	81	18	88	49
Steinsnes ehf. ....	Ísland	100,00%	552	448	1	(84)
SPRON Factoring hf. ....	Ísland	57,00%	1.520	1.456	65	0

# Skýringar við ársreikninginn

## Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

60. Breytingar á eignarhlutum í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

	2006	2005
Bókfært verð í upphafi árs .....	1.646.600	1.027.941
Keyptir eignarhlutir .....	1.526.992	121.300
Seldir eignarhlutir .....	0	(99.253)
Hlutdeild í afkomu .....	1.406.732	596.612
<b>Bókfært verð í lok árs .....</b>	<b>4.580.324</b>	<b>1.646.600</b>

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

	Eignir (millj. kr.)	Skuldir (millj. kr.)	Eignar- hluti	Nafn- verð	Hlutdeild í afkomu	Bókfært verð
Icebank hf., Reykjavík .....	86.925	74.919	24,6%	170.052	1.405.660	2.944.500
Kista-fjárfestingarfélag ehf., Reykjavík ...	6.520	3.125	41,6%	694.608	22.043	1.410.759
Reiknistofa bankanna, Reykjavík .....	-	-	5,3%	79.979	0	79.979
Tölvumiðstöð sparisjóðanna, Kópavogi ..	461	274	24,2%	45.003	(19.806)	45.003
Fimm önnur félög .....					(1.165)	100.083
<b>Samtals .....</b>					<b>1.406.732</b>	<b>4.580.324</b>

## Óefnislegar eignir

61. Óefnislegar eignir:

Samstæðan hefur framkvæmt virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild samstæðunnar. Virðisrýrnunarprófið er framkvæmt í fjórða ársfjórðungi ár hvert, byggt á rekstraráætlun til næstu fimm ára sem samþykkt hefur verið af stjórn sparisjóðsins.

Samstæðan hefur skilgreint eina sjálfstæða fjárskapandi einingu, Frjálsi fjárfestingabankinn hf. sem hefur sína eigin rekstraráætlun. Sem hluti af útteilingu á viðskiptavild, er endurheimtanlega fjárhæðin reiknuð samkvæmt nýtingarvirðis aðferðinni.

Fjárskapandi eining er metin á sjálfstæðan hátt, þar sem væntingar um hagnað, vöxt efnahags og ávöxtunarkrafa eru meðal helstu breyta í matinu á hverri fjárskapandi einingu fyrir sig. Rekstraráætlun byggir á rauntölum og framtíðar væntingum stjórnenda. Væntur meðal vöxtur efnahags fyrir árin 2007-2011 er 15-19%. Stuðst var við 15,4% ávöxtunarkröfu eftir skatta til að núvirða framtíðar fjárflæði þar sem ávöxtunarkrafan tekur tillit til vegins meðaltals fjármögnunarkostnaðar sambærilegra

Óefnislegar eignir greinast þannig:

2006	Viðskiptavild	Hugbúnaður	Samtals
Óefnislegar eignir í ársbyrjun .....	1.547.421	72.018	1.619.439
Viðbætur á árinu .....		96.318	96.318
Afskriftir á árinu .....		(40.267)	(40.267)
<b>Óefnislegar eignir í árslok .....</b>	<b>1.547.421</b>	<b>128.069</b>	<b>1.675.490</b>
2005	Viðskiptavild	Hugbúnaður	Samtals
Óefnislegar eignir í ársbyrjun .....	1.507.671	28.481	1.536.152
Viðbætur á árinu .....	39.750	61.478	101.228
Afskriftir á árinu .....		(17.941)	(17.941)
<b>Óefnislegar eignir í árslok .....</b>	<b>1.547.421</b>	<b>72.018</b>	<b>1.619.439</b>

# Skýringar við ársreikninginn

## Rekstrarfjármunir

62. Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fast- eignir	Vélar, áhöld og tæki	Samtals 2006	Fast- eignir	Vélar, áhöld og tæki	Samtals 2005
Heildarverð í ársbyrjun .....	860.418	308.273	1.168.691	73.651	289.000	362.651
Yfirtekið í samstæðu .....		1.812	1.812			0
Viðbætur á árinu .....	62.257	112.655	174.912	786.767	120.848	907.615
Selt og niðurlagt á árinu .....	(133.482)	(87.250)	(220.732)	0	(101.575)	(101.575)
Heildarverð í árslok .....	789.193	335.490	1.124.683	860.418	308.273	1.168.691
Áður afskrifað .....	18.890	133.379	152.269	14.194	172.888	187.082
Afskriftir á árinu .....	14.300	54.304	68.604	4.696	58.002	62.698
Selt og niðurlagt á árinu .....	(10.537)	(77.841)	(88.378)	0	(97.511)	(97.511)
Afskrifað samtals .....	22.653	109.842	132.495	18.890	133.379	152.269
<b>Bókfært verð í árslok .....</b>	<b>766.540</b>	<b>225.648</b>	<b>992.188</b>	<b>841.528</b>	<b>174.894</b>	<b>1.016.422</b>

Afskriftir gjaldfærðar í rekstrarreikningi greinast þannig:	2006	2005
Afskriftir fasteigna, áhalda og tækja .....	68.604	62.698
Afskriftir hugbúnaðar .....	40.267	17.941
<b>Afskriftir í árslok .....</b>	<b>108.871</b>	<b>80.639</b>

## Aðrar eignir

63. Aðrar eignir greinast þannig:

Óuppgerð hlutabréfa viðskipti .....	917.121	0
Verk í vinnslu .....	914.295	740.008
Ýmsar eignir .....	201.472	62.982
Áfallnar tekjur .....	102.880	71.152
<b>Aðrar eignir .....</b>	<b>2.135.768</b>	<b>874.142</b>

## Innlán frá fjármálafyrirtækjum og Seðlabanka

64. Innlán frá fjármálafyrirtækjum og Seðlabanka greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

Gjaldkræft .....	376.484	0
Allt að 3 mánuðir .....	7.222.949	9.525.691
3 mánuðir til 1 ár .....	3.924.466	1.684.185
<b>Innlán frá fjármálafyrirtækjum og Seðlabanka .....</b>	<b>11.523.899</b>	<b>11.209.876</b>

## Almenn innlán

65. Almenn innlán greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

Gjaldkræft .....	30.825.026	22.654.023
Allt að 3 mánuðir .....	9.645.039	2.801.557
3 mánuðir til 1 ár .....	4.326.897	3.050.527
1 til 5 ár .....	9.645.179	9.359.311
Yfir 5 ár .....	2.150.265	1.474.603
<b>Almenn innlán .....</b>	<b>56.592.406</b>	<b>39.340.021</b>

# Skýringar við ársreikninginn

## Veltufjárskuldir

66. Veltufjárskuldir greinast þannig:	2006	2005
Afleiðusamningar við lánastofnanir .....	341.609	64.218
Afleiðusamningar við aðra .....	19.241	55.942
<b>Veltufjárskuldir .....</b>	<b>360.850</b>	<b>120.160</b>

## Lántaka

67. Lántaka greinist þannig:		
Útgefin skuldabréf .....	31.774.949	27.997.368
Útgefnir víxlar .....	3.660.090	4.287.528
Lán frá fjármálafyrirtækjum .....	34.206.993	12.160.454
<b>Lántaka .....</b>	<b>69.642.032</b>	<b>44.445.350</b>

68. Lántaka greinist þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

Gjaldkræft .....	0	11.314
Allt að 3 mánuðir .....	10.877.683	3.977.525
3 mánuðir til 1 ár .....	15.200.124	4.021.012
1 til 5 ár .....	24.970.848	14.536.560
Yfir 5 ár .....	18.593.377	21.898.939
<b>Lántaka .....</b>	<b>69.642.032</b>	<b>44.445.350</b>

## Víkjandi lán

69. Víkjandi lán greinast þannig:

	Gjaldmiðill	Vextir	Gjalddagi	2006 Bókfært verð	2005 Bókfært verð
Lán sem nýtast sem eiginfjárfáttur A:					
Útgefin 2001, verðtryggð .....	ISK	9,0%	Án gjalddaga	648.593	607.180
Lán sem nýtast sem eiginfjárfáttur B:					
Útgefin 1997, verðtryggð .....	ISK	6,0%	2006	0	356.801
Útgefin 1999, verðtryggð .....	ISK	6,8%	2011	0	624.478
Útgefin 2005, verðtryggð .....	ISK	5,0%	2010	2.134.826	1.578.313
Útgefin 2005, óverðtryggð .....	EUR	5,0%	2015	954.172	751.614
Útgefin 2006, verðtryggð .....	ISK	7,0%	2011	1.478.780	0
				4.567.778	3.311.206
<b>Samtals .....</b>				<b>5.216.371</b>	<b>3.918.386</b>

## Lífeyrisskuldbinding

70. Breyting lífeyrisskuldbindingar á árinu greinist þannig:

Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun .....	559.429	509.002
Framlag ársins .....	92.735	54.897
Greiddur lífeyrir .....	(5.753)	(4.470)
<b>Lífeyrisskuldbinding í árslok .....</b>	<b>646.411</b>	<b>559.429</b>

# Skýringar við ársreikninginn

## Skattskuldir

71. Skattskuldir greinast þannig:	2006	2005
Tekjuskattur til greiðslu .....	120.175	104.825
Tekjuskattsskuldbinding .....	2.892.419	1.144.091
<b>Skattskuldir .....</b>	<b>3.012.594</b>	<b>1.248.916</b>

## 72. Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:

Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun .....	1.144.091	385.465
Gjaldfærður tekjuskattur .....	1.868.503	863.451
Tekjuskattur til greiðslu .....	(120.175)	(104.825)
<b>Tekjuskattsskuldbinding í árslok .....</b>	<b>2.892.419</b>	<b>1.144.091</b>

## 73. Tekjuskattsskuldbinding skiptist þannig á milli liða:

Eignarhlutir í félögum .....	2.910.668	1.187.905
Útlán .....	(36.716)	(47.003)
Rekstrarfjármunir .....	5.884	8.015
Skuldir og aðrar eignir .....	12.583	0
Yfirfæranlegt skattalegt tap .....	0	(4.826)
<b>Tekjuskattsskuldbinding í árslok .....</b>	<b>2.892.419</b>	<b>1.144.091</b>

## Aðrar skuldir

### 74. Aðrar skuldir greinast þannig:

Óuppgerð verðbréfavíðskipti .....	837.787	95.068
Víðskiptaskuldir .....	162.853	162.164
Aðrar skuldir .....	1.730.436	812.613
<b>Aðrar skuldir .....</b>	<b>2.731.076</b>	<b>1.069.845</b>

Óuppgerð verðbréfavíðskipti voru gerð upp innan þriggja daga frá dagsetningu reikningsskila.

## Eigið fé

75. Samkvæmt samþykktum bankans nemur stofnfé samstæðunnar í árslok 19.454 millj. kr. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í samstæðunni. Á árinu hækkaði samstæðan stofnfé sitt að nafnvirði 14.700 millj. kr. og var söluverð hækkunarinnar sama fjárhæð.

# Skýringar við ársreikninginn

76. Eigið fé í árslok nemur 34.775 millj. kr. Eiginfjárlutfall sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 20,2%. Samkvæmt lögum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%.

Hlutfallið reiknast þannig:

	2006		2005	
	Bókfærð staða	Vegin staða	Bókfærð staða	Vegin staða
<b>Áhættugrunnur:</b>				
Bókfærðar eignir .....	184.500.544	125.627.153	114.929.194	69.013.164
Eignir til frádráttar eigin fé .....		(17.533.484)		(8.305.769)
Ábyrgðir og aðrir liðir utan efnahagsreiknings .....		712.595		1.045.986
		<u>108.806.264</u>		<u>61.753.381</u>
<b>Eigið fé:</b>				
<b>Eiginfjárfáttur A:</b>				
Bókfært eigið fé .....		34.745.860		13.015.979
Hlutdeild minnihluta .....		29.045		1.232
Óefnislegar eignir .....		(1.547.421)		(1.547.421)
Víkjandi lán .....		648.593		607.180
<b>Eiginfjárfáttur B:</b>				
Víkjandi lán .....		4.080.586		3.050.885
Eignarhlutir í fjármálastofnunum .....		(15.986.063)		(6.758.348)
		<u>21.970.600</u>		<u>8.369.507</u>
Eiginfjárlutfall .....		20,2%		13,6%
Þar af eiginfjárfáttur A: .....		31,1%		19,6%

## Liðir utan efnahagsreiknings

77. Samstæðan hefur gengist í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn sína og veitt þeim yfirdráttarheimildir. Þessir liðir greinast þannig:

	2006	2005
Ábyrgðir .....	687.311	986.269
Ónotaðar yfirdráttarheimildir .....	4.706.996	4.079.563

Úlánaáhættan vegna veittra ábyrgða er metin á 544 milljónir króna við útreikning á eiginfjárlutfalli samstæðunnar.

78. Samstæðan hefur eignir viðskiptamanna í vörslu og eignastýringu. Þessir liðir greinast þannig:

Eignir í stýringu .....	20.890.389	7.739.211
Eignir í vörslu .....	23.395.720	17.260.272

79. Þann 31. desember 2006, var sparisjóðurinn skuldbundinn óuppsegjanlegum rekstrarleigusamningum á fasteignum, tækjum og búnaði. Húsaleigusamningarnir eru í samræmi við almenn kjör á leigumarkaði fyrir atvinnuhúsnæði og ákvæði um breytingar á leigugreiðslum út frá verðvísitölum.

80. Samstæðan hefur gert leigusamninga vegna fasteigna sem notaðar eru í rekstrinum. Samningarnir eru til allt að 12 ára og sparisjóðurinn hefur forkaupsrétt að eignunum eða rétt til að framlengja samninga í lok samningstímans.

Lágmarks framtíðarleigugreiðslur .....	633.161
--	---------

## Tryggingarsjóður innstæðueigenda

81. Samkvæmt lögum sem gilda um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta skulu heildareignir sjóðsins nema að lágmarki 1,0% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptaböðnum og sparisjóðum á næstliðnu ári.



# Skýringar við ársreikninginn

## Veðsettar eignir

82. Eignir hafa verið veðsettar sem trygging fyrir eftirfarandi skuldir og óvissar skuldir:	2006	2005
<b>Skuldir</b>		
Endurhverf verðbréfa kaup við Lánasýslu ríkisins .....	2.991.062	1.293.116
<b>Eignir</b>		
Endurhverf verðbréfasala við fjármálastofnun .....	0	1.293.116
Samstæðan hefur selt sjóðstreymi af hluta af íbúðalánnum sínum til Íbúðalánasjóðs, sem hefur yfirtekið alla áhættu tengda viðskomandi lánnum. Munurinn á milli núvirðis lána frá Íbúðalánasjóði og bókfærðu verði undirliggjandi lána hefur verið tekjufærður í rekstrarreikningi sem hreinar tekjur af sölu fjáreigna metinna á framreiknuðu kostnaðarverði.		
<b>Eignir og skuldir</b>		
Sjóðstreymi af útlánnum selt til Íbúðalánasjóðs .....	13.440.128	13.236.578

## Tengdir aðilar

83. Tengdir aðilar sparisjóðsins eru dótturfélög, hlutdeildarfélag, stjórn sparisjóðsins, framkvæmdastjórar, nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila og aðilar sem hafa umtalsverð áhrif sem stórir stofnfjáreigendur í sparisjóðnum. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Lán til sparisjóðsstjóra og framkvæmdastjóra .....	51.138	36.861
Lán til stjórnarmanna og félaga tengdum þeim .....	1.066.094	1.346.907
Lán til hlutdeildarféлага .....	2.001.073	1.566.500

Engin óvenjuleg viðskipti voru við tengda aðila á árinu 2006.

Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Upplýsingar um laun til ædstu stjórnenda og stjórnarmanna eru í skýringu 45.

## Atburðir eftir lok reikningsárs

84. Engin atriði hafa komið fram eftir dagsetningu efnahagsreiknings, sem krefjast myndu lagfæringar eða breytingar á ársreikningi 2006. Ársreikningurinn verður lagður fram á aðalfundi stofnfjáreigenda til samþykktar.

# Skýringar við ársreikninginn

## Áhættustýring

85. Í daglegri starfsemi sinni sem fjármálastofnun stendur SPRON frammi fyrir ýmsum tegundum áhættu. Stjórnendur sparisjóðsins verja umtalsverðum tíma í að stýra þessari áhættu. Eitt það mikilvægasta í skilvirkri áhættustjórnun er greining verulegra áhættuþátta, mæling áhættunnar, viðbrögð til að takmarka áhættuna og sífellt eftirlit með henni. Fjallað er um helstu áhættuþætti hér á eftir. Helstu áhættuþættir eru mótaðilaáhætta, lausafjáráhætta og markaðsáhætta. Í markaðsáhættu felst gengisáhætta, vaxtaáhætta og verðáhætta.

### Áhættustefna Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis

Áhættumat, einkum ákvörðun raungildis þess, ásamt aðgerðum sem beinast að því að takmarka áhættuna með skynsamlegri dreifingu útlána og fjárfestingum í öðrum eignum, er eitt af helstu verkefnum fjármálastofnana. Margir áhættuþættir geta haft slæm áhrif á rekstur sparisjóðsins. Það er stefna stjórnar sparisjóðsins að fylgjast skuli sífellt með og reynt að stýra helstu áhættuþáttum sem haft geta áhrif á afkomu og eigið fé hans. Í þessum tilgangi rekur sparisjóðurinn sérstaka áhættustýringardeild. Að auki er það hlutverk innri endurskoðanda SPRON að fylgjast með starfseminni til að tryggja að reglum sé framfylgt í samræmi við samþykktir stjórnar sparisjóðsins.

Áhættustýringarhópur, sem samanstendur af sparisjóðsstjóra og fimm lykilstarfsmönnum sparisjóðsins, ákveður markmið sparisjóðsins hvað varðar áhættu með því að gefa út áhættustefnu. Áhættustefnan skilgreinir ásættanleg áhættumörk í daglegum rekstri sem og vilja sparisjóðsins til að taka áhættu með tilliti til væntanlegs hagnaðar. Áhættustefnunni er ítarlega lýst í áhættustýringarhandbók.

### Ferli áhættustýringar og áhættueftirlits

#### a) Samningar sem innihalda mótaðilaáhættu

Mótaðilaáhætta er sú áhætta að mótaðili standi ekki við skuldbindingar sínar gagnvart sparisjóðnum. Helsta mótaðilaáhætta sparisjóðsins verður til með veitingu útlána. Fjárhæð mótaðilaáhættu í þessu tilliti kemur fram í bókfærðu verði eigna í efnahagsreikningi. Mótaðilaáhætta fyrir sparisjóðinn fylgir ýmsum öðrum fjáreignum, svo sem afleiðusamningum og markaðsskuldabréfum, núverandi mótaðilaáhætta endurspeglar í bókfærðu verði þessara eigna í efnahagsreikningi. Auk framangreindrar mótaðilaáhættu er sparisjóðurinn einnig opinn fyrir mótaðilaáhættu vegna liða utan efnahagsreiknings eins og ónýttar yfirdráttarheimilda og veittra ábyrgða.

**Útlán:** Helstu eignir SPRON eru útlán. Til að viðhalda og bæta gæði útlánasafns er mikilvægt að fara vel yfir allar lánsútsóknir þar sem þeim er hafnað strax sem ekki uppfylla skilyrði til lánveitinga og fylgst sé stöðugt með núverandi lánasafni. Hins vegar er það ekki stefna sparisjóðsins að veita aðeins lán sem fylgir lítill áhætta, heldur er mikilvægt að vextir veittra lána endurspeglar bæði áhættu og kostnað sem þeim fylgir. Þetta táknað er ítarlegt mat á einstökum viðskiptavinum, fjárhagsstöðu þeirra og tryggingum sé forsenda fyrir veitingu lána.

**Afleiðuviðskipti:** Afleiðusamningar sem sparisjóðurinn notar ná til skiptasamninga, framvirkra samninga, vilnana og annarra svipaðra samninga, þar sem verðmæti er háð vöxtum, gengi gjaldmiðla, verðbrefagengi, vöruverði eða verðvísitölum. Sparisjóðurinn fylgist vel með afleiðusamningum með opnar stöður og gætir þess að nægjanlegar tryggingar séu fyrir hendi. Tryggingar fara eftir viðskiptavinum og tegundum samninga. Almennt er krafist tryggingar til að mæta hugsanlegu tapi á samningi. Ásættanleg trygging fyrir afleiðusamninga eru eignir sem hægt er að innleysa með litlum fyrirvara, t.d. reiðufé eða markaðshlutabréf. Ef staða afleiðusamnings fer undir ákveðin mörk er farið fram á aukna tryggingu. Ef aukin trygging fæst ekki er samningnum lokað.

**Skuldbindingar og ábyrgðir:** Sparisjóðurinn hefur samþykkt skuldbindingar sem tryggja viðskiptavinum hans tiltekinn aðgang að fjármunum. Algengustu skuldbindingarnar eru í formi heimilda á tékkareikningum og greiðslukortum. Hugsanlegt tap vegna þessara skuldbindinga jafngildir fjárhæð heimilda þótt þær séu aðeins notaðar að hluta til hverju sinni. Í reynd er hugsanlegt tap ekki eins mikið því sparisjóðurinn getur afturkallað flestar þessara skuldbindinga ef viðskiptavinir uppfylla ekki lánkröfur. Ábyrgðum fylgir mótaðilaáhætta að fullri fjárhæð eins og í útlánum þar sem þær tákna óafturkræfar tryggingar um að sparisjóðurinn muni inna af hendi greiðslur ef viðskiptavinurinn getur ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart þriðja aðila.

#### b) Stefna varðandi mótaðilaáhættu

Undanfarin ár hefur sparisjóðurinn lagt áherslu á vel dreift útlánasafn og bætt gæði útlána. Dæmi um þetta er þátttaka sparisjóðsins á íslenskum íbúðalánamarkaði. Frá síðari hluta ársins 2004, þegar bankar og sparisjóðir hófu beina samkeppni við Íbúðalánasjóð, hefur mikill fjöldi viðskiptavina kosið að endurfjármagna neyslulán sín með íbúðalánum. Íbúðalán eru nú um helmingur útlánasafns sparisjóðsins. Það er þó ekki markmið sparisjóðsins að veita eingöngu lán með lítilli áhættu, heldur er mikilvægt að verð lána sem boðin eru viðskiptavinum endurspeglar tekna áhættu. Lánagreining er því forsenda fyrir lánveitingum og verðið verður að taka mið af áhættu og ávöxtunarkröfu á fjármagnið.

# Skýringar við ársreikninginn

## *c) Lánavinnsla og heimildir*

Lánanefnd sparisjóðsins er yfir lánavinnslu og úrskurðar í lánamálum utan þess þegar áhættan er meiri en sem nemur 10% af eigin fé sparisjóðsins, en þá þarf samþykki stjórnar. Í handbók um útlán, sem samþykkt er af stjórn sparisjóðsins, eru takmarkanir settar á útlánaheimildir starfsmanna og takmarkanir á áhættu gagnvart mismunandi mótaðilum. Til að nýta sem best sérþekkingu starfsmanna útibúa sparisjóðsins fer eftirlit með útlánaáhættu og tryggingum útlána að mestu fram í útibúunum.

## *d) Eftirlit með mótaðilaáhættu*

Áhættustýringardeild hefur eftirlit með mótaðilaáhættu. Deildin sér um tölulega greiningu á lánasafninu fyrir samstæðuna, metur áætlað tap, hugsanlega áhættu í lánasafninu auk þess að meta vanskil á kerfisbundin hátt. Niðurstöðurnar eru kynntar stjórnendum með áherslu á hugsanlega áhættu innan lánasafns með tilliti til mótaðilaáhættu, áhættu í einstökum atvinnugreinum, löndum, o.s.frv.

Áhættustýringardeild fylgist með viðskiptavinum í erfiðleikum og reynir í samstarfi við útibú að lágmarka eða koma í veg fyrir tap sparisjóðsins með sérstöku eftirliti með viðskiptavinum í erfiðleikum. Lánaferill sparisjóðsins er til stöðugrar skoðunar hvað varðar gagnasöfnun, útlánaheimildir, lánsútsóknir, skjalagerð, mat og skráningu trygginga.

## **Virðisrýrnun útlána**

Framlag vegna útlánataps er fært þegar fyrir liggja raunverulegar vísbendingar um að sparisjóðurinn geti ekki endurheimt alla fjárhæð kröfu, t.d. lána, skuldbindinga og ábyrgða, samkvæmt upphaflegum samningsákvæðum eða samsvarandi ákvæðum. Afskriftareikningur vegna útlánatapa er færður til lækkunar á bókfærðu verði útlána í efnahagsreikningi, en afskriftareikningur vegna liða utan efnahagsreiknings svo sem vegna skuldbindinga og ábyrgða er færður meðal annarra skulda. Framlag í afskriftareikninginn er gjaldfært sem virðisrýrnun útlána í rekstrarreikningi. Afskriftareikningur útlána er metinn sérstaklega gagnvart einstökum mótaðilum eða hópi mótaðila samkvæmt eftirfarandi reglum:

### *a) Sérstakar afskriftir*

Krafa telst hafa orðið fyrir virðisrýrnun þegar raunverulegar vísbendingar eru um að sparisjóðurinn muni ekki geta innheimt alla kröfuna samkvæmt upprunalegum samningsákvæðum eða samsvarandi ákvæðum. Mótaðilaáhætta er metin á grundvelli stöðu lántakandans, heildarfjárhagsstöðu hans, efnis og greiðslusögu, möguleikum á stuðningi ábyrgðaraðila og söluverðmæti tryggingar, þar sem það á við.

Áætluð endurheimtanleg fjárhæð er núvirði vænts sjóðstreymis lánsins, reiknað með því að nota upprunalega vexti þess. Virðisrýrnun er mismunurinn á bókfærðri fjárhæð og áætlaðri endurheimtanlegri fjárhæð. Við virðisrýrnun er færsla vaxtatekna á grundvelli upprunalegra skilmála kröfunnar hætt, en hækkun núvirðis virðisrýrðra krafna frá fyrri tíma er færð meðal vaxtatekna.

Útlán sem orðið hafa fyrir virðisrýrnun eru yfirfarin og metin á minnst þriggja mánaða fresti. Allar síðari breytingar á fjárhæðum og tímasetningum vænts sjóðstreymis í samanburði við fyrri mót sem leiða til breytinga á afskriftareikningi eru gjaldfærðar sem virðisrýrnun útlána.

Virðisrýrnun er eingöngu bakfærð þegar gæði útlána hafa batnað nægilega mikið til að gild ástæða sé til að ætla að innheimta höfuðstóls og vaxta í tæka tíð í samræmi við upprunaleg samningsákvæði útlánanna geti átt sér stað.

Endanlegar afskriftir eru gerðar þegar krafa í heild sinni eða að hluta telst óinnheimtanleg. Endanlegar afskriftir eru færðar til lækkunar á heildarfjárhæð kröfu og á móti til lækkunar á afskriftareikning eða sem virðisrýrnun útlána í rekstrarreikningi. Endurgreiðslur á áður afskrifuðum kröfum eru færðar til lækkunar á gjaldfærðri virðisrýrnun útlána.

### *b) Almennar afskriftir*

Öll útlán sem ekki hafa verið færð í sérstakan afskriftareikning eru flokkuð saman í einsleit útlánasöfn þar sem metið er hvort virðisrýrnun sé til staðar innan safnsins. Afskriftir vegna heildarmats á virðisrýrnun eru færðar sem virðisrýrnun útlána í rekstrarreikningi og til lækkunar á lánastöðu. Þar sem afskriftir eru ekki færðar vegna einstakra lána, eru vextir reiknaðir á öll lán samkvæmt samningsákvæðum.

Öll lán þar sem engin virðisrýrnun er til staðar hjá mótaðila eru flokkuð saman í hagfræðilega einsleit lánasöfn þar sem metið er hvort virðisrýrnun sé til staðar innan safnsins. Afskriftir vegna heildarmats á virðisrýrnun teljast útgjöld vegna lánataps og leiða til mótfærslu á lánastöðu. Þar sem afskriftir eru ekki veittar vegna einstakra lána, eru vextir reiknaðir á öll lán samkvæmt samningsákvæðum.

# Skýringar við ársreikninginn

## Eftirlit og stýring lausafjárahættu

86. Lausafjárahætta er hætta á tapi vegna þess að sparisjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Samstæðan fylgist með lausafjárstöðu sinni með greiningu á gjalddögum fjáreigna og fjárskulda til að geta endurgreitt allar skuldir á gjalddaga. Samstæðan þarf alltaf að hafa nægjanlegt laust fé til að geta mætt bæði fyrirsjáanlegum og ófyrirséðum greiðsluskuldbindingum. Samstæðan hefur sett sér reglur varðandi lausafjárstöðu og fjármögnun og er þeim ætlað að tryggja og viðhalda sveigjanleika. Reglurnar fela meðal annars í sér aðgang að lánalínum, yfirdráttarheimildir og fjáreignir sem auðvelt og fljótlegt er að selja, svo sem ríkisvixla og ríkisskuldabréf.

Auk þess er fylgst með lausafjárahættu með skýrslum um lausafjárhlutfall sem sendar eru mánaðarlega til Seðlabanka Íslands. Lausafjárhlutfallið sýnir hlutfallið milli eigna og skulda eftir því hversu langt er til gjalddaga þeirra. Til að ákvarða lausafjárgrunninn vegur Seðlabankinn einstaka eignaflokka þannig að hlutfallið sé metið á varfærinn hátt.

87. Fjáreignir og fjárskuldir greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

<b>2006</b>	Allt að 1 mánuður	1-3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Yfir 5 ár	Samtals
Sjóður og óbundnar innst. í Seðlabanka ..	2.431.770					2.431.770
Útlán og kröfur .....	5.311.744	19.696.445	18.108.186	19.861.422	72.540.398	135.518.195
Veltufjáreignir .....	20.313.026					20.313.026
Fjáreignir á gangvirði .....	16.739.901			8.990		16.748.891
Fjáreignir samtals .....	44.796.441	19.696.445	18.108.186	19.870.412	72.540.398	175.011.882
Innlán frá fjármálafyrirt. og Seðlabanka ..	5.716.169	1.883.264	3.924.466			11.523.899
Almenn innlán .....	33.856.281	6.613.784	4.326.897	9.645.179	2.150.265	56.592.406
Lántaka .....		10.877.683	15.200.124	24.970.848	18.593.377	69.642.032
Fjárskuldir samtals .....	39.572.450	19.374.731	23.451.487	34.616.027	20.743.642	137.758.337
Fjáreignir - fjárskuldir .....	5.223.991	321.714	(5.343.301)	(14.745.615)	51.796.756	37.253.545
<b>2005</b>						
Sjóður og óbundnar innst. í Seðlabanka ..	2.067.986					2.067.986
Útlán og kröfur .....	5.311.744	10.175.014	12.122.411	16.208.027	48.513.511	92.330.707
Veltufjáreignir .....	8.366.721					8.366.721
Fjáreignir á gangvirði .....	7.846.509	5.018		139.445		7.990.972
Fjáreignir samtals .....	23.592.960	10.180.032	12.122.411	16.347.472	48.513.511	110.756.386
Innlán frá fjármálafyrirt. og Seðlabanka ..		9.525.691	1.684.185			11.209.876
Almenn innlán .....	22.654.023	2.801.557	3.050.527	9.359.311	1.474.603	39.340.021
Lántaka .....	11.314	3.977.525	4.021.012	14.536.560	21.898.939	44.445.350
Fjárskuldir samtals .....	22.665.337	16.304.773	8.755.724	23.895.871	23.373.542	94.995.247
Fjáreignir - fjárskuldir .....	927.623	(6.124.741)	3.366.687	(7.548.399)	25.139.969	15.761.139

## Eftirlit og stýring markaðsáhættu

88. Stefna sparisjóðsins er að fylgjast náið með markaðsáhættu samstæðunnar og gæta þess að ekki sé farið yfir þau mörk sem stjórn hans hefur sett. Markaðsáhættu er stýrt með takmörkunum á stöðutökum og áhættuviðmiði og er fylgst daglega með hvoru tveggja og yfirfarið vikulega af áhættustýringarhópi.

## Afleiður

89. Markmiðið með áhættuvörnum sparisjóðsins er að verja hann fyrir áhættu á að hreint innstreymi fjármagns verði fyrir neikvæðum áhrifum af breytingum á vöxtum, gengi, lánsþæfismati eða markaðsverði. Sparisjóðurinn gengur til samninga til að tryggja að hann sé fjárhagslega varinn í samræmi við reglur um áhættustýringu. Sparisjóðurinn verslar í þessum tilgangi með afleiður eins og vaxta- og gjaldeyrissektasamninga, valrétti, staðlaða framvirka samninga og aðra afleiðusamninga.

# Skýringar við ársreikninginn

## Vaxtaáhætta

90. Starfsemi sparisjóðsins lýtur áhættu vegna vaxtasveiflna að því marki að vaxtaberandi eignir (þar á meðal fjárfestingar) og vaxtaberandi skuldir hafa mismunandi binditíma, eru endurreiknuð á mismunandi tímum eða í mismunandi fjárhæðum. Hvað varðar breytilega vexti eigna og skulda er samstæðan einnig í hættu vegna sveiflna ýmissa breytilegra vaxtaviðmiða, svo sem innlánsvaxta og LIBOR-vaxta og annarra mismunandi vaxtategunda. Starfsemi áhættustýringar beinist að því að hámarka nettóvaxtatekjur að því tilskildu að markaðsvextir fari saman við viðskiptastefnu samstæðunnar.
91. Taflan hér á eftir sýnir vaxtaáhættu af bankastarfsemi, þ.e. hversu opin samstæðan er fyrir vaxtanæmni miðað við 100 punkta breytingu á vöxtum, þar sem hagnaður eða tap er fært á líftíma opinna áhættu, eftir gjaldmiðli og eftirstöðvatíma. Taflan sýnir aðeins nettó mun milli útlána og fjármögnunar á hverju tímabili.

Gjaldmiðill:	0-1 ár	1-3 ár	3-6 ár	6-10 ár	10-20 ár	Samtals
ISK, bankastarfsemi .....	205	(347)	16	(474)	(249)	(849)
ISK, markaðsviðskipti .....	(4)	(61)	(101)	(67)	(40)	(273)
CHF .....	(1)					(1)
JPY .....	(2)					(2)
Aðrir .....	1					1

Heildarfjárhæð verðtryggðra eigna samstæðunnar nam 84.940 millj. kr. í lok ársins og heildarfjárhæð verðtryggðra skulda nam á sama tíma 58.079 millj. kr.

## Verðáhætta

92. Verðáhætta er sú áhætta að markaðsverð breytist. Stöður sparisjóðsins í hlutabréfum og skuldabréfum eru næmastar fyrir slíkum breytingum. Stjórnun verðáhættu er aðskilin gjaldeyrisáhættu. Verðáhætta er mæld með vágreiningu (VaR).

## Gjaldeyrisáhætta

93. Gjalddeyrisáhætta er hætta á tapi vegna óhagstæðra hreyfinga á erlendum gjaldmiðlum. Fylgst er með opinni gjaldeyrisstöðu í hverri mynt í samstæðunni. Samstæðan stefnir að því að takmarka gjaldeyrisáhættu og fylgist með henni í samhengi við eigið fé samstæðunnar.

## Skýringar við ársreikninginn

### 94. Sundurliðun eigna og skulda eftir gjaldmiðlum:

	ISK	EUR	USD	JPY	Aðrir gjaldmiðlar	Samtals
Sjóður og óbundnar innst. í Seðlabanka ..	2.405.955	10.407	4.884	91	10.433	2.431.770
Kröfur á lánastofnanir .....	5.956.423	44.818	401.577	1.720	818.149	7.222.687
Útlán til viðskiptamanna .....	110.646.187	2.602.156	1.124.152	6.078.807	7.844.206	128.295.508
Veltufjáreignir .....	16.881.305	1.930.969	103.008		1.397.744	20.313.026
Fjáreignir tilgr. á gangvirði .....	16.748.891					16.748.891
Hlutdeildarfélag .....	4.580.324					4.580.324
Ófnislegar eignir .....	1.675.490					1.675.490
Rekstrarfjármunir .....	992.188					992.188
Aflögð starfsemi og fastafjárm.til sölu ....	104.892					104.892
Aðrar eignir .....	2.135.768					2.135.768
Eignir samtals .....	162.127.423	4.588.350	1.633.621	6.080.618	10.070.532	184.500.544
Innlán frá fjármálfyrirt. og Seðlabanka ..	11.523.899					11.523.899
Almenn innlán .....	54.061.792	662.937	1.369.448	849	497.380	56.592.406
Lántaka .....	48.839.775	18.171.240	2.631.017			69.642.032
Víkjandi lán .....	4.262.199	954.172				5.216.371
Veltufjárskuldir .....	360.850					360.850
Lífeyrisskuldbindingar .....	646.411					646.411
Skattskuldir .....	3.012.594					3.012.594
Aðrar skuldir .....	2.731.076					2.731.076
Eigið fé og hlutdeild minnihluta .....	34.774.905					34.774.905
Skuldir og eigið fé samtals .....	160.213.501	19.788.349	4.000.465	849	497.380	184.500.544
Nettóstaða efnahagsreiknings .....	1.913.922	(15.199.999)	(2.366.844)	6.079.769	9.573.152	
Nettóstaða utan efnahagsreiknings .....	(1.937.179)	15.074.105	2.300.923	(5.916.733)	(9.521.116)	
Nettóstaða gjaldmiðils .....	(23.257)	(125.894)	(65.921)	163.036	52.036	

# Skýringar við ársreikninginn

## Gangvirði fjármálagerninga

95. Gangvirði fjármálagernings er sú fjárhæð sem hægt er að fá fyrir gerninginn í armslengdarviðskiptum fúsra aðila, þ.e. ekki í nauðungarsölu eða búskiptum. Tilvist þekkts verðs á virkum markaði gefur best til kynna gangvirði og þegar það er til staðar notar samstæðan það til að mæla peningalegar eignir og peningalegar skuldir. Ef skráð verð fyrir fjármálagerning endurspeglar ekki raunveruleg og regluleg viðskipti á virkum markaði eða ef skráð verð er ekki til staðar, er gangvirði reiknað út með viðeigandi matsaðferð.

Þegar um er að ræða skráð og seljanleg hlutabréf og skuldabréf og ákveðna afleiðusamninga er gangvirðið fengið með því að nota markaðsgengi. Gerningar þessir eru sýndir í efnahagsreikningi undir liðunum veltufjáreignir og veltufjárskuldir.

Fjármálagerningar sem hafa ekki skráð markaðsgengi eru metnir með viðurkenndum matsaðferðum þar sem notast er við markaðsupplýsingar. Meðal viðurkenndra matsaðferða eru viðskipti milli viljugra og ótengdra aðila í armslengdarviðskiptum, upplýsingar um gangvirði annars gernings sem er í meginatriðum eins, sjóðstreymisgreiningar og aðrar viðurkenndar matsaðferðir sem notaðar eru af markaðsaðilum.

	Bókfært virði	Gangvirði	Óinnleystur hagnaður
	2006	2006	(tap)
			2006
<b>Eignir</b>			
Sjóður og óbundnar innstæður í Seðlabanka .....	2.431.770	2.431.770	0
Útlán .....	128.295.508	126.322.166	(1.973.342)
Fjáreignir tilgreindar á gangvirði .....	16.748.891	16.748.891	0
Fastafjármunir til sölu .....	104.892	104.892	0
<b>Skuldir</b>			
Veltufjárskuldir .....	360.850	360.850	0
Lántaka .....	69.642.032	67.689.523	1.952.509
Víkjandi lán .....	5.216.371	5.061.390	154.981
<b>Nettó óinnleystur hagnaður í rekstrarreikningi .....</b>			<b>134.148</b>

Þótt samstæðan fylgi markaðsviðmiðum og byggji á viðurkenndum aðferðum er þó mikið svigrúm fyrir mat, bæði í líkönunum sjálfum og ályktunum sem verður að draga og ekki er hægt að leiða af markaðsgögnum. Mismunandi ályktanir og mót geta leitt til ólíkra niðurstaðna.







**Ársreikningur  
2005**

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis  
Ármúla 13a  
108 Reykjavík

Kt. 610269-5089

# Efnisyfirlit

---

	bls.		bls.
Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn .....	3	Skýringar:	
Áritun endurskoðenda .....	4	Reikningsskilaaðferðir .....	10
Rekstrarreikningur .....	5	Skýringar við rekstrarreikninginn .....	20
Efnahagsreikningur .....	6	Skýringar við efnahagsreikninginn .....	22
Yfirlit um breytingar á eigin fé .....	7	Liðir utan efnahagsreiknings .....	27
Yfirlit um sjóðstreymi og skýringar .....	8	Viðbótar upplýsingar .....	28
		Breytingar á reikningsskilaaðferðum samkvæmt IFRS .....	34

# Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn

---

Ársreikningurinn er samstæðureikningur Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis og dótturfélaga hans. Reikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS). Þetta er fyrsti ársreikningur sparisjóðsins þar sem hinum alþjóðlega reikningsskilastaðli 1 er beitt.

Áhrif breytinga á eigið fé sparisjóðsins 1. janúar 2005 vegna innleiðingar alþjóðlegra reikningsskilastaðla er lækkun um 129 millj. kr. Frekari upplýsingar um áhrif innleiðingar staðlanna er að finna í skýringum með ársreikningnum.

Hagnaður varð af rekstri sparisjóðsins á árinu 2005 að fjárhæð 4.092 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé hans í árslok nam 13.016 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárhlutfall sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki var 13,6% hjá samstæðunni. Samkvæmt lögnum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%. Stjórn sjóðsins leggur til að greiddur verði arður að fjárhæð 1.980 millj. kr. til stofnfjáreigenda á árinu 2006 vegna ársins 2005. Auk þess er lagt til að nýtt verði heimild í lögum um sérstakt endurmat stofnfjár og það hækkað um 5%. Um frekari ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum er vísað til ársreikningsins.

Í árslok var stofnfé sparisjóðsins 3.961 millj. kr. Stofnfé var aukið um 3.357 millj. kr. á árinu 2005. Stofnfjáreigendur voru 818 í árslok og fjölgaði um 71 á árinu.

Stjórn og sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis staðfesta hér með ársreikning sparisjóðsins fyrir árið 2005 með undirritun sinni.

Reykjavík, 20. febrúar 2006

## Stjórn

Hildur Petersen  
Formaður

Erlendur Hjaltason

Ari Bergmann Einarsson

Gunnar Gíslason

Ásgeir Baldurs

## Sparisjóðsstjóri

Guðmundur Hauksson

# Áritun endurskoðenda

---

Til stjórnar og stofnfjáreigenda í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis.

Við höfum endurskoðað ársreikning Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis fyrir árið 2005. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingar á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 84. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sparisjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sparisjóðsins á árinu 2005, efnahag hans 31. desember 2005 og breytingu á handbæru fé á árinu 2005, í samræmi við lög og alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 20. febrúar 2006

Sigurður Jónsson

Reynir Stefán Gylfason

**KPMG Endurskoðun hf.**

# Rekstrarreikningur

## ársins 2005

	Skýr.	2005	2004
Vaxtatekjur .....		7.883.731	5.547.252
Vaxtagjöld .....		<u>(5.658.864)</u>	<u>(3.272.127)</u>
<b>Hreinar vaxtatekjur.....</b>	<b>30</b>	<b>2.224.867</b>	<b>2.275.125</b>
Þjónustutekjur .....		880.960	858.696
Þjónustugjöld .....		<u>(296.896)</u>	<u>(242.690)</u>
<b>Hreinar þjónustutekjur.....</b>	<b>31</b>	<b>584.064</b>	<b>616.006</b>
Arðstekjur .....	32	119.127	27.255
Hreinar tekjur af sölu fjáreigna á framreiknuðu kostnaðarverði .....		219.814	0
Hreinar tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum .....	33	504.075	595.086
Hreinar tekjur af fjáreignum á gangvirði .....	34	3.495.615	1.148.856
Gengismunur vegna gjaldeyrisviðskipta .....		27.400	(13.707)
Aðrar rekstrartekjur .....	35	<u>575.722</u>	<u>134.512</u>
<b>Hreinar rekstrartekjur .....</b>		<b>7.750.684</b>	<b>4.783.133</b>
Laun og launatengd gjöld .....	37	(1.550.928)	(1.298.965)
Annar rekstrarkostnaður .....		(1.433.318)	(1.208.204)
Afskriftir .....	53-54	(80.638)	(45.391)
Virðisrýrnun útlána .....	47	(326.591)	(469.884)
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaganna .....	51	<u>596.612</u>	<u>223.712</u>
<b>Hagnaður fyrir skatta.....</b>		<b>4.955.821</b>	<b>1.984.401</b>
Tekjuskattur .....	39	<u>(863.451)</u>	<u>(353.127)</u>
<b>Hagnaður ársins.....</b>		<b><u>4.092.370</u></b>	<b><u>1.631.274</u></b>
<b>Tilheyrandi:</b>			
Stofnfjáreigendum og varasjóði .....		4.092.195	1.629.337
Minnihluta .....		<u>175</u>	<u>1.937</u>
		<b><u>4.092.370</u></b>	<b><u>1.631.274</u></b>

# Efnahagsreikningur

## 31. desember 2005

	Skýr.	31.12.2005	1.1.2005
<b>Eignir</b>			
Sjóður og óbundnar innstæður í Seðlabanka .....	40	2.067.986	1.540.461
Útlán og kröfur .....	41-47	91.244.012	54.705.230
Veltufjáreignir .....	48-49	8.366.721	5.952.929
Fjáreignir á gangvirði .....	50	7.990.972	3.289.632
Hlutir í hlutdeildarfélagum .....	51	1.646.600	1.027.941
Óefnislegar eignir .....	53	1.619.440	1.536.152
Rekstrarfjármunir .....	54	1.016.422	175.569
Aflögð starfsemi og fastafjármunir til sölu .....		102.899	126.435
Aðrar eignir .....	55	874.142	399.807
<b>Eignir samtals</b>		<b>114.929.194</b>	<b>68.754.156</b>
<b>Skuldir</b>			
Innlán frá fjármálafyrirtækjum og Seðlabanka .....	56	11.209.876	7.210.910
Almenn innlán .....	57	39.340.021	35.523.344
Lántaka .....	58-59	44.445.350	16.424.801
Víkjandi lán .....	60	3.918.386	1.923.539
Veltufjárskuldir .....	61	120.160	111.293
Lífeyrisskuldbindingar .....	62	559.429	509.002
Skattskuld .....	63-65	1.248.916	469.192
Aðrar skuldir .....	66	1.069.845	763.128
<b>Skuldir samtals</b>		<b>101.911.983</b>	<b>62.935.209</b>
<b>Eigið fé</b>			
Stofnfé .....		3.960.503	603.671
Varasjóður .....		9.055.476	5.214.219
Stofnfé og varasjóður samtals	67	13.015.979	5.817.890
Hlutdeild minnihluta .....		1.232	1.057
<b>Eigið fé samtals</b>		<b>13.017.211</b>	<b>5.818.947</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>		<b>114.929.194</b>	<b>68.754.156</b>
<b>Utan efnahagsreiknings:</b>			
Skuldbindingar .....	69-70		

# Eiginfjárfirlit

## fyrir árið 2005

	Stofnfé og varasjóður			Hlutdeild minnihluta	Samtals eigið fé
	Stofnfé	Varasjóður	Samtals		
<b>Breytingar á eigin fé 2004:</b>					
Eigið fé 31. desember 2003 .....	538.641	4.059.434	4.598.075		4.598.075
Breytingar vegna IFRS .....		(64.312)	(64.312)	26.834	(37.478)
Eigið fé 1. janúar 2004 .....	538.641	3.995.122	4.533.763	26.834	4.560.597
Hagnaður ársins .....		1.464.770	1.464.770	1.741	1.466.511
Arðgreiðslur .....		(116.188)	(116.188)		(116.188)
Breytingar á hlutdeild minnihluta .....				(27.490)	(27.490)
Endurmat á stofnfé .....	65.030	(65.030)			
Eigið fé 31. desember 2004 .....	603.671	5.278.674	5.882.345	1.085	5.883.430
<b>Breytingar á eigin fé 2005:</b>					
Eigið fé 31. desember 2004 .....	603.671	5.278.674	5.882.345	1.085	5.883.430
Breytingar vegna IFRS .....		(64.455)	(64.455)	(28)	(64.483)
Eigið fé 1. janúar 2005 .....	603.671	5.214.219	5.817.890	1.057	5.818.947
Hagnaður ársins .....		4.092.195	4.092.195	175	4.092.370
Arðgreiðslur .....		(153.937)	(153.937)		(153.937)
Útgefið nýtt stofnfé .....	3.259.831		3.259.831		3.259.831
Endurmat á stofnfé .....	97.001	(97.001)			
Eigið fé 31. desember 2005 .....	3.960.503	9.055.476	13.015.979	1.232	13.017.211

# Yfirlit um sjóðstreymi fyrir árið 2005

	2005	2004
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>		
Hagnaður fyrir skatta.....	4.955.821	1.984.401
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi.....	(1.447.932)	694.036
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum.....	(7.112.566)	(1.092.103)
Greiddur tekjuskattur.....	(83.727)	0
Handbært fé (til) frá rekstri	(3.688.404)	1.586.334
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>		
Hlutir í hlutdeildarfélögum, breyting.....	213.250	0
Fjárfesting í dótturfélögum að frádregnu handbæru fé.....	0	(29.770)
Fjárfesting óefnislegra eigna.....	(101.228)	(24.356)
Fjárfesting rekstrarfjármuna.....	(907.615)	(38.625)
Söluverð rekstrarfjármuna .....	5.230	38.712
Fjárfestingarhreyfingar	(790.363)	(54.039)
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>		
Ný víkjandi lán.....	2.325.313	0
Endurgreidd víkjandi lán.....	(399.770)	0
Útgáfa stofnfjárbréfa.....	3.259.831	0
Arðgreiðslur .....	(153.937)	(116.118)
Fjármögnunarhreyfingar	5.031.437	(116.118)
Hækkun á handbæru fé.....	552.670	1.416.177
Handbært fé í ársbyrjun .....	2.853.272	1.437.095
<b>Handbært fé í árslok .....</b>	<b>3.405.942</b>	<b>2.853.272</b>
<b>Aðrar upplýsingar:</b>		
Greitt, kaupverð dótturfélaga .....	0	29.770



# Yfirlit um sjóðstreymi fyrir árið 2005 - skýringar

<b>Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:</b>	2005	2004
Virðisrýrnun útlána.....	326.591	469.884
Afskriftir rekstrarfjármuna.....	62.698	43.575
Afskriftir óefnislegra eigna .....	17.940	1.816
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélagi .....	(596.612)	(223.712)
Verðbætur og gengismunur .....	(981.015)	411.033
Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna .....	(1.492)	(8.560)
Hagnaður af sölu hlutdeildarfélagi.....	(276.042)	0
	(1.447.932)	694.036

## Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:

Útlán og kröfur, breyting.....	(33.636.564)	(14.101.701)
Veltufjáreignir, breyting.....	(2.413.792)	201.165
Fjáreignir á gangvirði, breyting .....	(4.701.340)	(1.270.685)
Aðrar eignir, breyting .....	(474.335)	(125.137)
Innlán, breyting .....	6.753.465	11.036.428
Lántaka, breyting .....	27.002.856	3.001.263
Lífeyrisskuldbinding, breyting .....	50.427	60.720
Aðrar skuldir, breyting .....	306.717	105.844
	(7.112.566)	(1.092.103)

## Handbært fé:

	2005	2004	2003
Handbært fé og veltiinnlán.....	2.067.986	1.540.461	476.827
Kröfur á lánastofnanir .....	1.337.956	1.312.811	661.595
Ríkisvixlar.....	0	0	298.673
<b>Handbært fé í árslok.....</b>	<b>3.405.942</b>	<b>2.853.272</b>	<b>1.437.095</b>

# Skýringar við ársreikninginn

## Reikningsskilaaðferðir

### Almennar upplýsingar

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis (samstæðan) er með aðsetur á Íslandi. Samstæðureikningur ársins 2005 samanstendur af Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis (sparisjóðurinn) og dótturfélögum hans.

Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum.

Stjórn Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis samþykkti ársreikning samstæðunnar 20. febrúar 2006.

### Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

#### 1. Yfirlýsing um að alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum (IFRS) sé fylgt

Samstæðureikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Þetta er fyrsti ársreikningur samstæðunnar sem gerður er samkvæmt þessum stöðlum og hefur IFRS 1 *Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla* verið beitt við gerð hans.

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Þessi mót og forsendur þeim tengdar eru byggð á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru eðlilegir undir viðkomandi kringumstæðum og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki er auðvelt að finna með öðrum hætti. Raunverulegar niðurstöður kunna að víkja frá þessum mötum.

Samstæðan hefur ákveðið að nýta sér undanþágu sem veitt er í alþjóðlegum reikningsskilastaðli 1, *Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla*, hvað varðar breytingar á samanburðarupplýsingum og er samanburðarfjárhæðum fyrir árið 2004 ekki breytt til samræmis við IAS 32, *Fjármálagerningar: upplýsingar og framsetning* og IAS 39, *Fjármálagerningar: færsla og mat*. Innleiðingardagur alþjóðlegra reikningsskilastaðla til samræmis við IAS 32 og IAS 39 er 1. janúar 2005. Samanburðarfjárhæðir í efnahagsreikningi eru samkvæmt íslenskum reikningsskilareglum eins og þær voru 31. desember 2004, færðar til samræmis við IAS 32 og IAS 39 miðað við 1. janúar 2005.

Samstæðan hefur kosið að endurreikna ekki sameiningar fyrirtækja sem áttu sér stað fyrir 1. janúar 2004, sem er yfirfærsludagurinn.

Upplýsingar um áhrif alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna á fjárhagsstöðu samstæðunnar er að finna í skýringu 84. Í skýringunni eru sýndar breytingar á samanburðarfjárhæðum eigin fjár og afkomu samstæðunnar eins og þær voru birtar samkvæmt íslenskum reikningsskilaaðferðum fyrir árið 2004 og eins og þær birtast samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Breytingar sem gerðar voru á IAS 39, IAS 32 og IFRS 1 á árinu 2005 sem tengjast heimild til að færa fjármálagerninga á gangvirði í gegnum rekstur taka gildi frá og með 1. janúar 2006. Samstæðan hefur innleitt þessar breytingar fyrir samstæðurreikning 2005, fyrir gildistöku breytinganna. Innleiðing breytinganna er í samræmi við upphaflega innleiðingu IAS 39 eins og skýrt er frá hér að framan.

Á undirritunardegi þessa samstæðureiknings hafði Evrópusambandið samþykkt eftirfarandi reikningsskilastaðla og breytingar sem áður höfðu verið samþykktar af alþjóða reikningsskilanefndinni á árinu 2005. Þessar breytingar hafa ekki verið innleiddar vegna samstæðureiknings 2005, þótt slíkt hafi verið heimilt:

- Breytingar á IAS 39 og IFRS 4 (Samningar um fjárhagslega ábyrgðir, gildistökudagur 1. janúar 2006)
- Breytingar á IAS 39 (Áhættuvarnarreikningsskil: Sjóðstreymisvörn vegna framtíðar viðskipta innan samstæðu, gildistökudagur 1. janúar 2006)
- Breytingar á IAS 21 (Áhrif gengisbreytinga í erlendum gjaldmiðlum, gildistökudagur 1. janúar 2006)
- Breytingar á IAS 1 (Skýringar á eigin fé, gildistökudagur 1. janúar 2007)
- IFRS 7 (Fjármálagerningar: Skýringar, gildistökudagur 1. janúar 2007)

# Skýringar við ársreikninginn

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur samstæðunnar er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að eftirtaldar eignir og skuldir eru metnar á gangvirði: afleiðusamningar, veltufjáreignir og veltufjárskuldir.

Fastafjármunir til sölu og eignasamstæður til ráðstöfunar eru færðar á bókfærðu verði eða hreinu gangvirði, hvort sem lægra reynist, nema IFRS 5 krefjist þess að annarri matsaðferð sé beitt.

Mötin og undirliggjandi forsendur eru endurskoðuð reglulega. Breyting á reikningshaldslegu mati er færð á yfirstandandi tímabil þegar matið hefur einungis áhrif á það tímabil. Hins vegar er breytingin færð á yfirstandandi tímabil og á síðari tímabilum ef hún hefur áhrif á þau.

Í skýringu 29 er fjallað um ákvarðanir sem stjórnendur hafa tekið við beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla sem hafa mikil áhrif á ársreikninginn og um mót þar sem veruleg hætta er á að þeim verða breytt mikið á næsta ári.

Gerð ársreiknings samstæðunnar samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum leiddi til breytinga á reikningsskilaaðferðum sem notaðar voru við gerð síðasta samstæðureiknings en hann var gerður samkvæmt íslenskum reikningsskilareglum. Þeim reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir þau tímabil sem þessi ársreikningur nær til, nema vegna IAS 32 og IAS 39 eins og er útskýrt síðar. Þeim hefur ennfremur verið beitt við gerð opnunarefnahagsreiknings samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum þann 1. janúar 2004 að því er varðar yfirlýsingu í alþjóðlega reikningsskilastaðla, skv. IFRS 1.

Reikningsskilaaðferðunum hefur verið beitt með samræmdum hætti við gerð ársreikningsins af öllum fyrirtækjum innan samstæðunnar.

## 3. Grundvöllur samstæðu

### a) Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirlýðing. Yfirlýðing er til staðar þegar samstæðan hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélagsins í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Yfirlýðing eiga sér alla jafna stað þegar samstæðan ræður yfir meira en helmingi atkvæðaréttar dótturfélagsins. Við mat á yfirlýðing er tekið tillit til hugsanlegs atkvæðisréttar sem er nýtanlegur eða breytanlegur. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í reikningsskilum samstæðunnar frá því að yfirlýðing nást og þar til þeim lýkur.

Kaupaðferð í reikningsskilum er beitt við færslu kaupa samstæðunnar á dótturfélögum. Kaupverð dótturfélags er metið sem gangvirði þeirra eigna sem látnar eru af hendi, skulda sem stofnað er til eða yfirteknar og útgefinna eiginfjárgerninga á viðskiptadegi, auk þess kostnaðar sem rekja má beint til kaupanna. Eignir, skuldir, og skuldbindingar sem teknar eru yfir við sameiningu fyrirtækja og hægt er að aðgreina eru í upphafi metnar á gangvirði á yfirtökudegi, án tillits til hlutdeildar minnihluta. Sú fjárhæð sem er umfram gangvirði eignarhluta samstæðunnar í yfirteknum aðgreinanlegum hreinum eignum er skráð sem viðskiptavild. Ef kaupverð er lægra en gangvirði hreinnar eigna hins yfirtekna dótturfélags er mismunurinn færður beint á rekstrarreikning.

### b) Hlutdeildarfélög

Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirlýðing. Veruleg áhrif eiga sér alla jafna stað þegar samstæðan ræður yfir á milli 20% og 50% atkvæðaréttar, að meðtöldum hugsanlegum atkvæðarétti ef einhver er. Fjárfesting í hlutdeildarfélögum er upphaflega færð á kostnaðarverði. Fjárfesting samstæðunnar í hlutdeildarfélagi felur í sér viðskiptavild (að fráreginni uppsafnaðri virðisýrning) sem skilgreind er við kaup, sjá skýringu 26.

Fjárfesting í hlutdeildarfélögum sem skilgreind er sem sérstakur hluti af fjárfestingarsviði samstæðunnar er ekki færð í samræmi við hlutdeildaraðferð heldur sem fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning til samræmis við IAS 39 *Fjármálagerningar: færsla og mat* (sjá skýringu 51).

Ársreikningur samstæðunnar inniheldur hlutdeild í bókfærðum hagnaði eða tapi hlutdeildarfélaga samkvæmt hlutdeildaraðferð, frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild samstæðunnar í tapi meiri en bókfært verð hlutdeildarfélags er bókfærða verðið fært í núll og færsla frekara taps hætt nema samstæðan hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það. Ef hagnaður verður á rekstri hlutdeildarfélags á síðari tímabilum er ekki færð hlutdeild í hagnaði þeirra fyrr en hlutdeild í tapi sem áður hafði ekki verið fært hefur verið jafnað.

# Skýringar við ársreikninginn

Þegar fjárfesting í hlutdeildarfélögum er skráð sem eign til sölu er hlutdeildaraðferð ekki lengur beitt og eignin er færð eftir *IFRS 5 Fastafjármunir til sölu og aflögð starfsemi* (sjá skýringu 17).

## c) Viðskipti felld út úr samstæðureikningnum

Staða milli samstæðufélaga, óinnleystur hagnaður eða tap og tekjur eða gjöld sem myndast hafa af viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð ársreiknings samstæðunnar. Óinnleystur hagnaður sem hefur myndast í viðskiptum við hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög er felldur út í samræmi við hlutdeild samstæðunnar í félögunum. Óinnleyst töp eru felld út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisrýmunar fjárfestinganna.

## 4. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok tímabilsins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður í rekstrarreikning. Efnislegar eignir og skuldir sem metnar eru á kostnaðarverði í erlendri mynt eru færðar yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Efnislegar eignir og skuldir sem færðar eru í erlendri mynt á gangvirði eru færðar yfir í íslenskar krónur á gengi dags er gangvirði var ákveðið.

## 5. Afleiður

Afleiðusamningar eru fjármálagerningar eða aðrir samningar sem falla undir gildissvið IAS 39, þar sem virði þeirra tekur mið af breytingum á gengi undirliggjandi eigna eða skulda (eins og verð á hlutabréfum, vörum eða skuldabréfum, vísitölum eða gjaldmiðlum eða vaxtastigi), og krefjast engrar eða óverulegrar upphaflegrar fjárfestingar miðað við gerð annarra sambærilegra samninga sem hafa svipaða tengingu við breytingar á markaðsþáttum og gerðir eru upp á ákveðnum tíma í framtíðinni.

Samstæðan notar afleiðusamninga til að hagnast á skammtímaverðbreytingum og til að verjast viðskipta-, gengis- og vaxtaáhættu vegna rekstrar-, fjármögnunar- og fjárfestingarstarfsemi.

Afleiðusamningar eru færðir á gangvirði. Hagnaður eða tap vegna breytinga á gangvirði er fært í rekstrarreikning, nema vegna skilvirks hluta afleiðusamninga sem notaðir eru sem hluti af áhættuvarnarreikningsskilum. Þá fer færsla á hagnaði eða tapi eftir reikningsskilaaðferðum sem greint er frá í skýringu 6. Afleiðusamningum er skipt upp í (i) vaxtatekjur (sjá skýringu 30), (ii) gengismun og annar hagnaður og tap. Vaxtatekjur eru færðar á rekstrargrunni. Afleiðusamningar með jákvæða stöðu eru færðir meðal veltufjáreigna og afleiðusamningar með neikvæða stöðu eru færðir meðal veltufjárskulda (sjá skýringar 48 og 61).

Innbyggðar afleiður sem eru hluti af öðrum samningum eru meðhöndlaðir sem aðskildir afleiðusamningar þegar hagræn einkenni og áhætta er ekki nátengd upprunalega samningnum sem þeir eru hluti af og sá samningur er ekki færður á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

Gangvirði afleiðusamninga er ákvarðað í samræmi við reikningsskilaaðferð sem er útskýrð í skýringu 8.

## 6. Áhættuvarnir

Vegna stöðu samstæðunnar gagnvart áhættu og samsetningu fjármögnunar, krefjast reglur samstæðunnar um áhættustjórnun þess að samstæðan lágmarki áhættu sína gagnvart gengisbreytingum og stýri vöxtum, útlánaáhættu og markaðsáhættu innan ákveðinna viðmiðana (sjá einnig í sérstökum hluta um áhættustýringu). Samstæðan notar bæði afleiður og aðra fjármálagerninga til að stýra mögulegum áhrifum þessara áhættuþátta á hagnað samstæðunnar.

Nokkrar tegundir afleiða eru notaðar í þessum tilgangi, þar á meðal vaxtaskiptasamningar og gjaldeyrisviðskipti, valréttir, staðlaðir framvirkir fjármálasamningar og aðrir afleiðusamningar. Markmiðið með áhættuvörnum samstæðunnar er að verja hana fyrir áhættu á að hreint innstreymi fjármagns verði fyrir neikvæðum áhrifum af breytingum á vöxtum, gengi, lánshæfismati eða markaðsverði. Samstæðan gengur til samninga til að tryggja að hún sé fjárhagslega varin í samræmi við reglur um áhættustýringu. Samstæðan beitir ekki áhættuvarnarreikningsskilum.

# Skýringar við ársreikninginn

## 7. Útlán og kröfur

Útlán og kröfur eru fjármálagerningar, aðrir en afleiðusamningar, sem bera fastar og útreiknaðar greiðslur og eru ekki skráðir á virkum markaði, fyrir utan þá sem samstæðan færði upphaflega á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Útlán og kröfur fela í sér útlán sem samstæðan veitir viðskiptavinum sínum, útlán sem samstæðan tekur þátt í að veita ásamt öðrum lánastofnunum og keypt útlán sem eru óskráð og samstæðan hefur ekki í hyggju að selja í náinni framtíð.

Útlán eru færð þegar þau eru veitt lántakendum. Útlán eru upphaflega færð á gangvirði, sem er lánsfjárhæðin auk alls kostnaðar vegna viðskiptanna. Útlán eru síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði, sem er fundið með útreikningi samkvæmt aðferð um virka vexti. Uppsafnaðir vextir eru færðir sem hluti af bókfærðu verð útláns og krafna.

## 8. Veltufjáreignir

Veltufjáreignir eru aðallega keyptar til að hagnast á skammtímaverðbreytingum eða á miðlaraþóknunum.

Veltufjáreignir samanstanda af skuldabréfum, hlutabréfum og afleiðusamningum með jákvætt gangvirði.

Veltufjáreignir eru metnar á gangvirði. Innleystur og óinnleystur hagnaður og tap af þessum eignum er færður í rekstrarreikning í liðinn Hreinar tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum. Vaxta- og arðstekjur af þessum eignum eru færðar meðal vaxtatekna og arðstekna í rekstrarreikningi.

## 9. Fjáreignir metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

Samstæðan tilgreinir sérstakar fjáreignir í upphafi sem fjáreignir á gangvirði þar sem breytingar á gangvirði eru færðar í gegnum rekstur, ef sú aðferð skilar meira viðeigandi upplýsingum vegna þess að:

- i) það eyðir eða dregur verulega úr ósamræmi á reikningsskilalegu mati eða skráningu sem myndi annars koma fram í mati á eignum eða skuldum eða færslu á hagnaði eða tapi af þeim miðað við forsendur um mat eða skráningu; eða
- ii) fjáreignum og/eða fjárskuldum er stýrt og er niðurstaðan metin á gangvirðisgrunni samkvæmt áhættustýringu samstæðunnar eða stefnu hennar í fjárfestingum og upplýsingar þar að lútandi eru veittar innanhúss á þeim grunni til lykilstjórnenda samstæðunnar.

Þegar samstæðan er aðili að samningi sem felur í sér afleiðu sem uppfyllir sérstök skilyrði, er samningurinn færður í þennan flokk til að komast hjá því að beita reglum um aðskilnað og beita reikningsskilum um afleiður innifaldar í gerningum.

## 10. Ákvörðun gangvirðis

Gangvirði fjáreigna og fjárskulda sem eru skráðar á virkum markaði er sama og skráð verð þeirra. Matsaðferðum er beitt á alla aðra fjármálagerninga við útreikning á gangvirði þeirra. Fjáreign eða fjárskuld telst vera skráð á virkum markaði ef opinbert verð er fáanlegt frá kauphöll eða öðrum óháðum aðila og verðið endurspeglar raunveruleg og regluleg markaðsviðskipti á milli ótengdra aðila (frekari upplýsingar um mat á gangvirði fjármálagerninga eru í skýringu 83).

Matsaðferðir geta falið í sér að notast er við verð í nýlegum viðskiptum á milli ótengdra aðila. Tekið er mið af verðmæti annarra fjármálagerninga sem eru áþekkir þeim gerningi sem um ræðir, stuðst við aðferðir til að meta núvirt fjárstreymi eða aðrar verðmatsaðferðir sem beita má til að meta með áreiðanlegum hætti raunverulegt markaðsverðmæti. Við beitingu matsaðferða eru allir þættir notaðir sem markaðsaðilar myndu nota við verðmat og aðferðirnar eru í samræmi við viðurkenndar aðferðir við að verðleggja fjármálagerninga. Samstæðan sannreynir reglulega matsaðferðir sínar og prófar þær með því að nota verð sem fengist hafa í viðskiptum á virkum markaði með sama gerning, án aðlagana eða breytinga, eða byggir á upplýsingum frá virkum markaði.

Besta sönnun á gangvirði afleiðusamninganna í upphafi er kaupverðið, nema gangvirði gerningsins sé sannanlegt með samanburði við önnur skráð og nýleg markaðsviðskipti á sama fjármálagerningi eða byggt á matsaðferð þar sem breytur byggja eingöngu á markaðsgögnum. Þegar slík gögn eru fyrir hendi, færir samstæðan hagnað eða tap á upphaflegum skráningardegi gerninga.

# Skýringar við ársreikninginn

## 11. Skráning og afskráning fjáreigna og fjárskulda

Kaup og sala fjáreigna eru skráð á þeim degi sem viðskiptin fara fram. Þau eru færð á þeim degi sem samstæðan skuldbindur sig til að kaupa eða selja eign, nema vegna útlána, sem eru skráð þegar fjármagn er afhent lántakanda.

Fjáreignir eru afskráðar þegar rétturinn til að fá fjárstreymi af fjáreign er ekki lengur til staðar eða þegar samstæðan hefur flutt að verulegu leyti áhættu og ávinning af eignarhaldinu.

Fjárskuld er skráð þegar samstæðan verður hluti af samningsbundnum skuldagerningi. Fjárskuld er afskráð þegar skuldbinding samstæðunnar er gerð upp með greiðslu, skuldaraðili fellur frá kröfunni eða fjárskuldin er felld úr gildi.

## 12. Jöfnun fjáreigna og fjárskulda

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar lagalegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda.

## 13. Sölu- og endurkaupasamningur

Endurkaupasamningur/endursölusamningur felur í sér samning um sölu/kaup verðbréfa með þeim skilmálum að kaupa/selja verðbréfin aftur á fyrirfram ákveðnum degi og verði. Í kaupsamningum er handbært fé sem fengið er í skiptunum ásamt áföllnum vöxtum fært í efnahagsreikning sem innlán frá fjármálafyrirtækjum og Seðlabanka. Í endursölusamningunum eru keypt verðbréf færð sem kröfur á lánastofnanir.

Yfirráð yfir verðbréfunum í endurkaupasamningnum eru áfram hjá samstæðunni á viðskiptatímanum og verðbréfin eru áfram færð í efnahagsreikning sem fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstur. Áfallnir vextir eru færðir sem vaxtagjöld eða vaxtatekjur yfir líftíma hvers samnings.

## 14. Leigusamningar

Samstæðan flokkar leigusamninga byggt á því hvort áhætta og ávinningur, sem fylgja eignarhaldi á hinni leigðu eign, eru efnislega færð yfir til samstæðunnar eða ekki. Fjármögnunarleigusamningur er leigusamningur þar sem áhætta og ávinningur, sem fylgja eignarhaldi á eigninni, eru efnislega færð yfir til leigutakans. Rekstrarleigusamningur er hvers konar leigusamningur sem ekki er fjármögnunarleigusamningur.

Leigugreiðslur samkvæmt rekstrarleigusamningi þar sem samstæðan er leigutaki eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma leigusamningsins.

## 15. Óefnislegar eignir

### a) Viðskiptavild

Sameiningar fyrirtækja sem áttu sér stað eftir 1. janúar 2004 eru færðar samkvæmt kaupaðferðinni. Viðskiptavild er færð við kaup á dótturfélögum og hlutdeildarfélögum. Að því er varðar sameiningar sem hafa átt sér stað eftir 1. janúar 2004 er viðskiptavild mismunurinn á kostnaði við sameiningarnar og gangvirði hreinna aðgreinanlegra eigna sem keyptar eru.

Viðskiptavild er færð á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum virðisrýrnunartöpum. Viðskiptavild er tengd fjárskapandi einingum og er ekki lengur afskrifuð, en árlega er gert virðisrýrnunarpróf vegna hennar, sjá skýringu 26 b. Að því er varðar hlutdeildarfélög er bókfært verð viðskiptavildar innifalið í bókfærðu verði fjárfestinga í hlutdeildarfélögum.

### b) Aðrar óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir, aðrar en viðskiptavild, eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og afskriftum.

### c) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður sem fellur til síðar vegna óefnislegra eigna er eignfærður ef hann eykur virði eignarinnar. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

# Skýringar við ársreikninginn

## d) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar og færðar í rekstrarreikning línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma óefnislegra eigna. Viðskiptavild með óskilgreindan líftíma er metin á kerfisbundin hátt á reikningsskiladegi. Aðrar óefnislegar eignir eru afskrifaðar frá þeim tíma sem þær eru notkunarhæfar. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Hugbúnaður ..... 3 ár

## 16. Rekstrarfjármunir

### a) Eignir í eigu samstæðunnar

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnunartapi.

Eignir í byggingu eða þróun sem ætlaðar eru til framtíðarnota sem fjárfestingareignir eru flokkaðar sem rekstrarfjármunir og færðar á kostnaðarverði þar til byggingu eða þróun er lokið, en þá eru þær endurflokkaðar sem fjárfestingareignir.

### b) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður sem fellur til vegna endurnýjunar á hlutum í einstökum rekstrarfjármunum er eignfærður sem rekstrarfjármunur, ef það er líklegt að efnahagslegur ávinningur sem felst í eigninni mun renna til samstæðunnar og hægt er að meta kostnaðinn með áreiðanlegum hætti. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi sem gjöld þegar til hans er stofnað.

### c) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar og færðar í rekstrarreikning línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Land er ekki afskrifað. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Byggingar .....	20-50 ár
Innréttingar .....	5 ár
Áhöld og tæki .....	3-5 ár
Bifreiðar .....	6 ár

Svo fremi að niðurlagsverð sé ekki óverulegt er það endurmetið árlega.

## 17. Fastafjármunir og eignasamstæður til sölu

Eignir og skuldir í eignasamstæðum til sölu sem upphaflega hafa verið keyptar til notkunar í rekstri eru færð í bókhaldi í samræmi við mats- og skráningarreglur viðeigandi reikningsskilastaðals. Síðan, við upphaflega flokkun sem eign til sölu, eru fastafjármunir og eignasamstæður til sölu færð á bókfærðu verði eða gangvirði að frádregnum sölukostnaði. Virðisrýrnunartap sem myndast við upphaflega flokkun sem fastafjármunur eða eignasamstæða til sölu er fært í rekstrarreikning. Hækkun gangvirðis að frádregnum sölukostnaði á síðari uppgjörsdögum er fært til tekna í rekstrarreikningi og til hækkunar á bókfærðu verði eigna eða eignasamstæðu að svo miklu leyti sem hækkunin fer ekki umfram það virðisrýrnunartap sem áður var gjaldfært vegna viðkomandi eigna eða eignasamstæða.

Fastafjármunir til sölu eru fullnustueignir sem eru í sölufarli.

## 18. Lántaka

Lántaka samstæðunnar eru einkum úgefin skuldabréf og lán frá fjármálafyrirtækjum. Lántaka er upphaflega færð á gangvirði, sem er lánsfjárhæðin að frádregnum kostnaði vegna viðskiptanna. Lántaka er síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði, sem er fundið með útreikningi samkvæmt aðferð um virka vexti. Uppsafnaðir vextir eru færðir sem hluti af bókfærðu verði lántökunnar.



# Skýringar við ársreikninginn

## 19. Víkjandi lán

Sparisjóðurinn hefur gefið út skuldabréf í íslenskum krónum með víkjandi rétti. Bréfin hafa eiginleika eigin fjár að því leyti að þau víkja fyrir öðrum skuldum sparisjóðsins og teljast til eigin fjár við útreikning á eiginfjárlutfalli, sbr. skýringu 67. Annars vegar er um að ræða skuldabréf sem eru án gjalddaga og óheimilt er að greiða upp fyrir en 2011 og þá einungis með samþykki Fjármálaeftirlitsins. Bréfin teljast til eiginfjárbáttar A. Hins vegar eru skuldabréf sem endurgreiðast á næstu 10 árum. Lánin eru færð til skuldar með áföllnum vöxtum og verðbótum í árslok.

Víkjandi lán eru upphaflega skráð á gangvirði að frádregnum kostnaði vegna viðskiptanna. Víkjandi lán eru síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði, sem er fundið með útreikningi samkvæmt aðferð um virka vexti. Uppsafnaðir vextir eru færðir sem hluti af bókfærðu verði víkjandi lána.

## 20. Fjárskuldir metnar á gangvirði

Fjárskuldir metnar á gangvirði saman standa af afleiðusamningum með neikvætt gangvirði, sjá skýringu 5.

## 21. Lífeyrisskuldbinding

Skuldbinding sem færð er í efnahagsreikning vegna eftirlaunaskuldbindinga er núvirði skuldbindingarinnar á reikningsskiladegi. Lífeyrisskuldbindingin er reiknuð af tryggingastærðfræðingi árlega. Núvirði lífeyrisskuldbindingarinnar er ákvarðað með því að núvirða áætlað framtíðar sjóðstreymi miðað við vaxtastig ríkisskuldabréfa. Vextir til að núvirða lífeyrisskuldbindinguna eru 2,0%.

## 22. Aðrar eignir og aðrar skuldir

Aðrar eignir og aðrar skuldir eru færðar á kostnaðarverði.

## 23. Eigið fé

### a) Stofnfé

Ef stofnfé er keypt af stofnfjáraðila er sú fjárhæð sem greidd er, þar með talinn viðskiptakostnaður, færð til lækkunar á eigin fé.

### b) Arðgreiðslur

Arðgreiðslur á stofnfé eru færðar til lækkunar á eigin fé á því tímabili sem þær eru samþykktar af aðalfundi stofnfjáraðila.

## 24. Handbært fé

Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast sjóður, óbundnar innstæður í Seðlabanka og gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir.

## 25. Tekjur og gjöld

### a) Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti. Meðal vaxtatekna o vaxtagjalda er dreifing á afföllum og yfirverði og annar mismunur sem er á upphaflegu bókfærðu verði vaxtaberandi fjármálagernings og fjárhæð á gjalddaga miðað við virka vexti.

Aðferð virkra vaxta byggist á því að reiknað er endurgreiðsluvirði fjáreignar eða fjárskuldar og vaxtatekjum eða vaxtagjöldum dreift á víðeigandi tímabil. Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings eða styttra tímabil, eftir því sem við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi. Þegar hlutfall virkra vaxta er reiknað áætlað samstæðan stjórðstreymi með tilliti til allra samningsþátta fjármálagerningsins en tekur ekki tillit til útlánataps í framtíðinni. Útreikningurinn tekur til allra gjalda og greiðslna á milli aðila að samningnum, sem eru hluti af hlutfalli virkra vaxta sem og viðskiptakostnaði, yfirverði og afföllum.

Ef fjáreign eða hópur sambærilegra fjáreigna hefur orðið fyrir virðisrýrnun eru vaxtatekjur færðar miðað við sömu ávöxtunarkröfu og notuð var til að núvirða virðisrýrnunartapið. Vaxtatekjur af fjáreignum sem færðar hafa verið niður vegna virðisrýrnunar eru reiknaðar af endurheimtanlegri fjárhæð fjáreigna þar sem búið er að taka tillit til virðisrýrnunar.



# Skýringar við ársreikninginn

## b) Þjónustutekjur

Samstæðan veitir ýmsa þjónustu til viðskiptavina sinna sem hann fær greitt fyrir eins og tekjur vegna samninga um viðskipti fyrir þriðja aðila, þjónustutekjur vegna hlutabréfa- og skuldabréfaviðskipta, tekjur af eignastýringu auk annarra tekna. Þóknunum vegna þjónustu sem veitt er yfir ákveðið tímabil er dreift eftir því sem þjónustan er veitt. Þóknanir vegna árangurstengdrar þjónustu eru færðar þegar forsendur fyrir árangurstengingunni eru uppfylltar.

## c) Arðstekjur

Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar arðgreiðsla er samþykkt.

## 26. Virðisrýrnun

Bókfært verð eigna samstæðunnar, annarra en skattalegra eigna, veltufjáreigna og fjáreigna metinna á gangvirði er endurskoðað á hverjum reikningsskiladegi til að ákvarða hvort einhver merki séu um virðisrýrnun. Ef einhver merki eru um slíkt er endurheimtanlegt verðmæti eignarinnar áætlað, sjá skýringu 26 c.

Virðisrýrnunartap er fært þegar bókfært verð eignar eða fjárskapandi einingar hennar verður hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Virðisrýrnunartap er þá fært í rekstrarreikning.

### a) Virðisrýrnun útlána og krafna

Samstæðan færir tafarlaust tap þegar raunverulegar vísbendingar eru um virðisrýrnun á láni eða lánasafni. Þetta er gert á samræmdan hátt innan samstæðunnar í samræmi við starfsreglur hennar.

Tvær grunnaðferðir eru notaðar til að reikna virðisrýrnunartap, annars vegar á einstökum lánum og hins vegar tap á ákveðnum lánasöfnum. Áætlað tap vegna síðari atburða, án tillits til líkinda þeirra, er ekki fært.

Hlutlæggar vísbendingar um virðisrýrnun innihalda sýnileg gögn um eftirfarandi tapaðstæður:

- (i) umtalsverðir fjárhagsörðugleikar lántakanda;
- (ii) samningsrof, svo sem vanskil á afborgunum eða á vöxtum eða greiðslum af höfuðstól;
- (iii) samstæðan veitir lántakanda, af viðskiptalegum eða lagalegum ástæðum, sem tengjast fjárhagsvandráðum lántakanda, ívilnun í formi endurfjármögnunar sem annars myndi ekki koma til greina af hálfu lánveitanda;
- (iv) það er orðið líklegt að lántakandi verði gjaldþrota eða undirgangist annars konar fjárhagslega endurskipulagningu;
- (v) virkur markaður er ekki lengur til staðar fyrir viðkomandi fjárhagslegu eign vegna fjárhagslegra vandráða; eða
- (vi) greinileg gögn sem benda til mælanlegrar lækkunar á áætluðu framtíðarsjóðstreymi frá lánaflokki frá upphaflegri færslu eignanna, þótt minnkunin verði enn ekki greind á einstakar fjáreignir í flokknum, þar á meðal:
  - óhagstæðar breytingar á greiðslustöðu lántakenda í flokknum; eða
  - almennar þjóðhagslegar eða staðbundnar efnahagsaðstæður sem tengjast eignum í flokknum.

### Útlán metin hvert fyrir sig

Virðisrýrnun á einstökum lánum er ákvörðuð með mati á áhættu í hverju tilfelli fyrir sig. Samstæðan metur á hverjum reikningsskiladegi hvort fyrir liggja raunverulegar vísbendingar um virðisrýrnun einstakra lána. Þessu verklagi er beitt við öll lán sem teljast mikilvæg. Við ákvörðun slíks virðisrýrnunartaps á einstökum metnum lánum er tillit tekið til eftirfarandi þátta:

- heildaráhætta samstæðunnar gagnvart viðskiptavininum;
- upphæð og tímasetning væntanlegra inngreiðslna og endurheimta;
- líklegur ágóði til samstæðunnar við búskipti eða gjaldþrot;
- hversu flókið er að ákvarða heildarupphæðir og mat á öllum kröfum á lántaka og hversu mikil lagaleg og tryggingarleg óvissa er fyrir hendi;
- söluverðmæti tryggingar (eða annarra lækkunarþátta) og líkindum á endurheimtu með árangri; og
- líklegur frádráttur kostnaðar við endurheimt útistandandi upphæða.

Virðisrýrnunartap er reiknað með því að bera saman núvirði vænts framtíðarsjóðstreymis, núvirt miðað við upphaflega virka vexti lánsins, við núverandi bókfært verð og fjárhæð taps sem er fært í rekstrarreikning. Bókfært verð virðisrýrðra lána er lækkað með notkun afskriftareiknings. Þegar lán er með breytilegum vöxtum, er ávöxtunarkrafa við mælingu á virðisrýrnunartapi núverandi virkir vextir lánsins.

# Skýringar við ársreikninginn

## *Söfn útlána metin*

Þar sem lán hafa verið metin sérstaklega og engar vísbendingar fundist um tap eru þau flokkuð saman í söfn á grundvelli svipaðra lánaáættueinkenna til að reikna út heildarvirðisrýmun. Þetta tap nær til lána sem eru virðisrýrð á reikningskiladegi, en verða ekki greind sem slík fyrir en síðar.

Virðisrýmun á safni er ákvörðuð með tilliti til eftirfarandi:

- framtíðarsjóðstreymi í lánasafni sem metið er með tilliti til virðisrýmunar er áætlað á grundvelli samningsbundins sjóðstreymis eignanna;
- söguleg tapreynsla í söfnum með svipuðum áættueinkennum (t.d. eftir atvinnugrein, lánshæfismati eða tegund láns);
- áætlaður tími frá tapi þar til tapið er greint og fært með sérstöku framlagi í afskriftarreikning;
- framtíðarsjóðstreymi í lánasafni sem er metið vegna virðisrýmunar er áætlað á grundvelli samningsbundins fjárstreymis; og
- mat stjórnar byggt á reynslu um hvort núverandi efnahags- og lánsaðstæður séu þannig að raunveruleg tapshætta sé önnur en tapsreynsla fyrri ára gefur tilefni til að ætla.

Áætlaður tími milli taps og staðfestingar á því er ákvarðaður fyrir hvert tilgreint safn.

Áætlaðar breytingar á framtíðarsjóðstreymi í eignahópum ættu að vera í samræmi við breytingar á sýnilegum gögnum á hverjum tíma (til dæmis breytingum á eignaverði, greiðslustöðu eða öðrum þáttum sem benda til breyttra líkinda á tapi á safninu og stærð taps). Aðferðafræðin og ályktanirnar sem notaðar eru til að áætla framtíðarsjóðstreymi eru endurskoðaðar reglulega af samstæðunni til að lágmarka mun á milli áætlaðs og raunverulegs taps.

## *Endanlegar afskriftir*

Lán eru færð sem endanlega töpuð, ýmist að hluta eða fullu, þegar engar raunhæfar líkur eru á endurheimtu þeirra fjárhæða sem færðar eru út.

## *Viðsnúningur virðisrýmunar*

Ef virðisrýmun lækkar síðar og hægt er að rekja það til atvika sem urðu eftir að virðisrýmunin var viðurkennd, þá er fyrri færslu á virðisrýmun tekjufærð í rekstrarreikningi.

## *Fullnustueignir*

Fastafjármunir sem fengnir eru til fullnustu krafna eru skráðar sem fastafjármunir til sölu og færðar í efnahagsreikning. Fengin eign er færð á gangvirði að frádregnum kostnaði við sölu eða bókfærðri stöðu lánsins að frádregnu virðisrýmunartapi, hvort sem lægra reynist. Ekki eru reiknaðar afskriftir á fastafjármuni til sölu. Allar síðari færslur á fenginni eign niður í gangvirði að frádregnum sölukostnaði eru færðar sem virðisrýmunartap í rekstrarreikningi. Allar síðari hækkanir á gangvirði að frádregnum sölukostnaði, að því marki sem það fer ekki yfir heildarvirðisrýmunartap, eru færðar á rekstrarreikning.

## b) *Virðisrýmun viðskiptavildar*

Samstæðan metur árlega hvort einhver merki séu um virðisrýmun viðskiptavildar og er þá fengin sérfræðiaðstoð ef þörf krefur. Viðskiptavild er færð niður ef virðisrýmun hefur átt sér stað. Hagnaður eða tap af sölu dótturfélaga felur í sér allar eftirstöðvar viðskiptavildar sem tengist viðkomandi dótturfélagi.

## c) *Útreikningur á endurheimtanlegri fjárhæð*

Endurheimtanleg fjárhæð af fjárfestingum samstæðunnar í fjáreignum sem bókfærð er á afskrifuðu kostnaðarverði er reiknuð sem núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis, núvirt á upphaflegum virkum vöxtum (þ.e. virkir vextir reiknaðir við upphaflega skráningu fjáreignanna).

Endurheimtanleg fjárhæð annarra eigna er hreint söluverð eða notkunarvirði, hvort sem hærra er. Þegar notkunarvirði er metið, er framtíðar sjóðstreymi afvaxtað í núvirði með ávöxtunarkröfu fyrir skatt, sem endurspeglar núverandi markaðsaðstæður og þá áhættu sem fylgir eigninni. Þegar um er að ræða eign sem skapar ekki mikið sjálfstætt sjóðstreymi, er endurheimtanleg upphæð ákvörðuð fyrir þá fjárskapandi einingu sem eignin tilheyrir.

# Skýringar við ársreikninginn

## d) *Viðsnúningur virðisrýrnunar*

Virðisrýrnunartapi á fjáreignum færðum á afskrifuðu kostnaðarverði er snúið við ef hægt er að tengja síðari hækkun á endurheimtanlegri fjárhæð á hlutlægan hátt við atburð sem átti sér stað eftir að virðisrýrnunartapið var fært.

Virðisrýrnun á viðskiptavild er ekki snúið við.

Hvað aðrar eignir varðar er virðisrýrnunartapi snúið við ef breytingar hafa orðið á mati sem notað var til að ákvarða endurheimtanlega fjárhæð.

Virðisrýrnunartapi er aðeins snúið við að því marki sem bókfærð staða eignarinnar fer ekki yfir þá stöðu sem hefði verið bókfærð, að frádreginni afskrift eða gjaldfærslu, ef ekkert virðisrýrnunartap hefði verið fært.

## 27. Tekjuskattur

Tekjuskattur á afkomu ársins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna ársins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema að því marki sem hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður beint á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstegi og allar leiðréttingar á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Reiknuð tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningurinn byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar að teknu tilliti til yfirfæranlegs skattalegs taps. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðað við aðrar forsendur en reikningsskil samstæðunnar og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun á færslu tekna og gjalda í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar.

## 28. Starfsþáttaskýrslur

Starfsþáttur er aðgreinanlegur hluti samstæðunnar sem annað hvort selur vöru eða veitir þjónustu (rekstrarstarfsþáttur) eða selur vörur eða veitir þjónustu innan tiltekins landsvæðis (landsvæðisstarfsþáttur), sem er háður áhættu og ávinningi sem eru frábrugðnir áhættu og ávinningi annarra starfsþátta. Samstæðan skilgreinir starfsemina sem einn starfsþátt.

## Mat stjórnenda og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

29. Samstæðan framkvæmir mat og beitir ályktunum sem hafa áhrif á fjárhæðir eigna og skuldbindinga. Þetta mat og ályktanir eru stöðugt endurmetnar og byggja á reynslu og öðrum þáttum, þar með talið væntingum til atburða í framtíðinni, sem taldar eru raunhæfar við núverandi kringumstæður.

### a) *Virðisrýrnun útlána og krafna*

Félagið endurskoðar útlánasafn sitt til að meta virðisrýrnun að minnsta kosti á þriggja mánaða fresti. Áður en ákvörðun er tekin um færslu virðisrýrnunar þarf félagið að meta hvort sýnileg gögn gefi til kynna mælanlega lækkun á væntu framtíðarsjóðstreymi ýmist frá einstökum lánum eða frá safni lána áður en lækkunin verður merkjanleg hjá einstöku láni í safninu. Þetta geta verið vísbendingar um breytingar á greiðslugetu lántakanda eða efnahagsástandi. Stjórnendur nota mat sem byggir á sögulegri reynslu af eignum með einkenni tapsáhættu og hlutlæg merki virðisrýrnunar þegar meta skal framtíðar sjóðstreymi. Aðferðafræðin og ályktanirnar sem notaðar eru við að meta bæði upphæðir og tímasetningar á framtíðarsjóðstreymi eru endurskoðaðar reglulega með það að markmiði að minnka muninn milli áætlaðs taps og raunverulegs taps.

### b) *Gangvirði afleiðusamninga*

Gangvirði fjármálagerninga sem ekki eru skráðir á virkum mörkuðum er ákvarðað með notkun matsaðferða. Þær matsaðferðir sem notaðar eru til að finna út gangvirði (t.d. reiknilíköni) eru endurskoðuð reglulega af hæfu óháðu starfsfólki. Öll líköni sem nota skal þurfa að vera samþykkt og líkðin eru prófuð og stöðluð til að tryggja að niðurstöðurnar endurspegli þau gögn sem notuð voru.

# Skýringar við ársreikninginn

## Skýringar við rekstrarreikning

### Hreinar vaxtatekjur

30. Vaxtatekjur og vaxtagjöld greinast þannig:	2005	2004
Vaxtatekjur af sjóði og innstæðum í Seðlabanka .....	83.884	33.307
Vaxtatekjur af útlánum og kröfum .....	7.232.494	5.110.422
<b>Hreinar vaxtatekjur af eignum metnum á afskrifuðu kostnaðarverði .....</b>	<b>7.316.378</b>	<b>5.143.729</b>
Vaxtatekjur af veltufjáreignum .....	366.443	321.441
Vaxtatekjur af fjáreignum á gangvirði .....	25.768	33.091
Vaxtatekjur af afleiðusamningum .....	174.329	48.817
Aðrar vaxtatekjur .....	813	174
<b>Vaxtatekjur samtals .....</b>	<b>7.883.731</b>	<b>5.547.252</b>
Vaxtagjöld af innlánnum .....	3.227.625	2.079.446
Vaxtagjöld af lántöku .....	1.976.273	874.591
Vaxtagjöld af víkjandi lánnum .....	196.803	202.980
<b>Hrein vaxtagjöld af skuldum metnum á afskrifuðu kostnaðarverði .....</b>	<b>5.400.701</b>	<b>3.157.017</b>
Vaxtagjöld af afleiðusamningum .....	226.374	90.043
Önnur vaxtagjöld .....	31.789	25.067
<b>Vaxtagjöld samtals .....</b>	<b>5.658.864</b>	<b>3.272.127</b>
<b>Hreinar vaxtatekjur .....</b>	<b>2.224.867</b>	<b>2.275.125</b>

### Hreinar þjónustutekjur

31. Þjónustutekjur og -gjöld greinast þannig:		
Þóknun af verðbréfavíðskiptum .....	124.818	106.416
Þóknun af lánveitingum .....	252.334	220.516
Aðrar þjónustutekjur .....	503.808	531.764
<b>Þjónustutekjur samtals .....</b>	<b>880.960</b>	<b>858.696</b>
Þóknunarkostnaður af verðbréfavíðskiptum .....	38.107	15.228
Önnur þjónustugjöld .....	258.789	227.462
<b>Þjónustugjöld samtals .....</b>	<b>296.896</b>	<b>242.690</b>
<b>Hreinar þjónustutekjur .....</b>	<b>584.064</b>	<b>616.006</b>

### Arðstekjur

32. Arðstekjur greinast þannig:		
Arðstekjur af veltufjáreignum .....	10.780	16.348
Arðstekjur af fjáreignum á gangvirði .....	108.347	10.907
<b>Arðstekjur .....</b>	<b>119.127</b>	<b>27.255</b>

### Hreinar tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum

33. Hreinar tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum greinast þannig:		
Hlutabréf og tengdar afleiður .....	651.313	349.532
Skuldabréf og tengdar afleiður .....	(147.238)	245.554
<b>Hreinar tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum .....</b>	<b>504.075</b>	<b>595.086</b>

# Skýringar við ársreikninginn

## Hreinar tekjur af fjáreignum á gangvirði

34. Hreinar tekjur af fjáreignum á gangvirði greinast þannig:	2005	2004
Gengishagnaður hlutabréfa .....	3.495.615	1.148.856
<b>Hreinar tekjur af fjáreignum á gangvirði .....</b>	<b>3.495.615</b>	<b>1.148.856</b>

## Aðrar rekstrartekjur

35. Aðrar rekstrartekjur greinast þannig:		
Hagnaður af sölu eigna annarra en eigna til sölu .....	445.714	15.244
Aðrar rekstrartekjur .....	130.008	119.268
<b>Aðrar rekstrartekjur .....</b>	<b>575.722</b>	<b>134.512</b>

## Starfsmannamál

36. Heildarfjöldi starfsmanna greinist þannig:		
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf .....	214	201
Fjöldi stöðugilda miðað við heildagsstörf í árslok .....	206	184
37. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Laun .....	1.247.605	1.045.205
Launatengd gjöld .....	303.323	253.760
<b>Laun og launatengd gjöld .....</b>	<b>1.550.928</b>	<b>1.298.965</b>

## Launakjör stjórnenda

	Laun
Sparisjóðsstjóri:	
Guðmundur Hauksson .....	35.871
Stjórnarmeðlimir:	
Hildur Petersen, stjórnarformaður .....	3.227
Erlendur Hjaltason .....	1.611
Ari Bergmann Einarsson .....	1.607
Gunnar Gíslason .....	1.611
Ásgeir Baldurs .....	1.611
Esther R. Guðmundsdóttir .....	25
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson .....	32
Egill Ágústsson .....	25
Framkvæmdastjórar (4) .....	57.019

## Þóknun til endurskoðenda

38. Þóknun til endurskoðenda greinist þannig:	2005	2004
Endurskoðun ársreiknings .....	9.003	8.240
Könnun á árshlutareikningi .....	6.588	3.427
Önnur þjónusta .....	3.429	4.344
<b>Þóknun til endurskoðenda .....</b>	<b>19.020</b>	<b>16.011</b>

# Skýringar við ársreikninginn

## Tekjuskattur

39. Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:		2005	2004
Tekjuskattur til greiðslu .....		104.825	83.727
Hækkun tekjuskattsskuldbindingar .....		758.626	269.400
<b>Gjaldfærður tekjuskattur .....</b>		<b>863.451</b>	<b>353.127</b>
 Virkir vextir:		2005	2004
Hagnaður fyrir skatta .....		4.955.821	1.984.401
18% skattur af hagnaði ársins .....	18,0%	892.048	357.192
Arðstekjur undanþegnar sköttum .....	(0,4%)	(21.443)	(4.906)
Aðrar breytingar .....	(0,1%)	(7.154)	841
	17,4%	863.451	353.127

## Skýringar við efnahagsreikning

### Sjóðir og óbundnar innstæður í Seðlabanka

40. Sjóður og innstæða í Seðlabanka greinast þannig:		31.12.2005	1.1.2005
Sjóður og óbundnar innstæður .....		156.832	117.917
Annað jafngildi handbærs fjár .....		1.911.154	1.422.544
<b>Sjóður og óbundnar innstæður í Seðlabanka .....</b>		<b>2.067.986</b>	<b>1.540.461</b>

## Útlán og kröfur

### 41. Útlán og kröfur greinast þannig:

Kröfur á lánastofnanir .....		6.293.530	5.427.158
Útlán til viðskiptavina .....		86.037.177	50.307.285
Afskriftareikningur útlána .....		(1.086.695)	(1.029.213)
<b>Útlán og kröfur .....</b>		<b>91.244.012</b>	<b>54.705.230</b>

### 42. Kröfur á lánastofnanir greinast þannig eftir tegundum lána:

Bankareikningar .....		1.799.528	1.326.135
Peningamarkaðslán .....		3.140.957	2.663.176
Endurkaupasamningar .....		1.293.116	1.433.282
Önnur lán .....		59.929	4.565
<b>Kröfur á lánastofnanir .....</b>		<b>6.293.530</b>	<b>5.427.158</b>

### 43. Kröfur á lánastofnanir greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

Gjaldkræfar kröfur .....		1.337.956	1.294.105
Allt að 3 mánuðir .....		4.950.820	3.725.052
3 mánuðir til 1 ár .....		0	389.943
1 - 5 ár .....		0	2.029
Yfir 5 ár .....		4.754	16.029
<b>Kröfur á lánastofnanir .....</b>		<b>6.293.530</b>	<b>5.427.158</b>

### 44. Útlán til viðskiptavina greinast þannig eftir tegundum lána:

Yfirdráttarlán .....		7.998.211	7.050.218
Víxlar .....		134.230	130.067
Skuldabréf .....		77.902.872	43.123.935
Önnur lán .....		1.864	3.065
<b>Útlán til viðskiptavina .....</b>		<b>86.037.177</b>	<b>50.307.285</b>

# Skýringar við ársreikninginn

45. Útlán til viðskiptavina greinast þannig eftir lántakendum:	31.12.2005	1.1.2005
Ríkissjóður .....	0,4%	0,8%
Ríkisstofnanir .....	0,0%	0,1%
Atvinnugreinar:		
Sjávarútvegur og landbúnaður .....	0,2%	0,6%
Iðnaður .....	11,3%	11,9%
Verslun .....	4,8%	8,9%
Þjónusta .....	16,8%	17,1%
Einstaklingar .....	66,5%	60,6%
<b>Útlán til viðskiptavina .....</b>	<b>100,0%</b>	<b>100,0%</b>

46. Útlán til viðskiptavina greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:		
Gjaldkræf útlán .....	3.973.788	2.987.834
Allt að 3 mánuðir .....	5.224.194	5.330.583
3 mánuðir til 1 ár .....	12.122.411	9.440.907
1 - 5 ár .....	16.208.027	13.671.980
Yfir 5 ár .....	48.508.757	18.875.981
<b>Útlán til viðskiptavina .....</b>	<b>86.037.177</b>	<b>50.307.285</b>

47. Breytingar á afskriftareikningi útlána greinast þannig:		2005
Afskriftareikningur útlána í ársbyrjum .....		1.029.213
Virðisrýmun útlána og krafna á árinu .....		326.591
Endanlega töpuð útlán .....		( 264.359)
Innkomið áður afskrifað .....		22.200
Hækkun núvirðis virðisrýrðra útlána .....		( 26.950)
<b>Afskriftareikningur útlána í árslok .....</b>		<b>1.086.695</b>

Meðal vaxtatekna eru 77 millj. kr. vegna áfallinna vaxta á virðisrýrðar fjáreignir og 27 millj. kr. vegna hækkunar núvirðis á virðisrýrðum útlánunum.

## Veltufjáreignir

48. Veltufjáreignir greinast þannig:	31.12.2005	1.1.2005
Skuldabréf .....	4.772.069	4.467.175
Hlutabréf .....	3.472.835	1.366.034
Óskráðir afleiðusamningar .....	121.817	119.720
<b>Veltufjáreignir .....</b>	<b>8.366.721</b>	<b>5.952.929</b>

49. Sparisjóðurinn hefur gert afleiðusamninga að fjárhæð 952 millj. kr. á móti hlutabréfaeign sinni. Allir samningarnir eru á móti skráðum hlutabréfum og eru þeir skráðir á markaðsverði.

Sparisjóðurinn hefur ekki gert afleiðusamninga á móti skuldabréfaeign sinni.

## Fjáreignir á gangvirði

50. Fjáreignir á gangvirði greinast þannig:		
Skuldabréf .....	176.457	412.987
Hlutabréf .....	7.814.515	2.876.645
<b>Fjáreignir á gangvirði .....</b>	<b>7.990.972</b>	<b>3.289.632</b>

# Skýringar við ársreikninginn

## Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

51. Breytingar á eignarhlutum í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

	2005
Bókfært verð í upphafi árs .....	1.027.941
Keyptir eignarhlutir .....	121.300
Seldir eignarhlutir .....	(99.253)
Hlutdeild í afkomu .....	596.612
<b>Bókfært verð í lok árs .....</b>	<b>1.646.600</b>

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast þannig:	Eignar- hluti	Hlutdeild í afkomu	Nafn- verð	Bókfært verð
Sparisjóðabanki Íslands hf. ....	24,6%	594.128	150.014	1.388.826
Reiknistofa bankanna .....	5,3%	17.847	79.978	79.978
Tölvumiðstöð sparisjóðanna .....	24,2%	(7.049)	64.810	64.810
Fimm önnur félög .....		(8.314)		112.986
		<u>596.612</u>		<u>1.646.600</u>

## Dótturfélög

52. Eignarhlutir móðurfélagsins í dótturfélögum greinast þannig:

	Staðsetning	Eignarhluti	Eignir	Skuldir	Tekjur	Afkoma
Frjálsi fjárfestingarbankinn hf. ....	Ísland	99,97%	37.532	33.606	1.176	573
nb.is - sparisjóður hf. ....	Ísland	99,99%	3.298	2.761	142	7
SPRON - Verðbréf hf. ....	Ísland	100,00%	300	0	0	0
Rekstrarfélag SPRON hf. ....	Ísland	100,00%	17	3	19	4
Steinsnes ehf. ....	Ísland	100,00%	67	79	1	(20)

## Óefnislegar eignir

53. Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Viðskiptavild	Hugbúnaður	Samtals 2005	Samtals 2004
Óefnislegar eignir í ársbyrjun .....	1.507.671	28.481	1.536.152	1.512.046
Viðbætur á árinu .....	39.750	61.478	101.228	25.922
Afskriftir á árinu .....		(17.940)	(17.940)	(1.816)
<b>Óefnislegar eignir í árslok .....</b>	<b>1.547.421</b>	<b>72.019</b>	<b>1.619.440</b>	<b>1.536.152</b>

## Rekstrarfjármunir

54. Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fast- eignir	Vélar, áhöld og tæki	Samtals 2005	Samtals 2004
Heildarverð í ársbyrjun .....	73.651	289.000	362.651	451.285
Viðbætur á árinu .....	786.767	120.848	907.615	38.625
Selt og niðurlagt á árinu .....	0	(101.575)	(101.575)	(127.259)
Heildarverð í árslok .....	<u>860.418</u>	<u>308.273</u>	<u>1.168.691</u>	<u>362.651</u>
Áður afskrifað .....	14.194	172.888	187.082	247.298
Afskriftir á árinu .....	4.696	58.002	62.698	43.575
Selt og niðurlagt á árinu .....	0	(97.511)	(97.511)	(103.791)
Afskrifað samtals .....	<u>18.890</u>	<u>133.379</u>	<u>152.269</u>	<u>187.082</u>
<b>Bókfært verð í árslok .....</b>	<b>841.528</b>	<b>174.894</b>	<b>1.016.422</b>	<b>175.569</b>



# Skýringar við ársreikninginn

## Aðrar eignir

55. Aðrar eignir greinast þannig:	31.12.2005	1.1.2005
Óuppgerð hlutabréfaviðskipti .....	0	45.954
Ýmsar eignir .....	802.990	282.483
Áfallnar tekjur .....	71.152	70.370
<b>Aðrar eignir .....</b>	<b>874.142</b>	<b>398.807</b>

## Innlán frá fjármálafyrirtækjum og Seðlabanka

56. Innlán frá fjármálafyrirtækjum og Seðlabanka greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:		
Allt að 3 mánuðir .....	9.525.691	4.658.144
3 mánuðir til 1 ár .....	1.684.185	2.417.084
1 - 5 ár .....	0	135.682
<b>Innlán frá fjármálafyrirtækjum og Seðlabanka .....</b>	<b>11.209.876</b>	<b>7.210.910</b>

## Almenn innlán

57. Almenn innlán greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:		
Gjaldkræft .....	22.654.023	22.622.708
Allt að 3 mánuðir .....	2.801.557	1.563.351
3 mánuðir til 1 ár .....	3.050.527	1.924.786
1 - 5 ár .....	9.359.311	8.474.822
Lengra en 5 ár .....	1.474.603	937.677
<b>Almenn innlán .....</b>	<b>39.340.021</b>	<b>35.523.344</b>

## Lántaka

58. Lántaka greinist þannig:		
Útgefin skuldabréf .....	27.997.368	8.774.030
Útgefnir víxlar .....	4.287.528	0
Markaðslán .....	12.160.454	7.650.771
<b>Lántaka .....</b>	<b>44.445.350</b>	<b>16.424.801</b>

59. Lántaka greinist þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

Gjaldkræft .....	11.314	9.096
Allt að 3 mánuðir .....	3.977.525	1.910.348
3 mánuðir til 1 ár .....	4.021.012	96.227
1 - 5 ár .....	14.536.560	11.273.887
Lengra en 5 ár .....	21.898.939	3.135.243
<b>Lántaka .....</b>	<b>44.445.350</b>	<b>16.424.801</b>

# Skýringar við ársreikninginn

## Víkjandi lán

60. Víkjandi lán greinast þannig:

				31.12.2005	1.1.2005
				Bókfært	Bókfært
				verð	verð
Lán sem nýtast sem eiginfjárbáttur A:					
Útgefin 2001 .....	ISK	9,0%	Án gjalddaga	607.180	583.679
Lán sem nýtast sem eiginfjárbáttur B:					
Útgefin 1997 .....	ISK	6,0%	2006	356.801	341.395
Útgefin 1998 .....	ISK	5,8%	2010	0	399.770
Útgefin 1999 .....	ISK	6,8%	2011	624.478	598.695
Útgefin 2005 .....	ISK	5,0%	2010	1.578.313	0
Útgefin 2005 .....	EUR	2,4%	2015	751.614	0
				<u>3.311.206</u>	<u>1.339.860</u>
<b>Samtals .....</b>				<u>3.918.386</u>	<u>1.923.539</u>

## Veltufjárskuldir

61. Veltufjárskuldir greinast þannig:

Afleiðusamningar við lánastofnanir .....		64.218	107.886
Afleiðusamningar við aðra .....		55.942	3.407
<b>Veltufjárskuldir .....</b>		<u>120.160</u>	<u>111.293</u>

## Lífeyrisskuldbinding

62. Breyting lífeyrisskuldbindingar á árinu greinist þannig:

Lífeyrisskuldbinding í lok fyrra árs .....		509.002	356.495
Breyting vegna alþjóðlegra reikningsskilastaðla .....		0	78.787
Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum .....		509.002	435.282
Framlag ársins .....		54.897	77.668
Greiddur lífeyrir .....		(4.470)	(3.948)
<b>Lífeyrisskuldbinding í árslok .....</b>		<u>559.429</u>	<u>509.002</u>

## Skattskuldir

63. Skattskuldir greinast þannig:

Tekjuskattur til greiðslu .....		104.825	83.727
Tekjuskattsskuldbinding .....		1.144.091	385.465
<b>Skattskuldir .....</b>		<u>1.248.916</u>	<u>469.192</u>

64. Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:

Tekjuskattsskuldbinding í lok fyrra árs .....		385.465	160.436
Breyting vegna alþjóðlegra reikningsskilastaðla .....		0	(44.680)
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum .....		385.465	115.756
Gjaldfærður tekjuskattur .....		863.451	353.127
Tekjuskattur til greiðslu .....		(104.825)	(83.418)
<b>Tekjuskattsskuldbinding í árslok .....</b>		<u>1.144.091</u>	<u>385.465</u>

# Skýringar við ársreikninginn

65. Tekjuskattsskuldbinding skiptist þannig á milli liða:	31.12.2005	1.1.2005
Eignarhlutir í félögum .....	1.187.905	452.884
Útlán .....	(47.003)	(54.899)
Rekstrarfjármunir .....	8.015	2.619
Aðrar eignir og skuldir .....	0	(10.827)
Yfirfæranlegt skattalegt tap .....	(4.826)	(4.312)
<b>Tekjuskattsskuldbinding í árslok .....</b>	<b>1.144.091</b>	<b>385.465</b>

## Aðrar skuldir

66. Aðrar skuldir greinast þannig:		
Óuppgerð verðbréfavíðskipti .....	95.068	20.191
Viðskiptaskuldir .....	162.164	255.200
Aðrar skuldir .....	812.613	487.737
<b>Aðrar skuldir .....</b>	<b>1.069.845</b>	<b>763.128</b>

Óuppgerð verðbréfavíðskipti voru gerð upp innan þriggja daga frá dagsetningu reikningsskila.

## Eigið fé

67. Eigið fé í árslok nemur 13.016 millj. kr. Eiginfjárlutfall sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 13,6%. Samkvæmt lögum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%.

Hlutfallið reiknast þannig:

	31.12.2005		31.12.2004	
	Bókfærð staða	Vegin staða	Bókfærð staða	Vegin staða
<b>Áhættugrunnur:</b>				
Bókfærðar eignir .....	114.929.194	69.013.164	68.749.023	44.375.862
Eignir til frádráttar eigin fé .....		(8.305.769)		(3.367.749)
Ábyrgðir og aðrir liðir utan efnahagsreiknings .....		1.045.986		1.095.802
		<u>61.753.381</u>		<u>42.103.915</u>
<b>Eigið fé:</b>				
<b>Eiginfjárbáttur A:</b>				
Bókfært eigið fé .....		13.015.979		5.946.657
Hlutdeild minnihluta .....		1.232		1.085
Óefnislegar eignir .....		(1.547.421)		(1.332.273)
Víkjandi lán .....		607.180		583.679
<b>Eiginfjárbáttur B:</b>				
Víkjandi lán .....		3.050.885		1.198.223
Eignarhlutir í fjármálastofnunum .....		(6.758.348)		(2.035.456)
		<u>8.369.507</u>		<u>4.361.915</u>
Eiginfjárlutfall .....		13,6%		10,4%
Þar af eiginfjárbáttur A: .....		19,6%		12,3%

# Skýringar við ársreikninginn

## Afleiðusamningar

68. Afleiðusamningar, eftirstöðvatími höfuðstóls og bókfært verð greinast þannig:

2005	Höfuðstóll			Bókfært verð		
	Allt að 3 mánuðir	Yfir 3 mánuðir og allt að ári	Yfir 1 ár	Samtals	Eignir	Skuldir
Óskráðir gjaldmiðla- og vaxtaskipasamningar:						
Framvirkir gjaldmiðlasamningar .....	22.255.594			22.255.594	25.764	64.218
Vaxtaskiptasamningar .....			6.664.569	6.664.569	91.055	0
Samtals .....	22.255.594	0	6.664.569	28.920.163	116.819	64.218
Óskráðar hlutabréfaafleiður:						
Framvirkir samningar .....	574.078	377.785		951.863	4.998	55.942
Hlutabréfavilnanir .....	200.000			200.000	0	0
Samtals .....	774.078	377.785	0	1.151.863	4.998	55.942
Samtals afleiðusamningar .....	23.029.672	377.785	6.664.569	30.072.026	121.817	120.160

Tilgangurinn með ofangreindum samningum er að stjórna gjaldmiðla- og vaxtaáhættu í samstæðunni. Útlánaáhættan er metin 216 millj. kr. við útreikning á eiginfjárlutfalli samstæðunnar.

2004	Höfuðstóll			Bókfært verð		
	Allt að 3 mánuðir	Yfir 3 mánuðir og allt að ári	Yfir 1 ár	Samtals	Eignir	Skuldir
Óskráðir gjaldmiðla- og vaxtaskipasamningar:						
Framvirkir gjaldmiðlasamningar .....	7.438.882	106.401		7.545.283	83.127	107.886
Óskráðar hlutabréfaafleiður:						
Framvirkir samningar .....	119.048	150.980		270.028	36.593	2.177
Óskráðar skuldabréfaafleiður:						
Framvirkir samningar .....	124.754			124.754	0	1.230
Samtals afleiðusamningar .....	7.682.684	257.381	0	7.940.065	119.720	111.293

## Liðir utan efnahagsreiknings

### Skuldbindingar

69. Sparisjóðurinn hefur gengist í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn sína og veitt þeim yfirdráttarheimildir. Auk þess hefur sparisjóðurinn eignir viðskiptamanna í vörslu og eignastýringu. Þessir liðir greinast þannig:

	31.12.2005	1.1.2005
Ábyrgðir .....	986.269	1.363.613
Ónotaðar yfirdráttarheimildir .....	4.079.563	3.668.166
Eignir í stýringu .....	7.739.211	2.392.223
Eignir í vörslu .....	17.260.272	14.132.864

Útlánaáhættan vegna veittra ábyrgða er metin á 830 milljónir króna við útreikning á eiginfjárlutfalli samstæðunnar.

# Skýringar við ársreikninginn

## Rekstrarleiguskuldbindingar

70. Þann 31. desember 2005, var sparisjóðurinn skuldbundinn óuppsegjanlegum rekstrarleigusamningum á fasteignum, tækjum og búnaði. Húsaleigusamningarnir eru í samræmi við almenn kjör á leigumarkaði fyrir atvinnuhúsnæði og ákvæði um breytingar á leigugreiðslum út frá verðvísitölum.

## Viðbótarupplýsingar

### Tryggingarsjóður innstæðueigenda

71. Samkvæmt lögum sem gilda um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta skulu heildareignir sjóðsins nema að lágmarki 1,0% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári.

### Veðsettar eignir

72. Eignir hafa verið veðsettar sem trygging fyrir eftirfarandi skuldir og óvissar skuldir: 31.12.2005 1.1.2005

#### Skuldir

Endurhverf verðbréfa kaup við Seðlabanka .....	0	1.222.237
Endurhverf verðbréfa kaup við Lánasýslu ríkisins .....	1.293.116	1.433.282

#### Eignir

Bókfært verð íbúðabréfa sem veðsett eru til Seðlabanka .....	0	1.316.260
Endurhverf verðbréfasala við fjármálastofnun .....	1.293.116	1.433.282

Samstæðan hefur selt sjóðstreymi af hluta af íbúðalánum sínum til Íbúðalánasjóðs, sem hefur yfirtekið alla áhættu tengda viðskomandi lánum. Munurinn á milli núvirðis lána frá Íbúðalánasjóði og bókfærðu verði undirliggjandi lána hefur verið tekjufærður í rekstrarreikningi sem hreinar tekjur af sölu fjáreigna metinna á framreiknuðu kostnaðarverði.

#### Eignir og skuldir

Sjóðstreymi af útlánum selt til Íbúðalánasjóðs .....	13.236.578	3.135.242
--	------------	-----------

## Tengdir aðilar

73. Tengdir aðilar sparisjóðsins eru dótturfélög, hlutdeildarfélag, stjórn sparisjóðsins, framkvæmdastjórar, nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila og aðilar sem hafa umtalsverð áhrif sem stórir stofnfjáreigendur í sparisjóðnum. Þessi skilgreining er byggð á IAS 24. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

	2005	2004
Lán til sparisjóðsstjóra og framkvæmdastjóra .....	36.861	36.684
Lán til stjórnarmeðlima og félaga tengdum þeim .....	1.346.907	835.800
Lán til hlutdeildarféлага .....	1.566.500	123.264

Engin óvenjuleg viðskipti voru við tengda aðila á árinu 2005.

Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Upplýsingar um laun til ædstu stjórnenda og stjórnarmeðlima eru í skýringu 37.

## Atburðir eftir lok reikningsárs

74. Engin efnisleg atriði hafa komið fram eftir dagsetningu efnahagsreiknings, sem krefjast myndu lagfæringar og breytingar á ársreikningi 31. desember 2005. Þann 6. janúar 2006 keypti sparisjóðurinn 80% hlutafjár í Midt Factoring á Íslandi ehf. á 68 millj. kr. Þann 20. febrúar 2006 yfirfór og samþykkti stjórnin ársreikninginn. Ársreikningurinn verður lagður fram á aðalfundi stofnfjáreigenda til samþykktar.

# Skýringar við ársreikninginn

## Skýrsla um áhættustýringu

75. Í daglegri starfsemi sinni sem fjármálastofnun stendur SPRON frammi fyrir ýmsum tegundum áhættu. Stjórnendur sparisjóðsins verja umtalsverðum tíma í að stjórna þessari áhættu. Eitt það mikilvægasta í skilvirkri áhættustjórnun er greining verulegra áhættuþátta, mæling áhættunnar, viðbrögð til að takmarka áhættuna og sífellt eftirlit með áhættunni. Fjallað er um helstu áhættuþætti hér fyrir neðan. Helstu áhættuþættir eru mótaðilaáhætta, lausafjáraáhætta og markaðsáhætta. Í markaðsáhættu felst gengisáhætta, vaxtaáhætta og hlutabréfavirðisáhætta.

### Áhættustefna Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis

Áhættumat, einkum ákvörðun raungildis þess, ásamt aðgerðum sem beinast að því að takmarka áhættuna með skynsamlegri dreifingu útlána og fjárfestingum í öðrum eignum, er eitt af helstu verkefnum fjármálastofnana. Margir áhættuþættir geta haft slæm áhrif á rekstur sparisjóðsins. Það er stefna stjórnar sparisjóðsins að fylgjast skuli sífellt með og reynt að stjórna helstu áhættuþáttum sem haft geta áhrif á afkomu og eigið fé hans. Í þessum tilgangi rekur sparisjóðurinn sérstaka áhættustýringardeild. Að auki er það hlutverk innri endurskoðanda SPRON að fylgjast með starfseminni til að tryggja að reglum sé framfylgt í samræmi við samþykktir stjórnar sparisjóðsins.

Áhættustýringarhópur, sem samanstendur af sparisjóðsstjóra og fjórum lykilstarfsmönnum sparisjóðsins, ákveður markmið sparisjóðsins hvað varðar áhættu með því að gefa út áhættustefnu. Áhættustefnan skilgreinir ásættanleg áhættumörk í daglegum rekstri sem og vilja sparisjóðsins til að taka áhættu með tilliti til væntanlegs hagnaðar. Áhættustefnunni er ítarlega lýst í áhættustýringarhandbók.

### Ferli áhættustýringar og áhættueftirlits

#### a) Samningar sem innihalda mótaðilaáhættu

Helsta mótaðilaáhætta sparisjóðsins verður til með veitingu útlána. Fjárhæð mótaðilaáhættu í þessu tilliti kemur fram í bókfærðu verði eigna í efnahagsreikningi. Mótaðilaáhætta fyrir sparisjóðinn fylgir ýmsum öðrum fjáreignum, svo sem afleiðusamningum og markaðsskuldabréfum, núverandi mótaðilaáhætta endurspeglast í bókfærðu verði þessara eigna í efnahagsreikningi. Auk framangreindrar mótaðilaáhættu er sparisjóðurinn einnig opinn fyrir mótaðilaáhættu vegna liða utan efnahagsreiknings eins og ónýtttra yfirdráttarheimilda og veittra ábyrgða.

**Útlánasafn:** Helstu eignir SPRON eru útlán hans. Til að viðhalda og bæta gæði útlánasafns hans er mikilvægt að fara vel yfir allar lánsútsóknir þar sem þeim er hafnað strax sem ekki uppfylla skilyrði til lánveitinga og fylgst sé stöðugt með núverandi lánasafni. Hins vegar er það ekki stefna sparisjóðsins að veita aðeins lán sem fylgir lítill áhætta, heldur er mikilvægt að vextir veittra lána endurspegli bæði áhættu og kostnað sem þeim fylgir. Þetta táknað er ítarlegt mat á einstökum viðskiptavinum, fjárhagsstöðu þeirra og tryggingum sé forsenda fyrir veitingu lána.

**Afleiðuviðskipti:** Afleiðusamningar sem sparisjóðurinn notar ná til skiptasamninga, framvirkra samninga, vilnana og annarra svipaðra samninga, þar sem verðmæti er háð vöxtum, myntgengi, verðbrefagengi, vöruverði eða verðvísitölum. Sparisjóðurinn fylgist vel með afleiðusamningum með opnar stöður og gætir þess að nægjanlegar tryggingar séu fyrir hendi. Tryggingar fara eftir viðskiptavinum og tegundum samninga. Almenn er krafist tryggingar til að mæta hugsanlegu tapi á samningi. Ásættanleg trygging fyrir afleiðusamninga eru eignir sem hægt er að innleysa með litlum fyrirvara, t.d. reiðufé eða markaðshlutabréf. Ef staða afleiðusamnings fer undir ákveðin mörk þá er farið fram á aukna tryggingu. Ef aukin trygging fæst ekki er samningnum

**Skuldbindingar og ábyrgðir:** Sparisjóðurinn hefur samþykkt skuldbindingar sem tryggja viðskiptavinum hans tiltekinn aðgang að fjármunum. Algengustu skuldbindingarnar eru í formi heimilda á tékkareikningum og greiðslukortum. Hugsanlegt tap vegna þessara skuldbindinga jafngildir upphæð heimilda þótt þær séu aðeins notaðar að hluta til hverju sinni. Í reynd er hugsanlegt tap ekki eins mikið því sparisjóðurinn getur afturkallað flestar þessara skuldbindinga ef viðskiptavinir uppfylla ekki lánakröfur. Ábyrgðum fylgir mótaðilaáhætta að fullri upphæð eins og í útlánum þar sem þær tákna óafturkræfar tryggingar um að sparisjóðurinn muni inna af hendi greiðslur ef viðskiptavinurinn getur ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart þriðja aðila.

#### b) Stefna varðandi mótaðilaáhættu

Undanfarin ár hefur sparisjóðurinn lagt áherslu á vel dreift útlánasafn og bætt gæði útlána. Dæmi um þetta er þátttaka sparisjóðsins á íslenskum íbúðalánamarkaði. Síðan á síðari hluta ársins 2004, þegar bankar og sparisjóðir hófu beina samkeppni við Íbúðalánasjóð, hefur mikill fjöldi viðskiptavina kosið að endurfjármagna neyslulán sín með íbúðalánunum. Íbúðalán eru núna um helmingur útlánasafns sparisjóðsins. Það er þó ekki markmið sparisjóðsins að veita eingöngu lán með lítilli áhættu, heldur er mikilvægt að verð lána sem boðin eru viðskiptavinum endurspegli tekna áhættu. Lánagreining er því forsenda fyrir lánveitingum og verðið verður að taka mið af áhættu og ávöxtunarkröfu á fjármagninu.

# Skýringar við ársreikninginn

## *c) Lánavinnsla og heimild*

Lánanefnd sparisjóðsins er yfir lánavinnslu og úrskurðar í lánamálum utan þess þegar áhættan er meiri en sem nemur 10% af eigin fé sparisjóðsins, en þá þarf samþykki stjórnar. Í handbók um útlán, sem samþykkt er af stjórn sparisjóðsins, eru takmarkanir settar á útlánaheimildir starfsmanna og takmarkanir á áhættu gagnvart mismunandi mótaðilum. Til að nýta sem best sérþekkingu starfsmanna útbúa sparisjóðsins fer eftirlit með útlánaáhættu og tryggingum útlána að mestu fram í útbúum

## *d) Eftirlit með mótaðilaáhættu*

Áhættustýringardeild hefur eftirlit með mótaðilaáhættu. Deildin sér um tölulega greiningu á lánasafninu fyrir samstæðunna, metur áætlað tap, hugsanlega áhættu í lánasafninu auk þess að meta vanskil á kerfisbundinn hátt. Niðurstöðurnar eru kynntar stjórnendum með áherslu á hugsanlega áhættu innan lánasafns með tilliti til mótaðilaáhættu, áhættu í einstökum

Áhættustýringardeild fylgist með viðskiptavinum í erfiðleikum og reynir í samstarfi við viðeigandi útbú að lágmarka eða koma í veg fyrir tap sparisjóðsins með sérstöku eftirliti með viðskiptavinum í erfiðleikum. Lánaferill sparissjóðsins er til stöðugrar skoðunar, þ.e. hvað varðar gagnasöfnun, útlánaheimildir, lánsútsóknir, skjalagerð og mat og skráningu trygginga.

## **Virðisrýrnun útlána**

Framlag vegna útlánataps er fært þegar fyrir liggja raunverulegar vísbendingar um að sparisjóðurinn geti ekki innheimt alla fjárhæð kröfu, t.d. lána, skuldbindinga, ábyrgða, o.s.frv., samkvæmt upphaflegum samningsákvæðum eða samsvarandi ákvæðum. Afskriftareikningur vegna útlánatapa er færður til lækkunar á bókfærðu verðmæti útlána í efnahagsreikningi, en afskriftareikningur vegna liða utan efnahagsreiknings svo sem vegna skuldbindinga og ábyrgða er færður meðal annarra skulda. Framlag í afskriftareikninginn er fært sem virðisrýrnunartap útlána. Afskriftareikningur útlána er metinn sérstaklega gagnvart einstökum mótaðilum eða hópi mótaðila samkvæmt eftirfarandi reglum:

### *a) Sérstakar afskriftir*

Krafa telst hafa orðið fyrir virðisrýrnun þegar raunverulegar vísbendingar benda til þess að sparisjóðurinn muni ekki geta innheimt alla kröfuna samkvæmt upprunalegum samningsákvæðum eða samsvarandi ákvæðum. Mótaðilaáhætta er metin á grundvelli stöðu lántakandans, heildarfjárhagsstöðu hans, efnis og greiðslusögu, möguleikum á stuðningi hjá fjárhagslega ábyrgum ábyrgðaraðilum og söluverðmæti tryggingar, þar sem það á við.

Áætluð endurheimtanleg fjárhæð er núvirði vænts sjóðstreymis lánsins, reiknað með því að nota upprunalega vexti lánsins. Virðisrýrnun er mismunurinn á bókfærðri upphæð og áætlaðri endurheimtanlegri upphæð. Við virðisrýrnun er færsla vaxtatekna á grundvelli upprunalegra skilmála kröfunnar hætt, en hækkun núvirðis virðisrýrðra krafna frá fyrri tíma er færð meðal

Útlán sem orðið hafa fyrir virðisrýrnun eru yfirfarin og metin á minnst þriggja mánaða fresti. Allar síðari breytingar á fjárhæðum og tímasetningum vænts sjóðstreymis í samanburði við fyrri mót sem leiða til breytinga á afskriftareikningi eru gjaldfærðar sem virðisrýrnun útlána.

Virðisrýrnun er eingöngu bakfærð þegar gæði útlána hafa batnað nægilega mikið til að gild ástæða sé til að ætla að innheimta höfuðstóls og vaxta í tæka tíð í samræmi við upprunaleg samningsákvæði útlánanna geti átt sér stað.

Endanlegar afskriftir eru gerðar þegar krafa í heild sinni eða að hluta telst óinnheimtanleg. Endanlegar afskriftir eru færðar til lækkunar á heildarfjárhæð kröfu og á móti til lækkunar á afskriftareikningi eða sem virðisrýrnun útlána í rekstrarreikningi. Endurgreiðslur á áður afskrifuðum kröfum eru færðar til lækkunar á gjaldfærðri virðisrýrnun útlána.

### *b) Almennar afskriftir*

Öll útlán sem ekki hafa verið færð í sérstakan afskriftareikning eru flokkuð saman í einsleit útlánasöfn þar sem metið er hvort virðisrýrnun sé til staðar innan safnsins. Afskriftir vegna heildarmats á virðisrýrnun er fært sem virðisrýrnun útlána í rekstrarreikningi og til lækkunar á lánastöðu. Þar sem afskriftir eru ekki færðar vegna einstakra lána, eru vextir reiknaðir á öll lán samkvæmt samningsákvæðum.

# Skýringar við ársreikninginn

## Eftirlit og stýring lausafjánhættu

76. Lausafjánhætta er hætta á tapi vegna þess að sparisjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sínar þegar þær gjaldfalla. Samstæðan fylgist með lausafjárstöðu sinni með greiningu á gjalddaga fjáreigna og fjárskulda til að geta endurgreitt allar skuldir á gjalddaga. Samstæðan þarf alltaf að hafa nægjanlegt laust fé til að geta mætt bæði fyrirsjáanlegum og ófyrirséðum greiðsluskuldbindingum. Samstæðan hefur sett sér reglur varðandi lausafjárstöðu og fjármögnun og er þeim ætlað að tryggja og viðhalda sveigjanleika. Reglurnar fela meðal annars í sér aðgang að lánalínum, yfirdráttarheimildir og fjáreignir sem auðvelt og fljótlegt er að selja, svo sem ríkisvixla og ríkisskuldabréf.

Auk þess er fylgst með lausafjánhættu með skýrslum um lausafjárhlutfall sem sendar eru mánaðarlega til Seðlabanka Íslands. Lausafjárhlutfallið sýnir hlutfallið á milli eigna og skulda eftir því hversu langt er til gjalddaga þeirra. Til að ákvarða lausafjárgrunninn vegur Seðlabankinn einstaka eignaflokka þannig að hlutfallið sé metið á varfærin hátt.

77. Fjáreignir og fjárskuldir greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

	Gjald- kræft	Allt að 3 mánuðir	3-12 mánuðir	1-5 ár	Yfir 5 ár	Samtals
Sjóður og óbundnar innstæður í Seðlabanka .	2.067.986					2.067.986
Útlán og kröfur .....	5.311.744	10.175.014	12.122.411	16.208.027	48.513.511	92.330.707
Veltufjáreignir .....	8.366.721					8.366.721
Fjáreignir á gangvirði .....	7.846.509	5.018		139.445		7.990.972
Fjáreignir samtals .....	23.592.960	10.180.032	12.122.411	16.347.472	48.513.511	110.756.386
Innlán frá fjármálfyrirt. og Seðlabanka .....		9.525.691	1.684.185			11.209.876
Almenn innlán .....	22.654.023	2.801.557	3.050.527	9.359.311	1.474.603	39.340.021
Lántaka .....	11.314	3.977.525	4.021.012	14.536.560	21.898.939	44.445.350
Fjárskuldir samtals .....	22.665.337	16.304.773	8.755.724	23.895.871	23.373.542	94.995.247
Fjáreignir - fjárskuldir .....	927.623	(6.124.741)	3.366.687	(7.548.399)	25.139.969	15.761.139

## Eftirlit og stýring markaðsáættu

78. Stefna sparisjóðsins er að fylgjast náið með markaðsáættu samstæðunnar og gæta þess að ekki sé farið yfir þau mörk sem stjórn hans hefur sett. Markaðsáættu er stýrt með takmörkunum á stöðutökum og áhættuviðmiði og er fylgst daglega með hvoru tveggja og farið yfir vikulega af áhættustýringarhópi.

## Vaxtaáættu

79. Starfsemi sparisjóðsins lýtur áhættu vegna vaxtasveiflna að því marki að vaxtaberandi eignir (þar á meðal fjárfestingar) og vaxtaberandi skuldir hafa mismunandi binditíma, eru endurreiknuð á mismunandi tímum eða í mismunandi upphæðum. Hvað varðar breytilega vexti eigna og skulda er samstæðan einnig í hættu vegna sveiflna ýmissa breytilegra vaxtaviðmiða, svo sem innlánsvaxta og sex mánaða LIBOR og annarra mismunandi vaxtategunda. Starfsemi áhættustýringar beinist að því að hámarka nettóvaxtatekjur að því tilskildu að markaðsvextir fari saman við viðskiptastefnu samstæðunnar.

80. Taflan hér að neðan sýnir vaxtaáættu af bankastarfsemi, þ.e. hversu opin samstæðan er fyrir vaxtaáættu þar sem hagnaður eða tap er fært á líftíma opinar áhættu, eftir gjaldmiðli og eftirstöðvatíma. Taflan sýnir aðeins nettó mun á milli útlána og fjármögnunar á hverju tímabili.

	0-1 ár	1-3 ár	3-6 ár	6-10 ár	10-20 ár	Yfir 20 ár	Samtals
ISK .....	(62.126)	(6.059)	20.543	(2.635)	2.401	5.027	(42.849)
DKK .....	(159)						(159)
EUR .....	517						517
GBP .....	529						529
USD .....	(77)						(77)
CHF .....	922						922
JPY .....	1.328						1.328
Aðrir .....	12						12

Heildarfjárhæð verðtryggðra eigna samstæðunnar nam 74.908 millj. kr. í lok ársins og heildarfjárhæð verðtryggðra skulda nam á sama tíma 58.859 millj. kr.



# Skýringar við ársreikninginn

---

## Gjaldeyrishætta

81. Gjaldeyrishætta er hætta á tapi vegna óhagstæðra hreyfinga á erlendum gjaldmiðlum. Fylgst er með opinni gjaldeyrisstöðu í hverri mynt í samstæðunni. Samstæðan stefnir að því að takmarka gjaldeyrisáhættu og fylgist með henni í samhengi við heildar eigið fé
82. Sundurliðun eigna og skulda eftir gjaldmiðlum:  
Heildareignir í erlendum gjaldmiðlum samkvæmt ársreikningi sparisjóðsins nema 21.074 millj. kr. og heildarskuldir nema 20.068 millj. kr. í árslok. Inni í þessum upphæðum eru framvirkir samningar og skiptasamningar, sjá skýringu 68.

## Gangvirði fjármálagerninga

83. Gangvirði fjármálagerninga er sú upphæð sem hægt er að fá fyrir gerninginn í viðskiptum fúsra aðila, þ.e. ekki í nauðungarsölu eða búskiptum. Tilvist þekktis verðs á virkum markaði gefur best til kynna gangvirði og þegar það er til staðar notar samstæðan það til að mæla peningalegar eignir og peningalegar skuldir. Ef skráð verð fyrir fjármálagerning endurspeglar ekki raunveruleg og regluleg viðskipti á virkum markaði eða ef skráð verð er ekki til staðar, er gangvirði reiknað út með viðeigandi matsaðferð.

Þegar um er að ræða skráð og seljanleg hlutabréf og verðbréf og ákveðna afleiðusamninga er gangvirðið fengið með því að nota markaðsgengi. Þessir gerningar eru sýndir í efnahagsreikningi undir liðunum veltufjáreignir og veltufjárskuldir.

Fjármálagerningar sem hafa ekki skráð markaðsgengi eru metnir með viðurkenndum matsaðferðum þar sem notast er við sem mest af markaðsupplýsingum. Meðal viðurkenndra matsaðferða eru viðskipti milli viljugra og ótengdra aðila í armslengdar viðskiptum, upplýsingar um gangvirði annars gernings sem er í megin atriðum eins, sjóðstreymisgreiningar og aðrar viðurkenndar matsaðferðir sem notaðar eru af markaðsaðilum.

Mat á gangvirði eigna bendir til þess að gangvirði eigna samstæðunnar sé 490 millj. kr. hærra en bókfært verð þeirra. Jafnframt bendir mat á gangvirði skulda til þess að gangvirði þeirra sé 164 millj. kr. hærra en bókfært verð þeirra.

Þótt samstæðan fylgi markaðsviðmiðum og byggi á viðurkenndum aðferðum er þó mikið svigrúm fyrir mat, bæði í líkönunum sjálfum og ályktunum sem verður að leggja fram og ekki er hægt að leiða af markaðsgögnum. Þar af leiðir að mismunandi ályktanir og mót geta leitt til ólíkra niðurstaðna.

# Skýringar

## Breytingar á reikningsskilaaðferðum til samræmis við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS).

84. Eins og tekið var fram í skýringu 1 um reikningsskilaaðferðir, þá er þetta fyrsti ársreikningur samstæðunnar samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

Ársreikningur samstæðunnar fyrir rekstrarárið 2005 er gerður í samræmi við þær reikningsskilaaðferðir sem fjallað er um í skýringum um reikningsskilaaðferðir. Þetta á einnig við um samanburðarfjárhæðir fyrir árið 2004 og opnunarefnahagsreikning 1. janúar 2004, þar sem breytingar taka gildi þann dag, sem einnig er nefndur innleiðingardagur.

Fjárhæðum í opnunarefnahagsreikningi 1. janúar 2004 hefur verið breytt í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, en voru áður birtar í samræmi við íslensk lög og reikningsskilavenjur. Meðfylgjandi töflur og skýringar sýna hvaða áhrif yfirfærsla frá íslenskum reikningsskilavenjum yfir í alþjóðlega reikningsskilastaðla hefur haft á fjárhagsstöðu samstæðunnar, fjárhagslega niðurstöðu og sjóðstreymi. Ekki er um að ræða neinar verulegar breytingar á sjóðstreymi samstæðunnar samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum samanborið við hvernig það var eftir íslenskum reikningsskilavenjum.

<b>Breyting á eigin fé frá fyrri reikningsskilaaðferðum til alþjóðlegra reikningsskilastaðla:</b>		<b>Eigið fé</b>
Eigið fé samkvæmt íslenskum reikningsskilavenjum 31. desember 2004 .....		5.947
Eigið fé samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum 1. janúar 2005 .....		5.818
<b>Breytingar frá fyrri reikningsskilaaðferðum yfir í alþjóðlega reikningsskilastaðla</b>		<b>(129)</b>
<b>Breytingar í byrjun árs 2004:</b>		
Lífeyrisskuldbinding .....	IAS 19	(79)
Endurreikningur skattskuldbindingar .....	IAS 12	14
<b>Samtals breytingar vegna alþjóðlegra reikningsskilastaðla 1. janúar 2004</b>		<b>(65)</b>
<b>Breytingar á árinu 2004:</b>		
Hagnaður ársins samkvæmt fyrri reikningsskilaaðferðum 2004 .....		1.465
Hagnaður ársins samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum 2004 .....		1.629
<b>Samtals breytingar 2004</b>		<b>164</b>
<b>Breytingar í byrjun árs 2005:</b>		
Breytingar á virðisrýrnun útlána .....	IAS 39	55
Virðisbreyting útlána vegna lántökugjalda .....	IAS 39	(433)
Virðisbreyting vegna selds sjóðstreymis útlána .....	IAS 38	73
Matsbreytingar á fjáreignum á gangvirði .....	IAS 39	49
Endurreikningur skattskuldbindingar .....	IAS 12	28
<b>Heildaráhrif breytinga yfir í alþjóðlega reikningsskilastaðla 1. janúar 2005</b>		<b>(228)</b>
<b>Breytingar frá fyrri reikningsskilaaðferðum yfir í alþjóðlega reikningsskilastaðla</b>		<b>(129)</b>

Heildaráhrif yfirfærslu í alþjóðlega reikningsskilastaðla á eigið fé er lækkun um 129 millj. kr. Hér á eftir er farið yfir áhrifin af þessum nýju reikningsskilaaðferðum á rekstrar- og efnahagsreikning.

# Skýringar

---

## *Lántökugjöld*

Helstu breytingarnar sem orðið hafa við upptöku alþjóðlegra reikningsskilastaðla eru eftirfarandi: Lántökugjöld tekjufærast á lánstímanum í stað þess að vera færð sem tekjur á lántökudegi. Þar af leiðandi lækka vaxtatekjur samstæðunnar til skamms tíma, en langtímaáhrif verða óveruleg.

Í upphafsstöðu efnahagsreiknings hafa virkir vextir á lánnum verið endurreiknaðir í samræmi við IAS 39. Við það lækkaði eigið fé 1. janúar 2005 um 433 millj. kr.

## *Virðisrýrnun útlána og krafna*

Í samræmi við IAS 39 hefur sparisjóðurinn framkvæmt virðisrýrnunarpróf á útlánnum og leiddi það til hækkunar á eigin fé um 55 millj. kr.

Samkvæmt IAS 39 ber sparisjóðnum að yfirfara öll lán til að ganga úr skugga um hvort þar sé að gæta hlutlægra vísendinga um virðisrýrnun sem áhrif hefur á vænt fjárstreymi af láninu. Lánið verður þá fært niður í núvirði vænts fjárstreymis.

## *Viðskiptavild*

Viðskiptavild er ekki lengur afskrifuð. Þess í stað er verðmæti viðskiptavildar metið einu sinni á ári með tilliti til virðisrýrnunar. Afskrift virðskiptavildar árið 2004 var bakfærð og við það hækkaði hagnaður ársins 2004 um 175 millj. kr.

## *Hlutdeild minnihluta*

Samkvæmt reikningsskilaaðferðum ársins 2004 var hlutdeild minnihluta birt sem sér liður fyrir utan eigið fé. Samkvæmt IAS 27, *Samstæðureikningsskil og aðskilin reikningsskil*, skal hlutdeild minnihluta vera birt undir eigin fé, greint frá stofnfé og

## *Óskráðar eignir metnar á gangvirði*

Sparisjóðurinn metur öll hlutabréf sín í óskráðum félögum á áætluðu gangvirði í stað kaupverðs eða markaðsverðs, ef það var áætlað lægra en kaupverðið. Þessar breytingar leiða til gengishagnaðar sem færast í rekstrarreikning. Við upptöku alþjóðlegra reikningsskilastaðla hækkaði eigið fé 1. janúar 2005 um 49 millj. kr. vegna hækkunar á óskráðum eignum metnum á gangvirði.

## *Matsbreytingar á fjáreignum á gangvirði*

Samstæðan seldi hluta af greiðslufærði lánasafns síns á árinu 2004. Við upptöku alþjóðlegra reikningsskilastaðla hækkaði eigið fé 1. janúar 2005 um 73 millj. kr. vegna þessa.

# Notes to the Consolidated Financial Statements

## Frá fyrri reikningsskilareglum yfir í alþjóðlega reikningsskilastaðla

Meðfylgjandi tafla sýnir yfirlit um áhrif yfirfærslunnar yfir í alþjóðlegu reikningsskilastaðlana greint eftir breytingu á mati og framsetningu.

## Rekstrarreikningur 2004, breyting frá fyrri reikningsskilaaðferðum í alþjóðlega reikningsskilastaðla

Fyrri reikningsskilaaðferðir	Breyting á		Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar
	Matsbreyting	framsetningu	
Hreinar vaxtatekjur .....	2.275		2.275 Hreinar vaxtatekjur
Þjónustutekjur .....	859	(243)	616 Hreinar þjónustutekjur
Þjónustugjöld .....	(243)	243	
Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum .....	235	(208)	27 Arðstekjur
Gengishagnaður .....	1.747	(1.152)	595 Hreinar tekjur af veltufjáreignum
		1.149	1.149 Hreinar tekjur af fjáreignum / fjárskuldum á gangvirði
		(13)	(13) Gengismunur
		224	224 Hagnaður af hlutdeildarfélögum
Ýmsar rekstrartekjur .....	134		134 Aðrar rekstrartekjur
Laun og launatengd gjöld .....	(1.286)	(13)	(1.299) Laun og launatengd gjöld
Annar rekstrarkostnaður .....	(1.208)		(1.208) Annar rekstrarkostnaður
Afskriftir .....	(221)	175	(46) Afskriftir
Framlag í afskriftareikning .....	(470)		(470) Virðisrýrnun útlána
Tekjuskattur .....	(355)	2	(353) Tekjuskattur
	1.467	164	0 1.631 <b>Hagnaður ársins</b>
Hlutdeild minnihluta .....	(2)		(2) Hlutdeild minnihluta
<b>Hagnaður ársins samkvæmt fyrri reikningsskilaaðferðum</b>	<b>1.465</b>	<b>164</b>	<b>0 1.629 Hagnaður ársins tilheyrandi stofnfjáreigendum og varasjóði SPRON</b>

# Skýringar við ársreikninginn

## Efnahagsreikningur, breyting frá fyrri reikningsskilaaðferðum í alþjóðlega reikningsskilastaðla

Fyrri reikningsskilaaðferðir 31. desember 2004	Matsbreyting	Breyting á framsetningu	Alþjóðlegir reikningsskilastaðlar 1. janúar 2005		
Sjóður og kröfur á lánastofnanir .....	7.009	( 5.468)	1.541	Sjóður og óbundnar innstæður í Seðlabanka	
Útlán .....	49.851	( 306)	54.705	Útlán og kröfur	
Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum .....	8.893	48	5.866	Veltufjáreignir	
-			3.290	Fjáreignir á gangvirði	
Hlutir í hlutdeildarfélögum .....	1.027	176	1.028	Hlutir í hlutdeildarfélögum	
Viðskiptavild .....	1.332		1.507	Óefnislegar eignir	
Rekstrarfjármunir .....	204		204	Rekstrarfjármunir	
-			126	sölu	
Aðrar eignir .....	433	( 33)	400	Aðrar eignir	
<b>Eignir samtals</b>	<b>68.749</b>	<b>( 82)</b>	<b>0</b>	<b>68.667</b>	<b>Eignir samtals</b>
Skuldir við lánastofnanir .....	7.236	( 25)	7.211	Innlán frá fjármálafyrirtækjum og Seðlabanka	
Innlán .....	35.523		35.523	Almenn innlán	
Lántaka .....	16.425		16.425	Lántaka	
Víkjandi lán .....	1.924		1.924	Víkjandi lán	
-			25	Veltufjárskuldir	
Lífeyrisskuldbinding .....	417	92	509	Lífeyrisskuldbindingar	
Tekjuskattskuldbinding .....	432	( 23)	409	Skattskuld	
Aðrar skuldir .....	844	( 22)	822	Aðrar skuldir	
Eigið fé .....	5.947	( 129)	5.818	Eigið fé	
Hlutdeild minnihluta .....	1		1	Hlutdeild minnihluta	
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>68.749</b>	<b>( 82)</b>	<b>0</b>	<b>68.667</b>	<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>







Ármúla 13a | 108 Reykjavík | Sími 550 1200 | [www.spron.is](http://www.spron.is)